





spottið 18







# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
**10. desember 2011**
289. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Mörg járn í eldinum

*Annasömu ári er að ljúka hjá Daníel Bjarnasyni tónskáldi.*

**tónlist** 30

## Snjallara NATO

*NATO þarf að spara, en tískuhugtakið snjallvarnir kemur illa við þjóðarstolt sumra aðildarríkja.*

**nato** 32



## Nýtt æði í uppsiglingu?

*Ný bíómynd og ný þáttaröð um Prúðuleikara á leiðinni.*

**sjónvarp** 54

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TRÍTLA OG VALLI** Hænuunginn Valli unir hag sínum vel á baki tíkurinnar Trítlu á Brautarhóli í Biskupstungum. „Ég hef nú stundum slátrað þessu og étið en ef hann heldur áfram að vera uppáhaldsfugl þá hefur ég nú enga lyst á því," segir Bjarni Kristinsson bóndi og verslunarmaður í Bjarnabúð.

# Rannsaka aðbúnað fatlaðra

**Ríkisstjórnin hefur samþykkt að rannsaka aðbúnað fatlaðra barna sem vistuð voru á vegum hins opinbera. Rannsakað verður hvort þau voru beitt ofbeldi. Sömu reglur gilda um mögulegar bætur og í Breiðavík.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um að rannsaka aðbúnað fatlaðra barna sem vistuð hafa verið á vegum hins opinbera. Kannað verður hvort börnin hafi búið við ofbeldi eða sætt illri meðferð meðan á vistun á stofnunum stóð.

Jóhanna segir að beiðni hafi legið fyrir frá Þroskahjálp um slíka rannsókn. Aðbúnaður þeirra sem voru í Heyrnleysingjaskólanum hefur verið kannaður, en ekki hefur farið fram almenn rannsókn varðandi fötluð börn í opinberri vist.

„Þeirra aðstæður verða skoðaðar með sambærilegum hætti og barna sem vistuð voru á öðrum stofnunum. Kannað verður hvort þau hafi orðið fyrir ofbeldi meðan á vistuninni stóð," segir Jóhanna.

> Kannað verður hvort þau hafi orðið fyrir ofbeldi meðan á vistuninni stóð.
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** FORSÆTISRÁÐHERRA

Hún segir rannsóknina falla undir lög um sanngirnisbætur ef í ljós komi að fötluð börn hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð, en það sé sýslumanns, samkvæmt þeim lögum, að meta um rétt til bóta. Það fellur undir sama hatt og með aðrar sanngirnisbætur.

Áfangaskýrsla vistheimilisnefndar var rædd í ríkisstjórn í gær, en niðurstöður hennar voru kunnar í vikunni. Ályktað var að á nokkrum velferðarheimilum sem heyrðu undir Upptökuheimili ríkisins og Unglingaheimili ríkisins hefði verið um illa meðferð og ofbeldi á börnum að ræða en öðrum ekki.

Jóhanna segir að velferðarráðherra hafi verið falið að taka sérstaklega til umfjöllunar sveitaheimili undir opinberu eftirliti, sumardvalaheimili, umönnunarheimili og fósturheimili. - kóp









## SPURNING DAGSINS



*Alexía, áttu ráð undir rifi hverju?*

„Ég þarf að rifja þau upp.“

Leikkonan Alexía Björg Jóhannesdóttir rifbeinsbrotnaði í sýningu leikhópsins Pörupilta í Þjóðleikhúskjallaranum um síðustu helgi.

Vefpressan óánægð með viðbrögð við myndbirtingu Pressunnar á miðvikudag:

# Vefpressan kærir undirskriftasöfnun

**DÓMSMÁL** Vefpressan, sem meðal annars á og rekur vefsíðuna Pressuna, hyggst höfða mál gegn einstaklingum sem hafa, samkvæmt frétt Pressunnar um málið, staðið fyrir herferð til að fá fyrirtæki til að hætta að auglýsa á vefmiðlum fyrirtækisins. Þá stendur einnig til að höfða meiðyrðamál gegn einstaklingum sem viðhaft hafa ummæli sem forsvarsmenn Vefpressunnar telja ærumeiðandi.

Í frétt Pressunnar er sérstaklega vísað til Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa sem er sögð hafa þrýst á fyrirtæki að hætta að auglýsa í miðlum Vefpressunnar. Þá er einnig vísað til hóps sem hefur staðið fyrir undirskriftasöfnun þar sem fólk er hvatt til þess að sniðganga miðlana.



STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON

Var stofnað til undirskriftarsöfnunarinnar í kjölfar birtingar Pressunnar á miðvikudag á mynd af stúlku sem kært hefur þar fyrir nauðgun. Á vefsíðu hennar, Enginpressa.com, segir að með myndbirtingunni hafi Pressan sent þau skilaboð út í samfélagið að þolendur kynferðisofbeldis eigi yfir höfði sér að vera opinberaðir í fjölmiðlum. Rúmlega 3.000 manns höfðu skrifað undir í gærkvöldi.

Þess má geta að Steingrímur Sævarr Ólafsson, ritstjóri Pressunnar, hefur beðist afsökunar á myndbirtingunni. Þá var frétt Pressunnar tekin af vefnum stuttu eftir að hún birtist. **- mþl**

Viðskipta- og hagfræðingar:

# Launamunurinn milli kynja eykst

**VINNUMARKAÐUR Laun kvenna í stétt viðskipta- og hagfræðinga hafa lækkað frá síðasta ári.**

**Þetta kemur fram kemur í nýrri kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Miðgildi launa í heild hækkar eilítið, úr 600 þúsundum í 604 þúsund, en laun kvenna lækka úr 550 þúsundum niður í 540.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem laun kvenna í stéttinni lækka frá því stéttarfélagið hóf að gera kjarakannanir árið 1979.** **- þj**



**VOGAR** Miklar vonir voru bundnar við gagnaver í Vogum.

Hætt við gagnaver Midgard:

# Vogar hafna endurgreiðslu

**ATVINNUMÁL** Fyrirtækið Midgard sem hugðist reisa 12 megavatta gagnaver í Vogum er hætt við áformin. „Hópurinn sem stendur að Midgard hefur barist lengi við að safna áhugasömum fjárfestum í verkefnið og hefur það verið mikið streð á tímum þar sem áhættufælni fjárfesta er mikil og lánafyrirgreiðsla nánast engin í nýsköpunarverkefni af þessu tagi,“ útskýrir Jón Ólafur Halldórsson í bréfi til sveitarfélagsins Voga. Segir Jón að verið sé að gera upp við lánardrottna og biður um endurgreiðslu á staðfestingargjaldi sem félagið borgaði til Voga þegar þessir aðilar skrifuðu undir viljayfirlýsingu í fyrra. Bæjarráð synjaði beiðninni. **- gar**

Til styrktar flugbjörgunarsveit:

# Jólatré fyrir björgunarsveit

**FÓLK** Jólatrjáasala Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík hefst í dag. Jólatré verða seld í húsi sveitarinnar við Flugvallarveg við Öskjuhlíð alla daga fram að jólum og að auki verður opið í Grasagarðinum í Laugardal um helgar fram að jólum.

Flugbjörgunarsveitin er eina björgunarsveitin í Reykjavík sem selur jólatré. Til sölu eru tré frá Danmörku og Íslandi, en meðlimir í sleðahópi sveitarinnar hafa höggvið. Sala á trjánum er fjáröflun fyrir sveitina. **- þeb**

# Lengja þarf brautina til vesturs standi trén

**Verði tré í Öskjuhlíð ekki lækkuð til að tryggja öryggi við óbreytta flugumferð þarf að lengja flugbraut til vesturs. Formaður umhverfisráðs segir málið ekki jafn dramatískt og af sé látið. Tré verði ekki felld nema brýna nauðsyn beri til.**

**REYKJAVÍKURBORG** Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia sem rekur Reykjavíkurflugvöll, segir að óskað hafi verið eftir því við Flugmálastjórn að gerðar verði breytingar á aðflugsferlum við flugvöllinn svo takmarka megi fyrirhugaða lækkun skógarins í Öskjuhlíð við 40 til 166 tré.



FRIÐÞÓR EYDAL

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær óskaði flugvallarstjórinn á Reykjavíkurflugvelli eftir heimild borgaryfirvalda fyrir því að tré í aðflugs- og flugtaksstefnu við Öskjuhlíð verði felld eða lækkuð þar sem þau séu vaxin upp fyrir öryggismörk. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur og fulltrúi Sjálfstæðisflokks á umhverfis- og samgöngusviði eru andvígir öllu meiri háttar skógarhöggi á staðnum.



KARL SIGURÐSSON

Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi Besta flokksins og formaður umhverfis- og samgönguráðs, segir ráðið þurfa að skoða ýmsa þætti. „Við fengum til dæmis bréf um daginn vegna sjúkraflugs sem lenti í slæmri lendingu um nótt. Það var sagt að það væri út af trjátoppunum,“ upplýsir Karl sem telur málið ekki jafn „dramatískt“ og sumir virðist telja. Það snerti ekki hátt hlutfall trjánna í skóginum. „En hvert tré skiptir að mínu mati máli þannig að ég vil ógjarnan fara í þetta nema alger nauðsyn krefji.“

Friðþór Eydal segir meðal annars að rekstur austur-vesturflugbrautarinnar grundvallist á deiliskipulagi Reykjavíkur og starfsleyfi sem gildi til ársins 2024. „Skipulagslög tryggja að aðflugssvæði flugvalla séu hindrunarlaus og skipulagsreglur takmarka meðal annars hæð mannvirkja og trjágróðurs í öryggisskyni fyrir flugumferð og flugleiðsögubúnað,“ segir hann.

Að sögn Friðþórs hefur trjágróður á litlu svæði í suðvestanverðri Öskjuhlíð vaxið upp í verndarsvæði aðflugs. Kannaðir hafi verið nokkrir kostir til lausnar, meðal annars brattara aðflug, færsla á lendingarsvæði flugbrautarinnar og lækkun trjáa. Mjög bratt aðflug sé ekki á færi allra flugvélagerða og krefjist sérstakrar þjálfunar flugmanna og skapi flugfarþegum óþægindi.

„Færsla lendingarsvæðis innar á flugbrautina þýðir að flugvélar sem algengastar eru í innanlandsflugi gætu ekki notað brautina nema hún yrði lengd um 100-300 metra til vesturs miðað við aðflugsferla sem notast yrði við. Slík framkvæmd yrði mjög kostnaðarsöm og þyrfti meðal annars að leggja bifreiðaakbraut til Skerjafjarðar í jarðgöng undir flugbrautina,“ segir Friðþór.

Þá segir Friðþór að unnið sé að hugmyndum um lækkun trjáa eða grisjun þeirra þar sem skógurinn sé mjög þykkur og nýtist illa til útivistar. „Með grisjun og rjóðurgerð mætti hins vegar skapa þar fyrirmyndaraðstöðu til útivistar svo sómi sé að líkt og víðar í Öskjuhlíð,“ segir hann. **gar@frettabladid.is**



# Flugvallarmenn vilja tré burt úr Öskjuhlíð

**Umhverfisráð Reykjavíkur vill umsögn skógræktarmanna áður en það heimilar að skógurinn í Öskjuhlíð verði lækkaður eins og flugmálayfirvöld segja brýnt af öryggisástæðum. Borgarfulltrúi vill aðrar lausnir en að fella tré í stórum stíl.**

**REYKJAVÍKURBORG** „Það er einkennilegt að borgin ákveði að stráfella þarna fjölda trjáa út af flugvelli sem hvort sem er á að fara,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sem er andvígur því að orðið verði við ósk flugmálayfirvalda um grisjun trjáa í Öskjuhlíð vegna umferðar um Reykjavíkurflugvöll.

> Þetta er ekki fyrsta dæmi þess í heiminum að skógur vaxi.
>
> GÍSLI MARTEINN BALDURSSON BORGARFULLTRÚI

Flugmálayfirvöld hafa í tvo og hálfan mánuð óskað samþykkis Reykjavíkurborgar fyrir því að sagað verði ofan af sumum hæstu trjánum í Öskjuhlíð eða þau felld. Jón Baldvin Pálsson, flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar, segir í bréfi sem hann sendi umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar 20. september að tré í Öskjuhlíðinni hafi hækkað svo mikið að þau skapi hættu fyrir flugvélar í aðflugi og flugtaki frá austur-vesturbraut vallarins. Lækka þurfi eða fella þau tré sem skagi hátt upp í svokallaðan hindranaflöt í Öskjuhlíð.

„Þar sem þetta er brýnt öryggismál er þess óskað að úrlausn málsins verði hraðað eins og kostur er,“ segir flugvallarstjóri í niðurlagi bréfs síns.

Afgreiðslu erindis flugvallarstjórans var frestað í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur á miðvikudag að ósk Gísla Marteins, sem vill að Skógræktarfélag Reykjavíkur veiti fyrst umsögn um málið.

ÖSKJUHLÍÐIN Áhættumat hefur leitt í ljós að trén í Öskjuhlíðinni hafa vaxið verulega upp fyrir svokallaðan hindranaflöt vegna umferðar um Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er mjög eindregið andsnúinn því að fella þessi tré,“ segir Gísli Marteinn. Hann kveður mikil verðmæti fólgin í Öskjuhlíðarskóginum, sem búið sé að rækta í sextíu ár. „Þetta er ekki fyrsta dæmi þess í heiminum að skógur vaxi,“ heldur Gísli Marteinn áfram. Að trén myndu hækka hafi þvert á móti legið fyrir alla tíð og menn ávallt séð það fyrir að flugvöllurinn myndi fara.

„Ég vil auðvitað ekki frekar en neinn að flugöryggi sé stefnt í tvísýnu en ég veit að við eigum það góða flugumsjónarmenn og flugtæknifræðinga að þeir finna einhverjar lausnir á því aðrar en að fella skóginn. Í dag meta menn skóglendi mjög mikils og líta ekkert á það sem möguleika að stráfella skóga,“ segir Gísli Marteinn.

„Við sjáum það í hendi okkar að ef farið verður út í þetta er bókstaflega tekið besta skógarsvæðið úr Öskjuhlíðinni. Þá yrði hreinlega einum þriðja af útivistarsvæðinu meira eða minna fórnað og sjónrænu áhrifin yrðu gríðarleg,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. gar@frettabladid.is

HELGI GÍSLASON — GÍSLI MARTEINN BALDURSSON — JÓN BALDVIN PÁLSSON

**FRÉTTABLAÐIÐ** Ósk um að lækka eða fella tré í Öskjuhlíð til að tryggja öryggi við Reykjavíkurflugvöll falla ekki alls staðar í frjóan jarðveg eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Lögreglan þakkar aðstoð:

# Leigubílstjóri Egils fundinn

**LÖGREGLUMÁL** Leigubílstjórinn sem keyrði Egil Einarsson, kærustu hans og ungu konuna sem kært hefur parið fyrir nauðgun er kominn í leitirnar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lýst eftir manninum í tengslum við rannsókn málsins. Skýrsla var tekin af bílstjóranum í gær.

Lögreglan hefur sent frá sér tilkynningar þar sem fram kemur að bílstjórinn geti varpað mikilvægu ljósi á rannsókn málsins. Þakkar hún almenningi veitta aðstoð við að finna hann.

Konan kærði Egil og kærustu hans fyrir að hafa nauðgað sér á heimili Egils hinn 25. nóvember síðastliðinn. Parið neitar sök. **- sv**

Iðnaðarráðuneytið metið:

# Bæta þarf umsýslu samninga

**STJÓRNSÝSLA Bæta þarf ýmislegt við framkvæmd og umsýslu samninga iðnaðarráðuneytisins við aðila utan ríkisins.**

**Yfirsýn ráðuneytisins yfir þessa samninga er þó góð. Þetta er mat Ríkisendurskoðunar sem hefur haft til skoðunar samninga ráðuneyta við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Samningar iðnaðarráðuneytisins eru 22 talsins og varða rekstur, þjónustu og önnur verkefni gegn greiðslum úr ríkissjóði. Áætlaður kostnaður við þá er um 399 milljónir króna á ári.**

**Ráðuneytið hyggst efla eftirlit sitt með ákvæðum samninga og gera ríkari kröfur um árangursmat en áður.** **- mþl**

## BANDARÍKIN

### Skotárás í Hollywood

Maður hóf skotárás í Hollywood í gærdag. Hann særði einn mann alvarlega áður en lögreglumenn sem voru staddir í nágrenninu skutu hann til bana.






Búist við mótmælum vítt og breitt um Rússland í dag vegna kosningasvindls:

# Risamótmæli boðuð í Rússlandi

**MOSKVA, AP** Stjórnarandstaðan í Rússlandi hefur boðað til mótmæla vítt og breitt um Rússland í dag til að mótmæla fregnum um víðtækt kosningasvindl í þingkosningum í landinu á sunnudag. Búist er við fjölmennustu mótmælum í landinu frá falli Sovétríkjanna.

Mótmæli hafa víða brotist út í Rússlandi síðustu daga eftir því sem æ fleiri gögn um kosningasvindl hafa komið fram. Þúsundir söfnuðust þannig saman á torgum í Moskvu og Sankti Pétursborg þrjú kvöld í röð í upphafi vikunnar.

Sameinað Rússland, flokkur Vladimírs Pútín forsætisráðherra og Dimitrí Medvedev forseta tapaði rúmlega 20 prósentum sæta sinna í Dúmunni, neðri deild rússneska þingsins, í kosningunum. Þrátt fyrir það hefur flokkurinn tæpan meirihluta þingsæta.

Samfélagsmiðlar hafa logað í kjölfar kosninganna og borið boðskap mótmælendanna á milli manna. Hópur aðgerðasinna hefur hvatt almenning til að mæta með hvíta klúta á mótmælin í dag til að veita mótmælahreyfingunni merki. Þá er búist við því að viðbúnaður lögreglu verði mikill. **- mþl**



**SANKTI PÉTURSBORG** Fjöldi mótmælenda klæddist grímum af andliti Vladimírs Pútín í mótmælum á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Kringlan
Ljúfir tónar, táp og töfrandi gleði
Laugardagur 10. desember
Kl. 14 Solla stirða og dansarar skemmta krökkunum
Jólasveinarnir koma í heimsókn
Kl. 15 Gói og eldfærin fara í ferð um ævintýraheim
Jólasveinar verða á vappi
Kl. 16 Helgi Björnsson syngur vel valin lög
Jólasveinar gleðja börnin
Sunnudagur 11. desember
Kl. 14 Lay Low leikur ljúfa tóna
Jólasveinar heilsa upp á krakkana
Kl. 15 Gói og eldfærin skyggnast inn í heim ævintýranna
Jólasveinar kæta börnin
Kl. 16 Skoppa og Skrítla sprella með krökkunum
ELD FÆRIN
Nýtt kortatímabil
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000
Sú sem kemur fram sem Solla Stirða er samþykkt af Latabæ. Latibær®&© 2011 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

## GENGIÐ 09.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,62 | 119,18 |
| Sterlingspund | 185,53 | 186,43 |
| Evra | 158,5 | 159,38 |
| Dönsk króna | 21,317 | 21,441 |
| Norsk króna | 20,572 | 20,694 |
| Sænsk króna | 17,542 | 17,644 |
| Japanskt jen | 1,5255 | 1,5345 |
| SDR | 184,31 | 185,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,4886

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Krefja innanríkisráðherra um fjórar milljónir vegna ærumeiðandi ummæla:

# Vítisenglar í mál við Ögmund



EINAR MARTEINSSON



ÖGMUNDUR JÓNASSON



HARALDUR JOHANNESSEN

**DÓMSMÁL** Íslensku Vítisenglarnir hafa stefnt Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra fyrir dóm vegna meiðyrða. Stefnan er í nafni Hells Angels MC Iceland og Einars Marteinssonar, forsprakka samtakanna hér á landi. „Við erum bara að svara fyrir okkur og sækja rétt okkar til þeirra sem eru að brjóta á okkur,“ segir hann.

Ögmundur er krafinn um samtals fjórar milljónir vegna ummæla sem hann hefur látið falla á vefsíðu sinni og í viðtali við RÚV og snúast öll um að Vítisenglar séu glæpasamtök og meðlimir þeirra stundi ofbeldi. Í stefnunni segir að ummælin á vef hans komi frá honum sem einstaklingi og tengist ekki starfi hans.

„Þetta voru mjög mild ummæli sem voru höfð eftir mér miðað við aðstæður,“ segir Ögmundur. „Ég er einfaldlega að vara við því að við fáum yfir okkur skipulagða glæpastarfsemi. Það er staðreynd sem lögregluyfirvöld í Evrópu og víðar telja óvefengjanlega að Hells Angels stunda skipulagða glæpastarfsemi.“ Varla geti verið ámælisvert að segja frá því. - sh

Græddi fé á Filippseyingum:

# Smyglaði 600 til Danmerkur

**DANMÖRK** Kona sem býr í Thisted í Danmörku hefur verið handtekin vegna gruns um að hafa um þriggja ára skeið aðstoðað 600 manns frá Filippseyjum við að komast ólöglega til Danmerkur og annarra landa innan Schengen-svæðisins í Evrópu.

Konan er talin hafa grætt fé á því að skipuleggja ferðir Filippseyinganna til Evrópu.

Saksóknari hefur krafist þess að konan verði sett í gæsluvarðhald þar sem óttast er að hún reyni að komast úr landi. -ibs



**VARÐSKIPIÐ ÞÓR** Smávægileg bilun kom upp við skoðun í skipinu. MYND/FRIÐRIK ÞÓR

Gæslan ber engan kostnað:

# Bilun kom upp í varðskipinu Þór

**ÖRYGGISMÁL** Við mælingar á vélbúnaði varðskipsins Þór á dögunum kom í ljós galli í eldsneytiskerfi skipsins. Lýsti bilunin sér í titringi í annarri aðalvél skipsins.

Fór Landhelgisgæslan fram á við framleiðendur vélanna, sem eru Rolls Royce í Noregi, að sendir yrðu fulltrúar þeirra til landsins, enda leggur Landhelgisgæslan á það mikla áherslu að nýta ábyrgðartíma vélanna sem eru átján mánuðir.

Varahluti þarf að fá að utan og getur viðgerð tekið allnokkra daga. Landhelgisgæslan mun ekki bera neinn kostnað af viðgerðinni. - shá

Hringt vegna kvikmyndatöku:

# Héldu að Katla væri að gjósa

**FÓLK Neyðarlínunni var tilkynnt í gærmorgun um undarlega sterka ljósbjarma í hlíðum Mýrdalsjökuls. Að því er fram kemur á Vísi voru tilkynnendur að velta því fyrir sér hvort gos væri að hefjast í Kötlu.**

**Í ljós kom að ástæða ljósbjarmanna voru upptökur á ævintýraþáttunum Game of Thrones og hafði hið fjölmenna tökulið verið snemma á fótum til að ná réttu birtunni. RÚV greindi einnig frá því í gær að borist hefði fyrirspurn frá útlöndum þar sem spurt var hvort Katla væri byrjuð að gjósa.** - sv

# Megn óánægja með flokka

## Aldrei hafa færri treyst sér til að taka afstöðu til stjórnmálaflokka en í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Ekkert virðist draga úr óánægju með hefðbundna stjórnmálaflokka meðal kjósenda.

**KÖNNUN** Innan við helmingur þeirra sem þátt tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sagðist myndu kjósa einhvern af þeim flokkum sem nú eiga sæti á Alþingi yrði gengið til kosninga nú. Aldrei hafa færri tekið afstöðu í sambærilegum könnunum.

> Þetta bendir ekki til þess að flokkarnir séu að jafna sig.
>
> GUNNAR HELGI KRISTINSSON PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI

Alls tóku 43,5 prósent afstöðu til spurningarinnar um stuðning við stjórnmálaflokka, en könnunin var gerð 7. og 8. desember. Þetta er talsvert lægra hlutfall en í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var í september, en þá tóku 48,8 prósent afstöðu.

Í könnunum sem gerðar voru eftir hrun var svarhlutfallið við spurningu um fylgi flokkanna í kringum 65 prósent.

Þetta lága hlutfall bendir til þess að ekkert sé að draga úr óánægju almennings með þá flokka sem nú eru í boði. Rétt er að taka fram að könnunin var gerð áður en tilkynnt var um nýtt ónefnt framboð á miðvikudag.

„Þetta bendir ekki til þess að flokkarnir séu að jafna sig,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Hann segir líklegt að þeir sem hafi kosið stjórnarflokkana, Samfylkinguna og Vinstri græna, í síðustu kosningum séu síður tilbúnir að taka afstöðu til flokka en þeir sem styðji Sjálfstæðisflokkinn eða Framsóknarflokk. Því megi búast við því að stjórnarflokkarnir eigi eitthvert fylgi inni þegar komi að kosningum.

Óánægja með hefðbundnu flokkana kemur í veg fyrir að boðað sé til kosninga nú, sem þó væri eðlilegt miðað við þá stöðu sem uppi er í stjórnmálunum, segir Gunnar Helgi. Jarðvegurinn fyrir ný framboð sé því frjór.

Vegna þessa lága svarhlutfalls verður að taka niðurstöðum um fylgi flokkanna með fyrirvara. Af þeim sem þó tóku afstöðu sögðust 49,6 prósent styðja Sjálfstæðisflokkinn, og 17,1 prósent myndi kjósa Samfylkinguna ef gengið yrði til kosninga nú.

Um 16,8 prósent sögðust styðja Framsóknarflokkinn í könnuninni, en 13,7 prósent myndu kjósa Vinstri græna.

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn stendur því sem næst í stað frá könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í september síðastliðnum. Fylgi Vinstri grænna hefur einnig lítið breyst. Heldur fleiri segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn nú en í september, en talsvert virðist draga úr stuðningi við Samfylkinguna.

Hringt var í 800 manns dagana 7. og 8. desember. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Þráspurt var með þessum hætti til að reyna að fá fólk til að taka afstöðu. Alls tóku 43,5 prósent afstöðu.

brjann@frettabladid.is

### Fylgi stjórnmálaflokkanna




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

### Taka afstöðu

Hlutfall þeirra sem taka afstöðu til stjórnmálaflokka í könnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2.




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

### Nafnlausi flokkurinn í sóknarstöðu

Nýtt þingframboð sem tilkynnt var um í vikunni, en hefur ekki fengið nafn, hefur gott sóknartækifæri miðað við niðurstöður könnunarinnar, segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor.

„Ríkisstjórnin er í mjög erfiðum málum, bæði pólitískt og vegna erfiðra viðfangsefna. Þá er einhver fjöldi sem er ósáttur við ýmislegt hjá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, til dæmis Evrópumálin,“ segir Gunnar.

„Þarna mætti segja að sé ákveðið markaðstækifæri fyrir þetta nýja framboð, en hvernig verður spilað úr því á eftir að koma í ljós. Það hefur ekki verið auðvelt að koma auga á um hvað þessi nýi flokkur á að snúast, þó það megi gera ráð fyrir því að hann verði Evrópusinnaður, frjálslyndur og hallur undir ný vinnubrögð,“ segir Gunnar Helgi.

20-50%
afsláttur
MAGNAÐ
helgartilboð
Opið til tíu öll kvöld til jóla
Jólabúðin þín
byggt og búið
Sími 568 9400 KRINGLUNNI

## VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**DREGUR ÚR FROSTI** á landinu á morgun og verður frostlaust við suður- og austurströndina. Í dag verður hins vegar áfram mjög kalt ásamt stífri austanátt með snjókomu um sunnanvert landið og því nauðsynlegt að klæða sig vel fyrir útivist.

Á MORGUN 8-15 m/s með n-ströndinni, annars hægari.

MÁNUDAGUR 3-10 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 6° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -5° |
| París | 8° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Brynja Gunnarsdóttir brynjag@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is



Allt fínt fyrir jólin
Jólatré, útsölustaðir okkar eru í eftirfarandi verslunum:
Skútuvogur, Grafarholt, Selfoss, Hvolsvöllur Akureyri, Dalvík, Egilsstaðir, Reyðarfjörður.
TAX FREE
JÓLATRÉ
Kauptu jólatréð tímanlega í ár á miklu betra verði um helgina! Mikið úrval. Normansþinur, íslenskt rauðgreni og íslensk stafafura! Einnig úrval af gervitrjám
Jólalandið Skútuvogi
Solla Stirða og vinir
Skemmta laugardag kl. 15:00
Brokkkórinn og Maggi Kjartans
Syngja fyrir gesti sunnudag kl. 16:00
Margrét Arnarsdóttir
Leikur jólalög á Harmonikkuna
TAX FREE
BLÓMAVAL
ALLAR VÖRUR
Í BLÓMAVALI UM HELGINA
JÓLATRÉ, JÓLASKRAUT
JÓLASERÍUR OG ALLT ANNAÐ
*Tax free gildir ekki af öðrum tilboðum eða vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.
Að sjálfsögðu stendur Blómaval skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Kaupir þú geisladiska?*

| | |
|---|---|
| Já | 65,5% |
| Nei | 34,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú veru Íslands í NATO?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Þingsályktunartillaga þingmanna Sjálfstæðisflokksins um tollamál:

# Tollar og vörugjöld verði endurskoðuð

**ALÞINGI** Sex þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að íslensk vörugjalda- og tollalöggjöf verði tekin til gagngerrar endurskoðunar. Mælst er til þess að skipuð verði fimm manna nefnd með fulltrúum Hagfræðistofnunar, hagsmunaaðila og fjármálaráðherra, með það að markmiði að afnema viðskiptahindranir.

Í greinargerð segir að viðmið gildandi laga sé úrelt þar sem neyslumynstur Íslendinga hafi breyst mikið á undanförnum árum.

Til dæmis hafi neysla á alifuglakjöti og svínakjöti fjórfaldast frá lokum níunda áratugarins og neysla á osti tvöfaldast. „Hins vegar miðist innflutningskvóti við neyslu áranna 1986 til 1989.“ Þá séu tollabreytingar á landbúnaðarvörum háðar pólitísku mati ráðherra hverju sinni.

Í greinargerðinni segir jafnframt að kerfi vörugjalda og tolla sé „frumskógur“ sem mismuni vörutegundum og hafi þannig áhrif á val neytenda og hvetji til verslunarferða til útlanda.

Í niðurlagi segir: „Öflug utanríkisverslun er forsenda hagsældar á Íslandi og telja flutningsmenn því mikilvægt að haldið verði áfram braut aukins viðskiptafrelsis.“ - þj



**INNFLUTNINGUR** Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram þingsályktunartillögu um endurskoðun tolla- og vörugjaldakerfis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**Gjafakortið sem gildir alls staðar**

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.

- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


# Baugsmenn brutu lög en er ekki gerð refsing

**Þremur sakborningum í skattahluta Baugsmálsins verður ekki gerð refsing þó að þeir hafi brotið lög haldi þeir skilorð í ár. Dráttur á rannsókn lögreglu sagður mannréttindabrot í dómi. Líklegt að ákæruvaldið áfrýi segir saksóknari.**

**BAUGSMÁL** Þrír sakborningar í skattahluta Baugsmálsins voru sakfelldir fyrir skattalagabrot í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeim verður þó ekki gerð refsing haldi þeir skilorð í eitt ár vegna dráttar sem varð á rannsókn málsins. Hún hefur staðið frá árinu 2002.

Í dómi héraðsdóms segir að ákæruvaldið hafi ekki réttlætt þann langa tíma sem rannsóknin hafi tekið. Vegna þessa dráttar hafi verið brotið gegn stjórnarskrá og ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Vegna þessa er ákærðu ekki gerð meiri refsing en raun ber vitni.

Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður Baugs Group, var sakfelldur í fimm ákæruliðum en sýknaður í fjórum. Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Gaums, var sakfelld í einum ákærulið en sýknuð í öðrum, og sýknuð að hluta til í tveimur.

Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, var sakfelldur í fjórum ákæruliðum en sýknaður í einum.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, hefur nú fjórar vikur til að ákveða hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar. Hann sagði í gær að fara verði vel yfir dóminn áður en ákvörðun um áfrýjun verði tekin, en sér sýnist að það sé líklegra en ekki að ákæruvaldið áfrýi dómnum.



**DÓMUR FALLINN** Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, sagði í gær ekki ljóst hvort ákærðu muni áfrýja dómi héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við gerðum kröfu um sýknu [...] en að því frágengnu [...] voru þetta hagstæðustu úrslitin sem Tryggvi Jónsson gat fengið,“ sagði Jakob R. Möller, verjandi Tryggva, eftir að dómur féll í gegn.

Jakob sagði of snemmt að segja til um hvort ákærðu áfrýi, en líklegra verði að telja að ákæruvaldið áfrýi en ákærðu.

Fresting refsingar haldi ákærðu skilorð er ekki það sama og að dæma fólk til fangelsisvistar í ákveðinn tíma, en fella refsinguna niður haldi þeir skilorð í ákveðinn tíma. Jakob segist telja að þó ákærðu hafi verið sakfelld hafi dómurinn ekki áhrif á stjórnarsetur þeirra, en þeir sem hljóta dóm fyrir brot við rekstur fyrirtækja mega ekki vera í forsvari fyrir fyrirtæki í þrjú ár frá því dómur fellur.

Í dómi héraðsdóms er saksóknari gagnrýndur fyrir að leggja fram mikið magn skjala sem hafi reynst óþörf. Þá hafi skjalaskrá verið nær ónothæf. Vegna þessa, með hliðsjón af niðurstöðu málsins, ákvað dómurinn að sakborningar greiði aðeins helming af þeim 17,7 milljónum sem verjendur þeirra fá í málsvarnarlaun, en ríkið greiði helming.

brjann@frettabladid.is

## Dómur í skattahluta Baugsmálsins



**Jón Ásgeir Jóhannesson**

**SAKFELLT**
- Fyrir að vantelja tekur af hlutabréfaeign í Gaumi.
- Fyrir að vantelja tekjur af kauprétti á hlutabréfum í Baugi.
- Fyrir að vantelja launauppbót frá Baugi.
- Fyrir að standa með röngum hætti að hluta af skattskilum Baugs.
- Fyrir að standa með röngum hætti að hluta af skattskilum Gaums.

**SÝKNAÐ**
- Fyrir að vantelja skatt af bifreiðahlunnindum.
- Fyrir að vantelja greiðslu Baugs á líftryggingu.
- Fyrir að vantelja tekjur vegna sölu á hlutabréfum í Baugi.
- Fyrir að standa með röngum hætti að hluta af skattskilum Gaums.



**Kristín Jóhannesdóttir**

**SAKFELLT**
- Fyrir að standa með röngum hætti að hluta af skattskilum Gaums.

**SÝKNAÐ**
- Fyrir að standa með röngum hætti að hluta af skattskilum Gaums.



**Tryggvi Jónsson**

**SAKFELLT**
- Fyrir að vantelja launatekjur.
- Fyrir að vantelja tekur af kauprétti á hlutabréfum í Baugi.
- Fyrir að vantelja launauppbót frá Baugi.
- Fyrir að standa með röngum hætti að hluta af skattskilum Baugs.

**SÝKNAÐ**
- Fyrir að vantelja greiðslu Baugs á líftryggingu.


Vitamix

Kælitækni

**Jólagjöfin í ár!**

Blandarinn sem allir vilja



Verð kr. 99.900

Svunta og kanna fylgja með meðan birgðir endast

Nánari upplýsingar í 440-1800 eða www.kaelitaekni.is

VALITOR KORTALÁN VISA

www.kælitækni.is og/eða www.kaelitaekni.is

Kælitækni Rauðagerði 25 • 108 Reykjavík • Sími 440 1800 • Fax 440 1801 • cooltech@cooltech.is

ENNEMM / SÍA / NM49351

# Skínandi gjafir og jólaskap




Í Smáralind finnur þú fjölmargar verslanir sneisafullar af jólavörum, frábæra veitingastaði og afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Um helgina bjóðum við þér upp á notalega tónlistarstemningu um leið og þú verslar fyrir jólin:

**Söngvaborg, Samkór Kópavogs, klarínettuhópur úr Skólahljómsveit Kópavogs og kvartettinn Kolka.**

Sjáumst í jólaskapi!

Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Opið til 22 frá 15. des. og til 23 á Þorláksmessu

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar er hæsta jólatré landsins þessi jólin?*
2. *Hversu gamall er rithöfundurinn Auðunn Sólberg Valsson?*
3. *Í anda hvaða tónlistarmanns býður Reykjavíkurborg tónvísindasmiðjur í grunnskólum?*

**SVÖR:**

*1. Reyðarfirði. 2. Sex ára. 3. Bjarkar Guðmundsdóttur*

Fjárhagsáætlun ekki frestað:

# Áttu að vinna heimavinnuna

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihlutinn í bæjarráði Kópavogs synjaði á fimmtudag ósk bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að afgreiðslu fjárhagsáætlunar næsta árs yrði frestað til 20. desember svo þeir gætu unnið sína tillögu að fjárhagsáætlun eins vel og unnt sé. „Þetta lýsir viðhorfi meirihlutans og bæjarstjórans til samstarfs,“ bókuðu þeir Ármann Kr. Ólafsson og Gunnar Ingi Birgisson.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

„Við teljum ekki eðilegt að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar þó svo að sjálfstæðismenn hafi ekki unnið heimavinnuna sína,“ bókaði þá Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingar og formaður bæjarráðs. Sjálfstæðismenn sögðust ekki hafa „her embættismanna til þess að sjá um vinnu fyrir sig“. - gar

## FRÉTTASKÝRING: Skráning Haga í Kauphöllina

# Áttföld eftirspurn eftir Hagabréfum

**Gríðarleg eftirspurn er eftir nýjum fjárfestingarmöguleikum á Íslandi. Hún kristallaðist í almennu útboði á hlutabréfum í Högum sem lauk á fimmtudag.**



**BÓNUS** Hagar eru með rúmlega 50% markaðshlutdeild á matvörumarkað. Lágvöruverslunarkeðjan Bónus er langstærsta einingin innan Haga-samstæðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tilboð upp á 40 milljarða króna bárust í 30% hlut í Högum í almennu útboði sem lauk í vikunni. Eftirspurnin eftir bréfum var áttföld og 95% tilboða voru gerð á genginu 13,5 krónur á hlut, sem voru efri mörk útboðsins. Því er ljóst að gífurlegur áhugi er á hlutabréfum í Högum. Ástæðurnar eru aðallega tvær.

Í fyrsta lagi eru Hagar gott rekstrarfélag sem hefur minnkað fjármagnskostnað sinn mikið að undanförnu, er með sterka markaðsstöðu og skilar góðri arðsemi. Í annan stað er gífurleg eftirspurn eftir nýjum fjárfestingum á Íslandi. Það sést best á því að það bárust tilboð fyrir 40 milljarða króna í 30% hlut í Högum, sem er fyrsta nýskráning eftir bankahrun, þrátt fyrir að í besta falli væru hlutir að andvirði 4,9 milljarðar króna til sölu. Annað dæmi um þennan þrýsting er útgáfa Íslandsbanka á skuldabréfum í Kauphöllinni síðastliðinn fimmtudag. Það var fyrsta slíka útgáfan eftir bankahrun. Þar var eftirspurnin líka mun meiri en framboðið.

Fjárfestingargeta innlendra aðila er enda mikil. Í lok október síðastliðins áttu þeir 1.519 milljarða króna í innlánum. Þar af áttu lífeyrissjóðir, tryggingafélög, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir og ýmis önnur lánafyrirtæki 276,2 milljarða króna á innlánsreikningum. Þessir aðilar þurfa að ávaxta fé sitt. Þegar horft er til þess að kaupendur í Haga útboðinu voru samtals um þrjú þúsund talsins þá er ljóst að áhugi almennings á hlutabréfakaupum er einnig töluverður. Þá eiga bankarnir sjálfir 180,7 milljarða króna í sjóðum og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands sem eru ekki að vinna fyrir þá. Það verður örugglega ekki löng bið eftir því að þeir fari að lána til hlutabréfakaupa.

Fyrsti viðskiptadagur á Aðalmarkaði Kauphallarinnar með hlutabréf í Högum verður 15. desember næstkomandi. Þá mun koma í ljós hvert markaðsgengi bréfanna er í raun og veru. Í fyrirtækjagreiningu Íslandsbanka á Högum frá 1. desember síðastliðnum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að bankinn telur gengi verðmatsgengi Haga vera 16 krónur á hlut, eða 18,5% yfir útboðsgenginu. Samkvæmt henni er virði hlutarins sem var seldur í útboðinu 5,8 milljarðar króna, eða um 900 milljónum krónum hærra en gengið sem var í útboðinu. Viðmælendur Fréttablaðsins telja reyndar margir hverjir að verðmat Íslandsbanka sé hófsamlegt og að virði Haga geti vel farið í 18-20 krónur á hlut innan tíðar.

### Arðgreiðslufélag sem greiðir niður lán og kaupir eigin bréf

Í skráningarlýsingu Haga kemur fram að stjórn félagsins muni leggja áherslu á „að Hagar hf. skili beint eða óbeint til hluthafa þeim verðmætum sem skapast i rekstrinum á hverju ári. Í því skyni hefur félagið þrjá valkosti: Beinar arðgreiðslur, niðurgreiðslu vaxtaberandi lána og kaup á eigin hlutabréfum“. Arðgreiðslurnar eiga að vera 0,45 krónur á hlut. Í greiningu Íslandsbanka segir að „þau félög sem hafa verið skráð á markað hér á landi hafa yfirleitt verið vaxtafélög en ekki arðgreiðslufélög en föst arðgreiðslustefna félaga er mun algengari erlendis, t.d. í Bandaríkjunum. Þar þykir það yfirleitt gefa slæm skilaboð út á markaðinn ef félag lækkar arðgreiðslu á hlut og því forðast félög að gera það í lengstu lög. Ásamt þessu munu Hagar einbeita sér að frekari niðurgreiðslu skulda. Stefna félagsins verður einnig sú að auka vægi eigin fasteigna í stað þess að leigja nær allar fasteignir undir verslunarrekstur sinn“. Niðurstaða greiningar Íslandsbanka, sem er reyndar ekki ætluð almenningi, er afgerandi: „Ráðgjöf: Kaupa“.




**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



# Langur laugardagur

**Austurbæjarútibú** Laugavegi 77, laugardaginn 10. desember kl. 13 - 16.

- Sproti kemur í heimsókn kl. 14 og aftur kl. 15
- Myndataka með jólasveininum
- Heitt súkkulaði og smákökur fyrir alla gesti
- Jólasveinar gefa yngstu börnunum gjafir á meðan birgðir endast

Allir velkomnir

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



# TAX FREE DAGAR

# ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 8. - 11. desember afnemum við VSK af **ÖLLU Á DÖMUNA.**

**NÝTT VISATÍMABIL**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.




**OPIÐ**
til kl. 22 öll kvöld til jóla

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 11. desember 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Ólíkar áherslur um breytta ríkisstjórn

**Stjórnarflokkarnir hafa mismunandi meiningar um breytingar á ríkisstjórninni. Samfylkingin vísar í stjórnarsáttmála um sameiningu ráðuneyta. Vinstri græn sætta sig ekki við að brotthvarf Jóns Bjarnasonar verði eina breytingin.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áform eru uppi um breytingar á ríkisstjórn?

Óhætt er að segja að titringur hafi komið upp á stjórnarheimilinu þegar tillögur starfshóps um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu birtust á vef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Ríkisstjórnin hafði skipað ráðherranefnd til að fara með málið, sem var áður á forræði fagráðherrans Jóns Bjarnasonar.

Þetta gerðist fyrir nákvæmlega tveimur vikum, laugardaginn 26. nóvember. Tveimur dögum síðar funduðu þingflokkar stjórnarflokkanna og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom rík krafa um brotthvarf Jóns fram á fundi Vinstri grænna.

Ekkert hefur verið látið uppi um hvaða áform eru um breytingar á ráðherraliðinu. Fyrir vikið hafa ýmsar kenningar farið á flot, mjög misáreiðanlegar. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið duglegir við að þýfga ráðherra um stuðning við Jón Bjarnason og oddvita stjórnarflokkanna um hvaða breytingar eru fyrirhugaðar.

Lítið hefur hins vegar verið um svör, sem er kannski ekki nema von. Ekki er venjan að tilkynna fyrirfram um breytingar á ríkisstjórnum. Steingrímur og Jóhanna halda spilunum þétt upp að sér og ólíklegt er að nokkuð verði tilkynnt fyrr en rétt áður en breytingar skella á.

Ljóst er hins vegar að meiningarmunur er á milli oddvitanna um hvaða leiðir á að fara. Ein hugmynd sem rædd hefur verið er að leggja efnahags- og viðskiptaráðuneytið niður og koma verkefnunum fyrir í öðrum ráðuneytum. Með því færðust öll efnahagsmál á hendur fjármálaráðuneytisins.

Steingrímur gaf því undir fótinn á dögunum í umræðum á Alþingi, en Jóhanna sagði slíkt ekki í takti við stjórnarsáttmálann og engin málefnaleg rök væru fyrir breytingunni. Meiningarmunurinn er því ljós á milli oddvitanna.

Heimildir Fréttablaðsins herma að einmitt þarna liggi hundurinn grafinn. Vinstri græn vilji ekki gera þá einföldu breytingu að Jón Bjarnason fari úr ríkisstjórn. Frekari breytingar þurfi.

Það rímar ágætlega við hugmyndir Samfylkingarinnar og stjórnarsáttmálann. Þar er talað um fækkun ráðuneyta í níu og stofnun umhverfis- og auðlindaráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis. Hvort stjórnin hafi styrk í slíkar breytingar núna er stóra spurningin.

Verði atvinnuvegaráðuneyti stofnað þykir Vinstri grænum hallað á sig hvað valdajafnvægi varðar. Þau yrðu þá með færri ráðherra og jafnvel gæti komið upp sú staða að þau krefðust embættis forseta Alþingis. Hefð er fyrir því að það sé skjól fyrir brotthorfna ráðherra, þannig að eins víst er að Jón Bjarnason gæti gert tilkall til þess.

Allsendis óvíst er hvort það dugir til. Fái Samfylkingin atvinnuvegaráðuneyti þykir halla á samstarfsflokkinn í málefnavægi. Það mundi nást verði efnahags- og viðskiptaráðuneytið lagt niður.

Formanna flokkanna bíður að leysa úr þessum ráðherrakapli þannig að hann gangi upp. Óvíst er hvenær það verður, en allt bendir til að það gerist á þessu ári.

kolbeinn@frettabladid.is



**DEILUMÁL** Aðildarumsóknin að Evrópusambandinu er ekki síst það sem valdið hefur titringi á meðal stjórnarflokkanna. Samfylkingin leggur áherslu á að fá atvinnuvegaráðuneyti, verði það stofnað, þar sem flokksmönnum þykir Jón Bjarnason hafa dregið lappirnar varðandi umsóknina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**




Skartgripur með trúarlega merkingu seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Fæst í skartgripa- og gjafaverslunum og á www.blind.is.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939
Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • www.blind.is



Fjárfestingatækifæri - verslunarhúsnæði



Til sölu verslunarhúsnæði að Fjarðargötu 11 Hafnarfirði. Húsnæðinu fylgir góður langtíma leigusamningur með öruggum leigutekjum. Gott áhvílandi lán. Tilboð óskast.

Nánari uppl. veitir Heimir Bergmann eða Axel Axelsson.



Heimir Bergmann
Sími 822 3600
heimir@domusnova.is
heimir.domusnova.is



Axel Axelsson
Löggiltur fasteignasali

DOMUSNOVA Fasteignasala
Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.donusnova.is





CNN er fáanlegt í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR

















# TAX FREE
## alla helgina










Létt og jólalegt að hætti spírunnar







spíran.

GARÐHEIMAR
- fjölskyldufyrirtæki í 20 ár!



**BJARGAR HUNDI** Maður í Bogota, höfuðborg Kólumbíu, rogast með hund yfir flóðavatnið sem herjar nú á íbúa í sumum úthverfum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áskrift að Stöð tvö:

## Verð breytist um áramót

**FJÖLMIÐLAR Breytt verðskrá fyrir Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2 og Stöð 2 Fjölvarp tekur gildi 3. janúar næstkomandi.**

**Grunnverð áskriftar að Stöð 2, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 hækkar um 200 krónur en grunnverð allra Fjölvarpspakka hækkar um 100 krónur.**

**Hækkun áskriftarverðs til þeirra sem njóta bestu vildarkjara verður 140 krónur á Stöð 2, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport og 70 krónur á öllum Fjölvarpspökkum. Þeir sem njóta bestu vildarkjara fá Stöð 2 á verði frá 5.383 krónur og Stöð 2 Sport og Sport 2 frá 4.704 krónum og 4.778 krónum á mánuði eftir því hversu margar stöðvar þeir eru með í áskrift.**

**Ástæður verðhækkana eru almennar verðhækkanir og aukin verðbólga.**

# Dæmdur fyrir vændiskaup, nauðgun og rán

**Stefán Þór Guðgeirsson dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að nauðga konu sem hann hafði greitt fyrir vændi og ræna hana. Rakaði af sér öll líkamshár til að torvelda rannsókn málsins. Hringdi óvart í lögreglu og kjaftaði frá þýfinu.**

**DÓMSMÁL** Þrítugur maður, Stefán Þór Guðgeirsson, var í gær dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir nauðgun, rán og vændiskaup.

Stefán hafði samband við konu sem auglýst hafði nuddþjónustu í smáauglýsingum Fréttablaðsins og falaðist eftir vændi. Þegar hann mætti á heimili hennar sinnaðist þeim vegna deilna um verð og að lokum neyddi hann hana til munnmaka og samræðis með ofbeldi og hótunum.

Stefán sló konuna meðal annars með hálskeðju í lærið svo hún hlaut sár af, hótaði henni lífláti og því að svipta hana vegabréfi. Þá sprautaði hann úr slökkvitæki yfir konuna og íbúðina. Hann greip með sér tuttugu þúsund krónurnar sem hann hafði lofað stúlkunni fyrir vændið og fartölvu hennar að auki.

Eftir árásina hringdi konan í örvilnan í vinkonu sína og sagði henni frá því sem gerst hafði. Þaðan barst sagan til kunningja þeirra beggja, sem brást ókvæða við, hringdi í Stefán og krafðist þess að hann skilaði peningunum og tölvunni.

Stefán þorði ekki öðru, og afréð að senda þýfið með leigubíl að söluturni í grenndinni. Þangað gæti kunninginn sótt það. Áður en að því kom hringdi rannsóknarlögreglumaður hins vegar í Stefán og boðaði hann til yfirheyrslu.

Á þessum tveimur símanúmerum, númeri lögreglumannsins og viðtakanda þýfisins, ruglaðist Stefán svo. Hann hringdi óvart í lögreglumanninn og sagði honum að þýfið væri á leið í söluturninn og lét leigubílstjórann jafnframt hafa sama númer, svo hann gæti hringt við komuna.

Með þessar upplýsingar upp á vasann mætti lögregla að söluturninum, ræddi við leigubílstjórann, lagði hald á þýfið og handtók kunningjann sem hafði ætlað að veita því móttöku.

Í kjölfarið var Stefán handtekinn, en hafði í millitíðinni rakað af sér allt hár, bæði á höfði og kynfærum. Telur dómarinn líklegt að það hafi hann gert til að ekki væri hægt að taka hársýni af honum.

Stefán, sem er með nokkra dóma á bakinu fyrir ýmis brot, neitaði nauðguninni en viðurkenndi að hafa borgað konunni fyrir vændi og stolið af henni peningum og tölvu.

Dómari segir hins vegar augljóst og verulegt misræmi í framburði hans, á meðan framburður konunnar hafi að mestu verið trúverðugur, auk þess sem hún var niðurbrotin og í miklu uppnámi við komuna á Neyðarmóttöku eftir nauðgunina. Stefán hafi beitt líkamlegum yfirburðum til að koma fram vilja sínum og árásin hafi leitt til verulegs tjóns fyrir hana.

Er Stefán dæmdur til að greiða henni 1,2 milljónir í bætur.

stigur@frettabladid.is

### Fráleit tilgáta Stefáns um fjárkúgun




Stefán bar því við að konan væri að ljúga upp á hann nauðgun til að kúga út úr honum fé. Um það hefur Símon Sigvaldason héraðsdómari þessi orð:

„Tilgáta ákærða miðar við að brotaþoli sé að tilefnislausu að bera á ákærða sakir um nauðgun í von um fjárhagslegan ávinning. Hún miðar við að brotaþoli sé reiðubúinn að undirgangast nákvæma réttarlæknisfræðilega skoðun á Neyðarmóttöku og yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi sem jafnan eru þungbærar. Þegar til þeirrar aðstöðu er litið sem brotaþoli í kynferðisbrotamáli er í telur dómurinn tilgátu ákærða fráleita.“




**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr úthlutaði á dögunum 20 milljónum í styrki.

Styrktarsjóður Ludvigs Storr:

## 20 milljónir í verkfræðistyrki

**STYRKUR** Stjórn Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr úthlutaði á dögunum styrkjum til sex einstaklinga og fimm verkefna á sviði verkfræði. Styrkirnir nema alls 20 milljónum króna að þessu sinni, en sjóðurinn úthlutaði síðast árið 2007.

Í tilkynningu segir að styrkirnir séu sérlega veglegir að þessu sinni í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands og 30 ára afmælis sjóðsins.

Sjóðurinn er í minningu kaupmannsins og félagsmálafrömuðarins Ludvigs Storr, sem lést árið 1979. - þj

**AKRANES**

### Kortapeningar í líknarmál

Tvö hundruð þúsund krónur sem annars hefðu farið til kaupa á jólakortum hjá Akranesbæ verða látnar renna til Mæðrastyrksnefndar á Akranesi.




# LIFÐU VEL

# HEIMA HÚSIÐ



Delhom Comment tungusófi í áklæði m/stillanlegum bakpúðum og lengjanlegu sæti. Litir; grátt, ljóst og brúnt.
Stærð 280 x 165 cm. Verð 535.000. Stgr. 428.000,-. Ath. einnig til 2ja og 3ja sæta.



Hülsta Now7 borðstofuborð 90 x 210 cm (2 x 50 cm)
Litir; svart, hvítt og hnota. Verð 386.000,-. Stgr. 308.800,-



Hülsta Now7 glerskápur m/ljósi. Litir; svart og hvítt.
Eining m/2 hurðum. Verð 398.000,-. Stgr. 318.400,-
Eining m/ 1 hurð. Verð 212.500,-. Stgr. 170.000,-







**20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

Opið alla sunnudag til jóla frá 13 -16

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

mood lifum

GALLERY GÓLF

PARKET • FLÍSAR

# Landsbankinn vill gera fleiri hugmyndir að veruleika

**Það er stefna Landsbankans** að vera hreyfiafl í samfélaginu. Á þessu ári hefur Landsbankinn fjármagnað fjölda stórra og smárra verkefna, allt frá laxeldi til gagnavers og í samstarfi við stórhuga fólk munum við halda áfram að koma hreyfingu á efnahagslífið í landinu.

Öflugt atvinnulíf þarf greiðan aðgang að fjármagni og þar gegnir Landsbankinn mikilvægu hlutverki. Bankinn er kraftmikill samstarfsaðili sem fjármagnar rekstur og fjárfestingar í öllum greinum atvinnulífsins. Sú fjárfesting er forsenda vaxtar og atvinnu.

Við höfum ráðist gegn skuldavanda fyrirtækja sem mun gefa fjárfestingu og nýsköpun aukinn styrk og við höfum þá stefnu að selja eignarhlut okkar í félögum í óskyldum rekstri. Verkefnin eru mörg og Landsbankinn er reiðubúinn að takast á við þau.

**Landsbankinn þinn er stefna bankans til 2015**

**2012:** Uppbygging → **2013:** Forysta → **2015:** Fyrirmynd



### Fjármögnunarverkefni

Fjármögnun atvinnulífsins er veigamikill þáttur í starfsemi Landsbankans. Við höfum á þessu ári leitað eftir samstarfi um þátttöku bankans í nýjum og spennandi verkefnum um land allt og stóðum t.a.m. fyrir 25 fundum með sveitarstjórnum og atvinnuþróunarfélögum í þeim tilgangi.

Við höfum tekið þátt í fjölmörgum fjármögnunarverkefnum á árinu. Eitt það stærsta er fjármögnun Búðarhálsvirkjunar, og í Arnarfirðinum fjármagnar Landsbankinn laxeldi á vegum Fjarðalax. Ný verksmiðja Lýsis rís nú við Grandagarð og Landsbankinn fjármagnar tvö gagnaver á Suðurnesjum; Verne og Thor Data Centre.

Ferðaþjónustan er ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar og Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu hennar, m.a. með fjármögnun

## Öflugt atvinnulíf þarf greiðan aðgang að fjármagni og þar gegnir Landsbankinn mikilvægu hlutverki.

rekstrar skíðahótels Icelandair á Akureyri, starfsemi Fontana á Laugarvatni, endurfjármögnun Bláa lónsins og hótelbygginga við Mýrargötu og Mjölnisholt. Að auki hefur bankinn stofnað sjóð ásamt iðnaðarráðuneytinu sem ætlað er að styrkja efnileg fyrirtæki í ferðaþjónustu.

### Nýsköpun

Til að styðja vel við bakið á frumkvöðlum hefur Landsbankinn komið á fót nýsköpunarþjónustu sem er sérsniðin að þörfum nýrra fyrirtækja. Bankinn hefur staðið fyrir atvinnu- og nýsköpunarhelgum í samstarfi við Innovit þar sem markmiðið er að skapa vettvang fyrir nýsköpun og efla um leið atvinnusköpun í landinu.

### Sala fyrirtækja í ótengdum rekstri

Eignarhald fjármálafyrirtækja á félögum í óskyldum rekstri er óæskilegt. Landsbankinn leggur því mikla áherslu á að selja fyrirtæki sem hann kann að eignast, eins skjótt og auðið er. Sala bankans á Vestia var stór áfangi á þeirri leið og meðal fleiri félaga sem bankinn hefur selt má nefna Parlogis, Hertz bílaleigu, Icelandic Group, Björgun og Pizza Pizza.

### Fjárhagsleg endurskipulagning

Lykilþáttur í uppbyggingu efnahagslífsins er að leysa úr skuldavanda fyrirtækja, sem hefur dregið þrótt úr atvinnulífinu undanfarin misseri. Öll lífvænleg fyrirtæki í viðskiptum sem uppfylltu ákveðin skilyrði fengu fyrir mitt ár tilboð um endurskipulagningu í samræmi við Beinu braut stjórnvalda.

Skuldir fyrirtækja hafa nú þegar verið færðar niður um 390 milljarða króna, það er sannfæring okkar að sú ráðstöfun skili samfélaginu heilbrigðari fyrirtækjum og bankanum betri viðskiptavinum.

### Skráning fyrirtækja á markað

Eitt af markmiðum Landsbankans er að efla hlutabréfamarkaðinn. Á þessu ári hefur verið unnið að undirbúningi skráningar tveggja dótturfélaga bankans á markað, fjárfestingafélagsins Horns og fasteignafélagsins Regins. Þetta eru stærstu fyrirtækin í eigu bankans og þau verða öflug viðbót við íslenskan hlutabréfamarkað.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

**FRÉTTASKÝRING:** Leiðtogafundur Evrópusambandsins

## Kröfurnar sem Cameron gerði

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, setti fram kröfur um nokkra varnagla sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við fjármálasamninginn. Þegar Sarkozy þverneitaði að verða við þessu, sagðist Cameron ekki geta samþykkt hugmyndir evruríkjanna.



**SETTI SKILYRÐI** Bretar standa nú einir utan við fjárlagabandalagið. NORDICPHOTOS/AFP

Cameron sagði nýja fjárlagabandalagið mismuna aðildarríkjum Evrópusambandsins, það kæmi sér vel fyrir evruríkin en verr fyrir hin sem stæðu utan evrusvæðisins.

Sérstaklega vildi hann tryggja að breytingarnar íþyngi ekki alþjóðlegu fjármálafyrirtækjunum í London, sem hafa lengi verið breskum stjórnvöldum mikilvæg tekjulind.

Hann gerði því kröfu um að beita mætti neitunarvaldi gegn öllu valdaframsali frá eftirlitsstofnunum einstakra ríkja til eftirlitsstofnunar Evrópusambandsins. Hann krafðist þess einnig að hætt yrði við áform um að leggja nýjan skatt á fjármagnsviðskipti á evrusvæðinu.

Auk þessi vildi hann að eiginfjárkvöð banka yrði hækkuð, og loks að hætt yrði við öll áform um að flytja Bankaeftirlit Evrópusambandsins frá London til Parísar, þar sem það verði sameinað Verðbréfa- og markaðseftirliti ESB.

Bretar standa nú einir fyrir utan fjárlagabandalagið. Búast má við langvinnum deilum milli Breta og hinna ESB-ríkjanna um það hvaða heimildir nýja „bandalagið innan bandalagsins" hefur til þess að nota sameiginlegar stofnanir ESB til ákvörðunartöku og eftirlits.

## Aðildarsamningur Króatíu undirritaður

Leiðtogar Evrópusambandsins og Króatíu undirrituðu í gær aðildarsamning Króatíu, átta árum eftir að Króatar sóttu um aðild að sambandinu. Króatía verður því 28. aðildarríki ESB 1. júlí árið 2013, að því gefnu að bæði Króatar samþykki samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin verður snemma á næsta ári og öll aðildarríkin 27 staðfesti undirskrift leiðtoganna.

Samningaviðræðurnar sjálfar hafa staðið yfir í sex ár, en töfðust meðal annars vegna þess að nágrannaríkið Slóvenía, sem fékk aðild árið 2004 ásamt níu öðrum löndum, krafðist þess að landamæradeilur þeirra yrðu leystar áður en Króatar gætu fengið aðild.

„Í dag er Króatía að ganga í Evrópusambandið, en mikilvægara er þó að Evrópusambandið er að ganga í Króatíu," sagði Ivo Josipovic, forseti Króatíu, á fundi með leiðtogum Evrópusambandsins í gær.

Næst á eftir Slóveníu er Króatía annað landið af þeim sem áður tilheyrðu Júgóslavíu sem fær aðild að Evrópusambandinu. Hin löndin fimm, sem einnig tilheyrðu Júgóslavíu, hafa öll sótt um aðild.




Íslensk hönnun
Íslenskt handverk
Metal design
Stefán Bogi gullsmiður
Metal design • Skólavörðustígur 2 • sími 552 5445



UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM
oculis

**Klínísk lyfjarannsókn**

Leitað er að þátttakendum í rannsókn á nýjum augndropum. Rannsóknin heitir: „Dorzolamíð augndropar einu sinni á dag".

Í rannsókninni er skoðuð verkun og öryggi nýrra dorzolamíð augndropa og borið saman við hefðbundna dorzolamíð augndropa. Tilgangur meðferðar er að lækka augnþrýsting.

Leitað er eftir þátttakendum á aldrinum 18 – 80 ára, sem hafa hækkaðan augnþrýsting eða grun um hækkaðan augnþrýsting og eru ekki á glákumeðferð. Tuttugu einstaklingar munu taka þátt í rannsókninni og varir þátttaka í um 4 vikur (með hléum).

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er próf. Einar Stefánsson augnlæknir, augndeild Landspítala. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar og Lyfjastofnunar.

Þeir sem telja sig vera með hækkaðan augnþrýsting og hafa áhuga á þátttöku í þessari rannsókn geta fengið frekari upplýsingar hjá gudrun@ocul.is.

Ekki er greitt fyrir þátttöku í rannsókninni en komið er til móts við þátttakendur hvað varðar óþægindi og ferðakostnað.

Tekið skal fram að þeir sem hafa samband eru með því aðeins að lýsa yfir áhuga sínum á því að fá frekari upplýsingar, ekki að skuldbinda sig til þátttöku. Þeir sem taka þátt í rannsókninni geta hvenær sem er dregið sig út úr rannsókninni án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.




**LEIÐTOGAR SPJALLA** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, Angela Merkel Þýskalandskanslari og José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á fundinum í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP

# Bretar standa einir utan samkomulagsins

**Leiðtogar allra Evrópusambandsríkjanna, nema Bretlands, stefna á aðild að nýju fjárlagabandalagi sem á að efla trú á evruna og tryggja að skuldakreppa einstakra evrulanda sligi ekki allt evrusvæðið. Angela Merkel hrósar sigri en náði þó ekki einróma samstöðu.**




**STILLA SÉR UPP** Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna stilltu sér upp fyrir ljósmyndara eins og venja er til á leiðtogafundum sambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta er mjög góð útkoma fyrir evrusvæðið," sagði Mario Draghi, seðlabankastjóri Evrópusambandsins. „Og vissulega mun þetta hjálpa í því ástandi, sem nú ríkir."

26 af 27 aðildarríkjum ESB hafa ákveðið að stofna svonefnt „fjármálastöðugleikabandalag" sem, þau vonast til að efli trú á evruna og tryggi að skuldakreppa einstakra evrulanda stofni ekki öllu evrusvæðinu í voða.

„Ég er mjög ánægð með árangurinn," sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari, sem hafði þó vonast til þess að öll aðildarríkin 27 myndu standa að fjármálasamningi, sem stefnt er að í mars næstkomandi. Hvorki hún né Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, sættu sig við neinar málamiðlanir umfram það sem þau sjálf höfðu fyrirfram, í krafti yfirburðastöðu sinnar meðal evruríkjanna, komist að samkomulagi um á fundum sínum nýverið.

Leiðtogarnir settust að fundarhöldum á fimmtudagskvöld og sátu langt fram á nótt, en stóðu að lokum upp með samkomulag sem flestir þeirra sögðust geta sætt sig við. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, vildi þó ekki vera með.

Svíar, Ungverjar og Tékkar gáfu samþykki sitt með fyrirvara um að það verði borið undir þjóðþing landanna, en öll evruríkin sautján ásamt sex öðrum aðildarríkjum ESB hafa ákveðið að taka þátt í nýja fjárlagabandalaginu.

Merkel segir það samt hafa verið ljóst allan tímann, í þeim samræðum sem hún átti við Cameron, að Bretland á ekki síður en hin ríkin mikið undir stöðugleika evrunnar: „Við erum öll í sama bátnum."

Meginatriði samkomulagsins felst í því að í stjórnarskrár allra landanna verði sett ákvæði um að kerfishalli á fjárlögum hvers ríkis megi ekki verða meiri en hálft prósent af landsframleiðslu þess.

Enn fremur náðist samkomulag um að mun strangara eftirlit verði haft með fjármálum hvers ríkis, ásamt refsiákvæðum sem ganga sjálfkrafa í gildi ef fjárlagahallinn fer yfir 3 prósent af landsframleiðslu.

Ákveðið var að hraða stofnun varanlegs stöðugleikasjóðs, sem tekur við af bráðabirgðasjóðnum sem notaður hefur verið til að hjálpa Grikkjum, Írum og Portúgölum yfir erfiðasta hjallann.

Þá fær Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nú veigameira hlutverk í tengslum við fjárhagsvanda Evrópusambandsríkjanna, og stefna öll ESB-ríkin að því að leggja samtals 200 milljarða evra inn í AGS. Það fé muni sjóðurinn svo nota þegar skuldavandi einstakra evruríkja ætlar að vaxa þeim yfir höfuð.

Hins vegar var tekið af skarið um að „gríska leiðin", sem fólst í því að bankar í einkaeigu taki á sig hluta tapsins, verði aldrei farin aftur. Það hafi verið undantekning sem gerð var vegna þess óviðráðanlega vanda sem Grikkir hafa komið sér í.

Þá ákváðu leiðtogar evruríkjanna að hittast að minnsta kosti tvisvar á ári til að fara yfir stöðu fjármála ríkjanna og leggja línurnar þegar þurfa þykir.

Flest eru þetta umdeildar ákvarðanir, sem lítil samstaða er um víða í aðildarríkjunum og má búast við hörðum deilum um þær í framhaldinu.

Markaðir tóku niðurstöðum leiðtogafundarins vel. Verðbréfavísitölur hækkuðu og skuldatryggingarálag lækkaði í kjölfarið. Hvort sú velvild endist er ómögulegt að spá um.


**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is


## Ný bók í ritröðinni um íslenskar laxveiðiár




# *Oftnefnd Drottning íslenskra laxveiðiáa*

Grímsá og Tunguá eru oftast nefndar í sömu andránni og eru saman eitt af betri laxveiðisvæðum landsins. Fjölbreytni svæðisins í umhverfi og veiðistöðum er viðbrugðið. Þetta er auk þess ein af þeim laxveiðiám landsins þar sem sagan er rituð á hvern stein og í hverja þúfu, streng og foss. Þetta er þriðja bókin í ritröð um íslenskar laxveiðiár, áður hafa komið bækur um Langá á Mýrum og Laxá í Kjós. Umsjónarmenn eru hinir sömu, Guðmundur Guðjónsson ritstýrir bókinni og tekur saman í hana fjölbreytt efni, og Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari og blaðamaður á Morgunblaðinu sér um ljósmyndirnar.







## ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS




*STÓRGLÆSILEG BÓK UM SKOTVEIÐI Í MÁLI OG MYNDUM*

## ÓSKABÓK VEIÐIMANNSINS

*STÓRSKEMMTILEG BÓK UM VEIÐI FRÁ LIÐNU SUMRI. FJÖLDI MYNDA, FRÉTTA OG SKEMMTILEGAR VEIÐISÖGUR.*



# skoðun

greinar@frettabladid.is

NATO þróast hratt, Ísland þarf að fylgjast með.

## Framlag til NATO

Atlantshafsbandalagið gengur í gegnum sífelldar breytingar. Hið gamla hlutverk bandalagsins, sem miðaðist allt við varnir gegn hefðbundinni hernaðarárás úr austri, er fyrir löngu úr sögunni. Um leið varð framlag Íslands til bandalagsins, aðstaða fyrir varnarlið á hernaðarlega mikilvægri eyju, úrelt. Þá sögu þekkja flestir.

Ekkert ríki sem tekur þátt í varnarbandalagi getur eingöngu verið þiggjandi. Allir verða að leggja eitthvað af mörkum. Sem smáþjóð í stóru landi hafa Íslendingar aldrei átt raunhæfa möguleika á að halda úti eigin her. (Það er ástæðan fyrir herleysi okkar, ekki að við séum friðsamari en aðrar þjóðir.) Við þurfum að finna aðrar leiðir til þátttöku í sameiginlegum vörnum Vesturlanda. Það framlag hlýtur ætíð að verða á forsendum borgaralegrar starfsemi, sem er það eina sem við þekkjum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Að mörgu leyti hefur þetta tekizt ágætlega eftir lok kalda stríðsins. Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins er margþætt og við höfum tekið ýmsa þætti sem snúa að öryggi og vörnum landsins í eigin hendur eftir að Bandaríkjamenn hurfu af landi brott með varnarliðið fyrir rúmum fimm árum.

Ísland starfrækir ratsjárkerfið, sem er þáttur í eftirliti NATO með Norður-Atlantshafinu, viðheldur aðstöðunni á smækkuðu varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli og sér um gistiríkisþjónustu fyrir flugsveitir annarra NATO-ríkja sem sinna hér reglubundinni loftrýmisgæzlu. Vel hefur tekizt til með þátttöku Íslands í friðargæzluaðgerðum bandalagsins. Þar höfum við getað lagt af mörkum ýmsa borgaralega sérþekkingu, til dæmis á sprengjuleit, torfæruakstri og jeppasmíði, heilbrigðismálum, jafnréttismálum, flugflutningum, flugvallarrekstri og löggæzlu.

Hins vegar þurfum við að fylgjast vel með hinni hröðu þróun bandalagsins og vera tilbúin að leggja okkar af mörkum í breytingaferlinu. Það er forsenda þess að önnur NATO-ríki séu reiðubúin að leggja sitt af mörkum til varna Íslands, til dæmis með þátttöku í loftrýmisgæzlunni.

Í fréttaskýringu í blaðinu í dag er fjallað um hið nýja hugtak NATO, snjallvarnir, sem felur í sér að aðildarríkin vinni meira saman og skipti með sér verkum. Íslenzk stjórnvöld þurfa að íhuga hvernig þau sýna vilja til að taka þátt í breytingum á vörnum bandalagsins. Við vitum að það gerist ekki með þátttöku í hernaði, en Ísland hefur margt annað fram að færa sem nýtist bandalaginu.

Þegar rætt er um fjölþjóðlega samvinnu um þróun varnarviðbúnaðar er til dæmis skoðunarvert hvort íslenzk fyrirtæki geti tekið þátt í slíku samstarfi. Við eigum fyrirtæki með sérþekkingu á varnarmálum, á borð við Kögun, sem eiga þar fullt erindi.

Einnig má íhuga hvort ný og vel búin farartæki Landhelgisgæzlunnar, varðskip og eftirlitsflugvél, auki ekki möguleika Íslands á þátttöku í samstarfi um vöktun og eftirlit á Norður-Atlantshafi og jafnvel tímabundinni þátttöku í öðrum verkefnum NATO, þótt auðvitað viljum við að þessi tæki nýtist sem bezt við Íslandsstrendur.

Framlag Íslands til NATO er ekki vinsælt umræðuefni þessa dagana. Ríkisstjórnin talar ekki um öryggis- og varnarmál vegna andstöðu VG við allt sem heitir varnir og stjórnarandstaðan virðist líka hafa glatað áhuganum á þessum málaflokki. Þetta eru engu að síður mikilvæg mál, sem ekki verður komizt hjá að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Þögnin um fógetaafmælið

Á mánudag í næstu viku verða liðin þrjú hundruð ár frá fæðingu Skúla Magnússonar landfógeta. Það eru tímamót sem vert hefði verið að minnast á myndarlegan hátt. Hann var einn af stærstu áhrifavöldum í íslenskri sögu og ef til vill sá sem best hefur unnið að efnahagslegri endurreisn samfélagsins.

Það var hollt fyrir þjóðina að minnast tvöhundruð ára fæðingarafmælis Jóns forseta fyrr á þessu ári. Það hefði einnig verið góð næring í rótleysi líðandi stundar að rifja upp sögu Skúla fógeta til þess að meta hver áhrif hugsjónir hans og atorka höfðu. Hann ruddi sannarlega brautina fyrir nýsköpun í atvinnumálum, hann ljáði framtaki einstaklinganna nýja vængi og hann braut fyrstu hlekki verslunarhaftanna.



ÞORSTEINN PÁLSSON

En hvers vegna ríkir þögn um slík tímamót? Hefði ekki einmitt mátt nota þau til að sýna hvers þessi þjóð var megnug þegar róðurinn var þyngstur? Á sama hátt má spyrja hvort ekki hefði verið kjörið tækifæri til þess að ræða hugmyndafræði endurreisnarinnar þá og nú?

Vel má vera að þögnin eða áhugaleysið stafi af því að upprifjun á þessari sögu fellur ekki allskostar að þeim meginstraumum í pólitík sem ryðjast fram um þessar mundir. Annars vegar er hugmyndafræði ríkisvaldsins sem vinnur að því að veikja frjálst framtak í atvinnulífinu. Hins vegar er sú hreyfing sem berst gegn frekari alþjóðlegri styrkingu á pólitískri og viðskiptalegri stöðu frjálsrar atvinnustarfsemi.

## Tvær stefnur

Í alþýðufyrirlestrum Jóns Jónssonar sagnfræðings um íslenskt þjóðerni frá 1903 er baráttumönnum endurreisnarinnar eftir miðja átjándu öld skipt í tvo flokka. Annar vildi láta Íslendinga byggja framfaraviðleitnina á almennum grundvelli en hinn vildi láta þá byggja eingöngu á þjóðlegum grundvelli.

Þarna voru annars vegar á ferð Biskupssonaflokkurinn undir forystu Hannesar Finnssonar sem benti þjóðinni út á við til annarra þjóða og hins vegar Bændasonaflokkurinn undir forystu Eggerts Ólafssonar sem benti henni inn á við og aftur í tímann til forfeðranna. Út úr þessu varð að mati Jóns talsverð keppni sem leiddi til öfga á báða bóga sem aftraði því að menn leituðu meðalhófs.

Svo mikið hafa tímarnir breyst á meir en tveimur öldum að erfitt er að draga upp hliðstæður. En framhjá hinu verður ekki litið að nú eins og þá er tekist á um endurreisn íslensks atvinnulífs annars vegar með skírskotun til þess sem vel hefur reynst í fortíðinni og hins vegar með tilvísun í þá almennu möguleika sem ríkari alþjóðleg samvinna hefur upp á að bjóða.

Slík togstreita er ekki ný af nálinni. Hún hefur fylgt þjóðinni um langan tíma. Því hefði verið fróðlegt að minnast þriggja alda fæðingarafmælis Skúla fógeta og draga fram í sögulegu samhengi málefnaleg átök um frjálst framtak og atvinnufrelsi í ljósi þjóðernishyggju og alþjóðasýnar. Þegar horft er til baka má ugglaust leiða að því rök að til lengri tíma hafi tekist að halda sæmilegu jafnvægi á þessum vogarskálum.

## Framtíðin

Að því virtu ætti að vera óhætt að setja fram þá bjartsýniskenningu að þau pólitísku átök sem nú standa þurfa ekki að tefja framgang endurreisnarinnar nema um skamma hríð. Það ræðst þó af því hvenær meðalhóf milli þjóðernishyggju og alþjóðahyggju nær að móta framtíðina og hvenær skilningur vex aftur á þeirri staðreynd að frjálst framtak nær sér ekki á strik á ný á Íslandi nema landið njóti að fullu sömu samkeppnisskilyrða og helstu viðskiptaþjóðirnar.

Spurningin sem þarf að svara er ekki sú hvenær stjórnvöld leysi vandann. Hún lýtur að því hvenær stjórnvöld og þeir pólitísku kraftar sem ráða framgangi mála leyfa frjálsu framtaki að finna þær leiðir sem duga til þess. Það gerist ekki í hagkerfi gjaldeyrishafta. Hætt er við að þeir fjötrar losni ekki ef óttinn við aukið alþjóðlegt samstarf verður ríkjandi til lengri tíma.

Peningar eru að sönnu sálarlausir, jafn mikilvægir og þeir eru í búskap allra þjóða sem milliliður allra milliliða. Eigi þeir að þjóna mannlegu samfélagi þurfa þeir að lúta siðareglum þess. Með vaxandi alþjóðaviðskiptum geta þjóðir ekki tekist á við það verkefni einar og sér. Það kallar á samvinnu og samstarf. Þjóðríkin þurfa einfaldlega í ríkari mæli að fylgja samræmdum leikreglum á þessu sviði í þeim tilgangi að lögmál peninganna þjóni þeim en taki ekki völdin.

Þegar menn leggja á ráðin um framtíð Íslands þarf að skoða hana í þessu ljósi. Um leið er hollt að vega og meta þá krafta sem togast hafa á í samfélaginu í gegnum tíðina með fullri vitund um að hver tími kallar á sínar lausnir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# BRÉF

## TIL BJARGAR LÍFI

ENNEMM / SÍA / NM48528



Á hinu árlega bréfamaraþoni Amnesty International kemur fólk saman og skrifar undir bréf og sendir jólakort í þágu þolenda mannréttindabrota. Fyrir þolendur og fjölskyldur þeirra eru bréfin tákn um alþjóðlega samstöðu fólks sem lætur sér annt um réttindi þeirra og mannlega reisn.

**Við bjóðum þér að koma til okkar laugardaginn 10. desember á alþjóðlegum degi mannréttinda og taka þátt í að breyta heiminum með því að nota öflugasta vopnið sem þú átt: NAFNIÐ ÞITT.**

Frekari upplýsingar eru á www.amnesty.is

**Það verður heitt á könnunni hjá okkur og boðið upp á piparkökur á þessum stöðum laugardaginn 10. des:**

| **Reykjavík** | **Akureyri** | **Egilsstöðum** | **Ísafirði** |
|---|---|---|---|
| Þingholtsstræti 27 | Amtsbókasafnið | Hús handanna (Nían) | Edinborgarhúsinu |
| kl. 13–18 | kl. 11–16 | kl. 10–17 | kl. 14–17 |

**AMNESTY INTERNATIONAL**

# GÓÐAR JÓLAGJAFIR!



## undir 2.000 kr.



Vnr. 41118457
**Fjórhjól** 690 kr.
Plastfjórhjól.



Vnr. 41119025
**Espresso bollar** 1.990 kr.
4 stk.



Vnr. 52222618
**Borðlampi** 1.990 kr.
ALISON borðlampi, 21 cm.

## undir 5.000 kr.



Vnr. 65103221
**Samlokugrill** 2.990 kr.
SINBO samlokugrill.



Vnr. 88470312
**Lest** 3.990 kr.
Jólalest á teinum,17 stk.




Vnr. 74092405
**Skrúfvél** 4.990 kr.
SKIL rafhlöðuskrúfvél, 3,6V.

## yfir 5.000 kr.



Vnr. 52220930
**Loftljós** 5.900 kr.
LIS halogen loftljós.




Vnr. 65103213
**Töfrasproti** 5.990 kr.
SINBO töfrasproti með skál, 200W.
Veggfesting og aukahlutir.




Vnr. 74804114
**Rafhlöðuborvél** 7.990 kr.
EINHELL rafhlöðuborvél, 14,4V.

# Jólaleikur BYKO klúbbsins



# Dregið daglega

## í desember fram að jólum!

Heildarverðmæti vinninga er ríflega **800.000 krónur!**

Allir sem versla í BYKO og framvísa BYKO korti eða gefa upp kennitölu verða sjálfkrafa þátttakendur í leiknum.
Þeir sem ekki hafa BYKO kort eða ekki skráðir í klúbbinn geta skráð sig á þjónustuborði í næstu BYKO verslun og tekið þátt.
Í hvert skipti sem verslað er fer viðkomandi í pottinn og líkurnar á vinningi aukast því í hverri heimsókn.
Nánari upplýsingar og vinningaskrá á www.byko.is.




# afslá

# jólask

GERÐU VERÐSAMAN

# Lifandi jólatré

## Normannsþinur, fura og blágreni

**BYKO býður eingöngu upp á hágæða, sérvalin jólatré.**

**Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd, Selfossi og Granda.**

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. BYKO býður upp á Normannþin, sem hefur verið visælusta jólatré landsmanna um áratugi. Einnig getur þú valið um íslenska furu og blágreni.

**Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.**

Vnr. 41140110-16
**Normannsþinur**
125-150 cm
150-175 cm
175-200 cm
200-225 cm

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/ eða myndabrengl.

www.expo.is

# 25%
# áttur af öllu
# krauti og seríum!

BYKO

IBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GE



## Jólagleði í verslunum BYKO!

### BYKO Breidd

**Laugardagur og sunnudagur**

**Föndurhornið**
**Opið 13:00 - 17:00**

Höfum opnað föndurhorn fyrir börnin þar sem þau geta búið til jólaskraut eða jólagjafir handa pabba og mömmu eða afa og ömmu. BYKO gefur allt hráefni til föndurgerðarinnar og börnin geta líka pakkað inn jólagjöfunum. Hægt er að velja um nokkra mismunandi hluti til að föndra sem sérfræðingar BYKO hafa séð um að útbúa og taka saman og munu aðstoða börnin í föndrinu.



Myndataka með jólasveininum á laugardaginn, kl. 14 - 16



Jólahlaðborð kl. 11.30 - 14.00
1.290 kr.
börn 12 ára og yngri 800 kr

**Uppákomur laugardag**
**Kl. 13** Skólahljómsveit Kópavogs – klarinettuhópur
**Kl. 14-16** Myndataka með jólasveininum
**Kl. 16:15** Skuggabaldur – jólalög í jazzútsetningum

**Uppákomur sunnudag**
**Kl. 13** Kvennakórinn Kyrjurnar
**Kl. 14:30** Álafosskórinn
**Kl. 16** Skólahljómsveit Kópavogs

### BYKO Grandi

**Uppákomur laugardag**
**Kl. 13** Álafosskórinn
**Kl. 15** Skuggabaldur – jólalög í jazzútsetningum

**Uppákomur sunnudag**
**Kl. 13** Álafosskórinn
**Kl. 14:30** Kvennakórinn Kyrjurnar

Kyrjurnar

## OPNUNARTÍMAR UM HELGINA

| | | Breidd | Akureyri | Selfoss | Grandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur | 10. des. | 10-19 | 10-18 | 10-18 | 10-18 |
| Sunnudagur | 11. des. | 11-19 | 12-16 | 12-16 | 11-18 |







# Hagar

Viðskipti



**Jón Ásgeir Jóhannesson**
stofnandi Bónuss

Það er gaman að fylgjast með mínu gamla félagi Högum. Hlutafjárútboðið kláraðist núna í vikunni og niðurstaðan er sú að það var fimmföld eftirspurn eftir því sem selt var. Allir helstu lífeyrissjóðir landsins tóku þátt. Vá!

Ég man þegar ég sat niðri í kjallara í Skútuvogi 13 fyrir fjórtán árum og teiknaði Haga (þá Baugur) viðskiptaáætlunina upp á töflu með pabba við hlið mér sem kom með sínar athugasemdir um hvernig þetta ætti að vera og hvað við ættum að gera. Saman sátum við feðgar þarna í kjallaranum og pældum í því hvernig þetta ætti allt að vinna saman, innkaup, dreifing, hagræðing með hagsmuni neytenda að leiðarljósi og gott og arðsamt fyrirtæki. Dagurinn var 20. júní 1998. Þann dag höfðum við gengið frá kaupum ásamt bankastofnunum á 75% hlut Hagkaupsfjölskyldunnar í Bónus og Hagkaup.

Mörg djörf spor voru tekin á uppvaxtarárum fyrirtækisins. Við gerðum leigusamning um 11 þúsund fermetra í Smáralind fyrir Hagkaup, Debenhams og fleiri smærri verslanir. Samningur sem var undirritaður í kjallaranum í Skútuvogi leiddi til þess að Smáralind reis. Hagkaupsbúðin var stækkuð frá upphaflegri áætlun úr 6.500 fm í 10.000 fermetra. Þar skiptu mestu orð eiginkonu minnar Ingibjargar, sem sagði að pabbi hennar hefði alltaf sagt að 10.000 fermetrar væri rétt stærð fyrir Hagkaup. Þó Pálmi í Hagkaup hafi ekki lifað að sjá 10.000 fermetra Hagkaupsbúð þá hafði hann rétt fyrir sér.

Hagkaup í Smáralind varð fljótt mjög vinsæl meðal viðskiptavina. Margir samstarfsfélaga minna ráku líka upp stór augu, þegar ég sagði að hún ætti að vera 10.000 fermetrar. Mörgum árum síðar héldu þeir hinir sömu að ég væri orðinn geggjaður, þegar ég lagði til sólarhringsopnun Hagkaups í Skeifunni. Það voru framandi hugmyndir og ástríða fyrir því sem menn voru að gera sem skóp Hagkaup og Bónus. Uppbygging Haga var skemmtileg á þeim tíma sem ég var viðriðinn reksturinn. Búðir voru keyptar og seldar og góð vörumerki voru fengin til landsins, svo sem Zara.

> Ég er viss um að ef menn myndu reikna dæmið til enda, þá hafa bankar grætt á Högum…

Í gegnum sum þessara fyrirtækja kynntumst við fyrirtækjum erlendis. Litla verslunarfyrirtækið á Íslandi hafði gríðarleg áhrif á hvernig verslun þróaðist í Englandi, en enska þjóðin er oft kölluð Nation of shopkeepers. Mér er til efs að Sir Philip Green ætti Arcadia í dag eða Malcolm Walker hefði endurreist Iceland í Bretlandi, nema út af viðskiptahugmyndinni sem fæddist í kjallaranum í Skútuvogi.

Í gær var stigið nýtt skref í sögu fyrirtækisins. Á þeim tímapunkti má ekki gleymast í umræðunni að Hagkaup og Bónus hafa alltaf staðið í skilum við sína viðskiptamenn og banka. Aldrei hefur verið afskrifuð króna í þessum rekstri.

Nú er því haldið fram að Arion banki hafi tapað svo miklu á því að hafa lánað til eignarhaldsins á Högum. Ég er viss um að ef menn myndu reikna dæmið til enda, þá hafa bankar grætt á Högum og þá sérstaklega forveri Arions banka; Kaupþing. Söguna verður að skoða í samhengi.

Ég gleymi því aldrei að þegar við keyptum Magasin í Kaupmannahöfn á sínum tíma í félagi við Birgi Bieldvedt greip fráfarandi stjórnarformaður félagsins þéttingsfast í höndina á mér og sagði: „Take good care of the old Lady (Magasin).“ Ég man ég svitnaði. Mér hafði verið falin ábyrgð á fyrirtæki með mikla sögu. Það var mitt að hlúa að henni og sjá til þess að félagið héldi áfram að vaxa og dafna. Ég og Biggi stóðum undir okkar ábyrgð. Við réðum inn stjórnendur, t.d. einn frá Högum sem rekur félagið enn í dag og hefur náð að láta það blómstra undir sinni stjórn. Annar fyrrverandi stjórnandi Haga rekur í dag hina sögufrægu verslun Hamleys í London.

Þegar maður lítur til baka frá því maður var 29 ára að teikna upp Haga á töflu í Skútuvogi þá hugsar maður: Þvílík saga! Stór partur af sögunni er hið frábæra starfsfólk sem vann að uppbyggingu félagsins. Margir þeirra starfsmanna eru enn við störf fyrir þær þúsundir nýrra hluthafa sem eignuðust fyrirtækið í gær. Við þá vil ég segja: „Take good care of the old lady.“




ZO•ON
ICELAND
Við erum í jólaskapi!
Í dag 10. desember verður jólastemning í verslun ZO-ON í Kringlunni.
Ingó Veðurguð, ásamt ZO-ON jólasveininum, treður upp og syngur vel valin lög fyrir framan verslun ZO-ON klukkan 15.
Af þessu tilefni verður 10% afsláttur af öllum vörum í verslun ZO-ON.
Allir sem líta við fá sérstakan jólaglaðning!
ZO•ON fatnaður fæst í verslunum okkar í Kringlunni og Bankastræti
og öllum helstu verslunum með útivistarfatnað á Íslandi.
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# Mannréttindaskrifstofa Íslands og skuggaskýrslur

Mannréttindi



Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

Í dag, 10. desember, er alþjóðlegi mannréttindadagurinn en Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt þennan dag árið 1948. Því er ekki úr vegi að fjalla lítillega um þau verkefni sem Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur með höndum. Mannréttindaskrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan veitir einnig umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum (skuggaskýrslum) til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna (Sþ) og Evrópuráðsins. Skrifstofan kemur einnig fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, ásamt því að annast útgáfu rita um mannréttindamál, sinna lögfræðiráðgjöf við innflytjendur o.fl.

Eins og sjá má eru verkefni Mannréttindaskrifstofunnar afar fjölbreytt og verður ekki gerð grein fyrir þeim svo vel sé í stuttri blaðagrein. Því verður hér aðeins fjallað um einn þátt starfseminnar, þ.e. gerð svokallaðra skuggaskýrslna. Á árinu sem er að líða var Ísland tekið fyrir af Barnaréttarnefnd Sþ og UPR (Universal Periodic Review) sem er nýtt eftirlitskerfi á vegum Sþ. Í því felst að aðildarríki Sþ skoða stöðu mannréttindamála hvert hjá öðru, hrósa því sem jákvætt er, benda á hvað betur má fara og gera tillögur um úrbætur. Enn fremur sótti ECRI nefndin (nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum) Ísland heim. Hér á eftir verður stuttlega fjallað um skýrslur Mannréttindaskrifstofunnar til þessara eftirlitsaðila.

### Barnaréttarnefnd SÞ

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna – UNICEF á Íslandi skiluðu skuggaskýrslu til Barnaréttarnefndar SÞ. Þar var m.a. bent á að talsvert skorti á að skoðunum barna væri gefið vægi á öllum sviðum er snerta þeirra mál, s.s. í skólum, fyrir dómstólum, á heimilum og hjá stjórnsýslustofnunum. Enn fremur var lýst áhyggjum af niðurskurði í heilbrigðis- og menntamálum, stöðu verst settra barnafjölskyldna, börnum með sérþarfir, ungum afbrotamönnum sem vistaðir eru með fullorðnum, brottfalli innflytjendabarna úr skóla og börnum sem verða vitni að ofbeldi eða þurfa að þola ofbeldi, hvort sem er andlegt, líkamlegt eða kynferðisofbeldi.

Í athugasemdum sínum tók Barnaréttarnefndin mið af skuggaskýrslunni, ásamt skýrslum umboðsmanns barna og ríkisins. Hvatti nefndin m.a. ríkið til að hafa meginregluna um hagsmuni barnsins ávallt að leiðarljósi og leitast við að tryggja samþættingu reglunnar á viðeigandi hátt og beita henni stöðugt í öllum laga-, stjórnsýslu- og dómsaðgerðum, sem og í stefnum, áætlunum og verkefnum er varða börn og hafa áhrif á þau.

Í tilefni af úttekt Barnaréttarnefndar SÞ og niðurstöðum hennar, hvöttu áðurnefndir höfundar skuggaskýrslunnar stjórnvöld m.a. til þess endurnýja aðgerðaáætlun til þess að styrkja stöðu barna og ungmenna og að taka fullt tillit til athugasemda Barnaréttarnefndarinnar við endurnýjun hennar. Stjórnvöld voru einnig hvött til að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum núgildandi aðgerðaáætlunar sem enn hafa ekki komið til framkvæmda.

### UPR

Mannréttindaskrifstofan skilaði skuggaskýrslu til UPR í eigin nafni og fyrir hönd nokkurra annarra samtaka. Þar var m.a. vikið að ýmsum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt, svo og samningum sem hafa ekki verið undirritaðir.

Í skýrslunni kom einnig fram að enn skorti á jafnrétti kynjanna, sem m.a. birtist í kynbundnum launamun, fáum konum í stjórnunarstöðum og ekki síst kynbundnu ofbeldi. Var bent á lága tíðni ákæra og sakfellinga í kynferðisbrotamálum gegn konum og börnum. Þá var fjallað um stöðu trú- og lífsskoðunarfélaga gagnvart ríkistrúnni. Enn fremur var áhersla lögð á að stjórnvöld þyrftu að marka sér mannréttindastefnu og að setja þyrfti heildstæða almenna löggjöf um bann við mismunun. Þá var fjallað um ástand fangelsismála, skort á rými og vistun ungra fanga og gæsluvarðhaldsfanga með öðrum föngum og bent á niðurskurð hjá lífeyrissjóðum, að ellilífeyrir nægi ekki til framfærslu. Jafnframt var í skýrslunni bent á hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita aðstoðar Kvennaathvarfs. Þá var vikið að félagslegum réttindum og fátækt, sérstaklega á meðal barnafjölskyldna, réttindum barna, fatlaðra, innflytjenda o.fl.

> Í skýrslunni kom einnig fram að enn skorti á jafnrétti kynjanna, sem m.a. birtist í kynbundnum launamun, fáum konum í stjórnunarstöðum og ekki síst kynbundnu ofbeldi. Var bent á lága tíðni ákæra og sakfellinga í kynferðisbrotamálum gegn konum og börnum. Þá var fjallað um stöðu trú- og lífsskoðunarfélaga gagnvart ríkisstjórninni. Enn fremur var áhersla lögð á að stjórnvöld þyrftu að marka sér mannréttindastefnu og að setja þyrfti heildstæða almenna löggjöf um bann við mismunun.

### ECRI

Mannréttindaskrifstofa Íslands skilaði, ásamt Fjölmenningarsetri, skuggaskýrslu til ECRI nefndarinnar. Þar var m.a. bent á að Ísland hefði ekki fullgilt 12. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, um bann við mismunun. Þá var fjallað um skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, s.s. íslenskupróf, sem reynst geta afar erfið einstaklingum sem tala tungumál sem eru mjög ólík íslensku. Einnig var bent á skort á forvörnum gegn rasisma og fjallað um aðgang innflytjenda að menntun, þjónustu og atvinnu.

Í samantekt þessari hefur verið leitast við að gefa innsýn í skýrslugerð Mannréttindaskrifstofu Íslands til alþjóðlegra eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda. Hér er langt í frá um tæmandi talningu á efni framangreindra skýrslna að ræða, en vonandi má ráða tilganginn með gerð skýrslnanna af þeim dæmum sem nefnd eru, þ.e. að veita stjórnvöldum aðhald og knýja á um umbætur þar sem þeirra er þörf. Á næsta ári verður Ísland tekið fyrir af nefnd sem starfar samkvæmt samningi SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og enn fremur af nefnd sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Mannréttindaskrifstofan hefur þegar skilað skuggaskýrslu til hinnar fyrrnefndu og skýrslan til hinnar síðarnefndu er í smíðum.



# Hugleiðingar vegna skrifa þjóðgarðsvarðar

Hálendisferðir

Sæbjörg Richardsdóttir
jeppakona

Það þarf sennilega lítið til að gleðja mig hugsaði ég þegar ég sat með kaffibollann og ostabrauðið laugardagsmorguninn 29. október síðastliðinn og las grein í Fréttablaðinu eftir Snorra Baldursson þjóðgarðsvörð. Skondinn var hann á köflum þannig að ég náði jafnvel að flissa.

Mér fannst dásemd þegar ég var upplýst um það að í Vatnajökulsþjóðgarði eru bara vegir, engar slóðir eða leiðir. Þannig að slóðin sem ég keyrði á Dyngjufjallaleið á síðasta ári er í dag orðin vegur. Hún er alveg eins og í fyrra, en hefur bara fengið annað heiti. Leikur að orðum og að mér læddist sú hugsun, þegar ég tók sopa af kaffinu, að verið væri að selja nýju fötin keisarans eina ferðina enn.

Þjóðgarðsvörðurinn vill einnig meina að sumir vegirnir í garðinum séu þannig að aðilar tengdir þjóðgarðinum hafi þrátt fyrir öfluga jeppa ekki náð að aka um þá. Var klúður í vegavali eða GPS skráningu hjá garðhönnuðum? Eða voru „tengdarnir“ á ferð á tíma þegar ófært var um umrætt landssvæði?

Það er nefnilega svo sniðugt á Íslandi hvað hálendisnáttúran á það til að vernda sig sjálf, þannig að ófærð er á hálendi fram eftir vori, jafnvel fram á sumar og ófærðin á það einnig til að taka sig upp fljótt að hausti. Sumar leiðir er ekki hægt að aka nema góðan mánuð að sumri. Svo hugsaði ég, um leið og ég beit í ostabrauðið, hvort tengdafólkið hafi verið óvant að aka um á öflugum jeppunum, ég hef jú oft heyrt að árinni kennir illur ræðari.

Mér þykir dálítið vænt um slóðir. Þær eru svona í kvenkyni – eins og ég. Í mínum huga eru þær lítið unnar, sjaldan eða aldrei heflaðar, búnar til af farartækjum fjallanna, jeppum, gönguskóm, gúmmístígvélum og hrossum. Þær falla yndislegar inn í landslagið, gæla við hæðir og strjúkast við lægðir. Lagðar í sátt og útsjónarsemi. Eiga það til að vera duttlungafullar og hverfa að hluta þegar vindurinn blæs og vatnið leikur um.

Já, slóðir höfða til mín. Þær sýna svo vel að við erum hluti af náttúrunni að það er pláss fyrir okkur líka innan um öll hin vistkerfin. Ég er svo sem líka sátt við vegi, þeir eru í mínum huga meira unnir og sjást frekar í landinu. En ég er alveg til í að vera með Snorra í liði að vernda vonda vegi. Það getur verið markmið í sjálfu sér.

Það er frábært hvað kynslóðin okkar Snorra er orðin klár í náttúruvernd, sáum lúpínu, drepum lúpínu og allt það. Já, og hvað við getum, í allri vitneskju og náttúruþekkingu okkar, sýnt þeim sem gengu á undan með kjarki, frumleika og dugnaði mikinn hroka.

Væri okkur ekki nær að vera þakklát og auðmjúk þegar við hugsum til þeirra sem fundu vöðin og vörðuðu leiðirnar? Til fólksins sem sagði okkur sögur og gaf okkur slóða til að ferðast á? Er það ekki okkar að heiðra minningu þeirra og allt þeirra starf? Að tala ekki um frumkvöðlana sem „heiðursmenn“ í einni setningu en kenna þá síðan við böðulsskap í þeirri næstu?

Að við nálgumst náttúruvernd á annan máta en fyrir 40-80 árum síðan er ekkert til að státa sig af. Oft upplifi ég að við höfum alls ekki efni á að setja upp hinn heilaga umhverfissvip. Í dag brennum við ekki sorp á víðavangi, nei við brennum sorp í sorpeyðingarstöðvum – okkur öllum til heilla... eða hvað?

Bæjarlækirnir okkar eru ekki að fá í sig olíuskvettu, en ég vil benda á að bæjarlækir borgarinnar eru fullir af rottueitri og saurgerlum, við getum örugglega komið með fleiri slíkar samlíkingar. Ef siðvæðing ferðamennsku er að tala niður til þeirra sem ruddu veginn þá vil ég ekki taka þátt, þaut í gegnum huga minn þessa morgunstund um leið og ég gleypti gúlsopa af köldu kaffi - oj hvað það var beiskt og korgur í því.

Mér finnst óttalegt, hugsaði ég meðan ég gutlaði með hálfkaldar restar í kaffibollanum, að vegirnir í garðinum þurfi allir að vera skilgreindir og staðlaðir og leiða að einhverju. Mér finnst sjálfri ekki síðra að upplifa ferðina, leiðina sjálfa, ófæruna, umhverfið, ljóðin í landslaginu, sem ég óttast að verði öll eins í stöðlun sinni og steriliseringu. Áfangastaðurinn þarf ekki að skila mér andköfum, þó það sé ekki síðra, en slíkt er bónus í mínum huga. Span milli áfangastaða er jafn ólystugt og köld kaffirestin í bollanum mínum.

> Svo hugsaði ég, um leið og ég beit í ostabrauðið, hvort tengdafólkið hafi verið óvant að aka um á öflugum jeppunum, ég hef jú oft heyrt að árinni kennir illur ræðari.

Fyrst vörðurinn minnist á Lakagíga þá er gaman að segja frá því að eitt af fyrstu stikunarverkefnum Umhverfisnefndar Ferðaklúbbsins 4x4 var á Lakagígasvæðinu. Í því skemmtilega verkefni tóku þátt félagar í klúbbnum og sjálfboðaliðasamtök, ásamt heimafólki, sem þekktu hvern stein á svæðinu og fengu fyrir ómælda aðdáun jeppafólksins. Þar voru göngustígar lagfærðir, vegslóðar stikaðir, óþarfa slóðum lokað og rakað yfir gömul hjólför (Setrið 4.tbl. 3. árg. 1992). Ekki var ófriður um svæðið þá og er ekki enn í dag.

Ennþá stikar Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 slóða og lagfærir leiðir sem þessar án þess að vera með upphrópanir þar um. Ætli Snorri vilji stofna til einhvers ófriðar um Lakagígasvæðið? Eða er ekki kominn tími friðar, sátta og samstarfs þaut um huga mér um leið og ég lokaði blaðinu og skilaði kaffibollanum í vaskinn.

## AF NETINU

### Hefði neitað að fara

Ég er einn þeirra sem get borið vitni um það hve mikil fyrirmyndarstofnun St. Jósefsspítali var. Þurfti tvisvar að fara þangað í ristilspeglun til öndvegis læknis og sjúkraliðs og hafa fáar heimsóknir verið eins gefandi á alla lund. Sem dæmi um góða þjónustu og atlæti má nefna að í spítalanum var sérstakt „viðrekstrarherbergi“ sem sjúklingar gátu farið inn í eftir aðgerð á meðan iðrin voru að ná sér. Efast ég um að aðrir sambærilegir spítalar bjóði upp á slíka þjónustu.

Ef ég hefði verið staddur inni á því hljómmikla herbergi þegar loka átti spítalanum hefði ég hikstalaust harðneitað að fara út þaðan og frekar látið bera mig út meðan ég mótmælti á sem hávaðasamastan hátt með báðum endum!

http://omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

### Síðbúin ást á safni

Siv Friðleifs og Þorgerður Katrín kveina sáran yfir, að ekki sé enn komið náttúrugripasafn. Ég er hjartanlega sammála þeim. Hins vegar skil ég ekki, af hverju þær þögðu, þegar þær voru ráðherrar. Er bara brýnt að fá safnið, þegar er vinstri stjórn, en ekki þegar er hægri stjórn?

Í Hafnarfirði kvarta Sjálfstæðismenn sáran yfir leynd á lánakjörum bæjarins. Ég er hjartanlega sammála. Hins vegar skil ég ekki, hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn við völd berst ætíð af hörku gegn upplýsingum um orkuverð. Er bara brýnt að fá að vita, þegar vinstri stjórn er við völd, en aldrei þegar er hægri stjórn?

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**



# Með kveðju til Barcelona

Menntamál

Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, skrifar grein um leikskólamál frá Barcelona, sem birtist í Fréttablaðinu í fyrradag. Þar sakar hún borgarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík um stefnuleysi í leikskólamálum. En hún gleymir að minnast á sína eigin stefnu. Ég mun því rifja hana upp ásamt því að fara yfir stefnu Samfylkingarinnar og Besta flokksins.

Það er skýr pólitískur munur á stefnu flokkanna í leikskólamálum. Núverandi meirihluti hefur hagrætt verulega lítið í leikskólum borgarinnar síðan hann tók við vorið 2010 og vill kappkosta að tryggja börnum á öðru aldursári leikskóladvöl með síauknum framlögum til leikskólanna. Í formannstíð Þorbjargar Helgu í leikskólaráði var hagrætt verulega mikið á leikskólasviði, eða um rúm 12% á tveimur árum. Síðan nýr meirihluti tók við hefur hagræðingin verið rúmlega 2%.

Einnig er rangt sem kemur fram í greininni, að fjármagn til fæðis leikskólabarna sé að lækka. Hið rétta er að það verður 18% hærra á næsta ári en kemur fram í greininni, eins er aukið fjármagn til leikskólanna vegna afleysinga, starfsþróunar og samstarfsverkefna og fleiri þátta.

> Það er jákvætt að hafa skarpar línur milli stjórnmálaflokka í borgarmálum.

### Ólíkar og ódýrar lausnir Þorbjargar Helgu

Eftir kosningar hefur Þorbjörg Helga aðallega haldið uppi gagnrýni á þá stefnu okkar að tryggja stórum árgöngum leikskólapláss. Heldur hefði hún viljað að borgin legði áherslu á „ólíkar og ódýrar lausnir“ svo gripið sé niður í ársgamlar bókanir. Þar segir orðrétt: „Að lokum telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins það vera ranga nálgun, nú þegar að fjölgun yngstu barna er gríðarlega mikil, að afnema þjónustutryggingu, sem þann kost að styðja foreldra í að finna sér sjálf úrræði fyrir yngstu börnin. Að auki telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að umræðu skorti, áþreifanlega, bæði í menntaráði og við foreldra og kennara um ólíkar og ódýrari lausnir við að leysa aukna kröfu um miklu meiri þörf á þjónustu við yngstu börnin.“ Og í umræðum í borgarstjórn var þessum orðum fleygt: „Það er vonandi að borgin geti mætt öllum börnum sem þurfa leikskólapláss haustið 2011 en fullyrða má að þessar ákvarðanir, að þetta sé trygging á leikskólapláss, sé bæði dýrasta leiðin sem hægt er að fara til að þjónusta þessi börn og sú erfiðasta.“

### Dýrt og erfitt, já. En gerlegt.

Svo mörg voru þau orð. Gefumst upp við fjölgun leikskólaplássa og borgum frekar foreldrum 20.000 króna heimgreiðslu á mánuði svo þeir geti reddað sér sjálfir. Til allrar hamingju fyrir reykvíska foreldra komst Sjálfstæðisflokkur ekki í meirihluta vorið 2010. Við höfum nú tryggt leikskólapláss fyrir stærstu árganga sem fæðst hafa í Reykjavík, það var flókið og kostnaðarsamt og ekkert verkefni hefur fengið jafnmikla athygli hjá okkur í borgarstjórn á árinu. En það er okkar stefna í leikskólamálum og það var þess virði. Framtíðarsýn Sjálfstæðisflokks er hins vegar sú að börn geti rétt eins hafið leikskólagöngu á þriðja aldursári og foreldrar geti brúað bilið milli fæðingarorlofs og leikskólagöngu með 20.000 króna heimgreiðslu.

Það er líka stefna okkar að reyna eins og kostur er að hagræða í miðlægri stjórnsýslu, með endurskipulagningu í yfirstjórn, betri nýtingu húsnæðis og stjórnkerfisbreytingum. Þorbjörg Helga gerir lítið úr þeirri hagræðingu sem náðst hefur með þessu móti og það er sérkennilegt. Vissulega erum við að hagræða minna en hún sjálf gerði, en það er líka okkar stefna að verja skólastarf eins og kostur er. Við erum nú að uppskera eins og sáð var til, við höfum skapað fjárhagslegt svigrúm með sameiningum og betri nýtingu húsnæðis sem er nauðsynlegt til að halda úti góðu og metnaðarfullu skólastarfi – og fjölga leikskólaplássum verulega.

### Skarpar línur

Sjálfstæðisflokkurinn hefur eina stefnu mjög skýra, lækkun skatta. Gott og vel. En það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ef ekki á að fara þá leið að dreifa byrðunum á sanngjarnan hátt milli borgarbúa með fullnýtingu útsvars þá verður að grípa til meiri niðurskurðar og meiri gjaldskrárhækkana. Enda hefur Hanna Birna Kristjánsdóttir margoft sagt að það sé miklu, miklu meira hægt að sækja með niðurskurði inn í borgarkerfið. Aldrei hefur hún reyndar sagt nákvæmlega hvar þá miklu sjóði er að finna sem hægt er að skera niður, en sannfærð er hún um tilvist þeirra.

### Okkar pólitík

Það er jákvætt að hafa skarpar línur milli stjórnmálaflokka í borgarmálum. Leikskólamál eru rammpólitískt viðfangsefni. Þau snúast um að mæta raunverulegum þörfum fjölskyldna og barna og að hafa kjark til að forgangsraða í þágu þeirra. Og það er okkar pólitík. Ef Þorbjörg Helga þarf einhverjar frekari skýringar á forgangsröðun okkar sem erum við stjórnvölinn í Reykjavík er henni velkomið að hringja í mig frá Barcelona.

hagar

Hagar hf. - Birting viðauka við lýsingu

Hagar hf. birta í dag viðauka við lýsingu dagsetta 26. nóvember 2011 sem gefin var út í tengslum við almennt útboð á hlutum félagsins og ósk stjórnar félagsins um að hlutir í Högum hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukinn er dagsettur 9. desember 2011, gefinn út á íslensku og birtur á vefsíðu félagsins, www.hagar.is.

Viðaukinn er gefinn út á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 þar sem kemur fram að komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum skuli útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skoðast sem hluti af lýsingunni sem má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, og er gefinn út rafrænt á vefsíðu félagsins. Lýsinguna ásamt viðauka má einnig nálgast á vefsíðu umsjónaraðila, www.arionbanki.is. Jafnframt má nálgast innbundin eintök af lýsingunni ásamt viðauka hjá Högum hf. í Hagasmára 1, 201 Kópavogi og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Upplýsingar í viðauka
Í viðaukanum eru upplýsingar um bætta fjárhagsstöðu Haga hf., sem nemur ríflega 510 milljónum króna, í kjölfar endurútreiknings Arion banka hf. á gengistryggðum lánum félagsins sem er til kominn vegna fordæmis Hæstaréttar í máli nr. 155/2011 (Landsbankinn hf. gegn þrotabúi Motormax ehf.), en upplýsingarnar taka til kafla 7.3 Breytingar frá síðasta birta uppgjöri sem er að finna í útgefandalýsingu Haga hf. dagsettri 26. nóvember 2011 sem er hluti af lýsingunni. Í viðaukanum eru einnig upplýsingar um útboðið uppfærðar með hliðsjón af niðurstöðu útboðsins og birtingu þessa viðauka og skoðast sem uppfærsla á kafla 3. Almennt útboð sem er að finna í verðbréfalýsingu Haga hf. dagsettri 26. nóvember 2011 sem er hluti af lýsingunni. Fjárfestum er bent á að fyrir miðnætti í lok dags 13. desember 2011 hafa þeir rétt til að falla frá áskrift sinni í útboðinu, að eindagi kaupverðs hefur verið ákveðinn 15. desember 2011 og að fyrsti dagur viðskipta með hluti félagsins í Kauphöllinni getur í fyrsta lagi orðið næsta viðskiptadag eftir eindaga kaupverðs.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Arion banka hf. í síma 444 7000 eða með því að senda tölvupóst á HagarIPO2011@arionbanki.is.

9. desember 2011
Stjórn Haga hf.

arionbanki.is — 444 7000
Arion banki

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

# „Kona sem ekki er lamin er eins og heimili sem ekki er þrifið“

Kynbundið ofbeldi

Anna Stefánsdóttir
formaður Rauða kross Íslands



Þannig hljóðar gamall málsháttur í Moldovíu sem lýsir aldagömlu viðhorfi til heimilisofbeldis. Landsfélög Rauða krossins í Moldovíu, Hvíta-Rússlandi og fleiri löndum Austur-Evrópu hafa á liðnum árum sett á fót sérstök verkefni sem beinast að því að bæta stöðu kvenna í samfélaginu og koma í veg fyrir að þær verði fórnarlömb ofbeldis eða mansals, ásamt því að aðstoða þær sem lent hafa í slíkum aðstæðum við að skapa sér nýtt líf í eigin umhverfi.

Ana Ravenco, moldóvískur aktívisti sem vinnur náið með Alþjóða Rauða krossinum við að uppræta mansal, er ekki í nokkrum vafa um að forsenda þess að koma í veg fyrir kaup og sölu kvenna og barna milli landa sé að uppræta heimilisofbeldi í hverri mynd sem það birtist – hvort sem það er líkamlegt, fjárhagslegt eða sálrænt.

„Þær konur sem eru fjárhagslega sjálfstæðar eiga auðveldara með að forða sér úr ofbeldisfullu umhverfi, og erfiðara er að beita þær kúgun,“ sagði Ravenco í viðtali sem birtist í fréttablaði Alþjóða Rauðakrosshreyfingarinnar. „Með því að bæta stöðu þeirra heima fyrir minnkar hættan á að þær verði fórnarlömb mansals.”

„Heimilisfriður – heimsfriður“ er yfirskrift alþjóðlega 16 daga átaksins gegn kynbundnu ofbeldi sem nú stendur yfir, og Rauði kross Íslands tekur þátt nú sem endranær. Yfirskriftin bergmálar staðhæfingu Ravenco um að með því að bæta stöðu konunnar heima fyrir batni staða hennar einnig á alþjóðavettvangi, og með því að uppræta heimilisofbeldi sé hægt að stuðla að friði á heimsvísu.

Fátækir íbúar landanna sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum eru í sérstakri hættu á að verða fórnarlömb mansals. Þar sem lífsskilyrði eru nöpur og horfur slæmar lætur ungt fólk freistast af gylliboðum. Vitað er að í efnahagslegum þrengingum eins og nú ríkja á þessum slóðum lenda enn fleiri í klóm misyndismanna og ganga kaupum og sölum.

Talið er að fórnarlömb mansals séu yfir 1.000 á ári í Hvíta-Rússlandi. Árið 2010 hrinti Rauði krossinn þar, með stuðningi Rauða kross Íslands, af stað forvarnarverkefni þar sem ungir sjálfboðaliðar í Gomel-héraði kynna fyrir ungmennum hættur mansals. Einnig fá fórnarlömb mansals aðstoð þegar þau koma aftur heim, stundum eftir áralanga ömurlega vist erlendis, og þeim gert kleift að koma undir sig fótunum þrátt fyrir fordóma og dómhörku samfélagsins.

Ungmenni eru frædd um hættuna á mansali með margvíslegum aðferðum. Fjölmiðlar eru hvattir til að fjalla um málið, hringborðsumræður haldnar, efnt til vitundarvakningar í skólum, veggspjöldum dreift og margvíslegar uppákomur nýttar til að ná til ungs fólks sem er í mestri hættu.

> Fátækir íbúar landanna sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum eru í sérstakri hættu á að verða fórnarlömb mansals. Þar sem lífsskilyrði eru nöpur og horfur slæmar lætur ungt fólk freistast af gylliboðum.

Þolendur mansals fá við heimkomu sálrænan stuðning, aðgang að lögfræðiaðstoð og beina hjálp til að koma undir sig fótunum á ný. Þá eru skipulagðir sjálfshjálparhópar þolenda, til að þeir geti notið styrks hver af öðrum.

Verkefnið er kostað af íslenskum stjórnvöldum til þriggja ára, samkvæmt samstarfsyfirlýsingu sem Rauði krossinn og utanríkisráðuneytið gerðu snemma árs 2010. Með þessu verkefni leggja Íslendingar sitt af mörkum til að styðja við fórnarlömb mansals, og taka þátt í að breyta gömlum viðhorfum um kúgun og ofbeldi gagnvart konum og börnum.

# GÓÐAR JÓLAGJAFIR

## fyrir krakka sem elska snjóinn!



**20% AFSLÁTTUR AF BRETTA- OG SKÍÐAPÖKKUM!**



BARNASKÍÐAPAKKI

**33.990**

(fullt verð 42.970)

**TECNO PRO XT TEMA JR**
Skíði. Stærðir: 130 og 140.
**Fullt verð: 17.990**

**TECNO PRO TC45 JR**
Bindingar. **Fullt verð: 11.990**

**TECNO PRO T40 JR**
Skíðaskór. **Fullt verð: 12.990**

## KLÚBBTILBOÐ – 20% AFSLÁTTUR
### ÞEGAR KEYPT ERU SKÍÐAGLERAUGU OG HJÁLMUR

INTERSPORT KLÚBBURINN



(fullt verð 9.480)

**7.490**

VERÐDÆMI: HJÁLMUR OG GLERAUGU

**CÉBÉ BUDDY** Barna-skíðagleraugu. **3.490**

**TECNO PRO CS / FIREFLY ROCKET JR HELMET**
Stækkanlegur skíðahjálmur. Stærðir: 52-56. **5.990**



**1.290**

**MCKINLEY SKISOCK JR**
Góðir skíðasokkar úr teygjanlegri ullarblöndu.
56% ull. Stærðir: 31-35.



**890**

**MCKINLEY ARCTIC BEANIE**
Barnahúfa.

**1.990**

**ETIREL SKI BASIC JR GLOVE / MITTEN**
Hlýir vetrarhanskar. Stærðir: 5 - 12 ára.



**14.990**

**FIREFLY FREEDOM PARKA JR**
Þykk og hlý vetrarúlpa með loðkraga á hettu. Litir: Blá og svört.
Stærðir: 140-170. Rauð. Stærðir: 150-170.



**4.990**

**MCKINLEY TRIXA JR LAYER ONE**
Síðar nærbuxur og síðermabolur sem draga raka frá líkamanum og halda honum þurrum. Stærðir: 120 - 160. Litur: Svart.

**INTERSPORT**

**OPIÐ TIL 22:00**
Í INTERSPORT LINDUM
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA!

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 10. – 16. DESEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
14 DAGAR TIL JÓLA OPNUM KL.10.00
Ali
Hamborgar hryggur
1495 KR. KG
ALI HAMBORGAR-HRYGGUR MEÐ BEINI
VINSÆLASTI HRYGGURINN Í BÓNUS
3798 KR. KG
ÞÝSKAR UNGNAUTALUNDIR
1395 KR. KG
ÞÝSKAR GRISALUNDIR
Andebryststeg
2598 KR. KG
ÞÝSKAR ANDABRINGUR
2598 KR. KG
ÞÝSKT FROSIÐ NAUTA RIBEYE
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
2598 KR. KG. HANGILÆRI
1898 KR. KG. FRAMPARTUR
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI
HAMBORGAR HRYGGUR
BÓNUS
1195 KR. KG
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
1195 KR. KG
BÓNUS BAJONSKINKA
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
1498 KR. KG
KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI
BETRI KAUP 9 LÍTRAR
6x1,5l
Coca-Cola
Blanda
998 KR. 9 LTR.COKE
COKE-TILBOÐ 6 FL. X 1.5 LTR
KAUPAUKI: 4 DÓSIR AF HÁTÍÐARBLÖNDU
SEX 1.5 LTR. COKE FLÖSKUR = 9 LTR.
AUK ÞESS: 4 DÓSIR HÁTÍÐARBLANDA
(MALT+APPELSÍN) = 2 LTR.
ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 998 KR.
Lax
Lax
2398 KR. KG
NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR REYKTUR OG GRAFINN Í FLÖKUM
Fjalla HANGIKJÖT
2475 KR. KG
FJALLA ÚRB. HANGILÆRI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL



**2998** KR. KASSINN

NÓI-SÍRÍUS
**GJAFAKONFEKT** 940 GRÖMM

## VINSÆLUSTU JÓLABÆKURNAR

*FÆRÐU Í BÓNUS*




**3998** KR. 2,9 KG

NESTLÉ **MACHINTOSH 2,9 KG.**




**1798** KR. KASSINN

NÓI-SÍRÍUS
**BESTU MOLARNIR** 650 GRÖMM




**998** KR. KASSINN

BÓNUS
**KONFEKT** 700 GRÖMM




**359** KR. POKINN

BASSETTI
**LAKKRÍSKONFEKT** 400 GR.



**298** KR. STK

8 METRA **JÓLAPAPPÍR**



**95** KR. STK

ÓDÝR **JÓLAPAPPÍR 2 M**



**298** KR. 20 STK.

DUNI
**JÓLASERVÍETTUR** 20 STK.




**2598** KR. STK

SLÖNGU
**SNJÓÞOTA 97 SM.**
SÉRVÖRUVERSLANIR

## BÍLAVÖRUR Í BÓNUS



**195** KR. 2 STK



**398** KR. STK

STÓRT **ÚTIKERTI**




**698** KR. 2 LTR.
SONAX
**BÍLASÁPA 2 LTR.**

**698** KR. 1 LTR.
I LÍTRI
**TJÖRU HREINSIR**

**459** KR. 5 LTR.
5 LÍTRAR
-9 GRÁÐUR
**RÚÐUVÖKVI**

**698** KR. 250 ML
SONAX
**BÍLABÓN**
250ML

## SUDUKO ÞRAUT BÓNUS

Lausnin á þrautinni er á bonus.is

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 5 | | 8 | 1 | 3 | |
| | | 6 | | 1 | 9 | 8 | 4 | |
| | 8 | | | | | | | 7 |
| 7 | | | | 6 | 3 | | | |
| | | | | 4 | | | | |
| | | | 1 | 7 | | | | 9 |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | 3 | 5 | 4 | 8 | | 9 | | |
| | 7 | 4 | 3 | | 1 | | | 8 |

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**NÝR KAFLI AÐ HEFJAST** Daníel Bjarnason tónskáld vinnur nú að nýju verki fyrir stóra ungmennahljómsveit í Bandaríkjunum, American Youth Syphony, og Los Angeles Children's Chorus, sem er hundrað barna kór. Verkið verður flutt í óperunni í Los Angeles í mars. Daníel mun ekki stjórna flutningi verksins sjálfur, heldur vera viðstaddur sem áhorfandi. Hingað til hefur hann alltaf stjórnað frumflutningi verka sinna sjálfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flakkar á milli tónlistarheima

Tónskáldið og hljómsveitarstjórinn **Daníel Bjarnason** ólst að hluta til upp í Bandaríkjunum, gekk í menntaskóla í Danmörku og háskóla í Þýskalandi. Enn ferðast hann vítt og breitt um heiminn, en nýtur þess að búa og starfa á Íslandi, eins og hann sagði ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** frá. Ekki síst vegna þess hversu þægilegt er að fljóta á milli ólíkra heima í íslensku tónlistarlífi.

Klukkan er að nálgast níu á koldimmum desembermorgni þegar blaðamaður bankar upp á á heimili Daníels Bjarnasonar. Hann kemur til dyranna með eins árs son sinn í fanginu, Ríkharð. Sambýliskona hans, Elísabet Alma Svendsen, heilsar glaðlega og sýpur á svörtu kaffi. Svo hverfa þau mæðgin út í daginn. Fjölskyldan er nýflutt í fallega íbúð í Hlíðunum, þar sem er hátt til lofts, vítt til veggja og gullfallegir gluggar hleypa þeirri litlu birtu sem úti er, aðallega frá ljósastaur úti á götu, inn á gólf. Þarna eiga margvísleg tónverk eftir að verða til, ef Daníel heldur áfram á sömu braut.

„Þetta er bara nútíminn held ég," svarar Daníel, þeirri spurningu hvernig hann fari að því að teygja sig inn á svo breitt svið tónlistar eins og hann hefur hingað til gert. Hann er hljómsveitarstjóri og tónskáld að mennt og hefur meðal annars nokkrum sinnum stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumflutt með þeim eigin verk, við góðar undirtektir. En hann semur líka tónlist fyrir kvikmyndir, kemur fram á Airwaves og vinnur náið með mörgum af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar úr ólíkum áttum. „Ég er klassískt menntaður og hef unnið með mörgum úr klassíska heiminum hér heima. En ég hef líka verið í miklu sambandi við fólk sem er ekki í klassískri músík, heldur raftónlist, djassi eða rokki. Auðvitað eru einhver skil á milli þessara heima, en það er greiður aðgangur á milli þeirra hér á landi. Mér finnst ég ekki þurfa að setja mig í sérstakar stellingar til að vinna með fólki utan klassíska geirans. Þetta hefur alltaf verið mjög eðlilegt."

### Í listaleikskóla í Bandaríkjunum

Daníel er Reykvíkingur í grunninn, en fæddur í Danmörku og alinn upp að hluta í Wisconsin í Bandaríkjunum, þar sem foreldrar hans voru í námi. Þar var hann á listabarnaheimili, sem átti eftir að hafa talsverð áhrif á hann. „Ég var fjögurra ára þegar ég byrjaði þarna. Það var mikil áhersla lögð á leiklist, tónlist, dans og aðrar listir. Það hefur örugglega örvað það sem var til staðar hjá mér, einhverja listræna þörf. Ég á margar góðar minningar þaðan."

Þegar hann flutti aftur heim til Íslands, sex ára gamall, var hann ekki bara búinn að virkja í sér listræmu hliðarnar, heldur líka búinn að læra að lesa og skrifa. Hann var því settur beint í sjö ára bekk. Seinna meir, þegar Daníel var búinn að ganga grunnskólaveginn hér, flutti fjölskyldan aftur til Danmerkur. Þar fór Daníel í menntaskóla og þar sem hann tekur ekki nema þrjú ár í Danmörku var Daníel orðinn stúdent átján ára. „Ég byrjaði sjö ára gamall að spila á píanó, en ég hætti nokkrum árum seinna, var bara að einbeita mér að fótbolta, handbolta og einhverju allt öðru en tónlistinni. Það var þess vegna mjög heppilegt að græða þarna tvö ár til að vinna upp það sem ég hafði misst úr."

### Vildi semja sjálfur

Í Kaupmannahöfn hellti Daníel sér aftur út í píanóleikinn, byrjaði að skrifa tónlist og vinna með öðrum tónlistarmönnum. Þegar hann flutti aftur til Íslands hóf hann nám nám í píanóleik við tónlistarskóla F.Í.H. og síðan tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þaðan útskrifaðist hann með gráðu í hljómsveitarstjórnun og tónfræði. „Mér fannst þetta fara mjög vel saman við tónsmíðarnar. Ég ákvað, þegar ég var búinn með allt þetta, að fara í framhaldsnám í hljómsveitarstjórnun, frekar en í tónsmíðum."

Þá flutti hann til Freiburg í Þýskalandi og hóf nám í tónlistarháskólanum þar í borg. „Þar var ég í hálfgerðum felum með tónsmíðarnar og hélt mig alfarið við stjórnunina. En ég fann að það var ekki rétt fyrir mig og eftir námið þurfti ég að finna þetta jafnvægi sem hentaði mér; að vinna sem stjórnandi, en jafnframt að vinna að mínu eigin efni og í samstarfi við aðra ólíka listamenn."

### Ævintýrið um Sólaris

Í nóvember síðastliðnum kom út platan Sólaris, sem Daníel vann í samstarfi við Ben Frost. Hún hefur fengið góða dóma, meðal annars 8 af 10 stjörnum á tónlistarsíðunni Drowned in Sound. Fyrsta upplag hennar seldist upp á einum mánuði.

Á plötunni er tónverk þeirra Daníels og Ben, sem er skrifað fyrir Krakársinfóníettuna og gerir ráð fyrir þrjátíu strengja- og ásláttarleikurum, gítörum, rafhljóðfærum og breyttu píanói.

Verkið unnu þeir út frá kvikmynd Tarkovsky, Sólaris, frá árinu 1972. Það var flutt á Listahátíð í Reykjavík í sumar, af þeim Daníel, Ben, Krakársinfóníettunni og tveimur íslenskum slagverksleikurum. Áður hafði hópurinn flutt verkið í Póllandi, Austurríki og í New York.

### Viðburðaríkt ár að baki

Daníel hefur vægast sagt átt annríkt á þesu ári. Hann hóf það með því að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum, þar sem frumflutt var verkið Birting eftir hann. Hann kom líka fram á opnunartónleikum Hörpu þar sem tvö verk eftir hann voru flutt, Fanfare og Millispil. Þá vann hann með dönsku hljómsveitinni Efterklang, samdi tónlist við dansverk og stuttmynd og stjórnað uppsetningu óperunnar á Töfraflautunni. Þá eru smærri verkefni ótalin.

Daníel er á mála hjá útgáfufyrirtækinu Bedroom Community, sem hefur þá sérstöðu að afmarka sig ekki innan ákveðinna tónlistarstefna. Það var á vegum þeirra útgáfu sem fyrsta plata Daníels, Processions, kom út í fyrra. „Þessi plata skipti öllu máli fyrir mig, það hefur margt komið út úr henni. Þó að þetta sé klassísk plata fékk hún mikla umfjöllun hjá miðlum sem fjalla að jafnaði ekki um klassíska tónlist."

> Ég reyni að skipuleggja mig þannig að ég eigi mér eitthvert líf, fyrir utan tónlistina.

### Ég hef verið heppinn

Um þessar mundir er Daníel að klára þrjár stórar pantanir á tónverkum, sem allar fara út í heim. Eitt þeirra er fyrir stóra ungmennahljómsveit í Bandaríkjunum, American Youth Symphony, og Los Angeles Children's Chorus, sem er hundrað barna kór. Verkið verður flutt í Walt Disney Hall í Los Angeles í mars. „Það er að vissu leyti nýr kafli að hefjast hjá mér núna, því ég mun ekki að frumflytja þessi verk sjálfur, sem ég er með í smíðum núna. Ég hef alltaf frumflutt verkin mín sjálfur, svo það verður sérstakt að sitja úti í sal og fylgjast með. En það er James Conlon, aðalstjórnandi óperunnar í Los Angeles, sem stjórnar tónleikunum í mars og hann er rosalega góður. Svo ég hef ekki nokkrar áhyggjur af því."

Því fer fjarri að þar með sé dagskrá ársins 2012 upp talin. Daníel mun ferðast áfram með Sólaris og hefur hópurinn meðal annars fengið boð um að koma fram á tónleikum í Búdapest og Sao Paolo og flytja verkið. Á árinu mun hann líka fara til Winnipeg, þar sem tvö verk eftir hann verða flutt. Eitt af stóru verkefnunum sem er fram undan er svo stjórnun á La Bohème, sem Íslenska óperan frumsýnir í mars í Hörpunni. Þá er hann bæði að semja tónlist fyrir kvikmyndina Djúpið, ásamt Ben Frost, og að vinna með hljómsveitinni SigurRós í nýrri plötu sem margir bíða spenntir eftir.

Þrátt fyrir að eiga annríkt reynir Daníel að skipuleggja framtíðina ekki í þaula sjálfur. Það gerist einhvern veginn af sjálfu sér hvort sem er. „Ég reyni að skipuleggja mig þannig að ég eigi mér eitthvert líf, fyrir utan tónlistina. En svo koma verkefni upp, sem er gríðarlega erfitt að segja nei við, og ég enda með að bæta þeim ofan á allt hitt. Með þessu móti er maður ekki lengi að fylla dagskrána fyrir árið. En ég get ekki kvartað því ég hef verið mjög heppinn með verkefni og samstarfsfólk þó að vinnudagurinn sé stundum langur. Og auðvitað er það mikið lán að fá að starfa við það sem maður gerir best og elskar að gera. En því fylgir líka sú ábyrgð að maður verður að vanda sig og gera eins vel og maður getur."



# FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

**Hamborgarhryggur og hangikjöt í 1. sæti!**

Síðastliðin ár hafa hamborgarhryggir og hangikjöt frá Norðlenska skarað fram úr í bragðkönnunum DV. Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

**BRAGÐKÖNNUN MATGÆÐINGA DV**

**2011 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti**
**2011 – Sambandshangikjöt í 1. sæti**
**2011** – Húsavíkur- og KEA-hangikjöt í 3.-5. sæti
**2010** – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
**2009** – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
**2008** – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
**2008** – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
**2007** – KEA-hangikjöt í 1. sæti
**2006** – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
**2004** – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
**2002** – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
**2002** – KEA-hangikjöt í 1. sæti

NORÐLENSKA

KEA GOÐI Fjalla HANGIKJÖT Sambands Hangikjöt

**ÓFYRIRSJÁANLEG VERKEFNI** Fyrir nokkrum árum hefði engum Norðmanni dottið í hug að norski flugherinn yrði upptekinn við verkefni í Norður-Afríku. Hér er samt norsk orrustuþota á flugi yfir Suda-flóa í Líbíu fyrir nokkrum mánuðum.



# Snjallara NATO á þrengingatímum

Snjallvarnir eru nýja tízkuorðið í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins. *Ólafur Þ. Stephensen* fjallar um hvernig hugtakið felur í sér róttækar breytingar á fyrirkomulagi útgjalda til varnarmála, sem sumar hverjar snerta þjóðarstolt aðildarríkjanna.

MYND/NATO

Atlantshafsbandalagið (NATO) stendur sífellt frammi fyrir nýjum áskorunum. Hið gamla hlutverk bandalagsins, að vera viðbúið árás úr austri, er löngu horfið en þrátt fyrir endurteknar umræður um tilvistarkreppu NATO verður ekki annað séð en að bandalagið sé önnum kafið við þörf verkefni.

NATO-herir eru nú við friðargæzlu í Afganistan og Kosovo, berjast við sjóræningja úti fyrir ströndum Sómalíu og hafa nýlokið vel heppnaði aðgerð í Líbíu. Allt eru þetta svæði þar sem engum datt í hug fyrir tveimur áratugum að NATO ætti eftir að láta til sín taka. Bandalagið fæst við ýmis verkefni, sem engum datt þá heldur í hug að það ætti eftir að hafa með höndum; hamlar gegn hryðjuverkum, skipuleggur varnir gegn tölvuhernaði og er meira að segja farið að beina sjónum að þeim öryggisógnum sem fylgja hlýnun loftslags á Jörðinni.

Einn af hershöfðingjum NATO orðaði það svo nýlega að það þýddi ekki lengur að reyna að sjá fyrir allar ógnir sem steðjuðu að ríkjum NATO. Það væri nær að viðurkenna að ógnirnar væru óútreiknanlegar og sjá svo til þess að bandalagið væri í stakk búið, bæði pólitískt og hernaðarlega, að bregðast við hinu ófyrirsjáanlega.

### Úreltur herafli Evrópuríkja

Herafli NATO, sérstaklega evrópska aðildarríkjanna, er hins vegar að mörgu leyti úreltur og ekki í færum til að bregðast við nýjum ógnum. Evrópuríkin hafa þannig á aðra milljón manna undir vopnum en geta aðeins sent fáein þúsund til fjarlægra heimshluta. Heraflinn er ennþá um of bundinn í herstöðvum og miðaður við að verjast hefðbundinni innrás. Getu vantar til að flytja lið hratt um langan veg (langdrægar flutningaflugvélar og skip, eldsneytisvélar sem geta gefið eldsneyti á flugi), berjast við óhefðbundna óvini (sérsveitir) og hafa yfirsýn yfir vígvöllinn og aðgerðir óvinarins (njósnaflugvélar, gervihnettir, fjarskipta- og njósnakerfi).

Allt þetta eiga Bandaríkjamenn og hafa varið gífurlegum fjárhæðum til umbreytingar heraflans á undanförnum árum. Evrópuríkin hafa hins vegar dregizt aftur úr. Bandaríkjamenn eru orðnir hundleiðir á að vera ómissandi í nánast öllum aðgerðum NATO, líka þeim sem fara fram í bakgarði Evrópu. Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, ýtti harkalega við evrópsku NATO-ríkjunum í ræðu í fyrra, þar sem hann sagði að skortur á vilja Evrópuríkjanna til að fjárfesta í nauðsynlegri hernaðargetu kynni að leiða til endaloka NATO. Það er raunar ekki sérskoðun Bandaríkjamanna að Evrópuríkin verði að standa sig betur; að hluta til endurómaði ræða Gates málflutning að minnsta kosti þriggja síðustu framkvæmdastjóra NATO, sem allir eru Evrópumenn.

Á sama tíma eru miklar þrengingar í efnahagslífi Vesturlanda og flest NATO-ríki hafa ekkert svigrúm til að auka útgjöld til varnarmála; það er frekar að þrýstingur sé á niðurskurð þar til að hlífa velferðarkerfi ríkjanna.

Á þessu hafa menn áttað sig í höfuðstöðvum NATO. Þar er nýjasta tízkuorðið snjallvarnir (e. smart defence). Það vísar ekki aðeins til þeirrar háþróuðu tækni sem nútímaherir þurfa að tileinka sér, heldur ekki síður til þess að gerbreyta þurfi allri hugsun og skipulagi á útgjöldum til varnarmála. „Við getum ekki eytt meiru, en við getum gert það betur með því að gera það í sameiningu," segir Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO.

### Forgangsröðun, sérhæfing og samstarf

Framkvæmdastjórinn hamrar nú sífellt á því sem hann segir þrjá grunnþætti í snjallvörnum; forgangsröðun, sérhæfingu og fjölþjóðlegum lausnum.

Fyrsti þátturinn þýðir í raun að aðildarríkin verði að horfast í augu við að þau geti ekki öll haldið úti öllum þáttum nútímahernaðar. Dæmi um þetta eru raunar til nú þegar. Þegar Eystrasaltsríkin þrjú gengu í NATO áttu þau engan flugher. Það varð að samkomulagi milli þeirra og bandalagsins að þau myndu ekki eyða peningum í að kaupa sér orrustuþotur, heldur fremur í að byggja upp hreyfanlegar hersveitir. Þetta hefur gert Eystrasaltsríkjunum kleift að senda til dæmis herlið til Afganistans, en önnur aðildarríki NATO skiptast á um að sinna eftirliti með lofthelgi þeirra. Mörg Austur-Evrópuríkin eiga úreltan flota af gömlum, rússneskum MIG-orrustuflugvélum og nú er bent á að það væri fullkomlega galið að þau réðust öll í rándýra endurnýjun á flugflotanum; það sé nóg að sumir geri það en aðrir verji peningunum í eitthvað annað, sem NATO vantar.

Sérhæfingin getur falizt í því að eitt ríki byggi upp getu á afmörkuðu sviði, sem nýtist fleiri ríkjum eða bandalaginu öllu. Þannig hafa Eistar tekið forystuna í vörnum gegn tölvuhernaði, enda eru þeir reynslunni ríkari eftir harðar tölvuárásir frá Rússlandi, og miðla öðrum ríkjum af þekkingu sinni. Tékkar hafa komið sér upp sérsveit til að bregðast við efna- og sýklavopnahernaði, sem er í raun langt umfram þeirra eigin þarfir en getur gagnazt bandalaginu öllu.

Fjölþjóðleg verkefni taka ekki sízt mið af því að margs konar nútímatæknibúnaður er orðinn svo gífurlega dýr (vopnakerfi hækka í verði langt umfram verðbólgu og vöxt landsframleiðslu NATO-ríkjanna) að einstök ríki ráða ekki við að kaupa hann ein og sér. Hér höfum við enn gott dæmi um það sem koma skal; tíu NATO-ríki ásamt Svíþjóð og Finnlandi (sem eru ekki í NATO en í mjög nánu hernaðarlegu samstarfi) slógu saman í þrjár Hercules C-17 langdrægar herflutningavélar og áhafnirnar eru fjölþjóðlegar.

> Mörgum finnst það spurning um fullveldi og þjóðarstolt að ríki geti sjálf séð um alla þætti landvarna sinna og þurfi ekki að fela þær öðrum, jafnvel þótt þar sé bandalagsríki í NATO á ferð

### Pólitískt viðkvæmt

Út frá þörfum NATO sem varnarbandalags eru þessar nýju áherzlur fullkomlega rökréttar. En í höfuðborgum aðildarríkjanna er sjónarhóllinn annar og málið gríðarlega viðkvæmt, að minnsta kosti af þremur ástæðum.

Í fyrsta lagi finnst mörgum það spurning um fullveldi og þjóðarstolt að ríki geti sjálf séð um alla þætti landvarna sinna og þurfi ekki að fela þær öðrum, jafnvel þótt þar sé bandalagsríki í NATO á ferð. Hugmyndin er Íslendingum ekki framandleg; hér hafa önnur NATO-ríki séð um landvarnirnar í meira en hálfa öld – og sumir af þeim sem hafa haft mestar áhyggjur af fullveldinu í umræðum um ESB voru engu að síður hörðustu stuðningsmenn þess fyrirkomulags. Í ýmsum öðrum NATO-ríkjum eru þessar hugmyndir hins vegar afar umdeildar. Umræður hafa orðið um þennan þátt málsins í Danmörku, sem gerð eru skil annars staðar hér á síðunni.

Í öðru lagi munu ríki ekki lengur geta ákveðið einhliða hvaða hernaðargetu þau byggja upp eða hvaða búnað þau kaupa. NATO sjálft mun hafa þar miklu meira að segja og þar með missa stjórnmálamenn spón úr aski sínum; oft hafa menn lagt áherzlu á að „kaupa innlent" frekar en endilega beztu eða hagkvæmustu græjurnar.

Í þriðja lagi þýða nýju áherzlurnar áreiðanlega róttæka uppstokkun í varnarmálaiðnaði í Evrópu. Sú atvinnugrein telst iðulega til innlendra krúnudjásna, er ríkisstyrkt og ofvernduð af stjórnvöldum og undanþegin venjulegum samkeppnisreglum. Anders Fogh Rasmussen sagði nýlega að þar vantaði sárlega meiri samkeppni, sem ætti að geta stuðlað að lægra verði, og jafnframt ætti að stefna að samruna fyrirtækja.

Bent hefur verið á að ekkert vit sé í að í Evrópu séu fimm orrustuflugvélaverksmiðjur og þrjátíu fyrirtæki sem smíði brynvarða vagna. Samruni gæti skilað gífurlegri hagræðingu. Þar að auki sé samræming á stöðlum nauðsynleg; í fjölþjóðlegum aðgerðum geti menn lent í afkáralegum kringumstæðum eins og að þegar brynvarinn sjúkrabíll frá einu ríki ætlar að sækja særðan hermann frá öðru passa sjúkrabörurnar ekki í bílinn.

NATO hefur hins vegar enga lögsögu um breytingar á samkeppnisumhverfi varnarmálaiðnaðarins. Þar leggur bandalagið traust sitt á framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem hefur undanfarið unnið að því að brjóta upp staðnaðan markað, meðal annars til að styrkja stöðu geirans gagnvart bandarískum varnarmálaiðnaði.

Á leiðtogafundi NATO í Chicago í maí á næsta ári er ætlunin að samþykkja „pakka" sem kveður á um hvernig bandalagið ætlar að byggja upp margvíslega nýja hernaðargetu með snjallvarnanálguninni. Embættismenn bandalagsins fara nú á milli höfuðborga aðildarríkjanna og reyna að leiða stjórnmálamönnum á hverjum stað fyrir sjónir að á þessum erfiðu tímum eigi þeir ekki annan kost en að vera snjallir, jafnvel þótt það kosti að leggja þurfi þjóðarstoltið til hliðar.

## SAMEIGINLEGAR LOFTVARNIR: Snjallvarnir eða fullveldisskerðing?

Nýr varnarmálaráðherra Danmerkur, jafnaðarmaðurinn Nick Hækkerup, varpaði fram þeirri hugmynd fyrir skömmu að Danmörk og nágrannalönd hennar starfræktu sameiginlegar loftvarnir og skiptust á að gæta lofthelgi hvert annars. Þegar til dæmis rússnesk herflugvél nálgaðist danskt loftrými væri ekki endilega nauðsynlegt að það væru danskar orrustuþotur sem færu á loft til móts við hana; þær gætu alveg eins verið norskar eða þýzkar.

„Ég er alls ekki að tala um að leggja niður flugherinn. En rétt eins og við aðstoðum nú Eystrasaltslöndin og Ísland við að gæta lofthelgi sinnar getum við skipt verkum með nágrannalöndunum í framtíðinni," sagði varnarmálaráðherrann í samtali við Politiken.

Ummælin eru eins og töluð út úr hjarta Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra NATO, sem hefur einmitt tekið sameiginlegt lofthelgiseftirlit sem dæmi um snjallvarnir.

Þá bregður hins vegar svo við að Troels Lund Poulsen, talsmaður Venstre í varnarmálum – og flokksbróðir framkvæmdastjórans – lýsir harðri andstöðu við hugmynd Hækkerups og kallar hana útvistun á fullveldinu. „Fullveldi Danmerkur er eitt af því allra viðkvæmasta sem við getum beðið önnur ríki að hjálpa okkur með. Gæzla fullveldisins hefur lykilþýðingu fyrir þjóðríkið. Ég er á móti þessu; þetta gengur allt of langt," sagði hann í viðtali við danska ríkisútvarpið.

Hugmyndir Hækkerups eru í anda tillagna, sem Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, lagði fram í skýrslu fyrir tæpum þremur árum en hann stakk þar upp á að Norðurlandaríkin ykju mjög samstarf um loftrýmis- og landhelgisgæzlu og tæki meðal annars að sér í sameiningu að gæta loftrýmis Íslands, jafnvel þótt tvö ríkjanna væru ekki í NATO.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra talar á sömu nótum og segist í samtali við Fréttablaðið þeirrar skoðunar að verði reglubundin gæzla íslenzka loftrýmisins gerð að einu af varanlegum, sameiginlegum verkefnum NATO „yrði það af hálfu Norðurlandanna, í samræmi við tillöguna góðu í Stoltenberg-skýrslunni".



**SKOÐANABRÆÐUR** Nick Hækkerup á fundi með Anders Fogh Rasmussen fyrir skömmu. MYND/DANSKA VARNARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Aðventulistahátíð í Gallerí Fold

## KOMDU OG NJÓTTU




Sölusýning
## Þorvaldur Skúlason



Sölusýning
## Halldór Pétursson

**Hefðbundin jólasýning á nýjum verkum og verkum gömlu meistaranna**

**Við kynnum glæný og einstök gjafabréf sem jafnframt eru listaverk**



Sigurjón Jóhannsson



Daði Guðbjörnsson












**Við kynnum vaxtalausa kaupleigu á nýjum listaverkum**












**Daði Guðbjörnsson**
áritar nýja listaverkabók sína
kl. 14 – 15 á laugardag

**Gunnella**
áritar bækur sínar
kl. 14 – 15 á sunnudag

**Kakó og meðlæti og börnin fá nammi**

**Opið laugardag 11 – 18**
**Opið sunnudag 12 – 18**



## Bráðlifandi músik

**Kl. 15 báða dagana**
Guðbjörn Guðbjörnsson
óperusöngvari syngur jólalög
við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur

**kl. 14–16 báða dagana**
Strengjahljómsveit stúlkna
úr Garðabæ leikur létt jólalög

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold



**HVÍLD Í KULDANUM** Rautt jólahross hvílir lúin beinin í Laxnesi í Mosfellsdal. Flögrandi snjótittlingarnir, sem eru kvenkenndir og kallaðir sólskríkjur með rísandi sól, komast í jörðina eftir krafs hrossins.

# Frost á Fróni

Á meðan mannfólkið þeysir í hópum um borg og bý, innblásið af flestu því sem hátíð ljóss og friðar tengist, gleymist stundum að huga að dýrunum sem mörg hver eru einatt utandyra í mestu frosthörkunum. Það gerir þó ekki *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari, sem fylgist vel með **stórum og smáum vinum okkar**.



**ÆTI** Þessi auðnutittlingur komst í feitt í garði Gunnars V. Andréssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins.



**Í MIÐJUM KLÍÐUM** Hreindýr voru fyrst flutt hingað til lands á síðari hluta átjándu aldar, en þau búa yfir afar skjólgóðum feldi.



**REFSKÁK** Refir settust að hér á landi í lok ísaldar, fyrir um tíu þúsund árum, en hingað komust þeir með hafísnum. Girðingin í Húsdýragarðinum heldur þessari tófu frá hænsnakofanum, eins og vera ber.

# Núna og aldrei aftur!

## Kauptu næstum nýjan bíl á dúndurverði í dag

Nýttu tækifærið!
Dúndurafsláttur í boði kaupir þú fyrir 16. des.
Thrifty bílaleiga þarf að rýma fyrir veturinn.

**Kauptu fyrir 16. des. og þú færð dúndurafslátt**

**Tveir sýningarsalir Brimborgar, Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík.**
**Opið í dag laugardag 12-16.**




Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu.
Talaðu við ráðgjafa Brimborgar fyrir viðkomandi bílmerki.

**Kynntu þér hagstæða bílafjármögnun Landsbankans hjá ráðgjöfum Brimborgar eða á www.landsbankinn.is**

*Skoðaðu fleiri Ford dæmi*



Dæmi: 560.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.

**Ford Kuga Trend AWD árg. 2011**
2,0 dísil, sjálfskiptur, 5 dyra. Upphitanleg framrúða, hraðastillir, málmlitur o.fl.
EBD03. Skrd. 5/2011. Ek. 27.000 km.
Verð áður 5.550.000 kr.
**Dúndurafsláttur 560.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 4.990.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla: 57.831 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.45%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

*Skoðaðu fleiri Citroën dæmi*



Dæmi: 150.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.

**Citroën C3 SX árg. 2010**
1,6 dísil, beinskiptur, 5 dyra.
EXT96. Skrd. 7/2010. Ek. 39.000 km.
Verð áður: 2.140.000 kr.
**Dúndurafsláttur: 150.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 1.990.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla: 23.232 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.84%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

*Skoðaðu fleiri Mazda dæmi*



Dæmi: 190.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.

**Mazda 3 Advance árg. 2010**
1,6i bensín, beinskiptur, 5 dyra.
MKN87. Skrd. 7/2010. Ek. 44.000 km.
Verð áður: 2.440.000 kr.
**Dúndurafsláttur: 190.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 2.250.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla: 26.231 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.77%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

*Skoðaðu fleiri Volvo dæmi*



Dæmi: 420.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.

**Volvo S40 Kinetic árg. 2010**
2,4i bensín, sjálfskiptur, 4 dyra.
Hraðastillir, málmlitur o.fl.
KRZ33. Skrd. 6/2010. Ek. 33.000 km.
Verð áður: 4.160.000 kr.
**Dúndurafsláttur: 420.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 3.740.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla 43.415 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.52%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

*Skoðaðu fleiri dæmi á*
***notadir.brimborg.is***

*Tveir sýningarsalir Brimborgar, Bíldshöfða 6 og 8.*
***Muna að kaupa fyrir 16. des. og þú færð afsláttinn!***

**2 sýningarsalir Brimborgar**
**Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík**
Sími 515 7000 I notadir.brimborg.is

**Thrifty** *Bílaleiga*

*Mánaðargreiðsla er miðuð við 70% fjármögnun. Óverðtryggður bílasamningur til 7 ára, á föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Tilboð gildir til 16. des. 2011. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni.

# Samfélagið er bara í ruglinu

Árið 2007 varð Borgarholtsskóli fyrsti framhaldsskólinn til að bjóða áfanga í jafnréttisfræðslu. Hann hefur notið vinsælda og það kemur fyrir að vísa þurfi nemendum frá vegna mikillar aðsóknar. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** spjallaði við **Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur** kennara og **fjóra nemendur hennar**. Allir segjast þeir sjá heiminn í nýju ljósi eftir að hafa setið áfangann.



**BREYTT HEIMSMYND** Nemendur við Borgarholtsskóla, sem hafa setið áfanga í jafnréttisfræðslu, segja að samfélagið skapi stráka sem haldi að stelpur gegni helst því hlutverki að vera fylgihlutir þeirra. Á myndinni situr Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kennari á milli þeirra Ísaks Hrafns Stefánssonar og Birtu Baldursdóttur. Þá kemur Ingibjörg Ragna Frostadóttir og loks Grétar Birgisson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvað kemur fyrst upp í huga ykkar þegar þið hugsið um hvað þið lærðuð í þessum áfanga?

Ísak: „Það hvernig konur eru sýndar í bíómyndum og hvað þær leika raunverulega lítið hlutverk í þeim. Yfirleitt fjalla myndir um einhverja tvo karla, svo er kannski ein kona í aukahlutverki, sem segir og gerir lítið. Í How I Met Your Mother þykir það mjög fyndið þegar einhver maður kemur fram við konuna sína eins og skít. Það er alltaf verið að djóka með vændi, kynferðislega misnotkun og ofbeldi gagnvart konum, bæði í bíómyndum og af fólki í samfélaginu. Eins og þetta sé eitthvað sniðugt, þegar þetta er í rauninni bara hræðilegt.“

Birta: „Það sem stendur upp úr hjá mér er að nú veit ég svo miklu meira og get tjáð mig um jafnréttismál. Þegar maður hefur skoðanir á hlutunum er auðveldara að gagnrýna þá. Ég fór að taka eftir því hvernig ég lít á sjálfa mig og aðrar stelpur. Við stelpur þurfum að vera sterkari og ánægðari með okkur. Við förum í mjög heitar samræður um klám og klámvæðinguna í tímunum. Núna, þegar ég sé konu í klámi, hugsa ég „greyið konan, í hverju lenti hún sem lítil stelpa sem gerir það að verkum að hún vill taka þátt í þessu“, en ekki „vá hvað hún er flott“.

Ingibjörg: „Ég upplifi mig miklu sterkari en áður. Maður uppgötvaði að maður á sinn stað í samfélaginu og er alveg jafn mikils virði og allir aðrir. Maður þarf ekki að vera í öðru sæti allt sitt líf.“

Grétar: „Mér fannst merkilegast að skoða tölfræðina. Við skoðuðum tölur frá Hagstofunni, þar sem við sáum svart á hvítu hversu mikill munur er í raun og veru á launum kynjanna. Og eins og Ísak fannst mér þetta með bíómyndirnar merkilegt. Við gerðum svona Bechdel-próf á bíómyndum, en það er próf sem þú getur sjálfur gert á bíómynd. Við sáum að ef það eru tvær konur í bíómynd að tala saman þá eru þær nær alltaf að tala um karlmenn.“

### Endalausar tilvísanir í klám

Grétar: „Konur eru líka hlutgerðar í auglýsingum. Tilfinningarnar eru teknar úr þeim. Kvenlíkaminn er kannski látinn líta út eins og flaska, því þær eru bara hlutur. Konur halda líka oft fyrir munninn á sér, sem er merki um að verið sé að þagga niður í þeim. Eins og þær eigi ekki að tjá sig. Og síðan er það klámið. Í því er ótrúlega oft skírskotun í börn, þar sem konurnar eru til dæmis ekki með nein hár að neðan eins og litlar stelpur.“

Birta: „Það er tilvísun í klám í nánast hverri einustu auglýsingu með konu í, alveg óháð því hvað hún er að auglýsa.“

Ingibjörg: „Og þær eru líka gerðar að börnum þar. Í einni auglýsingu sem við skoðuðum var kona klædd í hálfgerð barnaföt og með tíkó í hárinu. Í spegli fyrir aftan hana sást að það var fullorðinn karlmaður að taka myndina af henni. Þetta er bein vísun í barnaklám. Þetta þykir bara eðlileg auglýsing fyrir stóra tískukeðju. Fólk hugsar bara „já, flott auglýsing, ég ætla að kaupa mér svona buxur“.

Ísak: „Ég fór einmitt að taka eftir þessu eftir að ég fór í þennan áfanga. Eins og í einni Subway-auglýsingu, þá er bátur eins og typpi á myndinni á leiðinni upp í opinn munn á konu. Auglýsingarnar fyrir Hlunka eru svipaðar, nærmynd af konumunni og tungan úti.“

Grétar: „Þetta er svo stórt málefni. Maður er búinn að lifa í þessu samfélagi svo lengi án þess að taka eftir þessu. En eftir að maður opnaði augun þá fór maður að sjá að samfélagið er í bara í ruglinu. Manni fannst þetta allt svo eðlilegt áður en maður fór í þennan áfanga.“

### Sumir strákar fíla að nauðga

*Haldið þið að þetta hafi mikil áhrif á hvernig strákar líta á stelpur? Hvaða hugmyndir haldið þið að þetta skapi í hugum stráka um stelpur?*

Grétar: „Að þær séu bara fylgihlutir okkar.“

Ísak: „Og þú ræður yfir fylgihlutnum þínum.“

Ingibjörg: „Þetta skapar óvirðingu. En meiri virðing fyrir konum lækkar glæpatíðni gagnvart þeim. Það er meira ofbeldi gegn konum heldur en körlum því það er borin minni virðing fyrir þeim.“

Grétar: „Strákar þurfa að vita hvað þeir eru í raun og veru að gera stelpunum þegar þeir hegða sér á vissan hátt. Ég hélt til dæmis áður að stelpu sem er nauðgað liði kannski illa í 2-3 mánuði eftir það, svo yrði allt í lagi. Ég vissi ekki að líf hennar gæti farið í rúst. Ef fleiri strákar færu í svona áfanga myndi hugur þeirra kannski opnast og nauðgunum fækka.“

Ísak: „Það eru líka margar stelpur sem hafa skrýtnar hugmyndir um þetta. Þegar Gillzenegger-málið var sem mest í umræðunni hérna um daginn sagði ein stelpa: „Sumir gaurar fíla bara að nauðga!“ Eins og það væri einhver réttlæting.“

### Eru svertingjabrandarar þá í lagi?

*Sumir sjá ekkert athugavert við það að skella fram einum karlrembubrandara við gott tækifæri, en líta samt á sig sem jafnréttissinna. Hvað finnst ykkur um það?*

Ísak: „Er þá líka í lagi að hlæja að svertingjabröndurum?“

Ingibjörg: „Það stuðlar að fordómum að segja kvenfyrirlitningarbrandara. Þetta mál verður aldrei tekið alvarlega ef fólk heldur áfram að segja svona brandara eins og ekkert sé.“

Birta: „Það er svolítið merkilegt að það að vera „kerling“ felur í sér niðurlægingu fyrir karlmenn. Svona menning á meðal stráka gerir stöðu okkar stelpnanna verri og lætur strákana líka líta illa út. En svo má ekki gleyma að strákar eiga líka erfitt í þessu samfélagi. Margir strákar halda að þessi áfangi sé bara fyrir stelpur og það sé bara einblínt á konur. En það er ekki þannig.“

### Jafnréttissinni = femínisti

*Mynduð þið skilgreina ykkur í dag sem femínista?*

Birta: „Ég hef ekkert á móti því að vera kölluð femínisti. Ég er það!

Ingibjörg: „Ég á náinn vinkonuhóp og þær skilja eiginlega ekki hvað orðið femínisti þýðir. Svo þegar ég útskýri fyrir þeim hvað það þýðir þá eru þær alveg „jááá“.

Með samfélagsmótuninni virðist orðið „femínisti“ vera orðið neikvætt.“

Birta: „Nákvæmlega, þú getur verið jafnréttissinni, en alls ekki femínisti. Samt er alveg samasemmerki þarna á milli.“

Ísak: „Ég myndi ekki hafa neitt á móti því að kalla mig femínista, en ég er samt ekki viss um að ég leggi mikið af mörkum með því. Mér finnst líka að það þurfi að vera eitthvað á bak við orðið. Erpur, til dæmis, kallar sig femínista, en semur lög eins og „Við elskum þessar mellur“ og „Viltu dick“. Það er ekkert á bak við þetta hjá honum.“

Grétar: „Skilgreiningin á femínista er einhver sem veit að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og er reiðubúinn að leggja eitthvað af mörkum til þess að laga það. Það er að vera femínisti.“

Birta: „Það er eins og það fylgi þessu orði einhver skömm. Stelpur vilja kannski kalla sig femínista en gera það ekki, af því þú ert ekki í vinningsliðinu ef þú kallar þig það. Þá ertu bara farin í einhvern allt annan hóp.“

Ingibjörg: „En maður finnur alveg fyrir breytingu hérna í Borgó. Það eru 30 nemendur á önn sem klára þennan áfanga. Hjá þeim breytist viðhorfið og það smitar út frá sér.“

## SKAÐI FYRIR ALLA, KONUR OG KALLA

## Þegar fiskurinn er tekinn upp úr vatninu gerir hann sér fyrst grein fyrir tilveru sinni

**Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, frumkvöðull á sviði jafnréttiskennslu**

Markmiðin með jafnréttisfræðslunni er fyrst og fremst viðhorfanám og vitundarvakning. Ég er búin að kenna þennan áfanga svo oft og svo mörgum ólíkum nemendahópum að ég veit að hann virkar,“ segir Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kennari við Borgarholtsskóla. Hún kennir KYN 103 sem komst í umræðuna í síðustu viku, þegar einlæg grein birtist eftir nemanda hennar í Fréttablaðinu. Þar sagðist hann meðal annars hafa verið karlremba, áður en hann sat áfangann, en sé nú breyttur maður.

Borgarholtsskóli var fyrsti framhaldsskólinn til að bjóða upp á áfanga í kynjafræði, sem er merkilegt í ljósi þess að í jafnréttislögum frá árinu 1975 er kveðið á um að jafnréttisfræðsla skuli fara fram á öllum skólastigum. Í dag bjóða nokkrir skólar kynjafræði sem valáfanga.

Hanna kenndi áfangann fyrst árið 2007 og hefur stundum þurft að vísa nemendum frá vegna ásóknar. Sjálf er hún með bakgrunn í félagsfræði og sögu, og meistaragráðu í kennslufræði. „Ég kenni þetta ekki fræðilega, heldur út frá praktík og lífshamingju nemenda minna. Ég reyni að höfða til tilfinninga þeirra. Það má líkja minni kennslufræði við það að taka fiskinn upp úr vatninu, því aðeins með því gerir hann sér grein fyrir tilveru sinni.“

Eitt af því sem Hanna tekur fyrir í kennslunni er þöggun kvenna. „Við erum aldar upp í því að þurfa að vera svo sætar, grannar og sérstakar. Okkur er kennt að ef við erum þetta ekki, þá höfum við ekki rödd. Þegar við eldumst þurfum við sterk bein til að standa upp og segja skoðun okkar vegna þess að við höfum ekki lengur útlitið – ef við höfum þá einhvern tímann haft það. Stelpur þurfa að vita að það er kerfisbundið verið að þagga niður í þeim.“

Í starfi sínu sem kennari hefur Hanna séð ýmislegt misjafnt. „Stundum er eins og ég reki útibú frá Stígamótum hérna. Á hverju einasta ári koma til mín stelpur sem hafa lent í alveg ótrúlegum hlutum. Þær hafa lent í nauðgunum, jafnvel hópnauðgunum og eiga sumar kærasta sem beita þær ofbeldi. Þær eru úrræðalausar – upplifa sig fastar og valdalausar.“

Hanna segir mikilvægt og oft gleymast í umræðunni að karlmenn njóta sín ekki heldur í núverandi ástandi. „Þetta snýst ekki um að strákar sitji í reykmettuðum herbergjum og ákveði þar að dissa konur. Þetta er valdaelíta karla sem er að verki. Hvað þarftu til að gera hugmynd ráðandi? Þú þarft vald. Og hver hefur valdið? Það eru þeir. Það er mikilvægt að átta sig á þessari tengingu, til að sjá samhengið. En karlmennskan, hún er ókeypis. Það eru fleiri sjálfsvígstilraunir meðal karla, þeir fara síður í meðferð og stunda frekar áhættuhegðun. Karlmennskan gerir líka ýmsar kröfur til stráka. Þeir eiga að vanvirða konur og hlæja að kvenfyrirlitningarbröndurum, annars eru þeir ekki með í hópnum.“

### Bechdel-prófið

Næst þegar þú, lesandi góður, ætlar að setjast niður og horfa á Hollywood-bíómynd skaltu prófa að spyrja þig eftirfarandi spurninga á meðan þú horfir:



1. Eru tvær eða fleiri kvenpersónur í kvikmyndinni, sem bera nafn?
2. Er atriði í myndinni þar sem þessar tvær kvenpersónur tala saman?
3. Tala þær um eitthvað annað en karlmenn?

Forvitnilegt er að sjá að stór hluti af vinsælustu Hollywood-bíómyndunum stenst ekki Bechdel-prófið. Það er að segja að í meirihluta þeirra eru engar kvenpersónur. Hægt er að kynna sér prófið í þaula á vefsíðunni http://bechdeltest.com/



# Hátíð í bæ

**Jólamarkaður á Ingólfstorgi, jólasveinar um alla miðborgina, söngur og blástur. Bassajól Jakobs Smára Magnússonar gleðja gesti og gangandi frá Gömlu höfninni að Hallgrímskirkju og Hlemmi frá kl. 13:30. Baldurstorg býður á listsýningar og tónlistaratriði frá kl. 15:30.**

**MUNIÐ!**

## RATLEIK LITLU JÓLBÚÐARINNAR

fyrir 10 ára og yngri.

## Finndu þrettán jólasveina í verslunargluggum

Skráningarblað verður afhent í Litlu Jólabúðinni á Laugavegi 8 „aðeins“ laugardaginn 10. desember.

**AÐSTOÐIÐ BÖRNIN VIÐ LEITINA OG SKRIFTIR.**
Skila þarf blaðinu í Litlu Jólabúðina eigi síðar en **20. desember** með nafni og síma.

**DREGIÐ VERÐUR ÚR RÉTTUM LAUSNUM OG VERÐA ÞRÍR VINNINGAR AFHENTIR Á AÐFANGADAGSMORGUN Í LITLU JÓLABÚÐINNI AÐ LAUGAVEGI 8.**

Sjá nánar á Facebook/Litla jólabúðin & midborgin.is

BORGUN

MIÐBORGIN OKKAR

# HREYSTI

## JÓLAGJAFATILBOÐ HREYSTI




GYMBOSS - KR. 3.995.-

Gymboss tímastjórnunartæki / skeiðklukka, frábært fyrir æfingar, hlaup, líkamsræktina og fl.

Valin ein af 10 bestu jólagjöfunum 2011 samkv. Weight Watchers



TRIGGERPOINT NUDDRÚLLA
KR. 8.995.-

Með DVD kr. 11.995.-



ROPE YOGA FERÐASETT - KR. 19.995.-

Ath. bekkur á mynd fylgir ekki.

ÚRVAL AF UNDER ARMOUR ÆFINGAFATNAÐI



Fáðu jólagjöfina
á betra verði!

**50 kg. lóðasett í plasttösku**
**kr. 29.995.-**
Verð áður kr. 39.995.-



**20 kg. lóðasett**
**kr. 11.995.-**
Verð áður kr. 14.995.-



**Vandað LifeFitness hlaupabretti**
**kr. 399.000.-**
Verð áður kr. 499.000.-

**3,6 kg. handlóðasett**
**kr. 1.995.-**
Verð áður kr. 3.990.-



**4,5 kg. handlóðasett**
**kr. 2.495.-**
Verð áður kr. 4.990.-






**Skemmtileg jólagjöf**

**Stórir boxpúðar**
**Verð frá**
**kr. 12.995.-**

Boxpúði + Hanskar
+ Sippuband kr. 14.995.-



LifeFitness

# STÆKKAR


JÓLAGJAFATILBOÐ HREYSTI



TRX PRO - KR. 27.995.-
Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun
Verð áður kr. 34.995.-



SLENDERTONE SYSTEM ABS+ KR. 29.995.-
20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum



POLAR FT4 PÚLSMÆLIR - KR. 12.995.-
Ómissandi fyrir íþróttafólkið



HREYSTI BÓMULLARFATNAÐUR

**Höfum opnað í verslun okkar**

**HREYSTI betri kaup**

*Með magninnkaupum getum við nú boðið verð á fæðubótarefnum og líkamsræktartækjum sem ekki hafa sést áður. Takmarkað magn af vörum í takmarkaðan tíma.*

*Hagstæðari innkaup + Hámarksafsláttur = **Betri kaup!***



YORK SIPPUBÖND
VERÐ FRÁ KR. 995.-



YORK ARMBEYGJUSTANDAR KR. 2.995.-
Verð áður kr. 4.990.-



York æfingabekkkur
kr. 26.995.-



IRON GYM
IronGym æfingatæki, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt

Tæki til heimaþjálfunar
kr. 6.995.-
Verð áður kr. 8.995.-

**Ofurtilboð á fæðubótarefnum**
Professional Gainer 3 kg - kr. 5.995.-
Professional Whey 2.25 kg - kr. 7.995.-
Professional Kreatin 450 gr - kr. 2.295.-
Professional Glutamin 300 gr - kr. 1.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is
Opið í dag 11-18 - Sunnud. 12-18

# Í vikueinangrun eftir strokutilraun

**Elín Ólöf Eiríksdóttir** dvaldi á skólaheimilinu Bjargi frá janúar 1966 þangað til í ágúst 1967. Hún fór þangað sjálfviljug, óafvitandi um fangelsið sem vistheimilið var. Hún kom niðurbrotin út og segir *Sigríði Björgu Tómasdóttur* að vistin hafi eyðilagt líf sitt.

Elín Ólöf Eiríksdóttir tilheyrir hópi kvenna, þá stúlkna, sem dvöldu á skólaheimilinu Bjargi sem starfrækt var á Seltjarnarnesi frá 1965 til 1967 af norska Hjálpræðishernum. Hún hefur aldrei sagt sína sögu af upplifuninni á skólaheimilinu Bjargi en þangað fór hún fjórtán ára. Elín upplifði mikið rótleysi eftir að foreldrar hennar skildu og heimilisaðstæður hennar voru erfiðar. Hún átti heima á Múlakampi sem kallaður var, braggahverfi sem stóð milli Suðurlandsbrautar og Ármúla og gekk í Laugarnesskóla. „Ég var níu ára þegar foreldrar mínir skildu og átti mjög erfitt með að sætta mig við það að vera föðurlaus. Móðir mín stóð eftir með okkur þrjú. Hún þurfti að vinna og gat ekki fylgst með öllum okkar ferðum. Ég hélt af stað í skólann á morgnana, en fór svo hvergi og þannig vildi það til að ég hætti bara í skóla, tólf ára gömul,“ segir Elín, sem hafði hvorki komist í kast við lögreglu né móðir hennar við barnaverndarnefnd þegar hún fór til vistar á Bjargi.



**ELÍN ÓLÖF EIRÍKSDÓTTIR** Er hætt að vera á flótta undan fortíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Vissi ekkert um Bjarg

„Ég fór inn á Bjarg fyrir misskilning. Ég var dottin út úr skóla en fór svo að hugsa með mér að ég yrði að klára skólann. Og þá heyrði ég fyrst af Bjargi. Upphaf vistunar minnar var að ég fór í viðtal við Auði Eir, þáverandi lögreglukonu og síðar prest, og Guðlaugu Sverrisdóttur varðstjóra. Þær segja mér að Bjarg sé góður skóli og ég ákvað að fara þangað. Afleiðingar þess urðu alveg hræðilegar fyrir líf mitt,“ segir Elín sem man afar vel þá stund þegar hún kom á Bjarg og komst að því að hún var ekki komin í skóla eins og hún hélt. „Ég fann að það var eitthvað skrítið á seyði þarna og þegar ég sagðist vera komin til þess að læra þá spurðu stúlkurnar mig hvort ég vissi ekki að ég væri komin í fangelsið Bjarg, Bjarg var nefnilega ekki skólaheimili fyrir unglinga, þetta var fangelsi. Maður átti engan rétt sem manneskja þarna. Öll herbergi voru læst og keðjur á öllum gluggum til þess að við kæmumst ekki út. Við vorum vaktar snemma á morgnana, það var náttúrulega skóli en við sáum um öll húsverk frá a til ö, gerðum allt nema elda matinn. Fyrsta árið fékk ég bara að fara út í klukkutíma á dag, og þá fór maður út að labba með konunum sem voru í fullum skrúða. Það var oft gerður aðsúgur að okkur, krakkarnir á Nesinu hrópuðu á eftir okkur og kölluðu okkur druslur þannig að maður reyndi að læðast með veggjum.“

Elín segir harkalega hafa verið tekið á því þegar reglur voru brotnar. „Þá var maður barinn og sleginn, sumar hverjar voru dregnar upp og niður stigana. Þetta var svoleiðis að maður var orðinn taugaveiklaður aumingi eftir þennan tíma. Það var stöðugt sagt við okkur að við ættum ekkert gott skilið. Við fengum heimsóknir, mamma kom og heimsótti mig, en þá voru alltaf tvær konur sem stóðu yfir okkur og pössuðu að við segðum ekki neitt.“

### Í vikueinangrun eftir strok

Elín reyndi tvisvar að strjúka af Bjargi. „Ég komst ekki langt í fyrsta stroki. En ég reyndi aftur, mig langaði ekki að vera þarna, ég var komin með óbeit á þeirri manneskju sem ég var orðin, þessari stúlku sem átti ekkert gott skilið og vildi ekki lifa,“ segir Elín, sem fékk illa meðferð þegar hún strauk í annað sinn.

„Þá náði ég til bróður míns í Kópavogi og var ákveðin í að láta ekki ná í mig aftur. Það var komin svo mikil uppreisn, hatur og illska í mig og ég var í mikilli taugaspennu. Ég sat heima hjá honum og var að reyna að jafna mig þegar hringir á dyrabjöllunni og Auður, Guðlaug og tveir stórir lögregluþjónar ryðjast inn og skipa mér að koma með sér. Ég grátbað þau um að fara ekki með mig á Bjarg, en það þýddi ekkert. Lögreglan reif mig upp úr stólnum og fór með mig beint út í bíl eins og versta glæpamann. Síðan var ég sett í einangrun á Upptökuheimili ríkisins í Kópavogi og þar fékk ég að dúsa í heila viku í loftlausu herbergi með einu járnrúmi og gardínum á milli glerja til þess að við sæjum ekki út. Ég fékk mat inn í herbergið en enginn talaði við mig. Ég var viss um að ég væri að verða brjáluð, fékk svo mikið brjálæðiskast að ég réðist á sjálfa mig, klóraði, barði og beit þar til að það blæddi úr mér. Höfuð mitt var eitt flakandi sár. Svo fann ég nál í einni klósettferðinni og þar var ég búin að ná mér í vopn svo nú skyldi ég klára þetta. Ég vildi ekki lifa lengur. Þetta var mín fyrsta tilraun til sjálfsmorðs,“ segir Elín sem rifjar upp að hún hafi ekki fengið læknisheimsókn en sálfræðingur hafi komið til hennar og fulltrúi barnaverndarnefndar sömuleiðis. Móður hennar var neitað um leyfi til heimsóknar, en hún fékk þau svör að forsjá Elínar væri ekki lengur á hennar höndum, heldur hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Elín fékk hins vegar þau skilaboð að hún gæti losnað úr einangrun og farið aftur á Bjarg, en það vildi hún ekki fyrr en eftir sjö daga vist í einangruninni. „Ég verð svo reið þegar ég byrja að tala um þetta að ég er að springa. Ég hef ekki öðlast sálarró í lífinu eftir þetta,“ segir Elín. „Ein kona sem vann á Bjargi var fengin til að hugsa um mig og bera græðandi krem á sárin, þau greru smátt og smátt, en sárin á sálinni seint.“

### Stóðum þétt saman

Spurð hvernig samskipti stúlknanna á Bjargi hafi verið segir Elín að þær hafi staðið þétt saman. „Það kom ekkert upp á milli okkar, enda vorum við margar þarna lengi á sama tíma.“ Hún segir margar hafa átt afar erfitt eftir Bjargsvistina. „Við vorum hræddar, enda var okkur hótað með einangrun og ofbeldi ef við hlýddum ekki fyrirmælum. Margar urðu svo fyrir kynferðislegri áreitni. Það er hins vegar alrangt að við höfum stundað vændi eins og kom fram í viðtali í DV í haust,“ segir Elín og er mikið niðri fyrir. Hún skrifaði grein sem birtist í Fréttablaðinu á fimmtudag þar sem hún mótmælir þessum fullyrðingum.

Vistinni á Bjargi lauk með síðasta strokinu en þá var Elín orðin sextán ára. „Eftir eitt ár fengum við að fara einar út. Og ég notaði tækifærið einu sinni og fór til mömmu í vinnuna til hennar. Ég fór til hennar og sagði: Ég fer ekki út á Bjarg aftur. Mamma var svo hrædd og sagði við mig: Þú veist hvernig þeir fara með þig. Hún var nefnilega búin að reyna allt til að ná mér út en fékk alltaf þau svör að hún hefði ekkert með mig að gera lengur. Ég róaði móður mína og sagði bara að ég hefði önnur áform. Læddist svo upp eftir, þar sem Breiðholt er í dag og lá þar um nóttina þar til mér var orðið skítkalt. Þá tók ég sénsinn og fór aftur til mömmu. Ég kom þangað aftur um morguninn, rifin og tætt, rennandi blaut og drullug,“ segir Elín sem óttaðist að húsið væri vaktað. Þegar hún sá ljóstýru bankaði hún upp á hjá móður sinni. „Mamma opnaði og var skelfingu lostin, því hún vissi ekki hvar ég hafði verið. Fljótlega kemur svo kona og segir að ég verði að koma út á Bjarg. Ég þvertók fyrir það en hún sagði að ég yrði að koma og ná í einkunnirnar mínar. Eins og ég hefði sýnt þær einhvers staðar. Ég varð að fara þangað aftur en ég var ógurlega hrædd. Enda var ég orðin algjör aumingi eftir þessa dvöl. Ég þoldi ekki neitt, ég vildi ekki lifa. Ég fékk einkunnirnar mínar en ég get sagt þér að ég lærði ekkert þarna,“ segir Elín, sem ekki dvaldi lengi á Bjargi eftir þetta þriðja strok.

### Úr einu fangelsinu í annað

„Þá var ákveðið að ég fengi ekki að fara út af Bjargi nema ég færi að vinna á Silungapolli þar sem fátækum börnum var komið fyrir. Þarna fór ég bara úr einu fangelsinu í annað því þar var ég látin vinna kauplaust frá morgni til kvölds. Þarna þekkti ég engan, var bara sextán ára. Um miðjan desember strauk ég og fór til systur minnar sem bjó í Ólafsvík. Þar byrjaði ég að vinna í fiski.“ Elín segir að hún hafi verið gífurlega reið og lent í ógurlega miklu rugli fljótlega. „Ég byrjaði að misnota áfengi og réði ekki við neitt. Ég eignaðist mitt fyrsta barn ung, nítján ára. En mér og barnsföður mínum samdi ekki þannig að ég var strax orðin ein með dóttur mína. Ellefu árum síðar eignaðist ég dreng. Að eignast börnin mín gaf lífinu mínu tilgang,“ segir Elín, sem dregur ekki fjöður yfir að hún hafi misnotað áfengi og fíkniefni sömuleiðis. „Ég gerði það fram eftir öllu, þangað til ég var að nálgast fimmtugt og margreyndi að stytta mér aldur. Ég hef nefnilega alltaf verið á flótta undan fortíðinni. Ég bjó erlendis um tíma því ég hélst ekki við hér. Sem betur fer tókst mér sómasamlega upp með börnin sem þurftu oft að ganga í gegnum mikla erfiðleika með mér; Móðir mín hjálpaði mér mikið með þau,“ segir Elín. Hún er nú laus úr viðjum áfengis og fíkniefna og sátt við að búa á Íslandi í dag en hún hefur búið hér frá árinu 2009.


STOCKHOLMS STAD

KULTURFÖRVALTNINGEN

**Villa Bergshyddan**

Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan í Stokkhólmi.

Við dvölina gefst tækifæri til að kynnast Stokkhólmi og mynda tengsl með mögulega samvinnu í huga.

Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni, án endurgjalds, í eina eða tvær vikur á tímabilinu 16. apríl til 30. september 2012.

Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld.

Umsóknareyðublöð fást á www.reykjavik.is/menningogferdamal og www.stockholm.se/nordisktsamarbete

Umsóknir sendist í síðasta lagi 1. febrúar 2012 til:

**Stockholms Kulturförvaltning,**
**Nordiskt kultursamarbete,**
**Hanan Haidari,**
**Box 16113**
**SE - 103 22 Stockholm**

Einnig er hægt að skila umsókn rafrænt í gegnum heimasíðuna www.stockholm.se/nordisktsamarbete

Nánari upplýsingar veitir Kristjana Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 590-1520, netf. nanna@reykjavik.is og Hanan Haidari hjá Stokkhólmsborg netf. hanan.haidari@stockholm.se


## MEIRIHLUTI LÝSTI ILLRI MEÐFERÐ EÐA OFBELDI

Hjálpræðisherinn starfrækti stúlknaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi frá 1965 til 1967. Dvöldu þar samtals tuttugu stúlkur um lengri eða skemmri tíma.

Vistheimilanefnd sagði í skýrslu um heimilið sem skilað var haustið 2009 að þær konur sem nefndin hefði rætt við hafi allar sagt að dvölin á Bjargi hefði verið þeim erfið og að þeim hefði almennt liðið illa þar. Auk aðskilnaðar við fjölskyldur nefndu þær erfið samskipti við starfsfólk, strangan aga, frelsisskerðingu og refsingar sem ástæður vanlíðunarinnar.

Flestar kvennanna sögðu að þær hefðu verið beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsfólks. Töluvert hefði borið á hótunum af hálfu starfsmanna og þær mátt sæta einangrunarvist á Upptökuheimilinu í Kópavogi eftir strok af Bjargi. Samskipti þeirra við fjölskyldur hefðu verið takmörkuð; heimsóknir undir eftirliti, bréf ritskoðuð og setið yfir símtölum.



**BJARG** Skólaheimilið Bjarg var starfrækt í um tveggja ára skeið á sjöunda áratugnum. Á myndinni til vinstri má sjá Elínu á Bjargsárunum.

MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR OG ÚR EINKASAFNI.

Fjórar af þeim sjö konum sem komu til viðtals við nefndina greindu frá því að þær hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu tiltekinna starfskvenna. Þær starfskonur sem nefndin ræddi við þvertóku fyrir lýsingar kvennanna. Ásökunum um ofbeldi var vísað á bug.

Þrátt fyrir að vistheimilanefnd telji meiri líkur en minni á að sumar stúlknanna hafi mátt þola illa meðferð af hálfu einhverra starfskvenna Bjargs dregur hún ekki þá almennu ályktun að starfskonur hafi kerfisbundið og reglulega beitt vististúlkur illri meðferð eða ofbeldi.


Allt fínt fyrir jólin
SMÁRAFTÆKI* TAX FREE
TAX FREE JÓLAGJAFIR
Laugardag og sunnudag
LEIKFÖNG* TAX FREE
FATNAÐUR* TAX FREE
VERKFÆRI* TAX FREE
Jólahlaðborð Húsasmiðjunnar Skútuvogi
opið alla daga kl. 18 - 20
Aðeins 1.290 kr
Gildir fimmtudag til sunnudags
*Tax free gildir ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
blómaval
HÚSASMIÐJAN



**SPÍTALI RISINN** Fyrir tíu árum var bara einn kofi þarna en núna er risinn stór spítali með fjölbreytta þjónustu og 120 manna starfslið. MYND/GUNNAR SALVARSSON

# Mikil uppbygging í Malaví

**Fyrir um áratug hófu Íslendingar að byggja upp heilsugæslu við Apaflóa í Malaví. Myndin sem blasir við í dag er af stórum spítala með fjölbreytta þjónustu og 120 manna starfslið. Í nærliggjandi sveitum eru tvær heilsugæslustöðvar sem Íslendingar kostuðu, segir Stefán Jón Hafstein, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví, í grein sinni.**

Ef þið ímyndið ykkur 120 þúsund manna byggð, sem samsvarar höfuðborgarsvæðinu á Íslandi, án heilsugæslu, án spítala og sjúkrabíla. Nú, rúmum áratug síðar er kominn spítali í Fossvogi með fæðingardeild, skurðstofu, legudeildum karla og kvenna, göngudeild fyrir tugi þúsunda heimsókna á ári. Og í Breiðholti er risin heilsugæslustöð með fæðingardeild og grunnþjónustu. Sams konar heilsugæslustöð var nýlega opnuð í Garðabæ – og maður skilur framfarirnar. Fyrir tíu árum var sem sagt bara einn kofi.

### Verkefni að ljúka

Í árslok lýkur spítalaverkefninu við Apaflóa eftir rúman áratug. Þetta er malavískur spítali sem er mannaður Malövum á launaskrá hjá malavíska ríkinu. Íslendingar veittu aðstoð til að byggja hann upp, búa tækjum og þjálfa fólk. En fyrst og fremst er sjúkrahúsið malavískt. Fyrstu árin voru íslenskir verkefnastjórar til aðstoðar, síðustu þrjú ár hafa heimamenn séð um málin. Í fyrra voru skráðar komur á spítalann 140 þúsund.

Á heilsugæslustöðinni, sem var opnuð árið 2007 í bænum Nankumba, voru skráðar 80 þúsund komur í fyrra. Samtals eru skráðar komur á þessar tvær stofnanir rúmlega 700 þúsund á þessum áratug – og fjölgar ár frá ári. Þess vegna var í ár bætt við annarri heilsugæslustöð þar sem heitir Chilonga og er afskekkt þorp. Frumburðir á fæðingardeild Chilonga fæddust í október, tvíburar, sem trúlega hefðu fæðst á bastmottu í leirkofa ef ekki hefði komið til þessi nýja deild. Á þessum áratug sem uppbyggingin hefur staðið hafa Íslendingar lagt til að meðaltali 60 milljónir króna á ári. Það gera 500 krónur á hvern íbúa við Apaflóa árlega og 188 krónur á hvern Íslending. En þeir peningar standa nú eftir í byggingum, búnaði og þjálfun sem gagnast mun áfram. Maður heyrir því oft þessa dagana: „Takk Ísland.“

### Þróunarsamvinnustofnun færir út kvíar

Nú á að breyta verkefninu. Byggðinni við Apaflóa má nú teljast vel þjónað miðað við önnur svæði innan héraðsins. Frá næsta ári mun Þróunarsamvinnustofnun styðja lýðheilsuátak í Mangochi-héraði öllu, sem hefur um 900 þúsund íbúa. Ekki veitir af.



**FÆÐINGARRÚM SKIPTIR SKÖPUM** Fyrir barnshafandi konu er fæðingarrúm á alvöru fæðingardeild áþreifanlegur árangur. MYND/GUNNAR SALVARSSON

Áherslurnar verða á mæðravernd og ungbörn og að styðja heilbrigðisstarfsfólkið sem vinnur úti í sveitunum og veitir frumþjónustu. Manni finnst að hreinlætisaðstaða eins og vatn og kamrar þurfi að vera við alla heilsupósta og fæðingardeildir séu til þar sem konur fá aðstoð og aðhlynningu frá þjálfuðu fólki. Að börnin séu bólusett á réttum tíma. Við erum á byrjunarreit víða í þessu mannmarga héraði.

### Erfitt að ímynda sér ástandið

Það er ekki auðvelt fyrir Íslending að ímynda sér ástandið í Mangochi-héraði sem er eitt það fátækasta í Malaví. Níu hundruð þúsund manns njóta fárra þeirra innviða í samfélagi sínu sem við Íslendingar teljum til mannréttinda. Mæðradauði er meiri í Malaví en í nokkru öðru landi þar sem ekki er stríð: 16 konur deyja daglega af barnsförum.

Ungbarnadauði er mikill sem sést af því að meðalævilíkur Malava eru 52 ár. Það er ekkert áhlaupaverk að halda úti neti af heilsupóstum með þjálfuðum starfsmönnum til að bólusetja börnin, fylgjast með umgangspestum, næringarskorti, blóðleysi og malaríu – en allt eru þetta örlagavaldar í daglegu lífi fólks í héraðinu. Konur vilja gjarnan fá getnaðarvarnir en dreifing er mikið vandamál. Enginn fullmenntaður læknir er í héraðinu um þessar mundir. Læknatæknar hafa réttindi til að gera keisaraskurði, laga beinbrot, og ljósmæður kunna að taka á móti. Í fremstu línu eru þjálfaðir heilsugæslufulltrúar sem fylgjast með ástandi inni í þorpunum og ráðleggja fólki. Það má kallast kraftaverk ef lágmarksþjónusta er veitt. Við nánari skoðun kemur í ljós að síðustu ár sýna tölur um heilsufar að miðar í rétta átt.

Þetta er uppörvandi og segir okkur að markviss aðstoð geti haft jákvæð áhrif. Fólkið sem starfar við þessi erfiðu skilyrði hefur þegar sannað sig. Fái það aukna aðstoð mun það vonandi enn bæta við. Malaví er eitt af fáum löndum þar sem miðar nokkuð í átt að þúsaldarmarkmiðunum sem sett eru við árið 2015, sérstaklega hvað varðar mæðravernd og ungbarnaheilsu. Íslendingar geta með sanni sagt að þeir hafi lagt af mörkum á þeirri leið.

### Sjálfbært verkefni?

Algengasta spurningin um þróunarverkefni er hvort þau séu sjálfbær. Er Landspítalinn á Íslandi sjálfbær? Jú, að því marki sem niðurskurður og þjónustuskerðing leyfa er hann fjármagnaður af skattfé innanlands og því sjálfbær á þann hátt. (Hin síðustu ár með aðstoð alþjóðasamfélagsins eftir Hrun). Enginn malavískur spítali, skóli eða ráðuneyti er sjálfbær – því landið sjálft er og verður háð þróunaraðstoð. Það er einfaldlega allt of fátækt til að bera sig sjálft, án aðstoðar munu 15 milljónir manna eiga á hættu að lenda á vonarvöl. Hér eru meðaltekjur á mann innan við 150 krónur á dag.



**MÆÐRAVERND** Áherslurnar eru á mæðra- og ungbarnavernd og að styðja starfsfólk sem veitir þjónustu í sveitunum. MYND/STEFÁN JÓN HAFSTEIN

> Malaví er eitt af fáum löndum þar sem miðar nokkuð í átt að þúsaldarmarkmiðunum sem sett eru við árið 2015, sérstaklega hvað varðar mæðravernd og ungbarnaheilsu.

Á lífsgæðalista Sameinuðu þjóðanna er Malaví í sæti 167, Ísland númer 14. Alþjóðleg þróunaraðstoð við Malaví nemur 800 milljónum dollara á ári, stór hluti fer í heilsu, menntun og matvælaframleiðslu. Þróunaraðstoð Íslands við Malaví jafngildir í heild 800 krónum á hvern Íslending í ár, og nemur um 0,003% af allri aðstoð til landsins. Það er lágt hlutfall. Við höfum því valið að starfa í aðeins einu héraði að afmörkuðum verkefnum með heimamönnum þar sem árangur er auðsær og áþreifanlegur.

Fyrir barnshafandi konu er fæðingarrúm á alvöru fæðingardeild áþreifanlegur árangur. Fyrir skólabarn sem sest inn í alvöru skólastofu en situr ekki í moldinni er árangurinn auðmældur. Fyrir konu sem sækir vatn í hreint vatnsból í þorpinu er spurningin um árangur ekki efst á dagskrá, áður gekk hún í marga klukkutíma eftir vatni. En Malaví er og verður enn um hríð háð því að fá hjálp til að fá svona einföld og áþreifanleg lífsgæði: heilsu, vatn, menntun. Í þeim efnum geta Íslendingar veitt raunverulega aðstoð. Það sýnir spítalinn við Apaflóa.

# Dæmisögur Esóps

Úrval sagna úr þessum alþekkta sagnabálki.

Hver þekkir t.d. ekki söguna af héranum og skjaldbökunni eða drengnum sem hrópaði: Úlfur! Úlfur!?

Fallegar og skemmtilegar sögur sem jafnframt afhjúpa mannlegt eðli þannig að allir skilja.

Sögur sem fylgja okkur alla ævi.

**Klassískt meistaraverk fyrir börn á öllum aldri.**






# TRÖLLASPOR

Heildarsafn íslenskra tröllasagna í tveimur bindum.

Margar sagnanna hafa aldrei áður birst á prenti.

Tröll, hafmenn, fjörulallar, Grýla, jólasveinarnir og aðrar íslenskar forynjur birtast hér ljóslifandi.

**Nauðsynlegt verk handa öllu áhugafólki um þjóðfræði og þjóðsögur.**







# SVIPAST UM Á SÖGUSLÓÐUM

Nýjasta bók Þórðar Tómassonar í Skógum.

Glæsilegt verk um þjóðlíf og þjóðhætti í Vestur-Skaftafellssýslu.

SKRUDDA

# Kortlagði Ísland á hestbaki

Þúsund og ein þjóðleið er ný bók **Jónasar Kristjánssonar**, fyrrverandi ritstjóra. Eftir að hafa handleikið bókina og kynnt sér notagildi hennar veit *Svavar Hávarðsson* að stórvirki hefur litið dagsins ljós. Hér er komin nákvæm kortabók yfir göngu- og reiðleiðir; kennslubók í ferðamennsku og náma fróðleiks um fornminjar og sögu fyrir hvern þann sem ann Íslandi og vill njóta kosta þess.

Að fá Þúsund og eina þjóðleið í fangið í fyrsta skipti vekur jafn margar spurningar og göngu- og reiðleiðirnar sem þar er lýst. Þyngd bókarinnar er það fyrsta sem vekur spurn. Það gleymist reyndar fljótt þegar hún er opnuð. Hér er vönduð kortabók fyrst og síðast þar sem þekktum þjóðleiðum á Íslandi er lýst af nákvæmni. Á sama tíma er hún svo miklu meira og notagildið ræðst af því hver grúskar; hestamaðurinn, göngufólk eða þeir sem eru áhugasamir um sögu og fornleifar.

En kannski vekur flestar spurningar að höfundur bókarinnar er Jónas Kristjánsson. Hann er auðvitað fyrst og síðast ritstjóri í hugum fólks og ekki óumdeildur sem slíkur. Hvernig má það vera að bók sem þessi verði til hjá Jónasi, manni sem gera má ráð fyrir að hafi haft í fleiri horn að líta en flestir?

### Herforingjaráðskortin

Um aldamótin 1900 gaf danska hermálaráðuneytið út tilskipun til landmælingadeildar herforingjaráðsins um að leggja grunn að nýjum landmælingum og kortagerð á Íslandi. Þetta gríðarlega verk var unnið á árunum fram til 1940 af landmælinga- og kortagerðarmönnum og aðstoðarmönnum þeirra, íslenskum og dönskum. Kortin sem dregin voru upp hafa kunnugir kallað listaverk, svo vel var vandað til verka.

Áratugum seinna eignaðist Jónas frumútgáfur þessara korta, sem varð kveikjan að leiðasöfnun hans og því yfirgripsmikla verki sem nú liggur fyrir. Tækifærið til að fullgera myndina fékk Jónas síðan á hestbaki en það tók sinn tíma, 25 ár.

Aðrar heimildir Jónasar eru útivistarkort frá síðasta áratug og kort sem birst hafa í Árbókum Ferðafélags Íslands síðustu tvo áratugi. Einnig frásagnir fornrita, Sturlungu aðallega, og ferðir „sem ég og ýmsir fleiri hafa farið, síðan staðsetningartæki komu til sögunnar“, eins og segir í formála höfundar.

Þó er vert að geta þess að útgáfa bókar lá aldrei að baki þessari miklu vinnu heldur einskær áhugi. „Ekki veit ég, hvað skal gera við þetta, sem mér sýnist vera orðin plássfrek sófaborðsbók. Útgefandi, einhver?“ skrifaði Jónas í byrjun febrúar á þessu ári þegar gagnagrunnur bókarinnar lá fyrir. Þessu kalli var svarað og í lok júlí var próförk tilbúin. Daginn eftir gekk Jónas til annarra verka sem þurftu að bíða. Þar á meðal hjartauppskurður, gjörgæslulega og mánaðarlöng sjúkrahúsvist. Jónas viðurkennir að hurð skall nærri hælum, en segist mega ríða út eftir áramótin, svo þau gæði að ferðast um landið á hesti hafa ekki verið tekin af honum.

### Ull er betri en flís

Bókin er ekki síst handbók; kennslubók í því hvernig menn eiga að bera sig að á ferðalögum. Páll Ásgeir Ásgeirsson, rithöfundur og leiðsögumaður, ritar annan tveggja formála bókarinnar. Þar eru góð ráð gefin um hvernig rétt er að búa sig til ferðar á fæti. Hentugur fatnaður, nesti og ekki síst hvað skal varast er þar tíundað. Hinn formálann skrifar Jónas sjálfur og lýtur að hestaferðum.

„Ég hef ferðast með svo mörgum fararstjórum; þarna er fróðleikur sem ég hef viðað að mér í umgengni við þá í löngum ferðum. Ég áttaði mig smám saman á því hvernig þetta er vel gert og varð síðar fararstjóri sjálfur. Þetta snýst um að skilja hross en Páll Ásgeir sinnir því sem ég veit ekki og það gefur bókinni jafnvægi,“ segir Jónas.

Þegar bókinni er flett af leikmanni, sem veit ekkert um hesta og getur ekki gumað af því að hafa gengið dögum saman um fjöll og firnindi, stendur þetta eftir: Bókin er samansafn af þumalputtareglum og siðfræði. Regluverki sem gott er að kunna skil á til viðbótar við heilbrigða skynsemi. Svo er gott að hafa kort í vasanum.

### Vasabók!

Ein af spurningunum sem vakna þegar bókin er skoðuð lýtur að stærð hennar – og þyngd. Páll Ásgeir kennir ferðamönnum í formála að ferðast létt. Bókin er rúmlega fjögur kíló, eða þyngri en nesti fyrir fullvaxinn mann í átta daga, samkvæmt Páli.

Fyrir þessu er hins vegar hugsað, eins og öðru. Bókinni fylgir tölvudiskur með stafrænni útgáfu leiðanna. Notendur bókarinnar geta hlaðið leiðunum í tölvur sínar og staðsetningartæki, sem æ fleiri ferðalangar festa kaup á. Bókin er því vasabók, þótt þung sé. Það skal síðan ekki koma nokkrum manni á óvart að lesendum er kennt að nota staðsetningartæki í sér kafla.

Notagildið er síðan fullkomnað með einfaldri merkjasetningu við hvert kort sem skilgreinir hvaða leið hentar hverjum. Sumar leiðir henta ekki gangandi fólki, og nefnir Jónas djúpar ár í því sambandi. Aðrar leiðir eru of brattar fyrir hest. Hvort leið er jeppafær kemur fram og er nákvæma skálaskrá með hagnýtum upplýsingum að finna í bókarlok. Fallegar ljósmyndir, gamlar og nýjar, leika síðan mikilvægt aukahlutverk.

### Sagan meitluð í stein

„Ég tel þessar leiðir mestu fornminjar landsins. Oft er landið sagt fátækt af fornminjum, sérstaklega frá sögu- og Sturlungaöld, en þetta er til,“ segir Jónas þegar blaðamaður rifjar upp frásögn hans af gamla Hellisheiðarveginum sem hluta af tugþúsunda kílómetra neti þjóðleiða. Skammt frá hraðbrautinni yfir heiðina má nefnilega sjá rennur í berginu, meitlaðar í landið á meira en þúsund árum. Af fyrstu mönnum Íslandsbyggðar og kynslóð fram af kynslóð eftir það. Enda liggur þjóðleið þar sem best er að fara um landið. Er alfaraleið.

### Annir

Spurt var hvernig það færi saman að vera ritstjóri, með meiru, og safna saman allri þeirri vitneskju sem þyrfti til að fylla glæsilegt rit eins og Þúsund og eina þjóðleið.

„Maður hvílir sig á einu með því að gera annað. Sumir hvíla sig þar sem er mikil sól. Ég hvíldi mig á ferðalagi um landið. Á hesti,“ svarar Jónas. „Ég punktaði hjá mér það sem ég sá og heyrði á leiðinni.“



**NÚMER 25** 14 bækur um hesta og tíu um ferðalög skrifaði Jónas á meðan hann viðaði í þá nýjustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







**DÆMI** Útliti bókarinnar verður ekki gert nægilega hátt undir höfði á síðu í dagblaði. Myndirnar sýna hluta úr korti og opnu bókarinnar þar sem það er fengið. Þær gefa hugmynd um uppbygginguna bókarinnar. Kortið í fullri stærð sýnir átta þjóðleiðir í rauðu.


„Margbrotið skáldverk
þar sem pakkað er saman miklum örlögum.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN
„Frásagnartækni höfundar
nýtur sín ofboðslega vel ... Þetta er
„pageturner“.“
EGILL HELGASON / KILJAN
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
MÁLVERKIÐ
VAKA-HELGAFELL
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
„Listilega gert málverk ...
undir fáguðu og tandurhreinu yfirborði kraumar
heit ást, afbrýði, hatur og hefnd.
... Fjölmargir aðdáendur hans Ólafs verða
varla fyrir vonbrigðum ... vel skrifuð bók
... fyrst og fremst skemmtileg.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ
„Þetta er flott verk og spennandi,
læsilegt og fallega skrifað ... að öllu leyti
vel heppnað og fallegt ...“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN
„Besta bók Ólafs Jóhanns ...
gríðarlega vel heppnað verk og
það er gaman að lesa það.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN
www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu
1 kr. sendingargjald til 15.12.11

**ANGEL DREAM dýna**
Vönduð og góð, miðlungsstíf dýna með fallegu áklæði.
Rúmbotn er með PU áklæði sem auðvelt er að þrífa.
Rúmbotn og fætur fylgja með. Stærðir:
120 x 200 sm. **59.950**
140 x 200 sm. **69.950**
153 x 203 sm. **79.950**

ST. 90 x 200 sm.
FULLT VERÐ: 49.950
# 39.950

SPARIÐ 10.000




FULLT VERÐ: 79.950
# 49.950

**HOUSTON tungusófi**
Stílhreinn og flottur tungusófi með PU áklæði. Sessur úr góðum kaldsvampi sem eykur þægindi. Hægt að fá með tungu hægra eða vinstra megin.
Stærð: B242 x H76 x D80/161 sm. Litur: Svartur.



SPARIÐ 30.000

# FRÁBÆR TILBOÐ
## Í RÚMFATALAGERNUM!




Koddi
50 x 70 sm.
**5.995**

LÚXUS ANDADÚNSSÆNG OG KODDI

SPARIÐ 6.000



JÓLA LEIKUR
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á
WWW.RUMFATALAGERINN.IS
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
50.000 KR.
GJAFABRÉF HJÁ OKKUR
DRÖGUM VIKULEGA TIL JÓLA

NÚ SÆNG ST. 135 x 200 sm. + KODDI:
# 17.945

**KRONBORG TELEMARKEN andadúnsæng**
Lúxus andadúnsæng fyllt með 900 gr. af andadúni og andafiðri. Vandað, þéttofið bómullaráklæði með áprentun. Þyngd: 900 gr.
Má þvo við 60°C. Stærðir:
135 x 200 sm. **17.950**
135 x 220 sm. **19.950**
200 x 220 sm. **29.950**
Koddi: 50 x 70 sm. **5.995**




SPARIÐ 10.000

SINGER

**SINGER TALENT 3321 saumavél**
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikkzakk, hnappagöt o.fl.
Er með nálarþræðara.

VERÐ ÁÐUR: 29.950
# 19.950



**ZANETA sængurverasett**
Flott sængurverasett á frábæru verði!
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Efni: 100% bómullarsatín.

VERÐ ÁÐUR: 4.995
# 3.995

SPARIÐ 1.000



**CHENILLE vettlingar**
Hlýir og mjúkir fingravettlingar á frábæru verði!

VERÐ AÐEINS:
**399**




**Barnasokkar**
Flottir stelpu og strákasokkar á frábæru verði!
8 pör saman í pakka. Stærðir: 23-38.

8 PÖR AÐEINS:
**1.495**

33% AFSLÁTTUR




FULLT VERÐ: 1.495
**995**

**Herrasokkar**
Mjög góðir herrasokkar úr 85% bómull, 13% nylon og 2% elastan. 3 pör saman í pakka. Stærðir: 41-46.

KRONBORG OF DENMARK



ST. 30 x 30 sm.
**199**

**MAIN handklæði**
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté.
Nokkrir litir. Frábært verð! Einlit handklæði:
Þvottastykki 30 x 30 sm. **199**
Litið handklæði 40 x 60 sm. **499** Gestahandklæði 50 x 100 sm. **895** Baðhandklæði 70 x 140 sm. **1.795**
Stórt handklæði 100 x 150 sm. **2.695** Röndótt handklæði, fást í nokkrum litum: Gestahandklæði 50 x 100 sm. **895**
Baðhandklæði 70 x 140 sm. **1.795**

FRÁBÆRT VERÐ



VERÐ FRÁ:
**199**

**Jólaseríur**
Mikið úrval af inni- og útiseríum. Seríurnar fást í mörgum mismunandi stærðum og litum. **Inniseríur:** 10 ljósa **199**
20 ljósa verð frá **299** 35 ljósa **695** 50 ljósa **995** 100 ljósa **1.495**
**Útiseríur:** 40 ljósa **949** 100 ljósa **2.495** 200 ljósa **4.495**

FRÁBÆRT VERÐ



**Netasería**
160 ljósa netasería stærð: 2 x 2 mtr.
**2.995**



SPARIÐ 7.000

FULLT VERÐ: 16.950
**9.950**

**TRISTAN fótboltaspil**
Fótboltaspil fyrir stóra sem smáa á frábæru verði! Stærð: B48 x L92 H66 sm.



20% AFSLÁTTUR

**Kertaglös á bakka**
Falleg kertaglös á bakka.
Stærð: H12 x B45 D10,5 cm.

FULLT VERÐ: 1.995
**1.595**

**Jólaarinn**
Flottur jólaarinn með ljósi.
Fæst í nokkrum gerðum.

FULLT VERÐ: 2.985
**1.985**



SPARIÐ 1.000

20% AFSLÁTTUR



33% AFSLÁTTUR



**ARNA flísteppi**
Stærð: 130 x 180 sm.
1 stk. flísteppi: **1.495**

2 STK. FLÍSTEPPI
**1.995**

**KENDA flísteppi**
Fallegt flísteppi með blómamunstri.
Stærð: 130 x 180 sm.
1 stk. flísteppi: **1.495**

**Kökuhjálmur**
Fallegur glerhjálmur á diski úr basti.

FULLT VERÐ: 2.495
**1.995**

3 FYRIR 2




**PURE DEAD SEA vörur**
Frábærar DEAD SEA vörur í miklu úrvali.
Taktu **3** vörur en borgaðu fyrir **2**! Þú færð ódýrustu vöruna frítt!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Handáburður | **459** | Sjampó | **859** |
| Body Lotion | **759** | Hárnæring | **859** |
| Baðsalt | **859** | Body Butter | **959** |

20% AFSLÁTTUR




FULLT VERÐ: 2.480
**1.980**

**Töfrasproti**
Góður töfrasproti á frábæru verði!

TILBOÐIN GILDA 10.12 - 11.12

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**MATCH LINE brauðrist**
Stílhrein og góð brauðrist á frábæru verði! Fáanleg í hvítum og svörtum lit.

20% AFSLÁTTUR



BRAUÐRIST EÐA KAFFIVÉL
FULLT VERÐ: 2.480
**1.980**

**MATCH LINE kaffivél**
Stílhrein og góð kaffivél á frábæru verði! Fáanleg í hvítum og svörtum lit.

# Hvað kostar sveigjanleg króna heimilin í landinu?

Afleiðing mikils sveigjanleika gjaldmiðils þjóðarinnar kemur fram í gríðarlegum fjármagnskostnaði bæði heimila og fyrirtækja skrifa *Gylfi Arnbjörnsson*, forseti ASÍ, og *Ólafur Darri Andrason*, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, í annarri af tveimur greinum.

Í byrjun árs 2001 gáfust íslensk stjórnvöld upp á því að halda gengi krónunnar stöðugu miðað við helstu viðskiptamyntir (fastgengisstefnan). Þess í stað var krónunni fleytt og Seðlabankinn tók upp verðbólgumarkmið. ASÍ lagði til árið 2000 að farin yrði önnur leið sem tryggði stöðugleika í gengi og verðlagi; að sótt yrði um aðild að ESB og í framhaldinu yrði tekin upp evra. Stjórnmálamenn töldu hins vegar mikilvægara að halda í sveigjanlegan gjaldmiðil. Niðurstaða stjórnmálamanna kallaði því miður yfir okkur miklar gengissveiflur og verðbólgu eins og við sýndum fram á í síðustu grein.

Það er vert að spyrja hvað þetta val hafi kostað landsmenn? Til að meta kostnaðinn er hægt að taka mið af vöxtum á nýjum húsnæðislánum á Íslandi og á Evrusvæðinu. Á mynd 1 má sjá þróun þessara vaxta síðan 1998.

Mynd 1

Nafnvextir af nýjum húsnæðislánum í Evrópu skv. European Mortagege Foundation hafa lengst af verið um 5% og lækkað niður í 3,5% eftir að fjármálakreppan skall á . Nafnvextir hér á landi eru miðaðir við að raunvextir Íbúðalánasjóðs vegi 75% og raunvextir banka vegi 25% að viðbættri verðbólgu. Eins og sjá má á mynd 1 hafa húsnæðisvextir löngum legið 4-5% hærri en í nágrannalöndunum og þegar gengið hefur fallið (2001, 2006 og 2008) rýkur þessi munur upp í 10-20%.

**Hröð lækkun vaxta smáríkjanna í ESB**

Á mynd 2 má sjá samanburð á vöxtum á Íslandi og í nokkrum af þeim löndum sem sóttu um aðild að ESB um aldamótin, á sama tíma og ASÍ lagði til að sótt yrði um aðild að ESB og tekin upp evra. Flest þessara ríkja fengu aðild í maí 2004. Vextir á nýjum húsnæðislánum í þessum ríkjum fóru að lækka strax eftir að aðildarsamningurinn um inngönguna í ESB var samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Mynd 2

Af þessu vaxtaferlum má sjá hver líkleg þróun hefði verið hér á landi varðandi húsnæðisvextina og því hægt að leggja fjárhagslegt mat á tilkostnað heimilanna af tveimur

**SKÝRINGARMYNDIR**

**Mynd 1**

Vextir af nýjum húsnæðislánum á Íslandi og á evrusvæðinu
**1998-2010**




**Mynd 2**

Vextir af nýjum húsnæðislánum í smáríkjum ESB, Íslandi og evrusvæðinu
**1998-2010**




**Mynd 3**

Greiðslubyrði af húsnæðislánum á Íslandi og Evrópu
**1998-2010**




ólíkum leiðum – leið sveigjanlegar krónu með mikilli verðbólgu og háum vöxtum borið saman við leið fastgengisstefnu með evru, lágri verðbólgu og lágum vöxtum.

**Afborgun á mánuði helmingi hærri á Íslandi**

Á mynd 3 er rakið dæmi um hjón með meðaltekjur skv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar og Hagstofu Íslands. Annað hjónanna er í fullu starfi en hitt í 60% starfi þegar þau kaupa þriggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu í árslok 1997. Tekjur þessara hjóna fyrir skatta voru kr. 257.400 árið 1998 og kr. 578.000 árið 2010 skv. upplýsingum Hagstofunnar. Til einföldunar er gert ráð fyrir að skattbyrðin sé 30% allt tímabilið til að útiloka áhrif skattkerfisbreytinga á útreikninganna. Kaupverðið var 9,7 mill.kr. og það fjármagnað með 65% láni frá Húsnæðisstofnun og 20% láni frá banka, samtals 8,2 mill.kr. og 15% af eigin sparnaði. Lánin eru verðtryggð til 20 ára og til einföldunar eru vextir annars vegar raunvextir af nýjum lánum Íbúðalánasjóðs og meðalvextir banka og sparisjóða. Af þessum lánum er reiknuð árleg greiðslubyrði í desember, þar sem tekið er tillit til verðbólgu sl. 12 mánaða. Jafnframt er þeim verðbótum, sem leggjast á höfuðstólinn á hverju ári, bætt við hefðbundna greiðslubyrði til að auðvelda samanburð við önnur lönd. Til samanburðar er sama lán reiknað miðað við meðalvexti á Evrusvæðinu.

Mynd 3

Á mynd 3 má sjá þann mikla mun sem er á lánskjörum hér á landi og í Evrópu. Á meðan hjón í Evrópu eru að greiða á bilinu 5-800 þús.kr. á ári (40-67 þús.kr. á mánuði) borga íslensk hjón 1-2 milljónir króna á ári (83-165 þús.kr. á mánuði). Ef þessi munur er reiknaður sem hlutfall af tekjum þeirra eftir skatta þurfa íslensku hjónin að eyða 18% meira af ráðstöfunartekjum sínum en þau evrópsku.

**Sveigjanleg króna kostar**

Heimilin í landinu eru misjafnlega skuldsett en að jafnaði þurfa þau að ráðstafa um 15% af tekjum sínum til að kosta þennan mikla vaxtamun og er þá ekki tekið tillit til áhrifa þessa vaxtamunar á hag ríkissjóðs, rekstur fyrirtækja og verðlag.

Það má því ljóst vera að afleiðing mikils sveigjanleika gjaldmiðils þjóðarinnar kemur fram í gríðarlegum fjármagnskostnaði bæði heimila og fyrirtækja. Ef vega ætti þennan mikla mun upp með beinum launahækkunum þyrfti að hækka laun (fyrir skatta) um 29% að raungildi. Ekki eru að óbreyttu neinar efnahagslegar forsendur fyrir slíkri raunlaunaaukningu hér á landi. Eðlilegra að að finna leiðir til þess að ná þessum mikla vaxtamun niður, en það verður vart gert á grundvelli sjálfstæðs gjaldmiðils, þar sem sjálft markmiðið með sjálfstæði hans er að geta fellt hann eða hækkað til að bregðast við mismunandi aðstæðum í hagkerfinu. Slíkt markmið endurnýjar einungis tilefni þessa vaxtamunar.

**HÖFUNDAR:**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** forseti ASÍ



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** deildarstjór hagdeildar ASÍ

# Hvernig getum við lækkað húsnæðisvexti heimilanna?

Alþýðusambandið hefur frá upphafi látið sig húsnæðismál varða, bæði framboð af íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem og vexti og fjármögnun húsnæðiskerfisins.

ASÍ hefur lýst þeirri skoðun sinni að umsókn um aðild að ESB og upptaka evru sé eina varanlega lausnin á skulda- og greiðsluvanda heimilanna því á meðan við búum við óstöðugleika krónunnar munu vextir hér á landi verða mun hærri en í nágrannalöndunum. En hvað er til ráða þangað til við getum tekið upp evru? Er hægt að gera einhverjar breytingar á fyrirkomulagi fjármögnunar húsnæðis sem skilað gætu lægri vöxtum? Ekki er nægilegt að banna verðtryggð lán, því að óbreyttu eru óverðtryggðu lánin dýrari til lengri tíma. Skynsamlegra er að auka vægi óverðtryggðra lána og gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi húsnæðislána þannig að þau verði hagstæðari en nú er.

**Hverju þarf að breyta?**

Samstæð og öguð hagstjórn ríkis og Seðlabanka getur lækkað hér vexti umtalsvert. Stöðugt gengi, lágir vextir og lág verðbólga verða þá að vera algjört forgangsmál í hagstjórninni. Þá er mikilvægt að hverfa frá því fyrirkomulagi að byggja vaxtaákvarðanir á ákvörðunum stjórna banka eða annarra lánastofnana en láta vextina þess í stað ráðast beint af niðurstöðu verðbréfamarkaðarins. Það kemur nefnilega í ljós þegar við berum saman húsnæðisvexti lánastofnana og ávöxtunarkröfu á markaði með verðbréf að húsnæðisvextirnir eru miklu hærri. Annað sem kemur í ljós er að lánastofnanir bregðast fyrr og meira við verðbólguskotum en fjárfestar á verðbréfamarkaði (sjá myndir í netútgáfu þessarar greinar á www.asi.is).

Ef við berum saman ávöxtunarkröfu á verðtryggðum húsnæðisbréfum Íbúðalánasjóðs að viðbættri 12 mánaða hækkun vísitölu neysluverðs annars vegar og 5-10 ára óverðtryggðum ríkisbréfum hins vegar kemur í ljós að þau ár sem gengi krónunnar er í jafnvægi virðist nafnávöxtunarkrafa þessara tveggja tegunda ríkisbréfa vera sú sama. Það athygli vekja hins vegar þau ár sem gengi krónunnar fellur verulega eins og árin 2001, 2006 og 2008 og raunar einnig 2011 hækkar nafnávöxtunarkrafa verðtryggðu bréfanna mun meira en sem nemur ávöxtunarkröfu óverðtryggðu ríkisbréfanna. Í þessu felast að okkar mati mikil tækifæri til þess að byggja nýjan grunn húsnæðisvaxta á. Hér virðast fjárfestar á markaði meta hagsmuni sína til mun lengri tíma en við höfum mátt venjast af hálfu banka og lánastofnana. Þeir virðast ekki bregðast við með því að smyrja háum óvissuálögum á vextina heldur byggja ákvörðun sína á verðbólguvæntingum til 5-10 ára.

Þannig virðast fjárfestar á eftirmarkaði „stinga sér í gegnum öldutoppinn“ frekar en að reikna sér álag vegna þegar orðinnar verðbólgu.

**Danska húsnæðiskerfið**

Ef litið er til annarra landa hafa margir staldrað við danska húsnæðislánakerfið, en það kerfi varð til í lok 18. aldar og hefur af bæði Moody's og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum verið talið það kerfi sem staðið hefur af sér ýmis áföll og tryggt hagsmuni bæði fjárfesta og skuldara miðað við ólíkar aðstæður.

Helstu einkenni danska húsnæðiskerfisins eru að þar eru það vextir á verðbréfamarkaði sem ráða húsnæðisvöxtum í gegnum sérhæfðar húsnæðislánastofnanir.

**SKÝRINGARMYNDIR**

Ávöxtunarkrafa á verðtryggðum húsnæðisbréfum og óverðtryggðum ríkisbréfum
**1999-2011**




Vextirnir eru lágir eða 1,5% breytileg kjör og 4,5% m.v. fasta vexti og geta lántakendur valið á milli þessara vaxtaviðmiðana. Kerfið byggir á ströngum reglum og viðurkenndum húsnæðisstofnunum er einum heimilt að gefa út skráð veðskuldabréf. Svo virðist sem ýmis atriði í okkar kerfi, eins og þinglýsingarkerfið, skráningarkerfi íbúða, umfang húsnæðismarkaðar á verðbréfamarkaði o.s.frv. falli einkar vel að þessu kerfi og því hefur ASÍ ákveðið að bjóða dönskum sérfræðingum hingað til lands í janúar til að fjalla nánar um einkenni þessa lánakerfis.

**Óverðtryggð húsnæðislán**

Spurningin er hvort við getum myndað nægilega virkan og umfangsmikinn markað fyrir óverðtryggð húsnæðislán, þar sem við gætum byrjað að fikra okkur nær því fyrirkomulagi sem þekkist í Evrópu. Heimilin gætu þá valið sér óverðtryggð húsnæðislán með mismunandi kjörum s.s. vöxtum, lengd og tíma milli vaxtaendurskoðunar. Danska kerfið er athyglisvert að því leyti að uppgreiðslur og endurfjármögnun eru hannaðar með það að leiðarljósi að auka viðskipti með þessi bréf á markaði og gera eftirmarkaðinn þannig virkari og dýpri en ella. Hér á landi eru húsnæðislán um 45-55% af umfangi verðbréfamarkaðarins og óverðtryggð ríkisbréf önnur 30%. Ef farið yrði í slíka kerfisbreytingu með skipulögðum hætti er líklegt að umfang þessa markaðar gæti orðið nægjanlegt til að tryggja eðlilega verðmyndun. Það gæti orðið mikilvægur grunnur að algerlega nýrri nálgun í húsnæðislánum, en þá yrði að huga að eftirfarandi þáttum.

Í fyrsta lagi verður að setja skýran ramma um þetta fyrirkomulag með löggjöf.

Í öðru lagi er mikilvægt að bjóða upp á mismunandi vaxtakjör þar sem heimilin geta valið milli breytilegra óverðtryggðra vaxta eða festa vextina í tiltekinn tíma með endurskoðunarákvæði.

Í þriðja lagi verðum við að horfast í augu við þá staðreynd, að á meðan við búum við óstöðugan gjaldmiðil mun vaxta- og greiðslubyrði hækka mikið þegar gengið fellur. Því verður að byggja greiðslujöfnun inn í kerfið, sem tekur á þeim vanda sem verður af verðbólguskoti í kjölfar gengisfalls. Víða erlendis hafa húsnæðislán einmitt verið útfærð með þeim hætti að lántakendur hafa möguleika á því að jafna greiðslubyrðina með því að breyta vægi afborgana af höfuðstól á móti breytingum á vöxtum og jafnvel valið neikvæðar afborganir þegar vextir hækka mikið – þ.e. að taka lán fyrir vöxtunum með einföldum og ódýrum hætti.

# OPIÐ ALLA HELGINA

## OPIÐ LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 13-18



**PHILIPS**

### SENSEO KAFFIVÉL

**Philips HD7825SV**
1450w Senseo Viva Café kaffivél fyrir 1-2 bolla í einu. Stillanleg hæð á stúti. Hver bolli er ferskur með froðu. Slekkur á sér eftir 30 mín.

TILBOÐ **16.995**
FULLT VERÐ 19.995

*Gjafaaskja með 4 Senseo glösum og 1 kaffipakka fylgir HD7825 meðan birgðir endast.*




**Philips 42PFL4506H**
- 42″ Full HD LCD
- Pixel Plus HD
- 400Hz Picture motion rate
- 3 HDMI og USB tengi

TILBOÐ **149.995**
FULLT VERÐ 179.995



**PHILIPS**

**Philips HR2020**
400w blandari með 1.75 liters könnu. 2 hraðastillingar og púls. Auðvelt að taka hnífa frá til að hreinsa.

TILBOÐ **6.995**
FULLT VERÐ 7.995



**Ariete**

**Ariete DC090400AR0**
1000w PIZZUOFN með stein snúningsplatta. 4 stillingar. Gluggi á loki.

VERÐ **14.495**
FRÁBÆRT VERÐ

**Wilfa**



**Wilfa WFB1**
160W hitateppi með 11 stillingum. Slekkur sjálkrafa á sér eftir 3 klst. Fjarstýring. Stærð: 130x180sm. Þyngd: 2 kg.

VERÐ **12.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**

**Philips HF3465**
Vekjari með ljósi sem vekur mjúklega með „sólarupprás" sem er stillanleg frá 0-30 mín. Nota má vekjara án ljóss. 20 birtustig. Notalegt hljóð til að vakna við.



TILBOÐ **17.995**
FULLT VERÐ 19.995

*Dagsbirtuvekjari*



**Multitrimmer SKEGGSNYRTIR og RAKVÉL með hleðslu á FRÁBÆRU TILBOÐI**

**PHILIPS**

**Philips PT72080**
2 tæki saman í pakka. PowerTouch hleðslurakvél með Super Lift&Cut rakhnífum og góðu gripi og 7in1 Multitrimmer snyrtir með hleðslu fyrir skegg, hár, eyrnahár, nefhár og augabrýr.

TILBOÐ **14.995**
FULLT VERÐ 18.995

**Sonicare** tæknin er einkaleyfisvarin og gerir burstun auðveldari, hreinsar vel og fer vel að tönnum og góm.

**PHILIPS**

#1 RECOMMENDED BRAND BY DENTAL PROFESSIONALS



**Philips HX5350**
Sonicare tannbursti með hleðslu.

TILBOÐ **6.995**
FULLT VERÐ 7.995



**Philips HX6311**
Sonicare tannbursti fyrir krakka. 2 misstórir hausar fylgja og burstinn hjálpar við að gera burstun lengri og betri með hljóðmerkjum.

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 14.995



**HealthyWhite** - Gerir tennur hvítari.

**Philips HX6711**
Sonicare tannbursti með hleðslu. Stillingar fyrir 2ja mín. hreinsun með 30 sek. hvítun.

TILBOÐ **11.995**
FULLT VERÐ 17.995

**elna**

**ELNA 2100**
SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Íslenskur leiðarvísir fylgir.



VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**CASIO** **MEÐ ÁSLÁTTARNÆMNI**

**Casio CTK3200**
5 áttunda hljómborð með LCD skjá, 61 nótu, ásláttarnæmni, 400 hljóðum, 150 ryþmum, 48 nótna pólifóníu, 110 lögum, 3ja skrefa kennslu, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi: USB, MIDI, heyrnatól, MP3 og fótstig. Spennubreytir fylgir.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**PHILIPS**

**Philips DCM5090**
Öflugir 200W RMS 3.1 gólfhátalarar með vöggu fyrir iPad/iPod/iPhone, stafrænu FM útvarpi með minnum, innbyggðri bassakeilu, USB, MP3 Link, Dynamic Bass Boost, LivingSound og stafrænni hljóðstjórnun.

VERÐ **89.995**
FRÁBÆRT VERÐ




*OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA*

**Heimilistæki** ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA

# Einstakt dýralíf í bráðri hættu

Eyjan Madagaskar er ekki bara fræg vegna samnefndar teiknimyndar. Þar má finna dýr og plöntur sem hafa haft 90 milljónir ára til að þróast í einangrun. *Brjánn Jónasson* ferðaðist um þessa ævintýraeyju og fræddist um þann vanda sem eyjarskeggjar standa frammi fyrir vegna gróðureyðingar sem ógnar dýrategundum sem finnast hvergi annars staðar í heiminum.

Lýsingar á eyju sem áður var skógivaxin frá fjalli til fjöru en er nú að mestu skóglaus gætu hljómað kunnuglega fyrir Íslendinga. Eyjan Madagaskar, sem liggur úti af austurströnd Afríku, á þó fátt annað sameiginlegt með Íslandi en gróðureyðinguna og áhuga heimamanna á að fá sem flesta ferðamenn í heimsókn.

Sérfræðinga greinir á um hversu mikill gróður hafi í rauninni verið á Madagaskar áður en menn komu fyrst til eyjunnar og tóku í beinu framhaldi til óspilltra málanna við að höggva og brenna regnskógana. Þó eru flestir sammála um að stór hluti þessarar fjórðu stærstu eyju heims, sem er nærri sex sinnum stærri en Ísland, hafi verið þakinn regnskógum af einhverju tagi áður en fólk settist þar að fyrir um það bil tvö þúsund árum.

Þess sér ekki mikil merki þegar Madagaskar er heimsótt í dag. Talið er að um 90 prósent af regnskógunum á þessari risavöxnu eyju séu horfin, og ólíklegt í besta falli að þeirri þróun verði snúið við. Ýmsar tegundir af plöntum og dýrum hafa þegar horfið fyrir fullt og allt, til dæmis risavaxnir ófleygir fuglar sem náðu allt að þriggja metra hæð og vógu nærri hálft tonn.

**Náttúran algerlega einstök**

Madagaskar skildist frá meginlandi Afríku fyrir um 135 milljónum ára, og Indland losnaði frá austurströnd eyjunnar fyrir 88 milljónum ára. Plöntu- og dýralíf á eyjunni hefur því haft tugmilljónir ára til að þróast án utanaðkomandi áhrifa.

Fyrir náttúrufræðinga og áhugafólk um plöntur og dýralíf eru þeir hlutar Madagaskar sem enn eru þaktir þéttum regnskógi paradís á jörð. Vegna milljóna ára einangrunar hafa þær tegundir sem þá réðu ríkjum í þessum heimshluta fengið að þróast án utanaðkomandi þrýstings frá öðrum tegundum sem á endanum höfðu yfirhöndina í samkeppninni annars staðar í Afríku.

Vegna þessa eru um það bil níu af hverjum tíu plöntutegundum sem finnast á Madagaskar upprunnar þar, og finnast hvergi annars staðar í heiminum. Sama gildir um átta af hverjum tíu dýrategundum.

Sú ósnortna náttúra sem enn er til staðar í Madagaskar minnir á litlar eyjar af skóglendi þegar litið er á landakort. Þegar á staðinn er komið verður ferðamönnum fyrst ljóst hversu stórir þessir skógi vöxnu blettir sem virkuðu svo smávaxnir á kortinu eru þó í raun og veru.

**Ferðamennirnir lykillinn**

Ástæðurnar fyrir því að regnskógarnir sem áður þöktu stóran hluta Madagaskar eru nú að mestu horfnir eru nokkrar. Sú stærsta er þó án efa þörf íbúanna fyrir ræktarland. Allt frá því fyrsta fólkið kom til eyjarinnar fyrir um tvö þúsund árum hafa íbúarnir rutt og brennt skóg til að rækta matvæli. Í dag sjá þeir sem horfa út um bílgluggann á ferð um eyjuna yfirleitt hrísgrjónaakra eða grænmetisakra, ekki regnskóga.

Ekki hjálpar til mikil þörf fyrir viðarkol, sem nær allir íbúar Madagaskar nota til að elda á, enda rafmagn og gas of dýrt til þeirra nota.

Madagaskar er afar fátækt land en stjórnvöld hafa augljóslega áhuga á að breyta því. Flestum sem hugsa málið til enda er það ljóst að það mun ekki bæta lífskjör almennings að ryðja burtu þeim litla skógi sem þó er eftir til að fá aðeins meira jarðrými undir landbúnað. Það sem gæti hins vegar bætt lífskjörin að einhverju marki er aukinn fjöldi ferðamanna.

Ferðaþjónusta er afar mikilvæg fyrir íbúa Madagaskar. Þangað koma árlega um 300 þúsund ferðamenn, rétt ríflega helmingur þess fjölda sem sækir Ísland heim á hverju ári. Þó er Madagaskar nærri sex sinnum stærri en Ísland og íbúarnir um 22 milljónir, ekki 320 þúsund eins og Íslendingar.

Þegar rætt er við fólk sem starfar í ferðaþjónustugeiranum á Madagaskar kemur í ljós að ferðamenn sem koma til landsins skiptast í tvo hópa.

Madagaskar var fram til ársins 1960 frönsk nýlenda, og í gegnum tíðina hafa flestir ferðamennirnir sem sækja eyjuna heim verið Frakkar og Ítalir. Þeir hafa ekki haft sérstakan áhuga á að kynna sér landið og menninguna en þeim mun meiri áhuga á að eyða viku eða tveimur á sendnum ströndum Madagaskar yfir köldustu vetrarmánuðina í heimalandinu.

Þeir sem starfa í ferðaþjónustunni á Madagaskar hafa meiri áhuga á hinum ferðamönnunum; þeim sem koma til eyjunnar til að skoða mannlífið og náttúruna. Enda er mun meira á þess konar ferðamönnum að græða. Peningarnir sem þeir koma með til Madagaskar dreifast víðar en í þeim bæjum sem eiga fallegar sandstrendur, og þeir eyða gjarnan meiru, enda þurfa þeir á leiðsögumönnum, bílstjórum og bílaleigubílum að halda til að njóta

FRAMHALD Á SÍÐU 52



**GRÓÐUREYÐING** Ef það er rétt að eyjan Madagaskar hafi verið skógi vaxin frá fjöru til fjalls þegar fólk kom þangað fyrst fyrir tvö þúsund árum sjást þess lítil merki í dag. Skógurinn er horfinn en í staðinn koma hrísgrjónaakrar og annað ræktarland. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN JÓNASSON



**FÁTÆKT** Um helmingur landsmanna býr undir fátæktarmörkum og hlutfallið er hærra í smærri bæjum langt frá höfuðborginni. Þessi börn voru forvitin um ferðamennina sem heimsóttu bæinn þeirra, enda ferðamenn færri en búast mætti við.

## MADAGASKAR Í HNOTSKURN



- **Stærð:** 587 þúsund ferkílómetrar, nærri sex sinnum stærri en Ísland.
- **Mannfjöldi:** Um 22 milljónir. Um helmingur er undir fátæktarmörkum. Um 320 þúsund nota internetið.
- **Stjórnarfar:** Lýðveldi.
- **Forseti:** Andry Rajoelina, sem tók við völdum að ósk hersins eftir að fyrri forseti sagði af sér árið 2009 eftir átök í landinu. Forsetakosningar hafa tafist en eru boðaðar 2012.
- **Sjálfstæði:** Frá Frakklandi 26. júní 1960.
- **Opinber tungumál:** Malagasí og franska.
- **Efnahagur:** Um 80 prósent vinnuaflsins starfa við landbúnað. Frá árinu 1990 hurfu stjórnvöld frá harðri vinstri stefnu og fengu aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans við uppbygginu.
- **Trúarbrögð:** 41 prósent kristnir, 7 prósent múslímar, 52 prósent andatrúar.
- **Lífslíkur við fæðingu:** Karlar 62 ár, konur 66 ár.






**GRJÓN ÞRISVAR Á DAG** Hrísgrjón eru uppistaðan í fæðu madagösku þjóðarinnar. Flestir borða hrísgrjón þrisvar á dag. Hrísgrjónarækt er vinnuaflsfrek, en um 80 prósent þjóðarinnar vinna við landbúnað af einhverju tagi.



SHARP
GÆÐIN LEYNA SÉR EKKI
NÝTT!
60" · LED · SJÓNVARP LC60LE636S
60" · Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · DVB-T/T2, DVB-C, MPEG2/MPEG4 · 100Hz · 4xHDMI tengi · USB tengi fyrir kvikmyndir/ljósmyndir og tónlist · Aquos NET – Netvafri
Verð: 499.900 kr.
3D
EISA AWARD Best Product 2010-2011 TV INNOVATION
SHARP
Quattron
SHARP hefur þróað nýja skjátækni Quattron og hefur hlotið hin eftirsóttu EISA verðlaun fyrir.
4 lita Quattron skjátæknin bætir nýrri vídd og dýpt í litaflóruna og skilar einstökum myndgæðum.
SHARP•LC40/46/52 LE831•LED•3D SJÓNVARP
Skjástærð 40" og 46" • 200Hz • Full-HD Quattron skjár (1920x1080) • Þrívíddartæki, DVB-T, DVB-C, MPEG2/MPEG4 • 4xHDMI, 1xScart, AV inn, Component, VGA, WLAN, LAN, USB
Verð: 40"– 269.900 kr. / 46"– 339.900 kr. / 52"– 459.900 kr.
SHARP
SHARP•LC40LE530•LED SJÓNVARP
Skjástærð 40" • 100Hz • Full HD skjár(1920x1080) • DVB-T, DVB-C • 2xHDMI, 2x scart, AV inn, Component, VGA, USB
Verð: 179.900 kr.
SHARP HLJÓMTÆKI
i-Pod vagga
XL-UH1H
Útvarp · Geislaspilari · 2x10W magnari · USB afspilun
Listaverð: 28.900,-
Tilboðsverð: 23.900,-
XL-HF200PH
Útvarp · Geislaspilari · 2x50W magnari · i-Pod vagga · USB afspilun
Listaverð: 69.900,-
Tilboðsverð: 59.900,-
TASKA FYLGIR
CELESTRON
TRAVELSCOPE 70 • STJÖRNUSJÓNAUKI
Verð: 16.900,-
Pioneer
PIONEER • DV-2022 • DVD SPILARI
JÓLAVERÐ: 12.900,-
Pioneer
PIONEER • VSX-520 • MAGNARI
Verð: 79.900,-
NÝTT KORTA-TÍMABIL
OPIÐ:
• Laugardag 10. des. frá 11-16
• Sunnudag 11. des. frá 13-18
SAMSUNG
"BEST BUY TV"
EISA AWARDS 2011-2012
EISA AWARD Best Product 2011-2012 BEST BUY TV Samsung UE40D6505
SAMSUNG•UE40D6575
•LED•3D SMART TV
SAMSUNG · SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN
Stærðir:
32"·37"·40"·46"·55"·60"
SAMSUNG
TOPPURINN Í SAMSUNG
8000 LÍNAN
SAMSUNG•UE46D8005
•LED•3D SMART TV
SAMSUNG · SJÓNVÖRP
8000 LÍNAN
Stærðir:
40"·46"·55"·60"
SAMSUNG
SAMSUNG
8,9"• SPJALDTÖLVA• WI-FI · 3G
Verð: 119.900,-
10,1"• SPJALDTÖLVA• WI-FI
Verð: 109.900,-
SAMSUNG
SAMSUNG
SAMSUNG • BD-D5100 • BLU RAY SPILARI
JÓLAVERÐ: 25.900,-
SAMSUNG · UE40D5005PW· 40"&46" LED SJÓNVARP
Clear Motion Rate: 100 Hz · 1920 x 1080 Full HD · Allshare (DLNA) Getur tengst þráðlaust við gemsa, myndavélar og tölvur · USB Movie (Stuðningur við alla helstu codeca t.d MKV, DIVX HD) · 4 HDMI tengi, 1 scart, 2 USB, Component, Composite, VGA o.fl.
40" · Verð: 199.900,- kr · Tilboð: 179.900,-
46" - Verð: 289.900,- kr · Tilboð: 259.900,-
OLYMPUS
OLYMPUS•TG-310
Verð: 31.900 kr.
OLYMPUS
OLYMPUS•VG-110
Verð: 14.900 kr.
OLYMPUS
OLYMPUS•E-PL1•14-42mm
TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr
Nintendo
SNERPA·SPENNA·SNILLD
MAGNAÐ LEIKJAÚRVAL!
Ævintýraveröld sem er engri lík!
NINTENDO 3DS
NINTENDO 3DS Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA
Upplifðu að spila tölvuleiki í ÞRÍVÍDD án þess að nota þrívíddargleraugu.
Hægt að tengjast þráðlaust á Internetið, spila þráðlaust við aðrar Nintendo DS leikjatölvur, taka ljósmyndir í 3 vídd og margt, margt fleira.
NINTENDO 3DS
Verð kr. 39.900,-
Wii
Kr. 33.900,-
Wii LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
NÝ UPPLIFUN! SKÓRKOSTLEG SKEMMTUN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA!
ORMSSON
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

FRAMHALD AF SÍÐU 50

sem best fjölbreyttrar náttúru á Madagaskar.

Ef ferðamenn eiga að koma til að skoða náttúruna verður að vera einhver náttúra eftir til að skoða. Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi verndað náttúruna í þjóðgörðum og bannað skógarhögg víða, á eyðing skóganna og þar með þeirra dýra sem þar eiga heima sér enn stað.

**Rósaviðarmafían herðir tökin**

Rétt eins og fílarnir í Afríku, sem eru í hættu vegna eftirspurnar annars staðar úr heiminum eftir fílabeini, eru skógarnir á Madagaskar í hættu vegna áhuga fólks víða um heim á því að eignast húsgögn, húsbúnað og jafnvel hljóðfæri úr fallegum viðartegundum á borð við rósavið. Þó að blátt bann hafi verið lagt við því að selja rósavið er eftirspurnin svo mikil að svartur markaður hefur orðið til með timbrið.

Kunnugir á Madagaskar segja nokkurs konar rósaviðarmafíu skipuleggja skógarhögg og sölu timburs úr landi, með tilheyrandi mútugreiðslum til embættismanna sem þykjast ekki sjá heilu skipsfarmana af þessum fágætu trjám sigla áleiðis til Kína. Og rósaviðarmafíunni, sem hefur hert tökin á síðustu árum, er sama hvort trén sem eru seld úr landi koma úr þjóðgörðum eða ekki svo framarlega sem rétt verð fæst.

Vandi eyjarskeggja er ekki síst óstöðugleiki hjá stjórnvöldum, og einkennileg gæluverkefni forseta sem þar hafa ráðið ríkjum á undanförnum árum og áratugum. Landlæg spilling er einnig vandamál, bæði hjá háttsettum embættismönnum, en ekki síður hjá þeim sem lægra standa, til dæmis lögreglumönnunum sem hafa drjúgar aukatekjur af því að stöðva bíla, vera til vandræða og þiggja svo mútur til að leysa úr vandræðunum. Ferðamenn verða þó lítið varir við þessi vandamál, enda gæta þess flestir að styggja ekki ríku útlendingana, af ótta við að ferðamönnunum verðmætu fækki.

**Í kappi við tímann**

Margir íbúar Madagaskar vonast nú til þess að ferðamenn sem hafa áhuga á að skoða einstaka náttúru eyjunnar verði mikilvægur hlekkur í þeirri keðjuverkun sem gæti hæglega farið af stað. Fjölgi ferðamönnum fjölgar samhliða störfum í ferðaþjónustu, og tekjurnar aukast.

Þegar tekjurnar aukast og störfunum fjölgar eykst þrýstingur á stjórnvöld að verja það sem ferðamennirnir koma til að sjá; óspillta náttúruna. Hvort það verður í tæka tíð til að bjarga þeim fjölmörgu tegundum af dýrum og plöntum sem þegar eru í útrýmingarhættu verður að koma í ljós.



**VERÐMÆTI** Regnskógurinn ræður enn ríkjum í þjóðgörðum og á öðrum vernduðum landsvæðum. Þar má finna plöntur og dýrategundir sem hvergi finnast annars staðar. Ef skógurinn hverfur eru þessar tegundir dauðadæmdar.

● ● ● Kunnugir á Madagaskar segja nokkurs konar rósaviðarmafíu skipuleggja skógarhögg og sölu timburs úr landi, með tilheyrandi mútugreiðslum til embættismanna.

■ DÝR SEM FINNAST HVERGI ANNARS STAÐAR

# Sautján tegundir af lemúrum þegar útdauðar

**Margar dýrategundir á Madagaskar eru í bráðri útrýmingarhættu vegna skógareyðingar.**

Að öðrum tegundum ólöstuðum eru lemúrarnir sennilega sú dýrategund sem flestir þeirra ferðamanna sem leggja leið sína til Madagaskar vilja sjá. Lemúrar eru prímatar og deila forfeðrum með þeim apategundum sem algengar eru annars staðar í heiminum. Lemúrar finnast aðeins á Madagaskar og má rekja uppgang þeirra á eyjunni til þess að þeir þurftu ekki að keppa við aðrar apategundir um mat og landsvæði.

Talið er að lemúrar hafi numið land á Madagaskar fyrir 62 til 65 milljónum ára, og að þá hafi rekið frá meginlandi Afríku með gróðri. Á þessum milljónum ára sem þeir hafa ráðið ríkjum á Madagaskar hafa þeir þróast í rúmlega 100 undirtegundir, þó nú séu rétt tæplega 100 tegundir eftir. Á sama tíma þróuðust forfeður þeirra sem eftir urðu í Afríku í sumar af þeim apategundum sem nú eru uppi á meginlandinu.

Í það minnsta sautján tegundir af lemúrum sem bjuggu á Madagaskar þegar fólk kom þangað fyrst eru útdauðar. Alls eru nú 99 tegundir eftir, og eru margar af þeim taldar í útrýmingarhættu.

Lemúrar hafa löngum verið veiddir til matar, þó harður áróður sé rekinn gegn veiðum í dag. Hættan sem steðjar að þessum sérstöku prímötum er einkum eyðing skóga.

Önnur dýrategund sem einkennir Madagaskar eru kamelljón. Talið er að tvær af hverjum þremur tegundum af kamelljónum séu upprunnar á Madagaskar. Ferðamenn þurfa þó að hafa augun hjá sér til að sjá kamelljónin, enda þeirra helsti hæfileiki að falla inn í umhverfið.



**SLAKUR** Lemúr af sifaka-tegund situr fyrir. Hendurnar á lemúrunum eru með löngum og sterkum fingrum, og löng skottin hjálpa til við jafnvægið þegar lemúrarnir stökkva á milli trjágreina.



**LITSKRÚÐUGUR** Tvær af hverjum þremur tegundum kamelljóna í heiminum finnast hvergi annars staðar en á Madagaskar. Þessi karl skartar sínum fegurstu litum í þeirri von að lokka til sín kerlu.



**HÁÐIR MÖNNUM** Lemúrar eru skynsöm dýr og læra fljótt að ganga upp á lagið þegar þeir komast í mat. Þessi lemúramóðir stekkur yfir læk á leiðinni á tjaldstæði í regnskóginum þar sem hún eygir möguleika á að finna matarbita. Ferðamenn eru beðnir um að gefa lemúrunum ekki að borða en alltaf eru einhverjir sem ekki fara eftir þeim tilmælum.



**STÖKKVA** Hringskotti er ekki verri þýðing en hver önnur á nafni þessarar algengu tegundar af lemúrum. Mæðurnar bera ungana á bakinu meðan þær stökkva á milli steina og trjágreina.



Nýir eftirréttir
GOTT
– Eftirréttir –
Hafðu það gott yfir hátíðarnar!
Kveðja,
Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu
Silkimjúk súkkulaðimús með hindberjum
Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Brestur á nýtt Prúðuleikaraæði?

**Senn kemur til landsins ný bíómynd um hina ástsælu Prúðuleikara og einnig er von á sjónvarpsþáttaröð um þessar litskrúðugu furðuverur. *Kjartan Guðmundsson* leit yfir sögu Prúðuleikaranna, sem nýlega komust í fréttir í tengslum við stóriðju ytra.**

Það er ekki ofsögum sagt að Prúðuleikaraaðdáendur hafi ríka ástæðu til að gleðjast og hlakka til þessa dagana. Bráðlega ratar ný kvikmynd um þessar ástsælu furðuverður, sú fyrsta sem sýnd er í bíóhúsum í tólf ár, á hvíta tjaldið hérlendis en hún var frumsýnd í Bandaríkjunum í lok síðasta mánaðar.

Ekki síður merkilegar fréttir gætu þó falist í fréttum þess efnis að NBC-sjónvarpsstöðin bandaríska hafi gefið samþykki fyrir handritum að nýrri þáttaröð þar sem Prúðuleikararnir verða í forgrunni. Með hliðsjón af þessum tíðindum gæti nýtt Prúðuleikaraæði hæglega verið í uppsiglingu.



**HJÁLPSAMUR** Kermit aðstoðaði forsetafrúna Michelle Obama við að lesa fyrir börnin á jólatréssamkomu í Washington í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

**Nýju nágrannarnir**

Einungis örfáum dögum fyrir frumsýningu nýju myndarinnar, sem ber hinn sáraeinfalda og gegnsæja titil The Muppets, í bíó greindi bransablaðið The Hollywood Reporter frá því að náðst hefðu samningar um handritsskrif að nýrri þáttaröð, The New Nabors, sem mun fjalla um fjölskyldu sem býr í borginni Palm Springs og Prúðuleikarana sem flytja inn í húsið við hliðina á með ófyrirséðum afleiðingum.

Tveir reynsluboltar í fræðunum, nafnarnir John Hoffmann og John Riggi (sá síðarnefndi hefur meðal annars getið sér gott orð sem framleiðandi hinna vinsælu gamanþátta 30 Rock), eru höfundar þessarar nýju þáttaraðar. Þá mun Lisa Henson, dóttir Jims Henson (skapara Prúðuleikaranna) gegna stöðu framleiðanda, en hún er forstjóri Jim Henson Studios.

**Froskur úr gamalli kápu**

Leikbrúðustjórnandinn Jim Henson hóf sköpun Prúðuleikarana um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og kom froskurinn Kermit, sá frægasti úr flokknum, fyrst fram í sjónvarpsþættinum Sam and Friends árið 1955. Frumgerðin af búki frosksins var búin til úr grænblárri kápu sem móðir Hensons hafði hent í ruslið, en augun úr borðtenniskúlu sem skorin hafði verið í tvennt.

Kermit varð þó ekki vinsæl fígúra fyrr en fimmtán árum síðar þegar Henson, sem einnig lék og talaði fyrir froskinn fram til dauðadags árið 1990, gerði froskinn að reglulegum gesti í þættinum Sesame Street, sem Henson hafði unnið að um skeið.

Jim Henson hafði einlægan áhuga á að höfða bæði til barna og fullorðinna með verkum sínum. Í því augnamiði komu brúður hans nokkrum sinnum fram í gamanþættinum Saturday Night Live árið 1976 en féllu í grýttan jarðveg hjá áhorfendum. Sama ár hófst þó framleiðsla Prúðuleikaraþáttanna (The Muppet Show) í Englandi og slógu þeir fljótlega í gegn beggja vegna Atlantsála.

Kermit hefur alla tíð farið fremstur í flokki Prúðuleikara sem býsna jarðbundið mótvægi (enda auðvelt að halda sér á jörðinni þegar maður er ekki nema hálfur metri á hæð, eins og Kermit sjálfur orðaði það) við litskrúðuga og galgopalega vini sína Ungfrú Svínku, Gunnsa, Fossa Björn, trommuleikarann Dýra, sænska kokkinn, Bikar og svo mætti lengi telja.

**Endurnýjun lífdaga**

Hinir eiginlegu Prúðuleikaraþættir voru framleiddir á árunum 1976 til 1979 og nutu gríðarlegra vinsælda. Þegar áhorfið var sem mest var talið að um 235 milljónir manna hafi horft á þættina í yfir hundrað þjóðlöndum í viku hverri. Hér á landi tengja margir Prúðuleikarana við tímabilið þegar litasjónvörp urðu stöðugt algengari hjá almenningi, en eins og gefur að skilja breyttust ásjónur hins litskrúðuga persónugallerís afar mikið við þá nýjung. Gestaleikarar urðu sífellt frægari eftir því sem á leið og má telja Elton John, Paul Simon, Peter Sellers, Debbie Harry, Johnny Cash, Roger Moore, Sylvester Stallone, Twiggy og marga fleiri í þeim hópi.

Eftir að þættirnir luku göngu sinni hafa sjálfar brúðurnar, eða Prúðurnar, komið víða við í mörgum sjónvarpsþáttum, teiknimyndum og kvikmyndum. Ef marka má afbragðsgóð viðbrögð gagnrýnenda og almennings ytra við nýju kvikmyndinni verða að teljast allar líkur á að vinsældir Prúðuleikaranna gangi í endurnýjun lífdaga og haldi nafni Jims Henson á lofti lengi enn.

## JASON SEGEL

### Grét á fyrstu upplestraræfingunni

Nýja Prúðuleikaramyndin, The Muppets, kemur í bíó hérlendis í byrjun næsta mánaðar. Í stórum dráttum fjallar hún um brúðuna Walter, sem er heimsins mesti aðdáandi Prúðuleikaranna, og Gary bróður hans, sem leikinn er af gamanleikaranum Jason Segel (sem gert hefur garðinn frægan í nokkrum af best heppnuðu grínmyndum síðari ára á borð við Forgetting Sara Marshall og I Love You, Man og sjónvarpsþættinum How I Met Your Mother). Bræðurnir og May unnusta Gary, sem leikin er af Amy Adams (Catch Me If You Can, The Fighter), þurfa að afla tíu milljóna dala til að forða því að Prúðuleikhúsið, þar sem gömlu Prúðuleikaraþættirnir gerðust að mestu leyti, verði lagt í eyði af olíubaróninum ósvífna Tex Richman (leiknum af Chris Cooper) og beita til þess öllum tiltækum ráðum.

Í viðtali við Huffington Post segist Segel hafa verið einlægur aðdáandi Prúðuleikaranna frá barnsaldri og það hafi einfaldað honum að komast að kjarna persónanna, en Segal skrifar handrit myndarinnar við annan mann ásamt því að leika aðalhlutverkið. Svo djúpt segist leikarinn hafa kafað ofan í sálarlíf Prúðuleikaranna að hann brást í grát þegar hann heyrði Steve Whitmire (sem leikið hefur Kermit frá ótímabæru andláti Jims Henson árið 1990) lesa línur frosksins í handritinu á fyrstu upplestraræfingu.

„Ég hágrét ekki, heldur var þetta mun vandræðalegra en það," segir Segel. „Þetta var svona grátur þar sem þú reynir af öllum mætti að láta fólk ekki sjá að þú sért grátandi, svo þú herpir varirnar saman, en varirnar eru samt skjálfandi. Svo skyndilega byrjuðu tárin að renna niður andlitið á mér og ég gat ekkert gert til að fela þau. Við gerðum fimm mínútna hlé á æfingunni. Það versta var að ég er líka einn af framleiðendum myndarinnar og sem slíkur er ég yfirmaður. Undirmennirnir gláptu á mig og veltu því væntanlega fyrir sér hvort ég yrði sífellt brestandi í grát út allt framleiðsluferlið."



**AÐDÁANDI** Jason Segel, aðalleikari, handritshöfundur og framleiðandi nýju Prúðuleikaramyndarinnar, ásamt frægasta leikbrúðupari sögunnar. NORDOCPHOTOS/GETTY

Spurður hvort hinir ljúfu og góðu Prúðuleikarar passi vel inn í heimsmynd dagsins í dag, sem mörgum þykir talsvert kaldhæðnari og jafnvel illkvittnari en á mektardögum Kermits og félaga, segir Segel vissulega rétt að Prúðuleikarnir sé ljúfir og góðir. „En Prúðuleikararnir eru líka beittir. Það er eitt af því sem er svo frábært við þá. Í gamla daga gátu þeir alltaf gert flugbeitt grín, en aldrei á kostnað annarra. Það finnst mér mikilvæg skilaboð til æskunnar í dag. Það er hægt að gera grín, án þess að það sé á kostnað annarra, en samt vera töff."

Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

prýðum & plöntum

Við gróðursetjum lifandi tré í skógrækt skáta að Úlfljótsvatni fyrir hvert Sígrænt jólatré sem keypt er. Þú prýðir híbýli þín með Sígrænu jólatré og stuðlar að skógrækt um leið!

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir

## PRÚÐULEIKARARNIR Í ELDLÍNUNNI

### Sakaðir um að hata olíuiðnaðinn



Prúðuleikararnir, og sér í lagi nýjasta bíómyndin The Muppets, voru gerðir að umtalsefni í þættinum Follow the Money á Fox-sjónvarpsstöðinni í síðustu viku, en þar ræddu stjórnandinn Eric Boiling og viðmælandi hans, Dan Gainor frá Conservative Media Research Center, um söguþráð myndarinnar. Þótti Boiling nafn olíubarónsins Tex Richman, sem vill rífa niður Prúðuleikhúsið í myndinni, vera skýrt dæmi um vilja framleiðendanna til að koma illu orði á olíuiðnaðinn.

Gainor tók í sama streng og kallaði söguþráðinn aðeins nýjasta dæmið um vilja Hollywood til að þröngva boðskap vinstrimanna upp á áhorfendur.

„Það er ótrúlegt að sjá hversu langt vinstrifólk er til í að ganga til að ráðskast með börnin ykkar og vekja andúð þeirra á stórfyrirtækjum," sagði Gainor og bætti við að vinstrifólk, fjölmiðlar og Hollywood hefðu haldið uppi andolíuiðnaðarboðskap áratugum saman.

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

desember 2011

## Hollt í munn og maga

Barnavagninn er nýjung hjá eigendum Ávaxtabílsins, en þar eru á boðstólum sex tegundir af íslenskum barnamat.

SÍÐA 6





## Algjör draumaprins

Hjónin Konráð Vestmann og Sólrún Eyfjörð Torfadóttur hlakka mikið til að halda fyrstu jólin með ættleiddum syni.

SÍÐA 2




MÓDERN




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Við Guð erum sammála um jólin

Systurnar **Rebekka og Þóra Katrín Þórsdætur** ætla að gefa krafta sína til hjálpar náunganum í þriðja sinn á aðfangadagskvöldi jóla þegar þær leggja alúð í jólahald Hjálpræðishersins.

Hann pabbi átti hugmyndina að því að við fjölskyldan veittum liðsinni okkar í jólamat Hjálpræðishersins á aðfangadagskvöld. Hann starfar hjá Rauða krossinum og við fjölskyldan erum öll höll undir hjálpar- og sjálfboðastarf. Hugmyndin var hins vegar ekki rædd neitt frekar uns ég ýtti á eftir henni þegar nær dró jólum og við drifum í þessu sem einhuga fjölskylda,“ útskýrir Rebekka, sem enn einu sinni mun verja aðfangadagskvöldi í sjálfboðastarfi með Þóru Katrínu, föður sínum og móður hjá Hernum.

„Sjálfboðastarfið er afar fullnægjandi og sameinar fjölskylduna. Mér finnst yndisleg tilfinning að gefa af sjálfri mér með þessum hætti og get ekki hugsað mér jólin öðruvísi. Þetta fær mann til að hugsa upp á nýtt og veitir tæra vellíðan,“ segir Rebekka.

Á aðfangadagskvöld tekur Rebekka þátt í úthlutun jólamatarins, afhendingu jólapakka, jólasöngvum og dansi í kringum jólatréð með gestum Hjálpræðishersins á helgustu nótt ársins.

„Þegar upp er staðið snúast jólin um það eitt að gefa af sjálfum sér kærleika, vellíðan og ljós; að gefa frá sér, með sér og af sér. Þannig upplifum við öll hinn sanna jólaanda og bíðum með okkar eigin jól á meðan,“ segir Rebekka, sem með fjölskyldu sinni endurtekur

FRAMHALD Á SÍÐU 4


VANDAÐAR HEILSUVÖRUR

3ja ára ábyrgð.

MEDISANA® made for Life



**Medisana 88934**
Nuddsæti með 5 nuddsvæði. Hita eiginleiki. Fjarstýring. 12v straumbreytir fylgir. Hægt að nota í bíl. Slekkur sjálfkrafa á sér eftir 15 mín. 3ja ára ábyrgð.

VERÐ 12.995 FRÁBÆRT VERÐ



**Medisana 51067**
Einfaldur blóðþrýstingsmælir á úlnlið. Sýnir blóðþrýsting og púls. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt.

VERÐ 4.995 FRÁBÆRT VERÐ



**Medisana 60147**
Þægilegur hitapúði fyrir háls og bak. 3 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 90 mín. Má handþvo. 100w. 30 x 40 sm.

VERÐ 6.995 FRÁBÆRT VERÐ

- HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740
- EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700
- GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600
- GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380
- SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Heimilistæki ht.is



Sólveig Gísladóttir
skrifar

# Fyrir börnum haft

Mamma þín er rugludallur," sagði þriggja ára dóttir mín hátt og snjallt við dúkkuna sína. Eftir smá umhugsun og furðusvip af hálfu móður hennar áttaði ég mig á því að þarna væri á ferðinni fremur góð aðlögun að hinu klassíska leikriti um Dýrin í Hálsaskógi. Leikritið er í miklu uppáhaldi hjá þeirri stuttu þessa dagana og ekki síst samskipti Mikka refs við bakarameistarann þar sem Mikki lætur þau fleygu orð falla: „Hann afi þinn var rugludallur."

Ég hafði svo sem áttað mig á því áður en þarna fór ég að velta sérstaklega fyrir mér hversu hæfileikarík börn eru að muna það sem fyrir þeim er haft. Það er vitanlega grunnur þess að þau geti lært og standi sig í lífinu. Oft á tíðum grípa þau hins vegar á lofti fullyrðingar sem ekki eru þeim ætlaðar, já eða nokkrum manni. Það getur orðið hálf neyðarlegt þegar þau endurtaka þessar fullyrðingar á viðkvæmum stundum. Hver kannast ekki við vandræðasvipinn á foreldrum þegar börn þeirra benda á feitu konuna eða karlinn í sundi?

Þar sem við foreldrarnir höfum gert okkur grein fyrir þó nokkurri athyglisgáfu dóttur okkar reynum við að vara okkur á að ræða viðkvæm málefni í nálægð við hana og einskorða okkur við það sem getur leitt til einhvers uppbyggilegs lærdóms síðar á ævinni. En það eitt dugar þó ekki til til að ala upp draumaeinstaklinginn því áhrifavaldarnir eru víða. Afar og ömmur, frændur og frænkur, systkini og ekki síst sjónvarpið hafa sín áhrif á uppeldi barnanna. Þá dvelja þau stóran hluta úr degi á leikskóla og margur lærdómurinn er þaðan dreginn. Langoftast jákvæður, enda leikskólakennararnir upp til hópa sómafólk. Þá læra börnin á leikskólanum heilmargt hvert af öðru og því koma áhrifin ekki aðeins frá þeim heldur líka foreldrum þeirra.



Ég hef til dæmis lúmskan grun um að öll vitneskja dóttur minnar um litaval í fötum sé komin frá jafnöldrum hennar. Hún hefur frá unga aldri verið klædd hvort heldur sem er í bleikt, blátt, grænt eða gult og ég hef lagt áherslu á að fólk megi almennt klæðast því sem það vilji. Samt sem áður lendi ég iðulega í rökræðum við þá stuttu sem heldur því fastlega fram að strákar megi alls ekki klæðast fjólubláu, hvað þá bleiku, og það varði nánast við lög að gera slíkt. Þegar ég andmæli og bendi henni á að pabbi hennar eigi bleika skyrtu hefur hún komið sér upp hinu fullkomna varnarkerfi. Afneitun.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Vera Einarsdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Valgarður Gíslason Pennar: Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Róald Viðar Eyvindsson, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Sólveig Gísladóttir Auglýsingar: *Ívar Örn Hansen. ivarorn@365.is*



**Sameinuð** Konráð og Sólrún ásamt syninum Degi Kai. MYND/HEIDA.IS

# Jólin mega alveg koma

Hjónin **Konráð Vestmann** og **Sólrún Eyfjörð Torfadóttir** ættleiddu lítinn dreng, Dag Kai, frá Kína fyrr á árinu. Fjölskyldan er nú í óðaönn að undirbúa fyrstu jólin saman.

Konráð Vestmann matreiðslumeistari og Sólrún Eyfjörð Torfadóttir eru búin að vera gift í tæp fjórtán ár. Barneignir voru frá upphafi ofarlega á dagskrá en fljótlega kom í ljós að þau áttu ekki kost á þeim með hefðbundnum leiðum og í framhaldi ákváðu þau að ættleiða barn. Fyrr á árinu gekk ættleiðingin eftir og hjónin fengu níu mánaða dreng frá Kína eftir fimm ára bið.

„Þetta var löng og ströng bið en við erum sannarlega þakklát í dag því Dagur Kai er algjör draumaprins. Biðin var því vel þess virði og við hefðum beðið lengur eftir að við kynntumst honum, ef nauðsyn hefði krafið," segir Sólrún glöð í bragði þegar blaðamaður slær á þráðinn til þeirra hjóna norður á Akureyri þar sem fjölskyldan er búsett.

Aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir frá því að Sólrún og Konráð sóttu Dag Kai til Kína en þangað hafði hvorugt komið áður. Þau fóru ásamt hópi íslenskra hjóna utan í sömu erindagerðum sem áttu langt og viðburðaríkt ferðalag fyrir höndum áður en komið var á endastöð í héraðið Jiang Su á austurströndinni þaðan sem drengurinn er ættaður. Þar var haldið beint á ættleiðingastöðina þar sem hjónin áttu erfitt með að hemja tilfinningarnar meðan beðið var eftir börnunum.

„Við þurftum að bíða í klukkutíma og þetta er lengsti klukkutími sem ég hef á ævinni upplifað. Þolinmæðin var bara á þrotum eftir alla þessa löngu bið, taugarnar búnar," minnist Sólrún og Konráð samsinnir því. Segir skrítna tilfinningu hafa svo fylgt því að heyra nöfnin þeirra loks kölluð upp þegar komið var með drenginn inn á biðstofuna. „Það var dýrðlegt að fá hann í hendurnar. Hann var barnið okkar og eitthvað svo fullkominn í alla staði."

Heimferðin gekk ekki átakalaust fyrir sig. Dagur Kai fékk mikinn hita sem endaði með spítalaferð sem hjónin minnast með óhug. „Þarna ríkti algjört öngþveiti gagnstætt því sem við höfðum áður upplifað í Kína. Fólk ruddist fram fyrir hvert annað og starfsfólkið var ópersónulegt," segir Sólrún. Drengurinn fékk þó skjóta greiningu á meininu, sem reyndist vera sýking í öndunarfærum, og viðeigandi lyfjameðferð áður en haldið var heim til Íslands og stóð sig allan tímann eins og lítil hetja, segja hjónin.

Þetta var í ágúst og síðan hefur Dagur Kai verið að venjast foreldrum sínum og nýjum heimkynnum. „Við elskuðum hann frá upphafi en hann þurfti sinn tíma til að mynda tengsl við okkur og það gerðist hægt og rólega. Nú er eins og við höfum alltaf verið foreldrar hans," upplýsir Sólrún og segir fjölskylduna hlakka til að verja fyrstu jólunum saman. „Hingað til höfum við haldið þau heima hjá foreldrum okkar en verðum nú bara þrjú á aðfangadag og tökum svo á móti vinum og vandamönnum. Satt best að segja bíðum við hans með óþreyju. Jólin mega alveg fara að koma, enda eiga þau eftir að verða yndisleg."

*- rve*




SAMVERA



**Jólastemning á Ingólfstorgi** Jólamarkaðurinn á Ingólfstorgi var opnaður formlega í vikunni. Þar verður fjölmargt í boði, allt frá hönnun, handverki og listmunum til kjöts beint frá býli og jólaskrauts. Jólamarkaðurinn, sem áður var á Hljómalindarreitnum, er starfræktur í fallega skreyttum bjálkakofum og verður viðburðahald fjölbreytt á Ingólfstorgi fram að jólum. Vel getur verið að glytta muni í gömlu jólasveinana og Grýlu móður þeirra, en þau verða á ferðinni um miðborgina fram að jólum. Jólamarkaðurinn verður opinn frá kl. 14 til 18 fyrstu vikuna, en frá 15. desember frá kl. 14-20.


ego dekor
HETTHI
Stækkanleg eikarborð
Stærð: 160 (248)X100cm
Verð: 169.900,-
Stærð: 200(288)X110cm
Verð: 189.900,-
-20%
WIND Tungusófi
Stærð: 292x167 -Skrautpúðar fylgja
Verð: 244.000,-
Tilboðsverð: 195.200,-
HETTHI Eikarskenkur
Stærð: 180X45XH:125cm
Verð: 195.000,-
PEGASO stóll
Verð: 18.900,-
TOPAZ leðurstóll
Tilboðsverð:14.365,-
TWIST leðurstóll
Verð:16.900,-
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM
-15%
LUND
4ra sæta og skemill
Stærð: 290 cm
Verð: 229.000,-
Tilboðsverð: 194.650,-
JANE
armstóll
Verð: 29.900,-
BAR Lady Rock
Verð: 105.000,-
RONNE stóll
Verð: 29.900,-
-15%
KUND tungusófi
Stillanlegir höfuðpúðar
Stærð: 303X165
Verð: 265.000.-
Tilboðsverð 225.250,-
COMO
Svart vengi
ERIC skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-
-20%
MARGARET tungusófi
Stærð: 286X172
Verð: 245.000.-
Tilboðsverð 196.000,-
CARLO borðstofuborð
Stærð:220X100
Verð: 108.000,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

# jólaskemmtun

syngjum og dönsum ...

**Akureyringar og nærsveitungar** ættu að komast í jólaskap á laugardagskvöld því þá verða tvennir tónleikar á jólalegum nótum í Hofi. Það er Baggalútur sem sér um fjörið, en tónleikar sveitarinnar eru löngu búnir að festa sig í sessi sem órjúfanlegur hluti af jólaundirbúningnum. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.





**Englaraddir jóla** Benedikt og Pétur Bjarni í hátíðlegum búningi Drengjakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju. Þeir segja kórstarfið skemmtilegt og eitt mesta fjörið að fara í æfingabúðir í Hlíðardalsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hamborgarhryggur betri en jólapakkar

Kórdrengirnir **Benedikt Gylfason** og **Pétur Bjarni Einarsson** syngja með Drengjakór Reykjavíkur við jólamessu í Hallgrímskirkju á öðrum degi jóla. Þeir segja gott að geta gefið af sjálfum sér og glatt kirkjugesti með söng sínum.

Í mínum huga snúast jólin um kærleikann og mér þykir góð tilfinning að syngja fyrir kirkjugesti í jólamessum. Þá er andrúmsloftið svo hátíðlegt og ég vanda mig enn meir en vanalega," upplýsir Benedikt og Pétur Bjarni kinkar kolli til samþykkis. „Jólalögunum fylgir meira stuð og það kemur mér í jólaskap að syngja í kirkjunni um jólin því stundin er ein sú hátíðlegasta á árinu; miklu hátíðlegri en 17. júní," segir Pétur Bjarni og nefnir sitt uppáhaldsjólalag úr dagskrá komandi jóla, sem er þýska jólalagið Maria Durch ein Dornwald ging, en Nóttin var sú ágæt ein er í dálæti hjá Benedikt.

Þeir Pétur Bjarni og Benedikt eru báðir níu ára og byrjuðu í Drengjakór Reykjavíkur haustið 2010. Þar syngja þeir fyrsta sópran, sem er hæst radda í drengjakórum. Þeir segjast hafa byrjað í kórnum vegna mikils áhuga á söng, en báðir læra enn fremur á píanó og stunda boltaíþróttir.

„Kórdrengirnir eru allir orðnir vinir og skemmtilegast þykir mér að fara í æfingabúðir í Hlíðardalsskóla í Ölfusi, þar sem við æfum söng og leikum okkur þess á milli," segir Pétur Bjarni.

„Mér finnst skemmtilegast að syngja á stórtónleikum eins og nú um helgina með Frostrósum og Sissel Kyrkjebø í Hörpu. Þar eru fleiri áheyrendur og svo mikið um að vera," segir Benedikt og Pétur Bjarni bætir um betur: „Einn vinur minn gapti þegar ég sagðist mundu syngja með Frostrósum á aðventunni og fannst það alveg ótrúlegt. Hann þekkir kannski ekki Sissel, en allir krakkar þekkja Frostrósir."

Og kórdrengirnir hjartahreinu og hljómfögru hlakka mikið til jólanna.

„Ég verð að segja að maturinn er það skemmtilegasta við jólin. Hamborgarhryggur er uppáhaldsmaturinn minn og hann fæ ég bara um jól. Því er hann aðeins meira spennandi en jólapakkarnir því ég fæ oftar gjafir en hamborgarhrygg yfir árið," útskýrir Benedikt í einlægni.

„Ég held íslensk jól á aðfangadagskvöld og amerísk á jóladagsmorgunn. Ég fæddist í Ameríku og þaðan höfum við haldið þessum skemmtilega sið. Ég bý nefnilega hjá pabba og mömmu til skiptis og fæ svo margar gjafir að ég er heppinn að geta haldið tvöföld jól," segir Pétur Bjarni kátur. *- þlg*

FRAMHALD AF FORSÍÐU

aðfangadagskvöld á jóladagskvöld í staðinn, með jólamat, gjöfum og hátíðarstemningu við jólatréð.

„Í fyrra mættum við klukkan þrjú á Herinn til að undirbúa kvöldið sem best áður en gestir streymdu að og fórum ekki heim fyrr en að frágangi loknum að nálgast miðnætti á aðfangadagskvöld. Í jólamat Hjálpræðishersins kemur breið flóra fólks, mikið af einstæðingum og útlendingum en einnig barnafjölskyldur. Hátt í helmingur heldur heim að loknu borðhaldi en hinir dansa í kringum jólatréð og allir fá jólagjöf," útskýrir Rebekka sem hefur uppskorið hlýleg viðbrögð vina við þessum ráðahag fjölskyldunnar.

„Nokkrir vina minna urðu smávegis öfundsjúkir og þótti harla ólíklegt að geta fengið til liðs við sig alla fjölskylduna úr viðjum fastbundins jólahalds, en öllum þykir þetta lofsvert framtak og skemmtilegt," segir Rebekka, sem nú upplifir jólin upp á nýtt.

„Jólin hafa breyst mikið því nú snúast þau meira um það sem þau eiga að snúast um; að fylla allt af kærleika því það er svo yndislega gaman, en áður snerust þau um jólagjafir og jólafrí. Ég gef ekki af sjálfri mér af trúarlegum ástæðum heldur fyrir mannkynið allt og sjálfa mig. Hjá Guði snúast jólin um að elska náungann og hjá mér snúast þau líka um að elska náungann. Við Guð erum því mjög sammála um jólin." *- þlg*



**Kærleiksríkar systur** Þóra Katrín og Rebekka Þórsdætur í jólalegum hátíðasal Hjálpræðishersins.


# Frábær tilboð

Lay-Z-Spa heitir pottar.
Aðeins örfá stykki til á gamla verðinu.
69.900 kr.



Nazran motocross- og útivistarfatnaður á frábæru verði.





15X10 6X139,5
sex gata stálfelgur, passa undir flesta jeppa, á aðeins
9.990 kr.

Borgartún 36
105 Reykjavík
588 9747
www.vdo.is

VDO Offroad Line





20% afsláttur
helgina 9.-10. des.

Ný sending
beint frá London.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is


## Trúðabíó í Hafnarfirði

Gaflaraleikhúsið frumsýnir Jóla Trúðabíó í dag. Trúðabíóið er samspil leikhúss og klassískra gamanmynda á borð við myndir Charlie Chaplin og stjórna trúðarnir bíósýningunni á sinn einstaka hátt.

Þetta er í fyrsta sinn sem sýning á borð við þessa er sett upp á Íslandi en samspil trúðleiks og sýninga á klassískum gamanmyndum hefur verið vinsælt í Evrópu og Bandaríkjunum. Trúðleikur hefur verið að festa rætur í íslensku leikhúsi og það er markmið Gaflaraleikhússins að skapa starfsgrundvöll fyrir íslenskan trúðahóp. Ætlunin er að Trúðabíóið verði fastur liður í jóladagskrá Hafnarfjarðar. Fyrsta sýning verður klukkan 14 í dag. Önnur sýning verður á morgun og svo næstu sýningar svo 17. og 18. desember. Allar sýningarnar hefjast klukkan 14. Hægt er að panta miða á midi.is og gegnum netfangið midasala@gaflaraleikhusid.is



**Trúðslæti** Trúðar bregða á leik. MYND/GAFLARALEIKHÚSIÐ



**Jólatrjáamarkaður** skógræktarfélaganna verður opnaður við Umferðarmiðstöðina í dag klukkan 13. Fimm myndlistarmenn og hönnuðir skreyta tré og mun Dorrit Moussaieff velja best skreytta tréð á morgun. Kaffi og heitt kakó er á staðnum.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

**Laugardagur 10. des. milli kl 13-17**
(þetta eina skipti fyrir jól)

JÓLA BOMBA
Boston hvað????

- Fatnaður, mikið á eldri konur stærðir s-3xl.
- Eyrnalokkar 500-1500.
- Klútar, slæður 500-2500.
- Hárskraut, buddur og ýmislegt smádót.
- Leggings.
- Herrapeysur.
- 1500 kr slá.
- Vandaðar flíspeysur 2500 kr.
- Jólasveininn velkominn.

**Lyngháls 10. v/hliðina á Heiðrúnu ÁTVR.**

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor®
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstudaga 11-18
laugardaga 11-18 og sunndaga 13-17



MOKKAJKKAR
DÚNÚLPUR
ÍTALSKAR ULLARKÁPUR
SKINNKRAGAR
LOÐHÚFUR
PEYSUÚRVAL

Skoðið sýnishornin á laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

**Þorgrímur Þráinsson rithöfundur á sér margar hliðar og er höfundur að tveimur bókum fyrir þessi jól.**

# Maður verður að tala frá hjartanu



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þorgrímur Þráinsson er ekki óvanur því að hafa mörg járn í eldinum og hefur sjaldan hræðst að takast á við óvenjuleg verkefni. Rithöfundurinn á tvær bækur á jólabókamarkaðinum í ár, þó hvoruga barnabók, ætlar að baka loftkökur um helgina og glopraði því einnig út úr sér við blaðamann að hann væri búinn að skrifa handrit að sjónvarpsþáttum um það sem karlmenn þora ekki að tala um.

„Ég var búinn að lofa börnunum mínum að baka með þeim loftkökur. Þau hafa reyndar ekki mikla trú á mér því ég klúðraði lakkrístoppunum í fyrra – þá var hægt að borða með skeið," segir Þorgrímur.

Aldrei þessu vant er Þorgrímur ekki að gefa út barnabók fyrir þessi jól. Metsöluhöfundurinn kynntist Steina-Petru svokölluðu, Ljósbjörgu Petru Maríu Sveinsdóttur, sem er þekkt fyrir sitt víðfræga steinasafn á Stöðvarfirði, og að beiðni fjölskyldu hennar tók hann að sér það verkefni að skrifa bók um Petru. Hugmyndin var að bókin yrði fyrst og fremst til sölu á Steinasafninu fyrir ferðamenn en fjölskyldunni fannst upplagt að prófa að setja hana í búðir fyrir þessi jól úr því að hún var komin út. Fókusinn verður þó fyrst og fremst fyrir austan.

„Petra er einstök kona. Þegar ég hitti hana í fyrsta skipti hafði ég aldrei komið á Steinasafnið og það var guðdómlegt að fá að sitja í þessari orku og upplifa svipbrigði túristanna. Bókina prýða svo ótrúlega fallegar litmyndir eftir Erling

;FRAMHALD | 2




sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

25% afsláttur
af Gleðileg jól rúmfötum
áður 11.990 kr
nú 8.990 kr
takmarkað magn

Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220



**Sígildar jólaperlur** verða fluttar í Seltjarnarneskirkju í kvöld klukkan 17. Fram koma Þóra H. Passauer, Katla Björk Rannversdóttir, Guðrún Helga Stefánsdóttir og Halldór Unnar Ómarsson. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is


# Jólastemning við Grandagarð

**Við Grandagarð í Reykjavík blómstrar blómlegt listamannasamfélag í gömlu verbúðunum. Þar er líka Víkin Sjóminjasafn og á morgun verður jólamarkaður þar sem jólaandinn svífur yfir vötnum. Föndur fyrir börnin og dillandi harmónikuleikur gefur tóninn.**

Í gömlu verbúðunum á Grandagarði við höfnina í Reykjavík hafa að undanförnu sprottið upp gallerí, vinnustofur og verslanir þar sem íslenskir listamenn og hönnuðir vinna, sýna og selja verk sín. Ragnheiður Guðjónsdóttir myndlistarkona reið á vaðið og flutti inn í hrátt húsnæðið fyrir þremur árum. „Síðan fór að fjölga hérna fyrir um einu og hálfu ári og nú eru hér fimm listamenn og hönnuðir, auk þess sem sjötta rýmið verður opnað fljótlega," segir Ragnheiður. „Svo er Gallerí Grandi hérna og þar fást alls konar vörur eftir íslenska listamenn. Þetta er að verða heilmikið listasamfélag hérna hjá okkur."

Ragnheiður segir þó ekki mikið um að fólk kíki við á Grandagarðinum. „Það virðast ekki margir vita af þessu, eða þá að fólk nennir ekki að labba hingað. Hér er samt nóg af bílastæðum, svo það ætti ekki að standa heimsóknum fyrir þrifum, og við tökum vel á móti öllum sem kíkja við. Sumir virðast vera hræddir um að trufla okkur við vinnuna en það er mesti misskilningur. Við erum einmitt hér til að taka á móti fólki."

Það er fleira en listamannaverkstæði við Grandagarðinn. Á Grandagarði 8 er Víkin Sjóminjasafn til húsa og á morgun verður þar haldinn jólamarkaður sem listamennirnir munu nýta til að kynna vörur sínar. Markaðurinn hefst klukkan 12 og stendur til klukkan 17. Þar verður selt íslenskt handverk og listmunir, harmónikuleikari skemmtir gestum og boðið verður upp á jólaföndur fyrir börnin ásamt rjúkandi kaffi og með því á kaffihúsinu. Ingibjörg Áskelsdóttir, sviðsstjóri Sjóminjasafnsins, segir þetta vera tilraun sem vonandi heppnist svo vel að jólamarkaðurinn verði árlegur viðburður.

*fridrikab@frettabladid.is*



Ragnheiður Guðjónsdóttir við vinnustofuna í Grandagarði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Gefðu gjöf sem fegrar og hlýjar.

TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
GÓÐAR VÖRUR Á TILBOÐI
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16, sunnudaga 12-16, www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI


Framhald af forsíðu

Aðalsteinsson vin minn sem gera hana einstaka."

Þú hefur ekkert farið að safna steinum í kjölfarið? „Jú, þú getur rétt ímyndað þér, ég fer ekki í göngutúr núna án þess að vera með nefið ofan í jörðinni. Á borðstofuborðinu hjá mér núna er full askja af kúlulaga steinum sem ég hef tínt upp á síðkastið. Hver veit nema ég verði orðinn steinasafnari fyrir alvöru eftir örfá ár," segir Þorgrímur og viðurkennir að hann og Petra hafi náð vel saman því sjálfur þekki hann söfnunaráráttuna vel. „Konan mín veltist um af hlátri þegar hún rifjar upp hvað leynist í kössum uppi á háalofti. Gamlir tappar, eldspýtustokkar, frímerki og ég á fermingarservíetturnar mínar."

Færri vita að auk bókarinnar um Petru kemur út hvorki meira né minna en 720 blaðsíðna bók um Val 18. desember næstkomandi sem Þorgrímur skrifaði, en hann segist hafa gaman af því að ögra sjálfum sér og stökkva út úr rammanum, sem þekkt er orðið. Enginn getur gleymt árinu 2007 þegar Þorgrímur skrifaði bók sem þurfti töluvert hugrekki til að gefa út í litlu samfélagi. Bókin fjallaði á hreinskilinn hátt um hvernig karlmenn gætu gert konuna sína hamingjusama og Þorgrímur fékk mikil viðbrögð; þar á meðal póst frá alls kyns ólíku fólki sem þakkaði honum.

„Ég sem skrifaði þessa bók veit náttúrulega að maður gerir ekki aðra hamingjusama. Ef ég myndi skrifa þessa bók í dag yrði hún allt öðruvísi, ég er öðruvísi stemmdur. En ég er samt mjög stoltur af henni. Það næsta sem ég geri hvað þetta varðar er að skrifa sjónvarpsþætti um þessi mál, sem ég er reyndar búinn að, en mig langar til að selja þá til Bandaríkjanna en ekki hérlendis."



Men to men er vinnuheiti þeirra þátta og í þeim fjallar Þorgrímur um allt það sem karlmenn þora ekki að tala um opinberlega. „Þættirnir eru á svipuðum nótum og bókin. Sökum anna hef ég ekkert gert með þá en langar núna að fara að dusta rykið af þessu verkefni. Að komast inn á erlendan markað er svo eins og að koma úlfalda í gegnum nálarauga en þegar maður á eitthvað sem maður hefur trú á þá hættir maður ekki og hver veit nema það verði börnin mín sem verði rík af þessu."

En verður Þorgrímur með barnabók fyrir næstu jól? „Jú, ég stefni á að vera með barnabók á næsta ári enda sakna ég þess að fara í skóla og hitta krakkana því það er bæði nærandi og gaman. Börn eru svo fölskvalaus, einlæg og heiðarleg. Maður verður að tala frá hjartanu og þau skilja það. Ég býst við að vera áfram á andlegum nótum eins og ég var í Þokunni."

*juliam@frettabladid.is*


HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MASTERCARD VISA
DEKK SEM ÞÚ GETUR TREYST!
AMERÍSKU JEPPADEKKIN FRÁ MICKEY THOMPSON ERU ENDINGARGÓÐ OG HAFA EINSTAKA AKSTURSEIGINLEIKA.
TIL Í STÆRÐUM FRÁ 32-46" – ERU ÚRVALS HEILSÁRSDEKK OG HENTA VEL FYRIR MÍKRÓSKURÐ OG NEGLINGU.

MICKEY THOMPSON PERFORMANCE M/T TIRES & WHEELS
Frá árinu 1963 hefur Mickey Thompson verið leiðandi meðal framleiðenda á jeppadekkjum fyrir akstur utan vega jafnt sem á malbikinu. Rætur fyrirtækisins liggja í akstursíþróttum þar sem áreiðanleiki og gæði geta ráðið úrslitum.
568 2020 SÍMI | RAUÐHELLU 11 HFJ | HJALLAHRAUNI 4 HFJ
DUGGUVOGI 10 RVK | AUSTURVEGI 52 SELFOSS | PITSTOP.IS WWW
pitstop



JÓLAGJÖFIN
hennar og hans
Verð 24.000.-

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

# OPIÐ HÚS



**OPIÐ HÚS - LÍTTU Á VERÐIÐ !**
**JÖRFAGRUND 20- KJALARNESI**
**KL. 13-14 Í DAG**

Glæsilegt 178 fm endaraðhús á frábærum stað með sólpöllum, heitum potti og fallegum garði. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki.
Um er að ræða mjög smekklegt og fjölskylduvænt hús á EINSTÖKU **VERÐI. AÐEINS 29, 9 MILLJ.** Sjón er sögu ríkari. Kristinn tekur á móti þér og þínum í dag.

Ólafur B. Blöndal
Sími 6900811

FASTEIGNASALAN
fasteign.is
Ólafur B. Blöndal lögg. fasteigna- fyrirtækja- og skipasali
Suðurlandsbraut 18, Reykjavík
Sími 5 900 800

Erum á Facebook





## Landfestar auglýsa til sölu
## Fossháls 1 í Reykjavík

Til sölu er gott atvinnuhúsnæði við Fossháls 1, Reykjavík, samtals 522,9 m$^2$.
Þrjár stórar innkeyrsludyr, mikil og góð lofthæð. Húsnæðið er að grunnfleti 433 m$^2$ auk 90 m$^2$ millilofts þar sem er skrifstofa, eldhús og salerni.

Allar nánari upplýsingar veita:
**Atvinnueignir, s. 534 1020** | **Fasteignasalan Miklaborg, s. 569 7000**

Ólafur Jóhannesson
Löggiltur fasteignasali
gsm. 824 6703

Halldór Ingi Andrésson
Löggiltur fasteignasali
gsm. 897 4210

Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

LANDFESTAR
FASTEIGNAFÉLAG

Landfestar ehf. eru fasteignafélag í eigu Arion banka. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um hundrað og tíu þúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu leigutaka félagsins eru bæði ríkisstofnanir og nokkur af stærri fyrirtækjum landsins.
Landfestar ehf. Sími 422 1400, www.landfestar.is



## Landfestar auglýsa til sölu
## Fjölnisgötu 3b á Akureyri

Til sölu er gott atvinnuhúsnæði við Fjölnisgötu 3b, Akureyri, samtals 928,6 m$^2$.
Eignin er skráð á tvö fastanúmer. Annars vegar er um að ræða 451,5 m$^2$. Þar er stærsti hluti hússins með tvöfaldri lofhæð og góðri innkeyrsluhurð. Hins vegar er um að ræða 477,1 m$^2$ húsnæði sem áður var dreifistöð Símans, að auki eru skrifstofur og starfsmannaaðstaða í húsnæðinu.

Allar nánari upplýsingar veita:
**Fasteignasalan Byggð, s. 464 9955** | **Hvammur Fasteignasala, s. 466 1600**

FASTEIGNASALAN
BYGGÐ

HVAMMUR
FASTEIGNASALA
Sími 466 1600 ~ www.kaupa.is

LANDFESTAR
FASTEIGNAFÉLAG

Landfestar ehf. eru fasteignafélag í eigu Arion banka. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um hundrað og tíu þúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu leigutaka félagsins eru bæði ríkisstofnanir og nokkur af stærri fyrirtækjum landsins.
Landfestar ehf. Sími 422 1400, www.landfestar.is

# VÍÐIDALUR-FAXABÓL LÍTTU Á VERÐIÐ!



**Vorum að fá í sölu 15 pláss í sameiginlegu hesthúsi á Fákssvæðinu.**

**Um er að ræða:**

- 6x 2ja hesta stíur og eina 3ja hesta.
- Húsið er í mjög góðu ástandi utan sem innan.
- Stór og góð sameiginleg kaffistofa á efri hæð.
- Mjög góð inni og útiaðstaða bæði fyrir hesta og menn.
- Fimm gerði eru sitt hvoru megin við húsið
- Plássin seljast í lágmark 2ja hesta einingum,

**Verð pr. hest er kr. 1,0 millj. eða kr. 2,0 millj. fyrir 2ja hestastíu**



Ólafur B. Blöndal
Sími 6900811

FASTEIGNASALAN
fasteign.is
Ólafur B. Blöndal lögg. fasteigna- fyrirtækja- og skipasali
Suðurlandsbraut 18, Reykjavík
Sími 5 900 800

Erum á Facebook

# HEIMILI







**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457

# Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala



534 1020
www.atvinnueignir.is

## TIL LEIGU Kjalarvogur 10, / Gelgjutangi 104 Reykjavík





Um 540 fm. bifreiðaverkstæði. Iðnaðarsalur er með góðri lofthæð og einni gryfju, 6 háum innkeyrsludyrum ca. H 4,1 m X B 4,5 m Rúmgott plan er framan við húsnæðið, um 2.000 fm. sérnotaflötur. VSK-húsnæði. Laust frá og með 1. janúar 2012!





Um 650 fm. lagerhúsnæði. 3,6 m. háar innkeyrsludyr. Góð aðkoma. Innbyggð ca. 30 fm. eldtraust geymsla. Vörurekkar geta mögulega fylgt. Leigist aðeins út sem geymsluhúsnæði. VSK- húsnæði. Aðgengi er að stóru afgirtu útisvæði. Laust strax!



Um 770 fm. skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum með matsal sem tekur um 70 manns í sæti. Um 43 fm. skrifstofa með sérinngangi í sömu byggingu getur leigst út sérstaklega. VSK- húsnæði. Laust frá og með 1. janúar 2012!

## HAGSTÆTT LEIGUVERÐ!

**Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA,**
**löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali**

**Ólafur Jóhannsson, rekstrarfræðingur,**
**löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali**

**Magnús Kristinsson, verkfræðingur**
**löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali**




# Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

## Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Smáralind sendendum að kostnaðarlausu.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Smáralind

PÓSTURINN

Sölufulltrúar
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441
FRÉTTABLAÐIÐ

MJÓLKURSAMSALAN

**Mjólkursamsalan ehf. óskar eftir að ráða vélvirkja á tæknideild fyrirtækisins í Reykjavík.**
Um er að ræða framtíðarstarf við viðgerðir og smíði á ýmsum tækjum og búnaði.
Viðkomandi þarf að kunna ensku, kostur er að kunna eitt norðurlandatungumál.
Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá eiga berast í netfangið sigurdurs@ms.is **fyrir 21 desember.**

*Mjólkursamsalan ehf. er framsækið framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda og er eitt stærsta og traustasta matvælafyrirtæki landsins. Félagið rekur 5 starfsstöðvar víðsvegar um landið. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu félagsins www.ms.is.*

*Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um*
## *starf prófessors í myndlist á sviði tímatengdra miðla*

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf prófessors í myndlist á sviði tímatengdra miðla við myndlistardeild skólans. Umsækjandi skal vera starfandi myndlistarmaður og hafa verið virkur á síðustu árum í sýningarhaldi og listverkefnum.

Leitað er að listamanni sem vinnur með miðilinn á framsækinn hátt, og hefur yfirgripsmikla þekkingu á straumum og stefnum í samtímamyndlist.

Við ráðningu er lagt til grundvallar að umsækjandi hafi sérhæfingu á sviði videós, hljóðs, gjörninga eða annarra tímatengdra miðla, og hafi greinargóða þekkingu á virkni þeirra út frá listrænum og tæknilegum forsendum. Gerð er krafa um meistaragráðu í myndlist eða jafngilda þekkingu og reynslu. Umsækjandi skal hafa reynslu af kennslu myndlistar á háskólastigi og þekkingu á starfsemi háskóla.

Umsóknarfrestur er til **mánudagsins 9. janúar** næstkomandi.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólans: www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

# ERTU VANUR VEFARI?

**Össur hf. leitar að reynslumiklum og fjölhæfum einstaklingi með góða samskiptahæfileika í vefteymi fyrirtækisins.**

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá einu eftirsóttasta fyrirtæki landsins. Vefteymið hefur umsjón með um 25 heimasíðum og starfar náið með starfsfólki á sölu- og markaðsskrifstofum fyrirtækisins víða um heim.



**Starfssvið**
- Þátttaka í stefnumótun fyrir vefmál fyrirtækisins
- Þróun og innleiðing á nýju efni
- Leitarvélarbestun (SEO) og markaðssetning (SEM)
- Viðmótshönnun og önnur myndvinnsla
- Almennar uppfærslur á vefjum fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefstýringu og vefforritun (HTML, CSS, JS og myndvinnsla)
- Þekking og reynsla á Flash
- Framúrskarandi enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, vinnusemi og sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast á work@ossur.com fyrir 19. desember 2011. Vinsamlega setjið í fyrirsögn tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515-1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1800 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

ÖSSUR
Life Without Limitations®

# Rafvirki Ísfélagsins á Þórshöfn

ÍSFÉLAG VESTMANNAEYJA HF.
Stofnað 1901

**565932**
**Ísfélag Vestmannaeyja hf. óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa hjá félaginu á Þórshöfn.**

Undir starfssvið rafvirkja tilheyrir frystihús, fiskimjölsverksmiðja og skip félagsins eftir þörfum.

Aðalstarf rafvirkja er umsjón með rafbúnaði frystihúss og fiskimjölsverksmiðju. Einnig sér rafvirki um að viðhaldsvinna og kaup á rafmagnsvörum og búnaði séu sem hagkvæmust. Viðkomandi starfsmaður sér um lagerhald á rafbúnaði, keyrslu á mótorhúsi, frystivélum og vinnslubúnaði í samráði við vélstjóra.
Starfsmaður ber ábyrgð á að allar kröfur opinberra eftirlitsaðila til rafmagnsbúnaðar séu ávallt uppfylltar.

Leitað er að lærðum rafvirkja með reynslu í faginu og hæfni í mannlegum samskiptum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

## Lögfræðingur

Forsætisráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á skrifstofu löggjafarmála. Skrifstofa löggjafarmála sinnir meðal annars smíði frumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla á málefnasviði ráðuneytisins, þróun gæðaviðmiða fyrir löggjöf, sbr. handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, yfirlestri frumvarpa úr öðrum ráðuneytum áður en þau eru lögð fram í ríkisstjórn, nefndastörfum við endurskoðun laga, ritarastörfum fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál, svörum við fyrirspurnum og ráðgjöf vegna laga og reglna sem ráðuneytið ber ábyrgð á, yfirlestri samninga, almennri lögfræðilegri ráðgjöf til forsætisráðherra, ríkisstjórnar og forsætisráðuneytisins, þjóðlendumálum, leigusamningum vegna vatnsréttinda í eigu ríkisins og námskeiðahaldi fyrir starfsmenn ráðuneytanna á vegum Stjórnsýsluskóla Stjórnarráðs Íslands.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Góð þekking á sviði stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg, þ.m.t. beitingu upplýsingalaga og samningu úrskurða.
- Reynsla af gerð lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla æskileg.
- Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða ekki síðar en 1. febrúar næstkomandi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Þórhallsson skrifstofustjóri skrifstofu löggjafarmála í síma 545 8400. Gert er ráð fyrir ótímabundinni ráðningu í ofangreint starf og fer um launakjör eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast skriflega til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 150 Reykjavík, eigi síðar en 28. desember nk. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Umsvifamikil fasteignasala í Reykjavík óskar að ráða öflugan og drífandi starfskraft.**

**Mjög góð aðstaða í boði hjá fasteignasala með áratuga reynslu.**

Umsóknir vinsamlegast sendist á box@frett.is fyrir 20. desember merkt „Fasteignasala-12“



## Ert þú nátthrafn með ríka þjónustulund?

Hótel Klettur óskar eftir starfskrafi í móttöku. Um er að ræða næturvinnu og er vinnutíminn frá 19.30 - 7.30.

Hæfniskröfur:
- Hæfni í samskiptum
- Stundvísi
- Samviskusemi
- Rík þjónustulund
- Góð íslensku og enskukunnátta – kostur að kunna fleiri tungumál
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur til 1. janúar 2012.
Umsóknir sendist á sigurdur@hotelklettur.is

HÓTEL KLETTUR

Mjölnisholt 12-14, 101 Reykjavík / Sími 440 1600
E-mail: info@hotelklettur.is / www.hotelklettur.is

# Við leitum að reyndum lánastjóra og drífandi kerfisfræðingi

MP banki hf. er alhliða fjárfestinga- og viðskiptabanki. Staða MP banka er einstök sem eini bankinn sem er að fullu í eigu lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga og hefur bankinn enga aðstoð þegið frá stjórnvöldum.

Markmið MP banka er að vera leiðandi í fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga, fagfjárfesta, fyrirtæki og stofnanir og stuðla ávallt að ánægju og árangri viðskiptavina sinna með traustu viðskiptasambandi og sérsniðnum lausnum. MP banki tekur virkan þátt í uppbyggingu atvinnulífs og markaða á Íslandi með eflingu virks fjármálamarkaðar.



### Kerfisfræðingur

Leitað er eftir kerfisfræðingi til starfa á upplýsingatæknisviði MP banka. Ábyrgð starfsmannsins lýtur einkum að daglegum rekstri og þjónustu við notendur. Rík þjónustulund, geðprýði og skipulag eru nauðsynlegir þættir í fari þess sem ráðinn verður í starfið. Æskilegt væri að viðkomandi hafi einnig áhuga á taka þátt í tilfallandi forritunar- og gagnaverkefnum.

**Starfssvið:**
- Dagleg notendaþjónusta og kerfisumsjón
- Uppsetning og þjónusta á vél- og hugbúnaði
- Skipulögð dreifing hugbúnaðarlausna á vinnustöðvar
- Umsjón og rekstur á Windows netþjónum
- Umsjón með Sharepoint vefjum og lausnum
- Samskipti við birgja og þjónustuaðila

**Hæfniskröfur:**
- Kerfisfræðingur eða sambærileg tölvumenntun
- Góð þekking og reynsla á kerfislegu viðhaldi vinnustöðva í Windows umhverfi
- Góð þekking og reynsla á kerfislegu viðhaldi Windows netþjóna, Active Directory og Exchange server
- Góð þekking og reynsla af skipulagðri dreifingu hugbúnaðar á vinnustöðvar
- Góð þekking á Microsoft Office og öðrum hugbúnaði frá Microsoft
- Microsoft gráður eru kostur

### Lánastjóri á viðskiptabankasviði

Leitað er að einstaklingi til að starfa sem lánastjóri á viðskiptabankasviði MP banka. Lánastjóri hefur umsjón með lánasafni viðskiptabankasviðs og starfar í nánu samstarfi við útibússtjóra.

**Helstu verkefni:**
- Samningar og skjalagerð
- Alhliða ráðgjöf varðandi lánamál
- Fjárhagsgreining fyrirtækja og verkefna
- Undirbúningur og vinnsla lánsumsókna fyrir lánanefnd og stuðningur við viðskiptastjóra
- Mat á lánshæfni fyrirtækja
- Upplýsingagjöf til stoðdeilda
- Skapa og styrkja góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, rekstrar-, eða lögfræði
- Bankareynsla og mikil reynsla af lánamálum
- Mikil reynsla af skjalagerð s.s. lánasamninga skilyrði
- Gott læsi á ársreikninga og fjárhagsupplýsingar fyrirtækja
- Hæfni til að flytja og rökstyðja mál á fundum
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikill metnaður og frumkvæði í starfi

**Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri MP banka, hildur@mp.is. Umsóknarfrestur er til og með 16. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu MP banka, www.mp.is/starfsumsokn eða senda umsóknir á starf@mp.is.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Capacent Ráðningar

# FJÁRFESTINGASTJÓRI

Frumtak

**Frumtak leitar að öflugum einstaklingi til að meta fjárfestingakosti í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og til að aðstoða þau fyrirtæki sem fjárfest er í við uppbyggingu og rekstur þeirra.**

**Ábyrgðar- og starfssvið**

- Mat á viðskiptatækifærum og fjárfestingakostum
- Kynningar á fjárfestingatækifærum
- Seta í stjórnum félaga sem sjóðurinn fjárfestir í
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun fyrirtækja

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Löggilding í verðbréfamiðlun er æskileg
- Víðtæk fjármálaþekking
- Reynsla af fyrirtækjarekstri og/eða fjárfestingum
- Reynsla í að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta

Hlutverk Frumtaks er að fjárfesta í sprota og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útrásar. Sjóðurinn hefur það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útrás, en sérhæfir sig ekki í einstökum greinum. Sjóðurinn á hlut í um 13 fyrirtækjum og er árleg fjárfestingargeta sjóðsins um 600-800 milljónir á ári. Sjá nánar: www.frumtak.is

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 20. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi



## Starfsmenn í töfludeild

Í töfludeild fer fram lyfjablöndun sem felur í sér vigtun, blöndun og frumvinnslu hráefna. Einnig sér töfludeild um framleiðslu á töflum og hylkjum. Í störfunum felst einnig þrif á tækjum og framleiðslusvæðum, samsetning á vélum, skýrslugerð og skjalfesting. Unnið er í tólf tíma í senn á tvískiptum vöktum.

**Við leitum að einstaklingum:**

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem eru góðir í að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu

Skoðið myndbandið „Svona verða töflur til“ á www.actavis.is



**Hjá Actavis bjóðum við upp á:**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

actavis

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **18. desember nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

# Tækifærið þitt!

Sjá nánar á www.intellecta.is

- SAP kerfisstjóri
- Cisco / Microsoft sérfræðingar
- Rafmagnstæknifræðingur
- Solutions Architect-Data Warehouse

intellecta

*Síðumúla 5*
*108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*





# DEILDARSTJÓRI FASTEIGNA- OG FRAMKVÆMDADEILDAR

N1 auglýsir starf deildarstjóra fasteigna- og framkvæmdadeildar laust til umsóknar. Deildarstjórinn hefur meðal annars umsjón með fasteignum, dælu- og tæknibúnaði ásamt verklegum framkvæmdum félagsins. N1 á og rekur fasteignir víða um land upp á um 45.000m² en einnig er hluti húsnæðis fyrirtækisins leigt af þriðja aðila. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra vöru- og rekstrarsviðs N1. Leitað er eftir kraftmiklum og skipulögðum einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Verkefnastjórnun og umsjón með verklegum framkvæmdum
- Ábyrgð á tæknibúnaði til eldsneytissölu
- Þátttaka í stefnumótun varðandi fasteignir og búnað
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti við hönnuði, birgja og opinbera aðila
- Skipulag og mannauðsstjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Góð þekking og reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Stefánsson, framkvæmdastjóri vöru- og rekstrarsviðs í síma 440 1110 eða arni@n1.is. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá og nánari upplýsingum á netfangið atvinna@n1.is fyrir 28. desember nk.**

N1 er eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins á sviði bílatengdrar starfssemi. N1 þjónar fólki og fyrirtækjum á vel á annað hundrað afgreiðslustöðvum um land allt.

WWW.N1.IS N1 Meira í leiðinni



# Rafvirkjar óskast til Noregs!

**Norskt gróið rafverktakafyrirtæki óskar eftir að ráða íslenska rafvirkja frá og með janúar 2012.**

Rafvirkjar með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í faginu koma aðeins til greina.
Verða að vera tilbúnir að flytja út með fjölskyldur sínar til Noregs og setjast að í bæ, rétt fyrir norðan Bergen.

Sendið ferilskrá; nafn, menntun, nánari upplýsingar, meðmæli, ásamt ljósmynd á Friðrik Þór, íslenskan starfsmann fyrirtækisins, frikki61@gmail.com

Nóg vinna framundan og góð laun fyrir rétta menn!
**Umsóknarfrestur til 22. desember 2011.**



LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunarfræðingur

Leitað er að áhugasömum hjúkrunarfræðingum um hjúkrun kvenna og fjölskyldna þeirra. Umsækjendur verða að geta tekið allar vaktir og geta hafið störf í byrjun janúar 2012 eða eftir samkomulagi.
Kvenlækningadeild 21A er 24 rúma dag- og legudeild fyrir konur með bráða kvensjúkdóma og konur sem þurfa skurðaðgerð vegna góðkynja eða illkynja sjúkdóma í grindarholi og brjóstum. Deildin verður opin allan sólarhringinn, allt árið um kring frá 1. febrúar 2012.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið er mjög fjölbreytt og er m.a. fólgið í umönnun kvenna fyrir og eftir aðgerðir.

## Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður í starfi
» Góð hæfni í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 24. desember 2011.
» Starfshlutfall er 60-100%.
» Starfið veitist frá 1. janúar 2012 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Hrund Magnúsdóttir, deildarstjóri, netfang hrundmag@landspitali.is, sími 543 3041/ 825 3752.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á krabbameinslækningadeild 11E. Starfshlutfall og vinnutími er samkomulag en fastar næturvaktir koma vel til greina.
Deildin er 14 rúma legudeild og sinnir sjúklingum með krabbamein á öllum stigum sjúkdómsins. Lögð er áhersla á að skapa uppbyggjandi starfsumhverfi og veita einstaklingshæfða hjúkrun.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Sérhæfð hjúkrun sjúklinga með krabbamein
» Skipuleggur hjúkrun
» Skráir hjúkrun í samræmi við reglur LSH
» Fylgist með nýjungum í faginu
» Tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu

## Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Góð samskiptahæfni
» Faglegur metnaður

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 24. desember 2011.
» Starfshlutfall er 50 -100%.
» Starfið veitist frá 1. janúar 2012 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Steinunn Ingvarsdóttir, deildarstjóri, netfang steining@landspitali.is, sími 543 6210/ 6212.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.® IceCare Þín heilsa

## IceCare óskar eftir sölu og markaðs-fulltrúa fyrir GUM tannvörur

IceCare ehf., óskar eftir að ráða sölu og markaðsfull-trúa í hlutastarf.
Starfið felur í sér markaðssetningu og kynningu á GUM tannvörum ásamt samskiptum við tannlækna, apótek og annað fagfólk á sviði tannheilsu.
Í boði er skemmtilegt, líflegt og sveigjanlegt starf við eitt af þekktustu vörumerkjum heims.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og rík þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum er æskileg
- Menntun á sviði tannheilsu eða sambærilegu er kostur en ekki skilyrði

Umsóknir skal senda í tölvupósti til olof@icecare.is með upplýsingum um menntun og fyrri störf fyrir 16. desember 2011.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri sjúkrahússins á Akureyri

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri (FSA). Um er að ræða setningu til eins árs vegna leyfis forstjóra. Velferðarráðherra setur í stöðuna frá og með 1. febrúar 2012.

Sjúkrahúsið á Akureyri starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús og veitir sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og almenna sjúkrahúsþjónustu í sínu umdæmi. Þá annast sjúkrahúsið starfsnám í heilbrigðisvísindagreinum og starfar í nánum tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Sjúkrahúsið á Akureyri er annað stærsta sjúkrahús landsins og varasjúkrahús Landspítala. Að jafnaði eru um 630 manns starfandi á FSA í um 480 ársstörfum.

Forstjóri ber ábyrgð á að FSA starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu sjúkrahússins, að rekstrarútgjöld og rekstr-arafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogahæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd sem skipuð er af velferðarráðherra skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, sveinn.magnusson@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 23. desember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu í embættið hefur verið tekin.

*Laust starf hjá Hagstofu Íslands*

## Sérfræðingur í gagnasöfnun

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í Rannsóknir og gagnasöfnun. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofu Íslands. Starfið felst í að skipuleggja, samræma og innleiða gagnasöfnun frá fyrirtækjum og stofnunum í samræmi við viðurkenndar aðferðir og verklagsreglur í hagskýrslugerð. Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér hagnýtingu tölfræðilegra aðferða við mótun og þróun nýrra verkferla.

**Hæfniskröfur**
- ✓ Háskólapróf, framhaldsmenntun er kostur.
- ✓ Góð tölfræðikunnátta er nauðsynleg.
- ✓ Góð þekking á tölfræðihugbúnaði (svo sem R, SPSS, STATA) er nauðsynleg.
- ✓ Þekking og/eða reynsla af gagnagrunnum er kostur.
- ✓ Reynsla af gagnasöfnun er nauðsynleg.
- ✓ Góð samstarfs- og samskiptahæfni er nauðsynleg.
- ✓ Reynsla af greiningu og uppsetningu ferla er kostur.
- ✓ Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að sá sem ráðinn verður geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **12. desember 2011** og skulu umsóknir berast á eftirfarandi póstfang: *Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík*, eða rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is], sími 528 1000.



FERÐA MÁLA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

# VAKINN – GÆÐAFULLTRÚI

**Ferðamálastofa auglýsir lausa stöðu gæðafulltrúa VAKANS, gæða- og umhverfiskerfis ferðaþjónustunnar. Um er að ræða 100% starf. Starfsstöð gæðafulltrúa er á skrifstofu Ferðamálastofu í Reykjavík en starfið heyrir undir forstöðumann skrifstofu Ferðamálastofu á Akureyri. Starfið krefst töluverðra ferðalaga innanlands.**

**Helstu verkefni gæðafulltrúa:**
- Úttekt á ferðaþjónustufyrirtækjum sem eru í VAKANUM
- Gerð úttektarskýrslna
- Aðstoð við uppfærslur á viðmiðum og fylgigögnum VAKANS

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í ferðamálafræðum eða gæðamálum (BS próf)
- Þekking og reynsla af ferðaþjónustu
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast með tölvupósti til Elíasar Bj. Gíslasonar, elias@ferdamalastofa.is, eða á skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri og vera merktar starfinu. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða, en öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um starfið hefur verið tekin. Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. desember nk.**
og er óskað eftir því að viðkomandi einstaklingur geti hafið störf sem fyrst, en í síðasta lagi 1. febrúar 2012.

**VAKINN**
Í byrjun árs 2012 mun Ferðamálastofa taka í notkun nýtt gæða- og umhverfisflokkunarkerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu. Meginmarkmið VAKANS er að auka og efla gæði í ferðaþjónustu á Íslandi með handleiðslu og byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi. VAKINN er unninn í samvinnu Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Samtaka ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtaka Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elías Bj. Gíslason forstöðumaður skrifstofu Ferðamálastofu á Akureyri. Upplýsingar um starfsemi Ferðamálastofu er að finna á www.ferdamalastofa.is

VAKINN

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Umsjónarmaður fasteigna | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hveragerði | 201112/020 |
| Eftirlitsmaður í hlutastarf | Flugmálastjórn Íslands | Reykjavík | 201112/019 |
| Lögfræðingur | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201112/018 |
| Verkefnisstjóri | HÍ, Rannsóknarþjónusta | Reykjavík | 201112/017 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Seltjarnarnes | 201112/016 |
| Hjúkrunarfræðingur, afleysing | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Garðabær | 201112/015 |
| Skrifstofustarf | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201112/014 |
| Lektor í líffærafræði, líflyfjafræði | HÍ, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201112/013 |
| Lektor í þjóðfræði | HÍ, félags- og mannvísindadeild | Reykjavík | 201112/012 |
| Aðstoðarsaksóknarar | Ríkissaksóknari | Reykjavík | 201112/011 |
| Sérfræðingur í matvælaeftirliti | Matvælastofnun | Selfoss | 201112/010 |
| Sérfræðingur í þjóðhagsreikn. | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201112/009 |
| Ken. í stjörnufr. og eðlis- og efnafr. | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201112/008 |
| Vaktstjóri | Vegagerðin | Hafnarfjörður | 201112/007 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, kvenlækningadeild | Reykjavík | 201112/006 |
| Rannsóknarmaður | LSH, svefnrannsóknarstofa | Reykjavík | 201112/005 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, krabbameinslækningadeild | Reykjavík | 201112/004 |
| Yfirlæknir ofnæmislækninga | LSH, ofnæmislækningar | Reykjavík | 201112/003 |
| Forstöðumaður | Fangelsismálastofnun ríkisins | Kvíabryggja | 201112/002 |
| Kennari í jarðfræði | Fjölbrautaskóli Norðurl. vestra | Sauðárkrókur | 201112/001 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Störf við ræstingar!

**Hreint ehf óskar eftir að ráða starfsmenn til ræstinga á höfuðborgarsvæðinu**



Við leitum að jákvæðum, vandvirkum og samviskusömum einstaklingum, 20 ára eða eldri í dag-, síðdegis- og helgarræstingar.

Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu.

**Nánari upplýsingar: Borghildur Vilhjálmsdóttir í síma: 822 1885. Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Hreint ehf., www.hreint.is**

Hreint RÆSTING

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

- Reykjavík
- Akureyri
- Selfoss
- Akranes
- Hveragerði

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Hverfisstjóri í Breiðholti

Þann 11. nóvember s.l. samþykkti borgarráð að setja af stað tilraunaverkefni í Breiðholti til þriggja ára. Markmiðið með verkefninu er að þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum hverfisins til hagsbóta. Í verkefninu felst að ráða hverfisstjóra/-stýru í Breiðholti sem annast framkvæmdastjórn þjónustumiðstöðvar Breiðholts ásamt því að hafa yfirumsjón með samstarfi borgarstofnana í Breiðholti.

Hverfisstjórinn heyrir undir sviðsstjóra Velferðarsviðs í skipuriti borgarinnar.

**Starfssvið:**
- Forysta, yfirumsjón og ábyrgð á þjónustu, rekstri og starfsmannahaldi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og þeim starfseiningum sem undir hana heyra.
- Forysta og yfirumsjón með samstarfi borgarstofnana í Breiðholti og samþættingu verkefna í þeim tilgangi að bæta þjónustu við íbúa og efla samráð og samstarf við íbúa um þróun þjónustunnar.
- Annast undirbúning funda hverfisráðs og framkvæmd verkefna fyrir hverfisráð.
- Starfa með stýrihóp þvert á svið borgarinnar sem settur verður á laggirnar í tengslum við tilraunaverkefnið.
- Taka þátt í yfirstjórn Velferðarsviðs samkvæmt fyrirkomulagi sem sviðsstjóri setur.
- Önnur þau verkefni sem hverfisstjóra eru falin.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking og reynsla af stjórnun og opinberri stjórnsýslu.
- Þekking og reynsla af rekstri og starfsmannahaldi.
- Reynsla af samþættingu þjónustu er kostur.
- Þekking eða reynsla af þátttökulýðræði er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, frumkvæði, metnaður, forystuhæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Um launamál fer samkvæmt ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs, netfang: stella.kristin.vidisdottir@reykjavik.is og Lóa Birna Birgisdóttir, starfsmannastjóri, netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og í síma 411 9000.

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is fyrir 18. desember n.k.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti forstöðumanns fangelsins á Kvíabryggju laust til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir embætti forstöðumanns fangelsisins á Kvíabryggju laust til umsóknar. Miðað er við að innanríkisráðherra skipi í embættið frá og með 31. janúar 2012 til fimm ára, sbr. 5. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Fangelsi ríkisins eru starfrækt á grundvelli laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og reglugerðar nr. 961/2005.

Forstöðumaður fangelsis ber ábyrgð á að fangelsið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Hann ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn er í samráði við Fangelsismálastofnun og að fjármunir séu nýttir á eins árangursríkan hátt og kostur er. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri fangelsis og gefur fyrirmæli þar að lútandi í samræmi við lög og reglugerðir. Þá ber hann ábyrgð á starfsmannahaldi, skipulagi öryggis og þjónustu í fangelsinu. Forstöðumaður sér til þess að starfsmenn fangelsisins ræki störf sín af alúð og samviskusemi þannig að föngum sé tryggð örugg og skipuleg fangavist, að mannlegrar virðingar sé gætt og að fangar fái þá þjónustu og aðhlynningu sem þeim ber. Forstöðumaður hefur, samkvæmt ákvæðum laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, ákvörðunarvald um ýmis atriði er varða réttindi og skyldur fanga. Nánari upplýsingar um starfsemi fangelsisins á Kvíabryggju má finna á www.fangelsi.is .

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um, eftir því sem við á: 1) menntun, 2) reynslu af störfum innan fullnustu- og refsivörslukerfisins, 3) reynslu af stjórnsýslustörfum, 4) reynslu af stjórnun og rekstri stofnana eða fyrirtækja, þ.m.t. starfsmannahaldi, áætlanagerð og verkefnastjórnun, 5) upplýsingar sem snúa að andlegu atgervi, mannlegum samskiptum og sjálfstæði í störfum, 6) upplýsingar um þrjá núverandi eða fyrrverandi samstarfsmenn sem geta veitt upplýsingar um störf, samstarfshæfni og aðra hæfni umsækjanda, 7) sakarvottorð.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið postur@irr.is eða skriflega til innanríkisráðuneytis, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum skulu umsækjendur gefa upp tölvupóstfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 28. desember n.k. Nánari upplýsingar um starfið veita Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 545 9000 og Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, í síma 520 5000.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*7. desember 2011.*

Vífilfell

# ÖFLUGIR EINSTAKLINGAR Í STERKA LIÐSHEILD

**Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífilfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola® Company þar fremst í flokki.**

**Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki.**

**Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.**

**Vilt þú ganga til liðs við okkur?**

## Sérfræðingur á fjármálasviði

Sérfræðingurinn mun annast útboðs- og samningsgerð við helstu birgja Vífilfells, auk þess að hafa eftirlit með öllum innkaupum og innkaupaferlum. Starfið felur í sér mikil innlend og erlend samskipti og krefst ríkrar hæfni í mannlegum samskiptum. Um nýtt starf er að ræða sem viðkomandi mun taka þátt í að þróa. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

**Starfssvið:**
- Samningagerð og samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Tækifæra- og kostnaðargreiningar
- Ráðgjöf og stuðningur við afkomusvið félagsins
- Innleiðing umbótaverkefna og eftirfylgni
- Mótun innkaupastefnu

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð rekstrar- og stjórnunarreynsla, einkum mtt. inn- og útflutnings, hagræðingar í rekstri og samningagerðar
- Víðtæk reynsla af samningagerð
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi
- Skilningur á helstu þáttum gæðastjórnunar
- Góð þekking á upplýsingatækni og greiningarvinnu í Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta

## Viðskiptastjóri matvöruverslana

Viðskiptastjóri hefur umsjón með viðskiptum við skilgreindan hóp viðskiptavina á matvörumarkaði. Hann ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni viðskiptasamninga og söluherferða, hefur eftirlit og umsjón með sölu, þjónustu og arðsemi sinna viðskiptavina og vinnur stöðugt að bættu samstarfi við þá. Viðskiptastjóri hefur yfirgripsmikla þekkingu á vöru- og þjónustuframboði Vífilfells og kynnir nýjungar og lausnir fyrir viðskiptavinum sínum. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra sölu- og þjónustusviðs.

**Starfssvið:**
- Gerð og eftirfylgni með söluáætlunum og uppbyggingu viðskipta
- Greina þróun viðskipta og meta frávik frá áætlunum, finna leiðir til úrbóta og þróunar
- Fylgjast með þróun og nýjungum á markaði

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Haldbær reynsla sem nýtist í starfi, þekking á matvörumarkaði
- Samningatækni og rík þjónustulund
- Samvinnuhæfni og vilji til að vinna með ólíkum teymum
- Gagnrýnin hugsun, skipulagshæfileikar og hugmyndaauðgi
- Sannfæringarkraftur, árangursdrifni og metnaður
- Hæfni til að koma efni frá sér í töluðu og rituðu máli

## Starfsþróunarstjóri

Starfsþróunarstjóri sér um þróun og fræðslu starfsmanna í samvinnu við framkvæmdastjóra starfsmannasviðs og aðra stjórnendur. Hann sér um að byggja upp öflugt fræðslustarf sem mætir kröfum fyrirtækisins um að þar starfi starfsmenn í fremstu röð með þá hæfni sem þarf til að skila hágæða vörum og þjónustu til viðskiptavina. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra starfsmannasviðs.

**Starfssvið:**
- Ráðgjöf til stjórnenda um markvissa mannaflastjórnun, þ.m.t einstaklingsbundnar starfsþróunaráætlanir, starfsmannasamtöl og aðstoð við greiningu færniþátta til starfa
- Halda skrár yfir menntun, þjálfun, kunnáttu og reynslu starfsmanna (hæfnisþarfir og þarfagreiningar)
- Greina þarfir, leita lausna, meta árangur og endurskoða starfsþróun fyrirtækisins
- Vera í tengslum við menntastofnanir og aðila á sviði símenntunar
- Umsjón með símenntunarstarfi
- Umsjón samninga og framkvæmd miðlægra fræðslu- og starfsþróunarverkefna
- Aðstoð við ráðningar og nýliðamóttaka
- Þátttaka í jafnréttisstarfi fyrirtækisins
- Samvinna við gæðastjóra vegna gæðakerfis
- Umsjón með móttöku nemendahópa
- Viðburðarstjórnun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólagráða á sviði fræðslu, kennslu, mannauðsstjórnunar eða sambærilegt
- Reynsla af uppbyggingu og skipulagningu námskeiða
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ríkir skipulagshæfileikar
- Góð tök á verkefnastjórnun
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni

## Markaðssérfræðingur

Hlutverk markaðssérfræðings er að þróa og innleiða ný vinnubrögð í markaðssetningu á vörumerkjum Vífilfells á sölustöðum. Viðkomandi mun byggja upp þekkingargrunn og þróa aðferðafræði sem nýtist sölu- og markaðsdeildum fyrirtækisins og hafa þannig áhrif á fyrirtækjamenningu Vífilfells, þjónustustaðla og árangursmælingar. Viðkomandi samhæfir jafnframt og tekur þátt í innleiðingu markaðsaðgerða á sölustöðum í samráði við sölu- og markaðsdeildir. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra markaðssviðs.

**Starfssvið:**
- Þekkingaruppbygging og miðlun þekkingar innan sviðsins
- Stefnumótun markaðsmála
- Gerð aðgerðaráætlana í samvinnu við sölu- og markaðsdeildir
- Árangursmælingar, rannsóknir og greining gagna um virkni markaðsstarfs
- Greining tækifæra og ógnanna
- Ráðgjöf og samvinna við viðskiptstjóra um gerð áætlana

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, markaðsfræða eða sambærilegt
- Haldbær reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á matvörumarkaði er mikill kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð samskipta- og samvinnufærni
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Mikill áhugi og þekking á markaðsmálum
- Góð tök á verkefnastjórnun
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð og þjónustulund
- Metnaður til að ná árangri í starfi

HAGVANGUR

**Nánari upplýsingar veita:** Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is // Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
**Fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá Hagvangi.**
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk.**



# Þína yfirsýn í lið með okkur

**Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með metnað til að halda áfram öflugri uppbyggingu tekjustýringar hótelanna og glöggt auga fyrir nýjum tækifærum.**

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af og þekkingu á tekjustýringu eða sambærilegum störfum. Við leggjum mikla áherslu á sjálfstæð, nákvæm og vönduð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki síðar en 1. febrúar 2012.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, verk- eða hagfræði.
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði.
- Reynsla af tekjustýringu æskileg.
- Þekking á eða reynsla af ferðaþjónustu kostur.

Umsóknarfrestur er til 16. desember 2011 og skulu umsóknir sendar til ho@icehotels.is.

**Um Flugleiðahótel ehf.:**

Félagið er það stærsta á sviði hótelrekstrar á Íslandi og rekur hótel undir vörumerkjunum Hilton, Icelandair Hotels og Hótel Edda. Einnig reka Flugleiðahótel VOX Restaurant og veitingastaðinn Satt.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com







Jobconnect

# MECHANICAL ENGINEERS, ELECTRO ENGINEERS, PROGRAMMERS/SOFTWARE DEVELOPERS

***Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching on behalf of:***

National Oilwell Varco Norway AS, a worldwide leader in the design, manufacture and sale of comprehensive systems and components used in oil and gas drilling and production. The National Oilwell Varco Norway AS headquarter is in Kristiansand, with branch offices in Stavanger, Molde, Asker and Arendal and subdivisions in Tønsberg and Trondheim. www.nov.com

**• GENERAL QUALIFICATIONS AND SKILLS:**
We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Applicants should have a background as engineers (BSc. or MSc.). It is also important with good communication skills in English.

**• ONE OR MORE OF THE FOLLOWING POINTS IS A PLUS:**
Work experience from oil-related or other relevant technical fields.
Experience and knowledge of hydraulic systems, steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.

**• WE CAN OFFER:**
Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development and competitive conditions.

Please send your CV and transcript of grades as soon as possible to the contact person below. Applications without transcripts of grades will not be considered.

*Contact: Karianne Haugom, Staffing Advisor Jobconnect | e-mail: karianne@jobconnect.no | www.jobconnect.no*



# Ert þú framúrskarandi?

Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail að ráða framúrskarandi sérfræðinga.
Eftirtalin störf eru laus til umsóknar:

## Vörustjóri/Product Manager

Starfssvið felst í þarfagreiningu og umsjón með vöruþróun nýrra lausna í samstarfi við þróunarteymi og viðskiptavini. Áhersla er lögð á eigin vöruþróun.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, upplýsingatækni eða viðskipta. Árangursríkur starfsferill og reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

## Hugbúnaðarhönnuður Microsoft Dynamics AX

Starfssvið felst í hönnun og forritun viðskiptalausna fyrir Microsoft Dynamics AX

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða önnur menntun ásamt reynslu af sambærilegu starfi. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics AX er æskileg. Góð þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra.

## Hugbúnaðarhönnuður .NET

Starfssvið felst í hönnun og forritun á hugbúðnaðarlausnum í .NET umhverfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun æskileg. Viðkomandi þarf að geta notið sín í dýnamísku starfsumhverfi þar sem agile-aðferðafræði er beitt. Þekking á Microsoft Visual Studio og C# er kostur.

**Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu.**

**Við þróum hugbúnað fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri og seljum vörur okkar í gegnum net 120 endursöluaðila í 60 löndum. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru reiðubúnir að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Góð enskukunnátta er mikilvægur þáttur til að ná árangri í okkar starfsumhverfi.**

**Nú er lag á að sækja um og koma til liðs við samheldinn hóp sem metur góðan starfsanda mikils.**

## Ráðgjafar Microsoft Dynamics AX
### - Starfsstöðvar í Bandaríkjunum og á Íslandi

Starfssvið felst í ráðgjöf og þjónustu á viðskiptalausnum byggðum á Microsoft Dynamics AX.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði viðskipta-, tölvunar- eða verkfræði. Haldgóð þekking á Microsoft Dynamics AX eða öðrum viðskiptakerfum er nauðsynleg. Reynsla af verslunarlausnum er kostur. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófeiminn við að sýna og kenna á hugbúnað. Góð enskukunnátta er skilyrði sem og aðstæður til að geta verið mikið á ferðalögum.

## Hugbúnaðarhönnuður - handtölvulausnir

Starfssvið felst í hönnun og forritun á lausnum fyrir hand- og spjaldtölvur

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun eða annað tækninám æskilegt en sjálflærðir snillingar koma vel til greina. Viðkomandi þarf að geta notið sín í dýnamísku starfsumhverfi þar sem agile-aðferðafræði er beitt. Reynsla af hugbúnaðarþróun fyrir handtölvur (Android, Windows Mobile, iOS) er kostur en ekki skilyrði.

*Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.*

*Umsóknarfrestur er til og með 20. desember.*

intellecta

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is
Umsókn um störfin þarf að fylgja starfsferilskrá.

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning

LS RETAIL

LS Retail hugbúnaður er í fremstu röð á heimsvísu og seldur í samstarfi við 120 vottuð fyrirtæki í meira en 60 löndum. Um 1.850 fyrirtæki nota hugbúnað LS Retail á 79.000 afgreiðslukössum í alls 37.000 verslunum. Meðal ánægðra viðskiptavina LS Retail eru: adidas, Fríhöfnin, ÁTVR, Nova, Apple Íslandi, Laugar, Ilva, Melabúðin, Dublin Airport Authority (DAA), Rivoli Group, aswaaq, Pizza Hut, IKEA, Hard Rock Café Þýskalandi, Bodycare International, Eu Yang San, Sony Co. (Hong Kong), Wind (Telecom) Ítalíu, Topps Tiles, DIAL (Delhi International Airport Limited) og Kingdom of Dreams.

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK / HAG / 1211

» Ráðningarþjónusta

# Sölumaður

Innflutnings- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að öflugum starfsmanni í fjölbreytt sölu- og þjónustustarf. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00.

## » Starfssvið

- Þjónusta og samskipti við núverandi viðskiptavini
- Öflun nýrra viðskiptavina

## » Hæfniskröfur

- Menntun/reynsla á sviði rafvirkjunar, rafeindavirkjunar eða smíði
- Létt lund, dugnaður, ósérhlífni og þjónustulund
- Geta til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Góð tungumálakunnátta nauðsynleg, enska og helst eitt Norðurlandamál.
- Góð almenn tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



# Bókari - 50% starf.

Leitum að bókara til starfa í 50% starf. Vinnutími er kl. 13-17.

Um er að ræða færslu á öllu fjárhagsbókhaldi ásamt viðskiptamanna-, launa- og birgðabókhaldi. Bókari þarf að geta stemmt af reikninga, gert kassauppgjör og stillt upp bókhaldi til endurskoðanda.

Leitað er að vönum bókara sem hefur glöggan skilning á bókhaldi, með góða tölvukunnáttu og þekkingu á Navision tölvukerfum. Bókarinn þarf að geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 17. des.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa



# Störf á ferðaskrifstofu

## Vegna aukinna verkefna óska Terra Nova og Iceland Tours eftir starfsfólki.

Um er að ræða tímabundnar stöður (í 7-9 mánuði) með möguleika á framlengingu. Helstu verkefni fela í sér sölu, bókanir og úrvinnslu gagna vegna móttöku erlendra ferðamanna til Íslands. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað fljótlega en við erum reiðubúin að bíða eftir réttu fólki sé þess þörf.
Við bjóðum spennandi starf hjá einu fremsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins. Þú verður hluti af frábærum hópi starfsfólks sem býr yfir afburðaþekkingu á sínu sviði.

- Mjög góð kunnátta í þýsku, frönsku og/eða spænsku er skilyrði.
- Háskólamenntun er æskileg.
- Þjónustulipurð og reynsla af sambærilegum störfum er nauðsynleg.
- Jákvæðni, skipulags-, sölu- og samskiptahæfileikar, stundvísi og metnaður.

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með mynd ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu og fleira. Upplýsingar eru ekki veittar í síma. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til 16. desember.**

**Umsókn sendist til:**
Terra Nova, Skógarhlíð 18, 105 Reykjavík
eða á netfang starf@terranova.is

Terra Nova Iceland | Iceland Tours



# Stjórn Náttúrustofu Reykjaness auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar

Náttúrustofa Reykjaness er rekin skv. lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60 frá 1992.

Stofan er staðsett að Garðvegi 1, Sandgerði og starfar þar undir sama þaki og í nánu samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, Botndýrarannsóknastöðina í Sandgerði og Fræðasetrið í Sandgerði.

Stofan hefur fengist við margvíslegar rannsóknir en rannsóknir tengdar lífríki fjöru og stranda hafa verið umfangsmestar. Á stofunni starfa 5 sérfræðingar.

Samkvæmt lögum skal forstöðumaður náttúrustofu hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

Gerðar eru kröfur um að umsækjandi hafi faglega þekkingu á viðfangsefnum Náttúrustofunnar auk góðrar og yfirgripsmikillar þekkingar á náttúru Reykjanesskaga. Umsækjandi skal hafa forystu-, skipulags- og samskiptahæfileika og áhuga á uppbyggingar og þróunarstarfi.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. febrúar 2012

Umsóknum ásamt ferilskrá skal senda til stjórnar Náttúrustofu Reykjaness, Vörðunni, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði eða á netfangið nr@nr.is fyrir 31. 12. 2011.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Árnadóttir formaður stjórnar Náttúrustofu Reykjaness í síma 420 7555 einnig má finna upplýsingar á http://www.nr.is/.

NÁTTÚRUSTOFA REYKJANESS



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



# Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða eftirlitsmann í hlutastarf

**Starfssvið**
Flugmálastjórn óskar eftir að ráða eftirlitsmann til að gera hlaðskoðanir á loftförum, einkum loftförum skráðum erlendis sem hafa viðkomu á Íslandi (SAFA Safety Assessment of Foreign Aircraft). Starfið felst í staðlaðri skoðun á loftförum og gögnum þess auk skýrslugerðar og úrvinnslu gagna ásamt tilfallandi verkefnum. Um er að ræða hlutastarf um 30-40 klst. á mánuði að jafnaði. Heimilt er að sinna starfinu meðfram öðrum störfum skv. samkomulagi.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Atvinnuflugmannsskírteini 1.fl. (ATPL) og að lágmarki 5 ára starfsreynslu í flutningaflugi
- Að lágmarki 500 tíma reynsla sem flugmaður eða flugstjóri á fjölstjórnarflugvélar
- Góð tölvuþekking og skipulagshæfileikar
- Áhugi og þekking á alþjóðlegum kröfum um starfrækslu loftfara
- Mjög góð tök á íslensku og ensku
- Kostur er að umsækjendur hafi lokið viðurkenndu úttektarnámskeiði

Starfsmaður sem ráðinn verður þarf að að sækja tilheyrandi námskeið sem og starfsþjálfun erlendis í samtals um 10 daga á tímabilinu janúar - mars 2012 og þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Við leitum að starfsmanni með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Hann þarf að sýna af sér sjálfstæði, háttvísi og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Launakjör taka mið af kjarasamningum ríkisins.
Í boði er áhugavert starf hjá Flugmálastjórn þar sem reynsla og áhugi á flugi fá notið sín. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Frekari upplýsingar um starfið gefur Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs (hallas@caa.is)

**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá til Flugmálastjórnar Íslands, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík fyrir 28. desember n.k. merkt, „Flugmálastjórn – umsókn um starf eftirlitsmanns SAFA“**

*Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með u.þ.b. 40 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.*



HJARTAVERND

# Hugbúnaðarsérfræðingur

Spennandi starf við hönnun og þróun upplýsinga- og skráningakerfis fyrir vísindagögn.

**Starfsumhverfi:**
- Umhverfi blanda af Windows og Linux
- Oracle gagnagrunnur

**Helstu verkefni:**
- Þróun og viðhald á skráningar- og bókunarkerfi
- Vandamálagreining
- Vinna við gagnahleðslur
- Skjölun
- Dagleg þjónusta við notendur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Þekking og skilningur á hlutbundinni hönnun og lagskiptri hönnun
- Reynsla af PHP forritun æskileg
- Reynsla af SQL kostur
- Þekking á Linux kostur
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni
- Háskólapróf í tölvunarfræði og/eða góð þekking og reynsla í hugbúnaðarþróun

**Umsjón með ráðningu:**
Sigrún Halldórsdóttir - sigrunh@hjarta.is Nánari upplýsingar gefur Sigrún í síma 535 1809 og 618 2467 milli 14 og 16 eftir hádegi.

**Umsóknarfrestur til og með:**
18. desember 2011. Umsóknum skal skila til Hjartaverndar Holtasmára 1, 201 Kópavogi merkt Hugbúnaðarþróun eða á netfangið sigrunh@hjarta.is

# Við leitum að markaðsmanni ársins

WOW air leitar að markaðsstjóra með brennandi áhuga á markaðsmálum og umfangsmikla reynslu af þeim. Viðkomandi þarf að hafa ýmislegt til brunns að bera, þ.m.t. háskólamenntun, gott skap, ævintýraþrá og hugmyndaauðgi. Hann þarf líka að hafa vit á samfélagsmiðlum, netmarkaðssetningu, markaðsáætlunum, skipulagi, vörumerkjauppbyggingu og öllu því sem fylgir einu mest spennandi starfi landsins. Ekki er verra ef hann hefur gaman af því að ferðast og umgangast skemmtilegt fólk.

**Erum við nokkuð að tala um þig?**

Sendu umsókn á
**markadsstjori@wowair.is**
fyrir 18. desember, 2011.

WOW air

---

KORNAX

# Aðstoðarframleiðslustjóri

Kornax leitar að starfskrafti með tæknimenntun s.s. rafvirkjun, vélfræði eða álíka og /eða bakaramenntun.

**Helstu verkefni:**
- Vinna við mölun
- Vinna við fyrirbyggjandi viðhald á verksmiðju
- Vinna við pökkun
- Önnur tilfallandi störf

**Mikilvægir eiginleikar:**
- Vinnu- og samviskusemi
- Líkamleg hreysti
- Stundvísi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Færni í ensku / dönsku
- Góð tölvufærni

**Upplýsingar veitir:**
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

35. Leiðsla veldur kynusla (5)
37. Næ bata fyrir blaður en aðallega búðing (6)
38. Spottaspilið boðar leikslokin (10)
39. Kvikindi koma saman, það er mest um vert (9)

**Lóðrétt**

1. Tengir braggabuslið og skemmuskarðið (10)
2. Komast í kvosina í grenndinni (10)
3. Hvorki nógu gamalt né gætilega brúkað (6)
4. Festi fóðrar með ávöxtum, þeir eru af ætt náttskugga (7)
5. Boldangsbrandar þykja merkileg vopn (10)
6. Sljór stundar dauðyfladúra (9)
7. Áfall í ástarleik (10)
8. Munda snara og fingrafima (10)
9. Beinið setur lim í líffærabankann (12)
14. Lífshlaup gæðinga (8)
17. Þessi öskur hljóma sem ljúfasta tónlist (11)
21. Litla kisan kallast Broddbaunin (9)
22. Oft leiða orð manna til verstu glæpanna (8)
23. Ruglað og tætt goð njósnar um napran vind (11)
24. Von hún ljómi, blessunin, slíkur er fagurgalinn (10)
26. Fleiri íslensk fjöll en eitt eru kennd við hæstu stöðu sólar (9)
27. Sármeiðið hinn falska Eið (9)
30. Rifta staðfestum sáttmála og tæma bílinn (7)
32. Miða út bækistöð og bekk (7)
36. Blað er bólstur (3)





AÐVENTU-KRANS

Lausnarorð síðustu viku var **aðventukrans**.

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr.. Vinningshafi síðustu viku var **Ingveldur Gunnarsdóttir, Akureyri**.



## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúrufyrirbæri sem flestir Íslendingar kannast við. Sendið lausnarorðið fyrir 14. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „10. desember".


# Haustþing Rannís 2011

## Vísindi og nýsköpun til vaxtar

14. desember kl. 8.30 - 10.30 á Grand hótel Reykjavík



**Dagskrá**

8.30 **21st Century Policies for Innovation**
Andrew Wyckoff, forstöðumaður vísinda- tækni- og iðnaðarmála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (Director of Science, Technology and Industry, OECD)

9.10 **Hvað geta háskólar lagt til verðmæta- og nýsköpunar?**
Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands

9.30 **Vaxtargreinar atvinnulífsins næstu 20 ár**
Orri Hauksson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

9.50 **Sjónarhorn og stefna Vísinda- og tækniráðs**
Guðrún Nordal formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs

10.00 **Sjónarhorn og stefna Vísinda- og tækniráðs**
Sveinn Margeirsson, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

10.10 **Umræður**

**Fundarstjóri:** Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís

**Morgunmatur frá kl. 8.15. Allir velkomnir.**

**Skráning á rannis@rannis.is**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

ÁR NÝSKÖPUNAR
FRUMKVÆÐI · FJÁRFESTING · FARSÆLD

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is





**Hemmi Gunn – og svaraðu nú!**
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
BYLGJAN 98,9 25 ÁRA
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel


**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1967

# Otis Redding dó í flugslysi ásamt sex öðrum

**Goðsögn sálartónlistarinnar féll frá rétt áður en helsti smellurinn kom út.**

Á þessum degi fyrir réttum 44 árum, hinn 10. desember árið 1967, lést sálartónlistarmaðurinn Otis Redding í flugslysi. Hann var aðeins 26 ára en hafði um nokkurra ára skeið verið á uppleið í tónlistarbransanum.Redding hafði gefið út nokkur vinsæl lög og samið risasmellinn „Respect" sem Aretha Franklin hafði gert ódauðlegan.

Þetta sama ár hafði frægðarsól Reddings risið enn hærra og hann hafði náð eyrum hvítra ungmenna, meðal annars á hinni goðsagnakenndu tónlistarhátíð Monterey Pop Festival, þar sem hann kom fram ásamt Jimi Hendrix, Janis Joplin, The Who og fleirum.

Eftirminnilegur flutningur hans á lokalaginu „Try a Little Tenderness" tryllti áhorfendaskarann og Redding virtust allir vegir færir.

Hann sneri aftur til Memphis, þar sem hann hélt áfram að semja lög og taka upp.

Eitt laganna sömdu Redding og gítarleikarinn Steve Cropper saman, en textinn byggði á heimsókn söngvarans til Sausalito í Kaliforníu þar sem hann átti góða kvöldstund við að fylgjast með skipum koma og fara um flóann. Lagið var „(Sittin' on) The Dock of the Bay".

Lagið var ólíkt flestu öðru sem Redding hafði áður gert og markaði stefnubreytingu í tónsmíðum hans.

Hinn 8. desember lauk upptökum, nema að Redding hafði ekki klárað textann. Í upptökunum brá hann því á það ráð að blístra síðasta erindið í laginu og hugðist bæta því við upptökuna síðar.



**OTIS REDDING** 44 ár eru í dag frá því að hann lést, en hann öðlaðist meiri frægð eftir andlátið en hann naut nokkru sinni á meðan hann lifði.

Ekki varð honum af því, vegna þess að hann var allur tveimur dögum síðar í ísköldu vatninu rétt hjá Madison í Wisconsin. Orsakir slyssins, þar sem sjö létust af þeim átta sem voru um borð, voru aldrei skýrðar, en slæmt veður var þessa nótt.

Fráfall Reddings var mikill missir fyrir tónlistarheiminn, en skömmu síðar, í upphafi árs 1968, var platan gefin út. „The Dock of the Bay" skaust upp á topp vinsældalista, með blísturskaflanum sem Redding hafði hugsað sér að skipta út. Þetta var í fyrsta sinn sem tónlistarmaður hafði náð toppnum eftir andlátið.

Síðan þá hefur Otis Redding og hans verk, sérstaklega „The Dock of the Bay", verið einn af hornsteinum bandarískrar dægurtónlistar.

- þj

*Heimildir: History.com og Wikipedia.*

netto
Kræsingar & kostakjör…
…um jólin

# FJÖLSKYLDUALIAS
# Í JÓLAPAKKANN




FJÖLSKYLDU ALIAS
**4.998kr**




MATREIÐSLUBÓK LATABÆJAR
**2.799kr**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

**Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 9. - 12. desember**
eða meðan birgðir endast

markhonnun.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**51 KENNETH BRANAGH,** leikari og leikstjóri, er 51 árs.
*„Það er mjög undarlegt að fólk skuli vera grimmast við þá sem það elskar mest.“*



## Merkisatburðir 10. desember

1924 Rauði kross Íslands er stofnaður í Reykjavík. Fyrsti formaðurinn er Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands.
1936 Játvarður 8. Englandskonungur undirritar afsögn sína.
1948 Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er samþykkt.
1955 Halldór Laxness veitir Bókmenntaverðlaunum Nóbels viðtöku í Stokkhólmi.

**ÞETTA GERÐIST:** 10. DESEMBER 1901

## *Nóbelsverðlaun afhent í fyrsta sinn*

Nóbelsverðlaunin voru afhent í fyrsta sinn í Stokkhólmi þann 10. desember 1901 á fimm ára dánarafmæli Alfreds Nobel. Þá voru afhent verðlaun fyrir eðlisfræði, efnafræði, læknisfræði og bókmenntir auk friðarverðlauna.

Alfred Nobel var sænskur uppfinningamaður sem meðal annars fann upp dínamítið og áskotnuðust mikil auðæfi fyrir uppfinningar sínar. Í erfðaskrá sinni mælti hann svo fyrir að fjármunum hans yrði varið til að verðlauna árlega þá sem „undanfarið ár hafa lagt mest að mörkum til góðs fyrir mannkynið.“ Í erfðaskránni var engin skýring á þessari ákvörðun Nobels, en almannarómur hefur löngum talið að hún hafi sprottið af slæmri samvisku hans vegna þeirra hörmunga sem sprengiefnin sem hann fann upp leiddu yfir mannkynið.






Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÁSKIRKJA: MÁLVERK AFHJÚPAÐ AF SÉRA ÁRNA BERGI SIGURBJÖRNSSYNI

# SKIPAR SÉRSTAKAN SESS Í HUGUM SÓKNARBARNA SINNA

„Séra Árni Bergur skipar sérstakan sess í hugum sóknarbarna sinna og reyndar langt út fyrir raðir þeirra. Hann var afar vinsæll prestur,“ segir Birgir Arnar, formaður sóknarnefndar Áskirkju. Tilefnið er að málverk af séra Árna Bergi verður afhjúpað í Áskirkju á morgun. Hann var þar sóknarprestur í 25 ár og hefði orðið sjötugur fyrr á þessu ári en lést 2005.

„Það var ákveðið í byrjun þessa árs að láta mála mynd af séra Árna Bergi og á aðalsafnaðarfundi í apríl var formlega tilkynnt að búið væri að stofna sjóð í þeim tilgangi. Í hann hafa runnið frjáls framlög sóknarbarna og annarra sem þekktu séra Árna Berg,“ lýsir Birgir. „Hann segir ótrúlega vel hafa gengið að safna fé til þessa verkefnis, miðað við árferðið. „Það vantar bara herslumun sem við brúum tímabundið með láni úr okkar gluggasjóði en tökum ekki af sóknargjöldum til kirkjunnar,“ segir hann.

Hver tók svo að sér að mála myndina? „Hann heitir Stephen Lárus,“ svarar Birgir. „Stephen er sonur listakonunnar Karólínu Lárusdóttur og hefur sérhæft sig í portrettmálverkum. Svo skemmtilega vill til að hann býr í sókninni okkar.“

Áskirkja var vígð 11. desember 1983. Afhjúpun listaverksins ber því upp á vígsluafmælisdag kirkjunnar. „Þetta verður hátíð sem bæði systkini séra Árna Bergs og afkomendur hans taka þátt í,“ segir Birgir. „Byrjað verður með messu klukkan 11 þar sem þeir séra Sigurður Jónsson sóknarprestur og herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, þjóna fyrir altari. Síðan mun Einar Sigurbjörnsson prófessor flytja predikun og fluttur verður sálmur við lag Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds. Fermingarbörn lesa ritningarlestra og Guðbjartur Hákonarson, barnabarn Árna Bergs, leikur einleik á fiðlu. Eftir messuna verður svo athöfn í safnaðarheimilinu þar sem málverkið verður afhjúpað og þar verður boðið upp á veitingar.“

Að sögn Birgis hefur málverkinu verið valinn staður í stofu kirkjunnar. Þar hangir einnig málverk af séra Grími Grímssyni, fyrsta sóknarpresti Áskirkju.



**FORMAÐUR SÓKNARNEFNDAR ÁSKIRKJU** „Við hefðum ekki getað þetta nema fyrir örlæti og velvilja þeirra sem hafa gefið fé til verksins,“ segir Birgir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Birgir tekur fram að kirkjur landsins séu illa staddar fjárhagslega um þessar mundir. Því sé það þakkarvert hversu vel söfnun í málverkssjóðinn hafi gengið. „Við vorum lengi vel tvístígandi yfir því hvort þetta mundi ganga,“ segir hann. „Við hefðum ekki getað þetta nema fyrir örlæti og velvilja þeirra sem hafa gefið fé til verksins.“

**gun@frettabladid.is**

†



*Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Hjálmarsdóttur Waage**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Laugarásvegi 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 2 N á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir einstaka umönnun og hlýju.
Guð blessi ykkur öll.

**Sigurður S. Waage**
**Kristín H. Waage** **Knútur Signarsson**
**Margrét G. Waage**
**Sigrún Waage** **Franz Ploder**
**Hendrikka G. Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskulegur faðir okkar, tendafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Hafsteinn Halldórsson**

húsasmiður, Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, mánudaginn 5. desember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 13. desember kl. 13.00.

**Hrefna Sigurðardóttir** **Rúnar Benediktsson**
**Svava Sigurðardóttir** **Ævar Ingi Guðbergsson**
**Erna Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskuleg móðir okkar, dóttir og systir,*

**Vera Siemsen**

hjúkrunarfræðingur,
Lágholti 9, Mosfellsbæ,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. desember klukkan 13.00.

**Helgi Siemsen Sigurðarson**
**Ólafur Siemsen Sigurðarson**
**Guðmundur Siemsen Sigurðarson**
**Gústav Magnús Siemsen**
**Kristín Siemsen** **Ásbjörn Sigurgeirsson**
**Ólöf Guðfinna Siemsen** **Baldur Bjartmarsson**

†



*Unnusti minn, faðir, afi, bróðir okkar og mágur,*

**Hallur Bergsson**

húsasmiður,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 7. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Tcvetanka Peeva**
**Lína Peeva**
**Sunna Björg Sigfríðardóttir**
**Vaka Agnarsdóttir**
**Þorkell Bergsson** **Ásta Ingólfsdóttir**
**Birna Bergsdóttir**
**Björgvin Bergsson** **Hafdís Sigurðardóttir**






Ráðandi - auglýsingastofa ehf



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar,tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristjönu Þórhallsdóttur**

Reykjaheiðarvegi 6, Húsavík.

Sérstakar þakkir til alls þess góða fólks á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga fyrir frábæra umönnum. Einnig til yndislegra nágranna á Torginu á Húsavík.

**Þórhallur Björnsson** **Sigríður Björg Sturludóttir**
**Þorkell Björnsson** **Hulda Guðrún Agnarsdóttir**
**Arnar Björnsson** **Kristjana Helgadóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskuleg frænka okkar,*

**Klara Klængsdóttir**

verður jarðsungin frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 13. desember klukkan 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Gunnar K. Gunnarsson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Þórir Theodórsson**

fv. verslunarmaður,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 28. nóvember síðastliðinn verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 12. desember kl 13.00.

**Guðjón Haraldsson** **Sigríður Siemsen**
**Þórir Haraldsson** **Mjöll Flosadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, afi, langafi, bróðir og vinur,*

**Brynjar Gunnarsson**

lést á Landeskrankenhaus sjúkrahúsinu í Salzburg þann 6. desember.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Halldór Benjamín Brynjarsson**



*Innilegar þakkir fyrir allan þann stuðning og hlýhug sem við höfum notið við andlát og útför*

**Baldurs Jóhannessonar**

verkfræðings,

og einnig þakkir til þeirra mörgu lækna og hjúkrunarfólks sem komu að veikindum hans gegnum árin og fram á síðasta dag.

**Elínborg Kristjánsdóttir**
**og fjölskylda.**

# AÐ LIFA SJÁLFSTÆÐU LÍFI

Vegleg útiljósmyndasýning verður opnuð í Austurstræti í dag klukkan 14 á alþjóðadegi mannréttinda. Það er NPA-miðstöðin sem að sýningunni stendur en hún er samvinnufélag fatlaðs fólks um persónulega aðstoð og sjálfstætt líf.

Einnig kemur út metnaðarfull ljósmyndabók sem nefnist Frjáls og hefst sala á henni að aflokinni opnun sýningarinnar. Boðið verður bæði upp á eyrnakonfekt í formi tónlistar og heitt kakó í kroppinn. „Markmið bókarinnar er að sýna að fatlað fólk er venjulegt fólk sem lifir í samfélaginu eins og aðrir og að ef hindrunum er rutt úr vegi getur það lifað sjálfstæðu lífi," segir Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastýra NPA-miðstöðvarinnar. „Það skiptir fólkið öllu máli að vera í umhverfi þar sem það nýtur virðingar líkt og allir aðrir, hefur aðgang að samfélaginu og fær aðstoð sem það getur stýrt sjálft og þannig mótað sinn eigin lífsstíl." Hún segir öllum þingmönnum þjóðarinnar boðið til hátíðarinnar. Einn þeirra, Guðmundur Steingrímsson, muni veita viðtöku kröfuskjali fatlaðs fólks til sjálfstæðara lífs.

Ljósmyndir bókarinnar eru teknar af Hallgrími Guðmundssyni en hann er einn af eigendum NPA-miðstöðvarinnar fyrir hönd sonar síns Ragnars Emils, sem er fjögurra ára leikskólastrákur og eðaltöffari. Texti er bæði á íslensku og ensku og hefur NPA-miðstöðin stofnað Facebook-síðu í tilefni af útkomu bókarinnar og sýningunni undir notendanafninu Frjáls/Free. Þar má panta bókina auk þess sem hún verður til sölu í verslunum Hagkaups í Kringlunni. Ágóðinn rennur til MTA miðstöðvarinnar. **- gun**



**FREYJA HARALDSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTÝRA** „Þetta er ekki svona: „Komið og sjáið grey þau á myndunum. Þetta er allt annað," segir hún.

# Gáfu sjálfar út sex bækur

Sjötta og síðasta bókin í röð Ópus-bókanna, kennslubóka í tónfræðum, kom út nú í haust. Höfundar bókanna eru tónmenntakennararnir Marta E. Sigurðardóttir og Guðfinna Guðlaugsdóttir en þær gefa bækurnar út sjálfar.

Sú fyrsta kom út árið 2008 en hugmyndin kviknaði þó árið 1997 þegar Marta og Guðfinna lásu yfir drög að nýrri námskrá í tónfræðum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. „Okkur var ljóst að þörf væri á breytingum í kennslunni og að þörf væri á skilvirkara námsefni," segir Marta en í Ópus- bókunum er lögð áhersla á myndræna framsetningu efnisins. „Það er vel þekkt að myndræn framsetning eykur bæði skilning og áhuga hjá nemendum," útskýrir Marta. „Okkur vitanlega hefur ekkert tónfræðaefni verið sett fram á sambærilegan hátt hér á landi né annars staðar svo bækurnar eru nýjung hvað það varðar," segir Marta. Rán Flygenring, grafískur hönnuður, myndskreytti allar bækurnar. „Bækurnar hafa fengið frábærar viðtökur bæði af nemendum og kennurum og voru meðal annars kynntar á Bókamessunni í Frankfurt nú í haust," segir Marta en þær stöllur eru að vonum ánægðar með að hafa lokið verkinu. „Allt efnið kenndum við til reynslu og völdum úr það sem fékk besta svörun. Þetta hefur verið mikil vinna í öll þessi ár og varla liðið sá dagur að ekki fór fram einhver hugmyndasmíð eða önnur vinna við gerð bókanna." **- rat**




**HRINGNUM LOKAÐ** Tónmenntakennararnir Marta E. Sigurðardóttir og Guðfinna Guðlaugsdóttir hafa gefið út sex kennslubækur í tónfræðum á þremur árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



*Okkar ástkæra*

**Lilja Margrét Oddgeirsdóttir (Lillý)**

Hólmgarði 33,

lést á heimili sínu sunnudaginn 4. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristjana Gisela Herbertsdóttir**
**Sveinn Oddgeir Paulsson** **Mariann Koudal Oddgeirsen**
**Anna Þóra Paulsdóttir** **Páll Þór Pálsson**
**Paul Ragnar Kummer** **Đao Thi Phuong**
**Helena Alma Ragnarsdóttir** **Jón Ingvar Ragnarsson**
**Sigurður Egill Ragnarsson** **Bryndís S. Halldórsdóttir**
**Sonja Valdemarsdóttir**



*Okkar ástkæri*

**Ingólfur Guðnason**

bóndi frá Eyjum I í Kjós,

verður jarðsunginn frá Reynivallakirkju í Kjós laugardaginn 10. desember kl. 14.00.

**Anna Ingólfsdóttir** **Kristinn Helgason**
**Hermann Ingólfsson** **Birna Einarsdóttir**
**Páll Ingólfsson** **Marta Karlsdóttir**
**Guðrún Ingólfsdóttir**
**Valborg Ingólfsdóttir** **Ómar Ásgrímsson**
**afabörn og langafabörn.**

„ÞAÐ ER ENGIN LYGI SEM STENDUR Á KÁPUNNI, ÞETTA ER

# MEISTARAVERK.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

★ ★ ★ ★ ★

*„Svítan franska er*
*heillandi saga,*
*hún er hörkuspennandi,*
*samin af mikilli andagift,*
*djúpu innsæi í hug lesanda og þeirra*
*persóna sem þessi glæsilega skáldkona*
*dregur upp ljóslifandi.“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

*„Þetta er algjörlega frábær bók,*
*ég eiginlega get ekki mælt nógsamlega*
*með henni ... Mjög gleðilegt að hún skuli*
*vera komin út ... Ég er full aðdáunar*
*á þessari skáldkonu.“*

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

*„... meiriháttar*
*rithöfundur.“*

EGILL HELGASON / KILJAN






IRÈNE NÉMIROVSKY (1903–1943) lést í fangabúðum nasista áður en handritið að *Franskri svítu* komst í hendur útgefanda. Yfir sextíu ár liðu þar til bókin var gefin út en nú hefur hún verið þýdd á fjölda tungumála og notið gríðarlegra vinsælda.

JPV ÚTGÁFA



*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

*1 kr. sendingargjald til 15.12.11*

# OPNUNAR

## Penninn hefur opnað nýja húsgagnaverslun með

**Opið í dag frá kl. 11-16**. Frábær opnunartilboð!
Lukkuhjól og létt stemning.

Felix Bergsson snýr lukkuhjólinu kl. 12.00

## Freistaðu gæfunnar
Lukkuhjól – frábærir vinningar

Jazztríó Ómars Guðjónssonar spilar milli kl. 13-14






Lounge chair, kirsuberjaviður
Hönnuðir: Charles & Ray Eames (1956)

Verð: 898.500 kr.
Tilboð:795.000 kr.



Coffee table, svart
Hönnuður: Isamu Noguchi (1944)

Verð: 278.500 kr.
Tilboð: 239.000 kr.

# TILBOÐ




## glæsilegum sýningarsal í Skeifunni.



Randomito
MDF Italia

Verð: 89.900 kr.
Tilboðsverð: 81.000 kr.



DSR, margir litir fáanlegir
Hönnuðir: Charles & Ray Eames (1950)

Verð: 39.900 kr.
Tilboðsverð: 34.900 kr.

Við bjóðum 10 DSR stóla
á aðeins 30.000 kr.
Fyrstur kemur, fyrstur fær!



DSW, margir litir fáanlegir
Hönnuðir: Charles & Ray Eames (1950)

Verð: 59.900 kr.
Tilboðsverð: 49.900 kr.



Sunburst klukka, marglit
Hönnuður: George Nelson (1949)

Verð: 49.900 kr.
Tilboðsverð: 44.900 kr.



My-self skrifborðsstóll

Verð: 87.450 kr.
Tilboðsverð: 59.900 kr.



Kaffibarinn Te&Kaffi býður upp á kaffi kl. 11-15



Dealer skrifborðsstóll

Verð: 24.900 kr.
Tilboð: 18.675 kr.



Mirra skrifborðsstóll

Verð: 209.900 kr.
Tilboðsverð: 167.920 kr.



Hang it all, margir litir
Hönnuðir: Charles & Ray Eames (1953)

Verð: 39.900 kr.
Tilboðsverð: 34.900 kr.

Penninn
Með þér í vinnunni

ENNEMM / SÍA / NM41374



**ÞAÐ ER HÆGT** að læra um almannavarnir með alls konar leikjum. Á síðu almannavarna http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=87 eru ýmsir leikir sem innihalda upplýsingar fyrir börn um hvernig bregðast skuli við slysum og hamförum.




# JÓLASKRAUTIÐ HANS MASA BRÁÐNAR HEIMA Í ÁSTRALÍU

**Loðdýrið Masi, Sigga Beinteins og María Björk eru bestu vinir söng- og danselskra barna í litríkri og kátri Söngvaborg. Þar fræða Söngvaborgarbúar smáfólkið um lífið og tilveruna í gegnum barnalög, dans, hreyfileiki og fróðleik.**

*Hvar kynntust þið Masa?*
Sigga og María: Við hittum hann á ferðalagi um Evrópu og urðum bestu vinir upp frá því. Fljótlega buðum við honum í Söngvaborg, en þá hét hann svo skrítnu nafni að enginn gat borið það fram. Því gáfum við honum honum nýtt nafn, í höfuðið á okkur báðum, Ma(ría)Si(gga), og þannig varð Masi til.

*Masi, hví ertu appelsínugulur?*
Masi: Ég er svo duglegur að borða gulrætur heima í Ástralíu.

*Ertu risaeðla?*
Masi: Ekki beint! Meira svona bangsi, en ég held að langalangalangalangalangalangalangaamma mín hafi þekkt risaeðlu.

*Áttu fjölskyldu?*
Masi: Já, eina ofurhressa mömmu sem masar út í eitt. Ég er sko bara jól og páskar við hliðina á henni, hún masar svo hræðilega mikið. Það getur verið erfitt því við búum saman í litlum strákofa í skógum Ástralíu. Þið kynnist henni aðeins á nýja Söngvaborgardisknum.

*Hvar ertu á jólunum?*
Masi: Stundum er ég á Íslandi með Maríu og Siggu, en oftast heima í Ástralíu. Þar er bara svo heitt á veturna að jólaskrautið bráðnar! Maður verður helst að halda sig neðanjarðar.

*Hver er uppáhaldsvinur ykkar af föstum gestum Söngvaborgar?*
Masi: Georg er besti vinur minn.
Sigga: Allir í Söngvaborg eru bestu vinir mínir.
María: Það er erfitt að gera upp á milli, en Lóa ókurteisa er mikið með okkur og alltaf líf og fjör í kringum hana.

*Þarf maður að vera barnavinur til að geta búið til sjónvarpsefni fyrir börn?*
María: Já, og líka að vera í tengslum við barnið í sjálfum sér, geta sett sig í spor barna og leikið við þau þótt maður sé sjálfur orðinn fullorðinn.
Sigga: Ég tel að maður verði að vera mikil barnagæla til að geta búið til efni sem hentar yngstu börnunum og líka að hafa unnið með þeim, eins og við söngkennslu. Maður verður að setja sig vel inn í heim lítilla stubba því þeir eru svo klárir að vita upp á hár hvað þeim þykir skemmtilegt og hvað ekki.

*Við hvern eruð þið best?*
Masi: Mamma segir að maður eigi að vera góður við alla.
Sigga: Ég reyni alla jafna að vera góð við alla og heiðarleg, því það skilar sér alltaf til baka.
María: Ég reyni líka að vera góð við alla, en þau sem eru best við mig eru börnin mín og maðurinn.

*Eigið þið börn?*
María: Ég á þrjú börn, tvö orðin fullorðin en yngsta barnið er ellefu ára strákur.
Sigga: Ég á 7 mánaða tvíbura og finnst skemmtilegast að syngja með þeim..

*Hvað finnst ykkur best við jólin?*
Masi: Nammið og pakkarnir, en auðvitað líka að allir séu saman og að hafa það rosa gaman.
María: Ég er algjört jólabarn og finnst allt skemmtilegt við jólin, að eiga frí, vera með fjölskyldunni og borða góðan jólamat.
Sigga: Mér finnst hátíðleikinn og friðurinn bestur, og að hitta fjölskylduna mína. Ég hlakka ekkert smá til jólanna núna, að eyða þeim með fjölskyldunni og stubbunum mínum.

*Hver er óskajólagjöfin ykkar?*
Masi: Nýjasta Söngvaborgin!
María: Ég hef ekkert sérstakt í huga nema að öllum líði vel og að við eigum skemmtileg jól.
Sigga: Það er ekkert sérstakt á mínum óskalista, en besta jólagjöfin verður að vera með krílunum mínum tveimur; ekkert í veröldinni er mikilvægara.





## BRANDARAKISTAN

**Spurðu mig hvort ég sé kanína.**
**Ertu kanína?**
**Já, ég er kanína. Spurðu mig hvort ég sé krókódíll!**
**Ertu krókódíll?**
**Nei, kjáninn þinn. Ég var að segja þér að ég væri kanína.**

**Kennari: Stafaðu orðið rúm.**
**Drengur: R - ú - m - m.**
**Kennari: Slepptu öðru m-inu.**
**Drengur: Hvoru?**

**„Pabbi! Megum við fá hund á jólunum?“**
**„Nei, ætli við höfum ekki rjúpur eins og venjulega.“**

**Presturinn: „Pétur minn, hlustar þú aldrei á samviskuna?“**
**Pétur: „Nei, á hvaða rás er hún?“**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***






## UPPSKRIFTIN

### Kornflexkökur með rúsínum

Þegar við erum að baka er leiðinlegast að bíða eftir kökunum í ofninum. Þess vegna eru kornflexkökur svo sniðugar því þær þurfa bara inn í ísskáp í örstutta stund áður en hægt er að borða þær.

**100 g súkkulaði**
**100 g smjör**
**3 msk. sýróp**
**180 g kornflex**
**½ bolli rúsínur**

Brjótið súkkulaðið í mola og bræðið það með smjörinu yfir vatnsbaði. Fáið hjálp frá fullorðnum við að hita súkkulaðið og passið að brenna ykkur ekki. Hellið sýrópinu út í súkkulaðibráðina og hrærið og blandið svo kornflexi og rúsínum úr í. Mokið með matskeið í muffinsform eða mokið litlar hrúgur með teskeið á bökunarpappír. Látið kólna í ísskáp.






# Panasonic

## Panasonic TXP42GT30Y

- 42" Full HD 3D 1080p THX NeoPlasma sjónvarp
- Vreal 3D myndvinnsla
- High Contrast Filter (AR Filter)
- 600Hz Intelligent Frame Creation PRO
- 2D-3D conversion (breytir 2D í 3D)
- Skerpa: Infinite Black Pro (+5.000.000:1 Native)
- Pro 24p Smooth Film/Play Back
- Svartími: 0.001 msec
- Progressive Scan og x.v Colour
- VIERA CONNECT nettenging
- Digital Cinema Colour 3-D Colour management
- Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari (MPEG4)
- Innbyggður gervihnattamóttakari
- Mynd og / í mynd (PIP/PAP/PAT)
- 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi
- SD/SDHC/SDXC kortalesari
- 4x HDMI, 3x USB, PC tengi, Wi-Fi möguleiki o.fl.

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION AWARDS 2011 TV OF THE YEAR PANASONIC TXP42GT30 · COMPUTER SHOPPER BEST BUY · expert REVIEWS BEST BUY · T3

neo plasma

**VERÐ ▶ 269.990**




### Panasonic TXL32UX3

32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro, 24p Playback Plus/Playback, Progressive Scan, x.v Colour, Digital Cinema Colour 3D Colour management, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T/C móttakara (MPEG4), Viera Link, SD/SDHC kortalesara, 2x HDMI, Scart, Component, CI rauf, CVBS, heyrnatólstengi, Optical út o.fl.

**VERÐ ▶ 99.990**




### Panasonic TXP42CX3

42" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal PRO, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4), kortalesara, V-Audio Surround ofl.

**VERÐ ▶ 104.990**




### Panasonic TXP42S30Y

42" Full HD Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive, Intelligent Frame Creation Pro, Vreal Live Engine, 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænum móttakara, 24p Playback, x.v Colour, 3x HDMI, SD kortalesara, Wi-fi ready ofl.

**VERÐ ▶ 149.990**




### Panasonic TXP50C3

50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4) ofl.

**VERÐ ▶ 149.990**




neo plasma

### Panasonic TXP46G30Y

46" Full HD 1080p THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, Vreal Live Engine, 600 Hz Sub Field Drive, High Contrast Filter, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, háskerpu HDTV stafrænum DVB-T/T2 móttakara, 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesara ofl.

**VERÐ ▶ 249.990**




### Panasonic TXP50UT30Y

50" Full HD 1080p 3-D Plasma sjónvarp með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D), 1920x 1080p upplausn, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback Plus/ Playback, Superb Contrast 2.000.000:1 skerpu, 0.001msec svartíma, háskerpu HDTV DVB-T/2 stafrænum móttakara, VIERA Connect nettengingu, SD/SDHC/SDXC kortalesara, 2x USB, 3x HDMI, Wi-fi ready ofl.

**VERÐ ▶ 279.990**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** samtök, **8.** árkvíslir, **9.** óðagot, **11.** tvíhljóði, **12.** einkennis, **14.** tipl, **16.** klukka, **17.** leyfi, **18.** viljugur, **20.** til, **21.** form.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vera með, **3.** í röð, **4.** gera óvandlega, **5.** vefnaðarvara, **7.** trúgjarn, **10.** sjór, **13.** tilvist, **15.** svífa, **16.** upphrópun, **19.** vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** aa, **8.** ála, **9.** fum, **11.** au, **12.** aðals, **14.** tritl, **16.** úr, **17.** frí, **18.** fús, **20.** að, **21.** fasi.
**LÓÐRÉTT: 1.** hafa, **3.** aá, **4.** klastra, **5.** tau, **7.** auðtrúa, **10.** mar, **13.** líf, **15.** líða, **16.** úff, **19.** ss.






# Fimmti flokkurinn

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Mörgum er uppsigað við hinn svokallaða fjórflokk. En staðreyndin er sú að við búum ekki við fjögurra flokka kerfi, heldur fimm. Fimmti flokkurinn skiptir reglulega um nafn og sjálfsmynd en hann er alltaf athvarf þeirra sem vilja vera partur af kerfinu en finna sig ekki í hinum hólfunum. Fimmti flokkurinn, hvort sem hann heitir Borgaraflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn, Kvennalistinn, Þjóðvaki eða Borgarahreyfingin, verður síðan smám saman samdauna hinni pólitísku ólykt og tekur upp alla ósiðina sem honum var stefnt gegn í upphafi, ómálefnalega orðræðu og hið séríslenska kosningasvindl sem flokkaflakk þingmanna á miðju kjörtímabili er. Síðasta tilraunin, Hreyfingin, er skólabókardæmi. Ekki hafði hún lengi átt fulltrúa á þingi áður en þar upphófust dylgjur um geðræn vandamál þingmanna og flokkaflakkið byrjaði.

**ÞESS** vegna er kominn tími á nýjan, ferskan og frumlegan fimmtaflokk. Málefnin þurfa ekki einu sinni að liggja fyrir, það er nóg að hann sé í eigin huga ferskur og frumlegur ólíkt öllum flokkunum sem hingað til hafa farið fram úldnir og ófrumlegir að eigin mati.

Flokkurinn verður leiddur af skilgetnasta afkvæmi íslenskra stjórnmála 20. aldarinnar, flokkaflakkaranum Guðmundi Steingrímssyni Hermannssonar Jónassonar. Hann er greindarpiltur sem gott eitt vakir fyrir, en þessi aðferðafræði mun ekki duga honum betur til að siðvæða íslenska pólitík en þeim fjölmörgu sem reynt hafa hana á undan honum.

**AÐ** ætla að nota fimmta flokkinn til að bæta íslenska pólitík hefur reynst ámóta gagnlegt og að hreinsa drullupoll með því að bæta út í hann pínulitlu af fersku vatni. Góðu áformin verða undantekningalaust hinni gerspilltu pólitísku ómenningu að bráð. Enn er mulið undir alþingismenn, þeir hafa jafnvel fengið aðstoðarmenn á launum hjá almenningi svo þeir komist í jólafrí í byrjun desember og ekki hefur verið hróflað við eftirlaununum sem þeir skömmtuðu sér sjálfir og eru ekki í neinu samræmi við það sem tíðkast hjá fólki sem þarf að sjá fyrir sér með heiðarlegri vinnu.

**VIÐ** þurfum ekki fleiri flokka á Alþingi. Við þurfum ekki nýtt fólk á Alþingi. Það er fullreynt. Við þurfum að jafna Alþingi við jörðu og byggja nýtt stjórnkerfi frá grunni. Núverandi fyrirkomulag er þess eðlis að það að hafa áhuga á því að sitja á þingi gerir hvern mann siðferðilega vanhæfan til þess.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




66° NORÐUR
Vatnajökull jakki er ætlaður þeim allra kröfuhörðustu. Jakkinn er úr eVent efni sem er einstaklega endingargott vatns- og vindhelt 3ja laga öndunarefni. Saumlausar axlir og sérmótað snið á ermum og olnbogum tryggir hámarks hreyfigetu. Jakkinn er með vatnsheldum rennilásum og sérlega skjólgóðri hettu með vír sem hægt er að móta eftir þörfum.
» magazine.66north.is
Emil
Vatnajökull jakki
72.000 kr.
Vatnajökull softshell buxur
33.500 kr.
Kul trefill
14.800 kr.
Bylur peysa
29.800 kr.
Langjökull hanskar
10.250 kr.
La Sportiva Nepal EVO gönguskór
75.000 kr.

# menning

menning@frettabladid.is

**HANNES PÉTURSSON** áritar bækur milli tvö og þrjú í dag í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18. Nýverið kom út bók Hannesar, Jarðlag í tímanum, sem hefur fengið góða dóma og viðtökur en í henni segir frá æsku skáldsins.

# Enn þykir gott að hafa Jón í sínu liði

**Í bókinni Jón forseti allur? skoðar Páll Björnsson sagnfræðingur hvernig minning Jóns Sigurðssonar gengur reglulega í endurnýjun lífdaga og er hagnýtt í ýmsum tilgangi.**

Í bók sinni Jón forseti allur?, sem kom út í vikunni, lýsir Páll Björnsson sagnfræðingur því á nýstárlegan hátt hvernig minning sjálfstæðishetjunnar Jóns Sigurðssonar hefur endurnýjast reglulega með hátíðarhöldum, minnismerkjum, kveðskap og fleiru og hvernig nafn hans hefur iðulega verið dregið inn í ágreiningsmál sem hafa verið efst á baugi hverju sinni.

Páll segist hafa fengið hugmyndina að bókinni árið 2004. „Ég hafði áður verið að skoða Jón í lifanda lífi og fannst kjörið að rannsaka þetta svið í framhaldinu. Ég sinnti þessu með hléum næstu ár en undanfarin tvö ár hef ég einbeitt mér að þessu verkefni meðfram kennslu.“

Minning Jóns forseta hefur verið nýtt á fjölbreyttan og margslunginn hátt að sögn Páls. „Ég reyni að fara yfir breitt svið og marga þætti. Í sjálfu sér mætti skrifa heila bók um hvert atriði, en ég vildi reyna að draga fram á eins knöppu máli og hægt væri heildstæða mynd af því hvernig minning hans hefur verið notuð. Mestu vandræðin við ritun bókarinnar voru hverju ég yrði að sleppa.“

Notkunin á minningu Jóns bregður einnig ljósi á tíðaranda hvers tíma. Árið 1994, á 50 ára afmæli lýðveldisins, þótti til dæmis óviðeigandi að minnast á að Jón hafi hugsanlega verið með kynsjúkdóm. „Tæpum áratug síðar fjallaði Guðjón Friðriksson sagnfræðingur um þetta í ævisögu Jóns og þá kippti sér enginn upp við það. Þetta er dæmi um hvernig viðhorfin breytast.“

Páll segir greinilegt að fólk sé enn þeirrar skoðunar að það sé gott að hafa Jón Sigurðsson með sér í liði, sem sjáist til dæmis á því hvernig stjórnmálamenn vitna gjarnan til Jóns í sambandi við sín eigin baráttumál.

„Jón hefur öðlast ákveðið vægi. Það gerðist á löngum tíma en verðgildi hans var þegar orðið hátt í upphafi 20. aldar. Skýrt dæmi um það er til dæmis Uppkastsmálið, þar sem báðar fylkingar töldu sig vera hina sönnu arftaka stefnu Jóns. Þetta stef hefur gengið aftur í umræðunni allar götur síðan.“

Páll segir ljóst að fólk muni alltaf leita til fortíðar eftir táknum til að sameinast um, hvort eð heldur fánum eða manneskjum.

„Upphafsstaða Jóns er sterk frá upphafi. Hann var þjóðhetja í lifanda lífi en hafði samt lítil raunveruleg völd og varð fyrir vikið ekki óvinsæll. Ímynd hans var því tiltölulega óspjölluð þegar hann féll frá. Þegar menn fara að leita að sameiningartáknum verður hann mjög snemma heppilegur kandídat.“

bergsteinn@frettabladid.is



**PÁLL BJÖRNSSON** Segir fólk ávallt munu leita eftir táknum úr fortíðinni til að sameinast um. Staða Jóns sem þjóðartákns hafi verið sterk frá upphafi. MYND/DANÍEL STARRASON

Tónlist ★★★

**Sónötukvöld**

Rut Ingólfsdóttir og Richard Simm

**Smekkleysa**

## Meiri Mozart

Mozart er vandmeðfarinn. Tónlist hans er svo tær og einföld að minnstu hnökrar í flutningi verða áberandi. Á geisladiskinum Sónötukvöld með Rut Ingólfsdóttur fiðluleikara og Richard Simm píanóleikara er að finna þrjár sónötur eftir Mozart (KV 27, 304 og 378). Þar er ekki kastað til hendinni. Sónöturnar eru stílhreinar og fallegt jafnvægi á milli hljóðfæranna. Túlkunin er blátt áfram og yfirveguð, sem fer tónlistinni vel. Maður verður ekki var við neina hnökra.

Eitt hið fegursta sem Mozart samdi, seinni kaflinn í sónötunni KV 304, veldur ekki vonbrigðum. Þetta er frábær spilamennska.

Flutningurinn á sónötunni eftir César Franck er talsvert síðri. Túlkunin er of varfærnisleg. Hvar er skapið í spilamennskunni? Snerpan og átökin? Hinn ástríðufulli, hraði annar þáttur er ekki sérlega spennandi. Og það vantar líka ákefð og undiröldu í rólegri kafla sónötunnar.

Hér hefði ein sónata til viðbótar eftir Mozart, í staðinn fyrir Franck, verið betri kostur. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Fínn Mozart, en Franck vantar sannfæringarkraft.





Jólaljós

Miðvikudagskvöldið 14. des. kl. 20

mun Kór Bústaðakirkju undir stjórn Jónasar Þóris halda sína árlegu stórtónleika ásamt hljóðfæraleikurum og Kammerkór unglinga kirkjunnar.



Jóhann Friðgeir Valdimarsson
óperusöngvari

aðrir einsöngvarar:
Gréta Hergils
Edda Austmann
Kristín Sædal
Svanur Valgeirsson og
Sæberg Sigurðsson

Á efnisskránni eru þekkt jólalög frá ýmsum löndum, auk laga í útsetningu Guðna Þ. Guðmundssonar, fyrrverandi kantors kirkjunar, en nýlega kom út bók með helstu útsetningum hans.

Tónleikarnir eru liður í 40 ára afmælisári Bústaðakirkju.

Miðaverð er 3.000,- kr. og fer miðasala fram í Bústaðakirkju og hjá kórfélögum.




**GRADUALE NOBILI** Kórinn hefur haft í nógu að snúast á árinu, en stúlkurnar í kórnum hafa verið á tónleikaferðalagi með Björk í tilefni útgáfu plötu hennar, Biophilu.

# Kertaljós og jólatónar í Langholtskirkju

Graduale nobili fagnar útgáfu nýrrar geislaplötu með tónleikum í Langholtskirkju á sunnudagskvöld. Kórinn mun flytja verkin Dancing Day eftir John Rutter og Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten á tónleikunum en bæði verkin eru á nýja geisladiskinum.

Auk þess verða fluttar nokkrar íslenskar jólaperlur á borð við Hátíð fer að höndum ein, Nóttin var sú ágæt ein, og Jólasöngur.

Tónleikarnir hefjast klukkan tíu um kvöldið og taka um klukkustund. Kórinn heldur jólatónleika ár hvert og eins og venjan er verður kirkjan lýst kertaljósum og boðið upp á smákökur að loknum tónleikum.

Stjórnandi er Jón Stefánsson og Elísabet Waage leikur á hörpu.

## SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

Í Langholtskirkju verða fleiri tónleikar um helgina. Söngsveitin Fílharmónía heldur aðventutónleika með yfirskriftinni Hin fegursta rósin er fundin á sunnudaginn klukkan fimm og þriðjudaginn 13. desember klukkan átta. Í tilefni þess að í vor verða liðin 100 ár frá fæðingu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, stofnanda kórsins, verða fluttar á þessum tónleikum raddsetningar hans á gömlum sálmalögum. Einnig verða flutt íslensk verk frá ýmsum tímum og er það nýjasta Svalt er á heimsins hjarni eftir Martein H. Friðriksson, sem stjórnaði Söngsveitinni 1976-1980. Þá verða á tónleikunum jafnframt erlend þekkt verk sem tónleikagestir kunna vel að meta.



**GISSUR PALL GISSURARSON**

Einsöngvari verður Gissur Páll Gissurarson. Steingrímur Þórhallsson spilar á orgel í nokkrum verkanna en stjórnandi er Magnús Ragnarsson.




Tilboð gilda til og með 13.12.11

# Alltaf pláss fyrir góða bók

## Ómissandi þáttur í jólahaldi bókaþjóðar

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




# Upphaf hringsins

Tónlist ★★★★

**Beethoven á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
Harpa

**Stjórnandi:** Hannu Lintu



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðastliðinn miðvikudag voru upphafið á svonefndum Beethoven-hring. Hljómsveitin mun flytja allar sinfóníur tónskáldsins sem er skemmtileg hugmynd að mati gagnrýnanda.

Fyrstu þrjár sinfóníur Beethovens voru á dagskránni á tónleikum Sinfóníunnar á fimmtudagskvöldið. Tónleikarnir voru upphafið á svonefndum Beethoven-hring, en þar mun hljómsveitin flytja allar sinfóníur tónskáldsins. Alls eru þetta fernir tónleikar, fyrri helmingurinn er núna í desember, hinn seinni í vor.

Þetta er skemmtileg hugmynd. Sinfóníur Beethovens eru níu talsins og flestar þeirra eru meðal mestu snilldarverka listasögunnar. Á tónleikunum nú voru fyrstu tvær sinfóníurnar leiknar fyrir hlé. Átökin eru gríðarleg. Hljómsveitin hamast megnið af tímanum. Fyrsta sinfónían er undir miklum áhrifum af Haydn, sem var fyrirrennari Beethovens. En krafturinn er mun meiri, þetta er Haydn á sterum – ef svo má að orði komast.

Svipaða sögu er að segja um aðra sinfónína, þótt ljóðrænan sé meiri. Bæði verkin tilheyra fyrsta tímabilinu í lífi Beethovens, en hefð er fyrir því að skipta tónsmíðum hans í þrjú tímabil. Eins og kunnugt er varð Beethoven heyrnarlaus og fyrsta tímabilið var áður en sjúkdómurinn gerði vart við sig og allt gekk eins og best var á kosið í lífi hans. Annað tímabilið hófst þegar hann gerði sér grein fyrir því að örlög hans yrðu önnur en hann hafði í fyrstu órað fyrir. Tónsköpun hans fór þá að miklu leyti að snúast um innri átök; örlögin, náttúruna, vilja Guðs, manninn og alheiminn í kringum hann. Á þriðja tímabilinu var hann að einhverju leyti búinn að finna frið innra með sér. Í mörgum verkunum sem hann samdi, þá alveg heyrnarlaus, er að finna nýja lífssýn og uppgjör við fortíðina.

Þriðja sinfónían tilheyrir upphafi annars tímabilsins. Þá fyrst heyrir maður Beethoven sjálfan, snilldina sem gerði hann ódauðlegan. Það er mögnuð tónlist.

Hljómsveitin spilaði prýðilega undir stjórn hins finnska Hannu Lintu. Fyrstu tvær sinfóníurnar voru leiknar af offorsi og gríðarlegu fjöri. Og skáldskapurinn og snilldin skilaði sér ágætlega í þeirri þriðju. Hægi kaflinn var einstaklega fallegur, ég man ekki eftir að hafa heyrt jafn áhrifamikinn flutning á tónleikum hljómsveitarinnar.

Leikurinn var samt ekki hnökralaus. Maður varð var við þreytumerki hjá hljóðfæraleikurunum, sérstaklega eftir því sem á leið. Og skyldi engan undra. Að spila þrjár Beethoven sinfóníur á einum tónleikum er þrekvirki. En smá ónákvæmni skipti litlu máli. Það var túlkunin sem var aðalatriðið, og hún var mergjuð. Ég mæli hiklaust með restinni af Beethoven-hringnum.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Skemmtilegir tónleikar með magnaðri túlkun.










„ÆSISPENNANDI“
Kristjana Guðbrandsdóttir, DV
1. SÆTI
28.11-4.12.2011
METSÖLULISTI HAGKAUPA
– SKÁLDVERK
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
BRAKIÐ
„EITT AF MEISTARAVERKUM SPENNUBÓKMENNTANNA.“
„Enn ein frábær bók frá Yrsu, ein af þeim betri að mínu mati.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR, VIKUNNI
„Tryllingur af bestu gerð ... æsispennandi og blóðugur hryllingur með dulrænni dramatík.“
KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR, DV
VERÖLD


ÚTILÍF
ALLIR FÁ ÞÁ
EITTHVAÐ FALLEGT
ÞÚ FÆRÐ MJÚKU OG HÖRÐU PAKKANA HJÁ OKKUR.
GEFÐU HREYFINGU Í JÓLAGJÖF.
NORTH FACE 20% AFSL.
ÚTIVISTARFATNAÐUR OG ÚLPUR
JÓLATILBOÐ 20% AFSLÁTTUR.
The North Face er stærsta útivistarmerki í heimi
20% SKÍÐAPAKKA AFSL.
SKÍÐI, SKÓR OG BINDINGAR
SKÍÐIN FÁST Í GLÆSIBÆ.
Rossignol – Nordica – Blizzard
GÖNGUSKÓR 20% AFSL.
Á JÓLATILBOÐI 20% AFSLÁTTUR.
Meindl – Scarpa – Trezeta – Lowa

# ALLUR FATNAÐUR FRÁ NORTH FACE OG ALLIR GÖNGUSKÓR Á JÓLATILBOÐI.

GEFÐU ÞÍNUM NÁNUSTU GÓÐA ÁSTÆÐU TIL AÐ HREYFA SIG.




## LEKI GÖNGUSTAFIR

**JÓLATILBOÐ 7.990 KR.**
Almennt verð 9.990 kr.



## 20% BRETTAPAKKA AFSL.

**BRETTI, SKÓR OG BINDINGAR.**
**20% PAKKAAFSLÁTTUR.**
Rossignol – Drake – Northwave



## HLÝTT FYRIR BÖRNIN

**BARNA ÚLPUR VERÐ FRÁ 11.990 KR.**
**UNGLINGAÚLPUR VERÐ FRÁ: 13.990 KR..**
**KULDASKÓR VERÐ FRÁ: 6.990 KR.**



## ULLARNÆRFÖT Í PAKKANN

**FRÁBÆRT ÚRVAL**
**AF ULLARNÆRFATNAÐI.**
Cintamani – Smartwool – Helly Hansen



## HREYFING FYRIR HANN

**POLAR PÚLSMÆLAR**
**VERÐ FRÁ 12.990 KR.**
**SKÓR VERÐ FRÁ 7990 KR.**



## SPORTFÖT Á BÖRNIN

**T-BOLIR: VERÐ FRÁ 1.990 KR.**
**BUXUR: VERÐ FRÁ 3.990 KR.**



## HREYFING FYRIR HANA

**T-BOLIR VERÐ FRÁ 3.990 KR.**
**BUXUR VERÐ FRÁ 7.990 KR.**
**SKÓR VERÐ FRÁ 7.990 KR.**




## BOLTAR

**FÓTBOLTAR VERÐ FRÁ: 1.990 KR.**
Fótboltar – Körfuboltar – Handboltar
– Tennisboltar – Golfboltar



## HÚFUR OG VETTLINGAR

**HLÝTT OG GOTT Í JÓLAPAKKANN**
**VERÐ FRÁ 990 KR.**

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 10. desember

#### Tónleikar

**15.00** Árlegir jólatónleikar fjölskyldunnar í umsjón **Þórunnar Björnsdóttur** verða haldnir í **Salnum, Kópavogi. Barnakórar Kársnesskóla** syngja jólalög og góðir gestir líta við. Miðaverð er kr. 1.500.

**17.00 Aðventutónleikar Háteigskirkjukórs** verða haldnir í **Háteigskirkju** undir stjórn **Douglas A. Brotchie.** Aðgangur ókeypis.



**20.30 KK og Ellen** halda árlega aðventutónleika sína í **Háskólabíói.** Miðaverð er kr. 4.900.





**21.30 Jólahazar Kimi Records #2** verður haldinn á skemmtistaðnum **Bakkus** í samstarfi við **gogoyoko.** Fram koma **Úlfur, Nolo, Snorri Helgason og Mr.Silla,** auk þess sem **Kimi Records** kynnir það helsta sem komið hefur út á árinu. Plötur og varningur á umsemjanlegu verði.

**22.00 Hljómsveitin Todmobile** heldur stórtónleika á **Gauki á Stöng.** Aðgangseyrir er kr. 1.950.

**22.00 Magnús Einarsson og Tómas Tómasson** halda tónleika á **Obladí Oblada,** Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Útgáfutónleikar **GRM, Gylfa, Ægis, Rúnars Þórs og Megasar** verða haldnir á **Græna Hattinum, Akureyri.** Miðaverð er kr. 2.500.

**22.20 Hljómsveitin Reykjavík!** heldur tónleika á **Dillon.** Ásamt þeim koma fram **Ofvitarnir** og **Loja.** Tónleikarnir eru liður í kynningarherferð Reykjavík! vegna útgáfu nýrrar breiðskífu þeirra, **Locust Sounds.**

#### Leiklist

**14.00** Sýningar á **Jóla Trúðabíói** fara fram í **Gaflaraleikhúsinu.** Um er að ræða einstakt samspil klassískra gamanmynda og leikhúss þar sem trúðahópur stjórnar bíósýningunni. Miðaverð er kr. 1.700.

**19.30** Leikritið **Svartur hundur prestsins** er sýnt í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð er kr. 4.300.

**22.00 Pörupiltar** og **Viggó og Víóletta** sýna gamanleikinn Uppnám í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

#### Sýningar



**09.00 Kristján Jón Guðnason** sýnir málverk sín á sölusýningu á **Mokka** út helgina undir yfirskriftinni Kátir dagar í desember.

**13.00** Síðasta sýningarhelgi mynda **Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar** í **Listasafni ASÍ.** Sýningin ber yfirskriftina **Móðan gráa – Myndir af Jökulsá á Fjöllum.** Aðgangur er ókeypis.

**14.00** Síðasta sýning **Jónu Hlífar Halldórsdóttur** og **Hjálmars Stefáns Brynjólfssonar** í þríleik um bókamenningu opnar í **Populus tremula**, í kjallara **Listasafnsins á Akureyri.** Sýningin ber heitið **Nú á ég hvergi heima** og er tileinkuð Norðurlandi, íslensku sveitinni og farvegi tímans.

**15.00** Sýning **listfræðinema við Háskóla Íslands** heldur áfram í sýningarrými þeirra, **Artímu.** Þau **Óskar Hallgrímsson, Ragnheiður Maísól Sturludóttir** og **Hekla Björt Helgadóttir** halda hvert sína sjálfstæðu sýningu í rýminu.

**16.00 Gallerí Ágúst** opnar sýninguna **Ótti við óvini framtíðarinnar**. Um er að ræða óvenjulega sýningu á stórum ljósaskúlptúr eftir myndhöggvarann **Rósu Gísladóttur.** Sýningin stendur til 15. janúar 2012.

#### Hátíðir

**15.30 Aðventuhátíð** verður haldin á **Baldurstorgi,** sem er nýendurgert torg á gatnamótum **Baldursgötu, Óðinsgötu** og **Nönnugötu.** Á hátíðinni verða opnaðar 2 sýningar; **önnur sögusýning og hin listasýning,** auk þess sem jólalög verða sungin og leikin á meðan gestir geta gætt sér á jólahressingu. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



**23.00** Hljómsveitin **Á móti sól** heldur uppi fjörinu á afmælishátíð **Hvíta Hússins á Selfossi.** Fjöldi tilboða í boði og leynigestir láta sjá sig.

#### Uppákomur

**11.00** Árleg **jólatréssala** fer fram í sumarbúðum **KFUM og KFUK í Vindáshlíð í Kjós.** Öllum velkomið að koma og höggva sitt eigið jólatré. **Verð á trjám er kr. 4.000,** óháð stærð. Veitingar á vægu verði.

**13.00** Fjölbreytt dagskrá í **Jólaþorpinu í Hafnarfirði** til klukkan 18.00. Allir velkomnir!



**14.00 Café Flóra í Grasagarðinum** býður til huggulegar stemningar. Presthjónin **Bjarni Karlsson** og **Jóna Hrönn Bolladóttir** mæta og lesa úr nýútkominni bók sinni **Af heilum hug, Skólahljómsveit Austurbæjar** spilar jólalög og **Ragnheiður Gröndal** syngur nokkur vel valin lög. Kaffihúsið og jólabasarinn eru opin. Allir velkomnir.

**15.30 Norræna húsið** sýnir beint frá afhendingu **Nóbelsverðlauna** í flokki bókmennta sem fram fer í **Stokkhólmi.** Heiðursdagskrá verður í kringum afhendinguna. Sænski rithöfundurinn **Tomas Tranströmer** er viðtakandi verðlaunanna í ár.

**21.00** Tískusýning á fatnaði úr versluninni **KISS** fer fram á **Buddah bar,** Hverfisgötu. **Magga Gnarr** frumflytur lag og **DJ Áki PAIN** spilar danstónlist fram eftir kvöldi. Martini fordrykkur í boði **MEKKA** og gjafapokar í boði **KISS** fyrir þá sem mæta stundvíslega. Aðgangur er ókeypis.

**22.00 Bylgjan, Greifarnir** og **Paparnir** halda sameiginlega upp á **25 ára afmælið** sitt. Fögnuðurinn fer fram á **Spot** þar sem **Greifarnir** leika fyrir dansi, og á **Players** þar sem **Paparnir** stíga á stokk. Einn miði dugir inn á báða staði og getur fólk því fengið smá skammt af hvoru. Miðaverð er kr. 2.500

**23.00** Hið árlega **kjólaball Heimilistóna** verður haldið í Iðnó. Hljómsveitin **Heimilistónar** er skipuð þeim **Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Elvu Ósk Ólafsdóttur, Vigdísi Gunnarsdóttur og Ragnhildi Gísladóttur.** Miðaverð er kr. 2.000.

#### Bókmenntir

**14.00** Aðventustemning og kaffisala verður á hinni árlegu bókmenntakynningu **Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK í MÍR-salnum. Vilborg Dagbjartsdóttir, Vigdís Grímsdóttir, Olga Guðrún Árnadóttir, Ármann Jakobsson, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Kristín Svava Tómasdóttir** lesa öll úr nýútkomnum verkum sínum. Allir velkomnir.

#### Opið hús



**13.00 Íslandsdeild Amnesty International** heldur opið hús á skrifstofu sinni í **Þingholtsstræti 27,** Reykjavík, í tilefni af **Alþjóðlega mannréttindadeginum.** Gestum gefst kostur á að taka þátt í bréfamaraþoninu sem stendur nú yfir með því að skrifa undir áköll til yfirvalda og senda kveðjur til fórnarlamba mannréttindabrota. Tónlistarfólkið **Kristjana Stefánsdóttir og Svavar Knútur** koma fram.

#### Tónlist

**14.00 Orgel fyrir alla – Orgeljól** eru tónleikar fyrir alla fjölskylduna. Tónleikarnir eru hluti af **Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju** og fara fram þar.

**23.30 Sálin hans Jóns míns** gefur aðdáendum sínum góða jólagjöf og heldur nokkra tónleika yfir hátíðarnar. Þeir hefja törnina með tónleikum á **NASA** við Austurvöll í kvöld. Miðaverð er kr. 2.500.

#### Bækur

**16.00** Útgáfugleði verður í **Bókabúð Máls og menningar,** Laugavegi 18, í tilefni af útgáfu bókarinnar **Þóra – heklbók eftir Tinnu Þórudóttur Þorvaldsdóttur.**

#### Uppákomur

**14.00 Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Thelma Ásdísardóttir** lesa úr bókum sínum á **jólabazar Drekaslóðar** í húsnæði Drekaslóðar, **Borgartúni 3, 2. hæð.** Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


JÓLAOUTLET
Í VERSLUN OKKAR Á LAUGAVEGI 25
40 - 60%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
ATH. MJÖG NÝLEGAR VÖRUR Í BOÐI
NÝTT KORTATÍMABIL
smárar







# Kjólaball verður að k-jólaballi

„Þetta verður æðislega skemmtilegt,“ segir söng- og leikkonan Katla Margrét Þorgeirsdóttir, sem skipar ásamt Vigdísi Gunnarsdóttur, Elvu Ósk Ólafsdóttur, Ragnhildi Gísladóttur og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur leikkonum, hljómsveitina Heimilistóna.

Heimilistónar halda í kvöld sitt árlega ball, en í þetta skiptið spila þær ekki fyrir dansi á hinu hefðbundna kjólaballi heldur á k-jólaballi. „Ballið er í seinni kantinum núna þannig að við ákváðum að breytu þessu bara í k-jólaball. Við spilum örfá jólalög inn á milli og verðum með jólaglaðning.“ Ballið er löngu orðinn fastur viðburður hjá mörgum og Katla Margrét lofar sérstaklega góðri skemmtun í ár. Hún segir leynigestinn, að öðrum ólöstuðum, einn þann flottasta, og að þær muni njóta liðsinnis gógódansara og gestahljóðfæraleikara.

Katla Margrét segir leikkonurnar fimm hlakka mikið til að stíga á svið. „Við gerum þetta af því að okkur finnst þetta svo gaman. Við troðum alltaf reglulega upp, en þetta er alltaf sérstakt, þetta ball er stóri viðburðurinn. Við verðum í hátíðarskapi og stemmningin verður mögnuð.“



**Í HÁTÍÐARSKAPI** Heimilistónum finnst alltaf gaman þegar gestir mæta í fötum í anda sjöunda áratugarins á ballið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ballið hefst klukkan 23 í Iðnó í kvöld. Miðaverð er 2000 krónur og hægt er að nálgast miða á vefsíðunni midi.is. - bb

# BÖRN OG UNGLINGAR

## ævintýri og alvara




### Agnar Smári
**– tilþrif í tónlistarskólanum**

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

Agnar Smári lendir í ótrúlegum hremmingum í tónlistarskólanum. Til allrar hamingju finnur hann samt að lokum sitt rétta hljóðfæri.




### Auður og gamla tréð
**– Jógabók fyrir börn**

**Eva Rún Þorgeirsdóttir og Stella Sigurgeirsdóttir**

Í ævintýrinu um Auði kynnast börnin jóga og læra fyrstu æfingarnar. Fróðleikur og falleg saga um duglegan fjörkálf.




### Rikka og töfrahringurinn í Japan

**Hendrikka Waage og Inga María Brynjarsdóttir**

Í ævintýrinu um Auði kynnast börnin jóga og læra fyrstu æfingarnar. Fróðleikur og falleg saga um duglegan fjörkálf.




### Carpe Diem

**Eyrún Ýr Tryggvadóttir og Kristjana María Kristjánsdóttir**

Það er áskorun að vera í 10. bekk og að eiga vonlausa foreldra. En lífið breytist þegar maður Finnur ástina. Spennandi unglingasaga sem minnir á að stutt er á milli gleði og sorgar.




### Fangarnir í trénu

**Harpa Dís Hákonardóttir**

Sjálfstætt framhald af Galdrasteininum sem kom út 2009. Nú lendir Erla í nýjum æsilegum ævintýrum í Álfheimum og reynir að bjarga kóngsbörnunum úr klóm svartdverga.

Salka

**Kíktu á salka.is**

**Skipholti 50c • 105 Reykjavík**

Salka / MEL

# Fólk

folk@frettabladid.is



**7 ár ERU LIÐIN** frá því að Dimebag Darrell var myrtur á sviði. Þungarokksaðdáendur heiðruðu minningu hans í vikunni.



**TIL ÍSLANDS** James Taylor er á leiðinni til Íslands í maí á næsta ári.
NORDICPHOTOS/GETTY

## James Taylor til Íslands

**James Taylor, einhver þekktasti söngvari og lagahöfundur tuttugustu aldarinnar, stígur á svið í Hörpunni 18. maí.**

Taylor er margfaldur Grammy-verðlaunahafi og eitt vinsælasta söngvaskáld sem komið hefur fram. Hann varð frægur á áttunda áratugnum með lögum eins og You´ve Got A Friend og Fire and Rain. Taylor var vígður inn í Frægðarhöll rokksins árið 2000 og hafa plötur hans selst í tugum milljóna eintaka. Miðasala á tónleikana hefst á Harpa.is og í síma 528-5050 mánudaginn 19. desember.

# ENN OG AFTUR TROÐFULLT HJÁ MIÐ-ÍSLANDI

**Jólasýning Mið-Íslands með finnska uppistandaranum André Wickström fór fram á fimmtudagskvöldið. Fjöldi fólks sótti sýninguna og að venju var hlegið dátt að bröndurum piltanna. Wickström fór einnig á kostum með túlkun sinni á skandinavískum „dansböndum“ og gerði jafnframt góðlátlegt grín að frændum okkar Dönum.**



**FÉLAGAR** Leikstjórinn Ragnar Bragason mætti á sýninguna ásamt vini sínum og samstarfsmanni, Jóhanni Ævari Grímssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GÓÐIR GESTIR** Þau Eva Demireva, Kolbrún Harðardóttir og Sævar Ólafsson voru á meðal gesta.



**GLAÐLEGAR** Ása María Guðbrandsdóttir og Guðríður Jóhannsdóttir voru á meðal áhorfenda.



**KAMPAKÁTIR** Félagarnir Sveinbjörn Fjölnir Pétursson og Jens Jensson skemmtu sér stórvel á fimmtudaginn.




## Fékk innblástur frá Kurt Cobain

Ein forvitnilegasta nýja stjarna ársins 2011 er bandaríska söngkonan Elizabeth Grant, sem kallar sig Lana Del Rey. Sú sló í gegn með laginu Video Games fyrr á þessu ári, en lagið situr enn á vinsældalista Rásar 2.

Lítið er vitað um stúlkuna og snerist fjölmiðlaumfjöllun í fyrstu aðallega um þrýstnar varir söngkonunnar, henni til mikils ama. Nú hefur Lana hins vegar snúið umræðunni að öðru því hún hefur gefið upp að tónlistarmaðurinn sem hafi veitt henni mestan innblástur sé Kurt Cobain. „Þegar ég var 11 ára sá ég Cobain syngja Heart Shaped Box á MTV sjónvarpsstöðinni, og ég fraus algjörlega. Mér fannst hann vera fallegasta manneskja sem ég hafði nokkru sinni séð, og þótt ég væri svona ung tengdi ég strax við depurð hans,“ sagði söngkonan í útvarpsviðtali.

Hún hlustaði svo ekki á tónlist Nirvana fyrr en hún varð 17 ára, en hún segir að allt til dagsins í dag haldi Cobain áfram að vera henni innblástur í því að vilja ekki gera neinar málamiðlanir í laga- og textasmíð sinni.



**EFNILEG** Lana hefur hvorki viljað neita né staðfesta að varir hennar séu þrýstnar af mannanna völdum.

## Paris gerist leikkona

Paris, þrettán ára dóttir popparans sáluga Michaels Jackson, hefur fengið hlutverk í sinni fyrstu kvikmynd. Hún heitir Lundon´s Bridge and the Three Keys og er ævintýramynd þar sem bæði raunverulegar og teiknaðar persónur koma við sögu.

Fjölskylda Parisar vildi ekki að hún byrjaði í skemmtanabransanum fyrr en hún væri orðin átján ára. Blaðið Sun heldur því fram að hún hafi getað sannfært ömmu sína Katherine um að leyfa sér að leika í myndinni og sagði henni að pabbi hennar hefði orðið hrifinn af boðskapnum. Þar er væntumþykja ungrar stúlku gagnvart föður sínum mest áberandi. Myndin er byggð á bókaröð eftir Dennis H. Christen og fjallar um höfrung sem breytist í manneskju.



**FYRSTA HLUTVERKIÐ** Paris hefur fengið fyrsta kvikmyndahlutverk sitt.

Paris fetar þar með í fótspor föður síns, sem var mikil barnastjarna. Hann sló í gegn átta ára í hljómsveitinni The Jackson 5 og lék í sinni fyrstu kvikmynd, The Wiz, þegar hann var tvítugur.


Nýjar jólavörur
Ótrúleg verð
Mikið af góðum jólatilboðum
Loðband
1.990
Jakki 4.990
Einnig til í ljósu
Leðurjakki
6.990
Velúrbuxur
Evalin
Flottar leggings
990
E-label og Evalin
20%
afsláttur um helgina.
Nýtt kortatímabil
smárar
SMÁRALIND
KRINGLUNNI
LAUGAVEGI 25
SÍMI 571 1700




OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 13. desember á meðan birgðir endast.


VINSÆLAR
JÓLAGJAFIR
STEINDINN OKKAR
2.799
ÁRITAR
& SKEMMTIR
Smáralind kl. 15
SUNNUDAG
ELDFÆRIN
2.799
ÁRITAR
Kringlunni kl. 17 í DAG
ÁRITAR & SKEMMTIR
Smáralind kl. 17
SUNNUDAG
ÁRITAR & SKEMMTIR
SMÁRALIND
í DAG kl. 13:00
SUNNUDAG KL. 12:30
PÁLL ÓSKAR & SINFÓ
Sérstök viðhafnarútgáfa er nú fáanleg. Umslagið er úr stáli og aukadiskur fylgir með. Aukadiskurinn inniheldur vinsæl lög sem aldrei áður hafa komið út á plötum Páls Óskars. Takmarkað magn.
PÁLL ÓSKAR & SINFÓ
2CD+DVD
VIÐHAFNAR ÚTGÁFA
3.999
JÓN JÓNSSON
WAIT FOR FATE
2.699
ÁRITAR
Kringlunni kl. 16
SUNNUDAG
4CD+DVD
GULLVAGNINN
3.999
4.499
Amma er best
Geir Ólafsson og Furstarnir
2.499
ÁRITAR
Skeifunni kl. 15 Í DAG
2CD
BARNALÖG
3.199
3.499
ÁRITA & SPILA
Smáralind kl. 16 í DAG
2CD
PAPAR & GESTIR
JAMESON
3.199
3.499
ÁRITA & SPILA
Smáralind kl. 15 Í DAG
Smáralind kl. 16
SUNNUDAG
ÁFRAM ÍSLAND!
2.699
2CD+DVD
Quarashi
Anthology
3.499
2CD+DVD
3.499
CD+DVD
HELGI BJÖRNS
DÆGURPERLUR
3.199
3.399
Sigurður Guðmundsson
Sigríður Thorlacius
2.699
2.699
STEBBI & EYFI
fleiri notalegar
2.699
5CD
Glæsileg jól
4.299
4.499
2.699
KK OG ELLEN
JÓLIN
2.499
2.799
JÓGA
CD+DVD
3.499
LAY LOW
CD+DVD
2.699
3CD
Ingimar Eydal
3.399
3CD
JÓN MÚLI ÁRNASON
3.399
Ingó
2.699
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sunnudagur 11. desember

### → Tónleikar



**15.00 Friðrik Ómar og Jógvan Hansen** standa fyrir samstöðutónleikum til stuðnings **Björgunarsveitum LFB (Landsfelagi fyri Bjargingarfelögini) í Færeyjum.** Gríðarleg eyðilegging varð í Færeyjum í óveðrinu sem skall þar á fyrir skemmstu og mikið álag á björgunarsveitarfólk. Frítt verður á tónleikana, sem haldnir verða í sal **Norðurljósa í Hörpu,** en fólk er hvatt til að leggja pening í söfnunina. Stofnaður hefur verið söfnunarreikningur í Landsbankanum, **0101-26-102000, kt: 480208-0480.**



**16.00** Fjölskylduhljómsveitin **Pollapönk** fagnar útgáfu nýjustu plötu sinnar, **Aðeins meira pollapönk,** í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 2.000.

**16.30 Aðventuhátíð Kórs Átthagafélags Strandamanna** verður haldin í **Bústaðakirkju.** Stjórnandi er **Arnhildur Valgarðsdóttir, Heiða Árnadóttir** syngur einsöng, **Ásta Haraldsdóttir** spilar á píanó og **Ágústa Dómhildur** á fiðlu.

**17.00** Jólatónleikar verða haldnir í **Guðríðarkirkju** undir stjórn **Símonar H. Ívarssonar.**

**20.00** Aðventutónleikar **Söngsveitarinnar Fílharmóníu** með yfirskriftinni **Hin fegursta rósin er fundin** verða haldnir í **Langholtskirkju.** Miðaverð er kr. 2.900 og kr. 1.000 fyrir 12 ára og yngri.

**20.00** Jólatónleikar verða í **Grafarvogskirkju** þar sem fram koma **Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi.** Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**20.00** Aðventutónleikar kórsins **Söngfjelagsins** verða haldnir í **Háteigskirkju.** Flutt verða jafnt innlend sem erlend lög tengd aðventu og jólum. Miðaverð er kr. 2000.

**20.00** Jólatónleikar **Samkórs Reykjavíkur**, undir stjórn **John Gear,** verða haldnir í **Guðríðarkirkju** í Reykjavík. Kaffi og smákökur í boði í hléi. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.00 Jazztríó Bödda Reynis** heldur kósýkvöld með jólalegum blæ á **Café Rosenberg.**

**21.00 Skúli mennski og hljómsveitin Grjót** standa fyrir útgáfu og aðventu búgítónleikum í **Iðnó.** Auk þeirra koma fram **Þórunn Arna Kristjánsdóttir** leik og söngkona, **Ari Eldjárn** uppistandari og hinn þjóðkunni **búgímaður KK.**

### → Leiklist

**14.00 Gaflaraleikhúsið** heldur sýningu á **Jóla Trúðabíói.** Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð er kr. 1.700.

**20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir verkið **Jarðskjálftar í London** eftir **Mike Bartlett** í leikstjórn **Halldórs E. Laxness.** Sýningar verða í **Leikhúsi Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13.** Miðaverð er kr. 1.500.

### → Sýningar



**13.00** Jólasýning **Árbæjarsafns** verður opin til kl.17.00. Þar er hægt að fylgjast með hvernig undirbúningur jólanna fór fram í gamla daga. Aðgangseyrir er kr. 1000 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir börn, ellilífeyrisþega og öryrkja.

**13.00** Lokadagur sýningar á verkum **Halldóru Emilsdóttur (Dóru)** í **Artóteki, Borgarbókasafni Reykjavíkur,** Tryggvagötu 15.

**13.00** Lokadagur á sýningu **Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar** í **Listasafni ASÍ.** Aðgangur ókeypis.

**14.00 Eiríkur Þorláksson,** sýningarstjóri og fyrrum forstöðumaður **Listasafns Reykjavíkur** mun leiða gesti um sýninguna **Frá hugmynd að höggmynd – Teikningar Ásmundar Sveinssonar,** sem stendur yfir í **Ásmundarsafni** Listasafns Reykjavíkur.

**14.00** Síðasta sýning **Jónu Hlífar Halldórsdóttur** og **Hjálmars Stefáns Brynjólfssonar** í þríleik um bókamenningu opnar í **Populus tremula, í kjallara Listasafnsins á Akureyri.** Sýningin ber heitið **Nú á ég hvergi heima** og er tileinkuð Norðurlandi, íslensku sveitinni og farvegi tímans.

**15.00** Listamaðurinn **Katrín I.J.H.Hirt** verður með óhefðbundna leiðsögn um sýninguna **Endemis (Ó)sýn í Gerðarsafni.** Allir velkomnir.

**15.30 Hörður Friðþjófsson** gítarleikari og **Erla Kristín Hansen s**kapa jólastemningu í **Listasafni Árnesinga** í tilefni af sýningarlokum sýningarinnar **Almynstur.**

### → Sýningarspjall

**14.00 Eiríkur Þorláksson** mætir í **Ásmundarsafn Listasafns Reykjavíkur** og spjallar um sýninguna **Frá hugmynd að höggmynd – Teikningar Ásmundar Sveinssonar** sem stendur nú yfir þar.

### → Kvikmyndir

**15.00 MÍR** sýnir kvikmyndina **Hnotubrjóturinn** sem er byggð á tónlist **Tsjaíkovkíjs.** Síðasta bíósýningin fyrir jól. Aðgangur ókeypis.




**19.30 MotoMania** verður haldin í **Bíó Paradís á Hverfisgötu.** Um er að ræða fyrstu kvikmyndahátíðina hérlendis þar sem þemað er mótorhjól, en sýndar verða mótorhjólamyndirnar **Fastest og TT3D - Closer to the Edge.**

**22.00 Prikið** býður uppá vikulegt þynnkubíó. Mynd dagsins er myndin **Kingpin.**

### → Uppákomur

**13.00** Fjölbreytt dagskrá í **Jólaþorpinu** í **Hafnarfirði** til klukkan 18.00. Allir velkomnir!



**13.00** Huggulegheitin halda áfram á **Café Flóru í Grasagarðinum** þar sem kaffihúsið og jólabasarinn eru opin. Kór undir stjórn **Þórunnar Björnsdóttur** kemur og syngur, **Skólahljómsveit Austurbæjar** spilar jólalög og **Sigríður Ásta** kynnir nýútkomna bók **Húsráðakver Frú Kitschfríðar,** auk þess sem hún spilar á harmonikku. Allir velkomnir.

**14.00** Jóladagskrá **Þjóðminjasafns Íslands** hefst í dag. **Grýla, Leppalúði og jólakötturinn** kíkja í heimsókn og **Svavar Knútur** syngur með börnunum. Aðgangur er ókeypis.

**19.30** Jólagleði **Kramhússins** fer fram í **Austurbæ.** Skemmtikraftar á öllum aldri. Miðaverð kr. 2.000.

### → Dansleikir

**20.00 Félag eldri borgara í Reykjavík** heldur dansleik að félagsheimili sínu, **Stangarhyl 4.** Danshljómsveitin **Klassík** leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en 1.300 fyrir **félagsmenn FEB.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





**BJÖRK** Söngkonan kemur hugsanlega fram á Phoenix Festival á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Radiohead og Björk á lista

**Skipuleggjendur tónlistarhátíðarinnar Phoenix Festival segja að listi sem birtist í vikunni yfir flytjendur á hátíðinni hafi ekki verið frá þeim kominn og vilja þeir ekki staðfesta að hann sé réttur. Á listanum voru þekkt nöfn á borð við Björk, Radiohead, Smashing Pumpkins og Sonic Youth. Samkvæmt þessari vafasömu tilkynningu verður tónlistarhátíðin haldin 12. til 15. júlí. Til stendur að halda hátíðina í fyrsta skipti í fimmtán ár og er spennan mikil yfir því hverjir koma þar fram.**



**BORGA JARÐARFÖRINA** Mick Jagger og Keith Richards borga jarðarför Huberts Sumlin. NORDICPHOTOS/AFP

# Borga fyrir jarðarförina

**Mick Jagger og Keith Richards úr The Rolling Stones ætla að borga allan kostnaðinn vegna jarðarfarar blúsgoðsagnarinnar Hubert Sumlin. Hann lést á dögunum, áttræður að aldri, eftir að hafa fengið hjartaáfall.**

**Jagger var á meðal þeirra fyrstu sem vottuðu Sumlin virðingu sína og sagði hann hafa verið mikinn innblástur á tónlistarferli sínum. Richards spilaði á plötu Sumlins, Them Shoes, sem kom út fyrir fimm árum. Kona Sumlins, Toni Ann, er afar ánægð með Rollingana. „Aðdáendur Huberts, Mick Jagger og Keith Richards, krefjast þess að fá að borga jarðarfararkostnaðinn. Guð blessi Rolling Stones.“**




# Gefa út frumsamið jólalag

„Tónlistin er ástríða okkar beggja og við höfum sungið saman frá því að við vorum litlar,“ segir Greta Mjöll Samúelsdóttir sem myndar dúettinn SamSam ásamt systur sinni Hólmfríði.

Systurnar hafa komið fram í einkasamkvæmum um hríð en ákváðu í sumar að fara í stúdíó og taka upp nokkur lög. Eitt af þeim lögum er frumsamið jólalag eftir þær Gretu og Hólmfríði sem nefnist Desember. Lagið hljómar nú í útvarpi og á netinu.

Greta Mjöll er í námi í Boston samhliða því að spila fótbolta en hún er landsliðskona í knattspyrnu. Hólmfríður er grunnskólakennari en söngurinn hefur alltaf átt hug þeirra beggja.

„Hófí sér um að semja lögin okkar og spilar á píanó en ég spila smá á úkúlele. Ástæðan fyrir að við höfum ekki farið saman í stúdíó fyrr en núna var að okkur fannst við ekki nógu flinkar á hljóðfæri og skorti kjark til að fá til liðs við okkur flinka tónlistarmenn,“ segir Greta Mjöll en systurnar vöktu fyrst athygli fyrir söng sinn fyrir fimm árum er þær tóku þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna og fluttu lagið Ó María við góðan orðstír. Þá var það Greta Mjöll sem sá um að syngja og Hólmfríður raddaði.

„Við tókum upp jólalagið í Stúdíó Ljónshjarta með Þórði Gunnari sem sá einnig um að taka upp Ó María á sínum tíma. Draumurinn er að gefa út okkar eigið efni en nú stefnum við á að koma jólalaginu í útvarpsspilun heima,“ segir Greta Mjöll. Hún verður úti um jólin og því geta þær systur ekki komið fram opinberlega í kringum hátíðarnar. „Ef eftirspurnin verður mikil er aldrei að vita nema maður hoppi upp í næstu vél,“ segir Greta Mjöll hlæjandi að lokum. **- áp**



**SÖNGSYSTUR** Systurnar Greta Mjöll og Hólmfríður Samúelsdætur mynda dúettinn SamSam og gefa út frumsamið jólalag fyrir þessu jól.



# RIS OG FALL KIM KARDASHIAN

**Ein af manneskjum ársins í heimi ríka og fræga fólksins er án nokkurs vafa Kim Kardashian. Henni tókst að viðhalda umfjöllun um sjálfa sig með bæði hjónabandi og skilnaði.**







### ENGIN TAKMÖRK

Kim Kardashian er grunuð um að hafa lagt á ráðin um mikil svik þegar hún gekk að eiga unnusta sinn, Kris Humphries, fyrir framan áhorfendur sjónvarpsstöðvarinnar E! en þau skildu aðeins tveimur mánuðum seinna. Kim Kardashian er ekkert heilagt í einkalífinu en stóra spurningin er sú; hvenær en ekki hvort hættir fólk að hafa áhuga?

NORDICPHOTOS/GETTY

Kim Kardashian er ein af manneskjum ársins í afþreyingarheiminum. Hún seldi brúðkaup sitt og Kris Humphries fyrir fleiri hundruð milljónir íslenskra króna til sjónvarpsstöðvarinnar E! og skildi síðan við hann tveimur mánuðum seinna. Sjónvarpsáhorfendur fengu síðan að sjá hjónabandið molna hægt og bítandi í raunveruleikaþáttaröðum Kardashian-fjölskyldunnar. Allt ber þetta að sama brunni, að sjá til þess, sama hvaða meðölum er beitt, að umfjöllun um Kardashian-vörumerkið sé stöðug og áberandi.

**Hliðarverkefnið springur út**

Það eru fjögur ár síðan Kim Kardashian varð fræg. Raunar er hægt að tímasetja frægð hennar næstum nákvæmlega; þegar kynlífsmyndbandi hennar og tónlistarmannsins R Jay var lekið á netið í febrúar árið 2007. Klámmyndafyrirtækið Vivid keypti réttinn fyrir eina milljón dollara og gaf það út undir nafninu Kim Kardashian: Superstar. Þrátt fyrir að hafa hótað Vivid lögsókn féllst Kardashian á fimm milljón dollara greiðslu frá fyrirtækinu. Og hvort um skipulagt herbragð var að ræða eða ekki helgaði tilgangurinn meðalið; Kim Kardashian var orðin fræg. Hún hafði áður eingöngu verið litla hliðardýrið hjá Paris Hilton, sem varð einnig heimsfræg fyrir kynlífsmyndband sitt þremur árum áður, en gat nú staðið á eigin fótum og fengið sinn eigin raunveruleikaþátt.

Í fjögur ár hefur Kim Kardashian selt fjölmiðlum aðgang að lífi sínu, án þess að blikka. Hún má sig varla hreyfa án þess að tugir ljósmyndara eða myndatökumenn fylgi henni eftir. Fatalína hennar malar gull, hún á fatabúð með systrum sínum, hefur gefið út gloss-línu og brúnkukrem og svona mætti raunar lengi telja. Kardashian-veldið hamrar járnið á meðan það er heitt og kann svo sannarlega þá list að mjólka kúna.

**Svikahrappur eða ástarsorg?**

Brúðkaup Kim og Kris Humphries var svo besta dæmið um viðskiptadrifnar hugmyndir Kardashian-fjölskyldunnar um einkalíf, engu er leyft að vera í friði, allt er til sölu. Hjónavígslan var eins og úr ævintýramynd Walt Disney og tökuvélar frá E!-sjónvarpsstöðinni voru aldrei langt undan. Brúðkaupið kostaði auðvitað sitt en sökum áhuga fjölmiðla reyndist skötuhjúunum auðvelt að afla þeirra peninga með allskyns réttindasölum. En körfuboltamaðurinn ungi, sem raunar fáir vissu hver var, hafði ekki hugmynd um í hverju hann var lentur og fljótlega fór að molna undan hjónabandinu. Og eftir aðeins tvo mánuði hafði Kim sótt um skilnað frá eiginmanni sínum. Kjaftasögurnar voru ekki lengi að fara á kreik, hjónabandið hafði verið sviðsett og Humphries sjálfur hafði miður fallega hluti um fyrrum eiginkonu sína að segja, hún væri bara svikahrappur sem hefði misnotað sig. Fyrrum upplýsingafulltrúi Kardashian hefur haldið sömu hlutum fram og undirskriftarlistar hafa gengið á netinu þar sem biðlað er til sjónvarpsstöðva að hætta að mylja undir stúlkuna.

**Ekkert heilagt**

Enn á þó eftir að koma í ljós hversu mikil áhrif skilnaðurinn hefur á feril Kim Kardashian en það þarf varla að koma neinum á óvart að öll dramatíkin hófst á sama tíma og raunveruleikaþáttaröð þeirra systra; Kourtney & Kim Take New York hóf göngu sína á E!. Þeim systrum er ekkert heilagt, fjölmiðlar eiga greiðan aðgang að lífi þeirra.

Kim virðist fullkunnugt um sínar takmarkanir, hún veit að hún er fræg fyrir að vera fræg. En hvort henni takist að selja hæstbjóðenda aðgang að einkalífinu um ókomna tíð og hvort almenningur hafi endalausan áhuga á Kim Kardashian verður tíminn einn að leiða í ljós. freyrgigja@frettabladid.is




Tónlist ★★

**Ingó**

Ingólfur Þórarinsson

## Lágskýjað hjá veðurguði

Ingólfur Þórarinsson er sá sem hefur náð lengst eftir þátttöku sína í Idoli Stöðvar 2. Aðrir keppendur hafa nánast horfið af yfirborði jarðar þrátt fyrir fögur fyrirheit. Ingó hefur ekki rembst eins og rjúpan við staurinn við að vera frumlegur, það var nánast í tísku á tímabili að hata Ingó og Veðurguðina og lögin þeirra um Bahama og Argentínu eða þá Drífa og Gestalistinn voru eitur í eyrum elítunnar. Hins vegar söng æska landsins með, dýrkaði Ingó eins og sólina og hinir sjálfskipuðu músíkmógúlar urðu bara að fylla eyrun af bómul.



Og nú hefur Ingó gefið út sína fyrstu sólóplötu. Til að gera langa sögu stutta er platan undarlegur bræðingur, samansett af alls konar klisjum úr köntrý, poppi og sveitaballaslögurum. Platan er því stefnulaus og textasmíðarnar á köflum barnalegar. Í tveimur lögum syngur Ingólfur um konur sem kunna að klippa hár. Í laginu Hún á mann, er konan sem klippir á mér hárið, rosalega fín og svo þegar hún brosir er hún sætari en litla systir hennar. Í laginu Konan mín, er kona Ingó svo klár, hún kann að elda og klippa hár. Og þannig eru flestir textarnir, ungæðisleg tjáning um samskipti kynjanna.

Það eru sólarglætur inni á milli hjá Ingó, lagið með Fjallabræðrum er skemmtilegt og Með þér sem Ingó syngur með Katrínu Mogensen er fínt, að ógleymdu Hún á mann. Sem er alveg ágætis stuðlag. En því miður, eru fleiri leiðinleg lög en skemmtileg og því miður, fyrir aðdáanda áreynslulausrar stuðtónlistar, stenst Ingó ekki væntingar. **Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða: Fyrsta sólóplata Ingós er stefnulaus bræðingur af köntrý, poppi og sveitaballaslögurum. Ungæðisleg tjáning um samskipti kynjanna gerir lítið fyrir lögin.**

# Federline í megrun

Fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar Britney Spears, Kevin Federline, er þátttakandi í ástralska megrunarþættinum Excess Baggage. Hann féll í yfirlið í beinni útsendingu á dögunum og var fluttur á spítala.

Federline hefur verið í baráttu við aukakílóin síðan hann skildi við Spears árið 2006 en eftir skilnaðinn tók hann þátt í Celebrity Fit Club: Boot Camp raunveruleikaþáttunum og vakti athygli vestanhafs.

Mikill hiti og stress ku vera ástæða þess að Federline leið út af í beinni útsendingu en hann er á batavegi núna. Federline á tvo syni með Spears.



**LEIÐ ÚT AF** Kevin Federline féll í yfirlið í áströlskum megrunarþætti.

NORDICPHOTOS/GETTY


Domino's Pizza
Jólalisti
Setja upp útiseríuna, kaupa jólagjafir,
skreyta heimilið, skrifa jólakortin,
finna möndlugjöf, ákveða jólamatinn,
fara með sparifötin í hreinsun,
velja rétta jólatréð, þrífa heimilið,
pakka jólagjöfunum inn o.fl.
Engin tími til að elda!
Í dag renna 100 kr. af hverri seldri pizzu og 50 kr. af hverri seldri 2L gosflösku til styrktar Ellu Dísar.
Við bendum einnig á að hægt er að styrkja Ellu Dís beint um 1.000 kr. með því að hringja í síma 907 3701.
58 · 12345 | dominos.is

# American Psycho endurgerð?

Þrátt fyrir að aðeins ellefu ár séu síðan kvikmyndin American Psycho var frumsýnd virðist vera kominn tími á uppfærslu.

Allavega samkvæmt kvikmyndatímaritinu Variety, en þar kemur fram að framleiðslufyrirtækið Lionsgate hafi ráðið handritshöfundinn Noble Jones til að skrifa handrit að endurgerð American Psycho. Christian Bale fór með aðalhlutverkið í upprunalegu myndinni og erfitt er að sjá hvaða leikari gæti tekið hlutverkið að sér eftir stórkostlega frammistöðu hans.



**TÍMABÆRT?** Til stendur að endurgera hina frábæru American Psycho.

# Hermaður tapaði máli

**Fyrrverandi hermaður í Íraksstríðinu þarf að greiða ríflega tuttugu milljónir króna í málskostnað eftir að hann tapaði dómsmáli gegn framleiðendum kvikmyndarinnar The Hurt Locker.**

**Hermaðurinn Jeffrey Sarver höfðaði mál gegn leikstjóranum Kathryn Bigelow og handritshöfundinum Mark Boal. Hélt hann því fram að Óskarsverðlaunamyndin hafi verið byggð á lífsreynslu hans sem sprengjusérfræðings og að myndin hafi ekki sýnt hann í réttu ljósi. Dómurinn féll honum ekki í hag en Sarver ætlar að áfrýja málinu.**




**SÉRSTÖK STUND** Sissel Kyrkjebø söng norska sálminn Til ungdommen í minningarathöfn um fórnarlömbin í Útey en lagið var hálfgert einkennislag þessa mikla harmleiks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HEF ALDREI VILJAÐ SIGRA HEIMINN

**Í hugum margra á Norðurlöndunum eru jólin ekki komin fyrr en Sissel Kyrkjebø er komin á fóninn. Norska söngkonan er komin til landsins, syngur á tónleikum Frostrósa um helgina í Hörpu og segist sjálf vera mikið jólabarn.**

„Þetta er í fjórða sinn sem ég kem hingað. En ég verð að fara heimsækja landið að sumri til, ég hef alltaf komið hingað á veturna," segir Sissel þegar hún kemur sér fyrir á annarri hæð Hörpu. Hún dásamar húsið um leið og síðustu sólargeislarnir smeygja sér inn en þetta er í annað sinn sem Sissel syngur á jólatónleikum Frostrósa. Hún bætir því við að hún hafi komið í myrkri og sé því þakklát að fá að upplifa smá dagsbirtu. „Ég er búin að lofa dætrum mínum að næst þegar ég fari til Íslands komi þær með."

Það lá snemma fyrir að Sissel yrði söngkona, hún vakti ung athygli fyrir rödd sína og sló eftirminnilega í gegn árið 1986 þegar hún söng í hléi Eurovision-keppninnar í Bergen, sama ár og Íslendingar tóku fyrst þátt með Gleðibanka Icey-tríósins. Árið eftir var henni boðið að syngja fyrir hönd Noregs í keppninni. „En ég var búin með Eurovision, ég var líka svo ung, bara sextán ára og langaði að gera svo margt annað eins og að klára skólann. Ég hef heldur aldrei haft þessa hvöt, að verða heimsfræg og sigra heiminn."

Ein mesta selda plata Noregs frá upphafi er jólaplata Sissel, Glade Jul, sem kom út árið 1987. Hún hefur í dag selst í meira en einni milljón eintaka. Sissel segist sjálf vera mikið jólabarn og hún elski þennan tíma. „Ég hef hins vegar aldrei leitt hugann að því að vera hluti af jólahaldi fólks en það er bara gaman ef maður hefur þessi áhrif. Ég elska jólalög og hef auðvitað farið í svona jólatónleikaferðalög undanfarin ár. En í ár er það bara Ísland sem ég heimsæki," segir Sissel sem á sér auðvitað sín eigin eftirlætisjólalög. „Heims um ból er í miklu uppáhaldi hjá mér af því að það er svo hreint og maður hefur auðvitað alist upp við það. Ó helga nótt er síðan ákaflega sterkt jólalag."

Sissel hefur daðrað við ólíkar tónlistarstefnur, sungið popp, kántrí og jafnvel hipphopp fyrir utan hina hefðbundnu klassík og þjóðlög. Þá er það kannski ekki á allra vitorði að Sissel á heiðurinn af söngnum í tónlist kvikmyndarinnar Titanic. Söngkonan leyfir sér reyndar að efast um að hún eigi einhvern tímann eftir að leggja kántrýið fyrir sig, það hafi verið svolítið skondið hliðarskref. „Ágætis söngkennari sagði mér að röddin mín væri eins og Steinway-flygill. Sem er örugglega eitt mesta hrós sem ég hef fengið. En hún sagði að það væri hægt að spila allar tónlistarstefnur á þennan flygil, þetta væri bara allt spurning um tækni og að eyðileggja ekki hljóðfærið."

Hryðjuverkin í Útey og Ósló í sumar vöktu mikinn óhug og Sissel söng í minningarathöfninni fyrir fórnarlömbin sem haldin var í lok ágúst að viðstöddum þjóðhöfðingjum Norðurlandanna. Hún fékk það erfiða hlutskipti að syngja norska sálminn Til ungdommen sem varð hálfgert einkennislag þessa mikla harmleiks. Sissel kemst örlítið við þegar hún er beðin um að rifja upp þessa einstöku stund. „Inni í herberginu þar sem listamennirnir hafast við og nota til að slaka á og spjalla saman var dauðaþögn allan tímann, fólk sat bara og hlustaði. Og þegar nöfnin voru lesin upp þá risu allir úr sætum. Þetta var mjög sérstök en um leið mjög sterk stund."

freyrgigja@frettabladid.is



# Jóla-skósprengjan

## 50% afsláttur
### fram til jóla



**Opið**

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

**VÖRUR FRÁ:**

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

**nettó**

*Kræsingar & kostakjör…*
*…um jólin*

# BRÁÐSKEMMTILEGAR BARNABÆKUR Á **BARNABÓKADEGI Í NETTÓ**



## Áritun og huggulegt bókaspjall með:

Bergljótu Arnalds (Íslensku húsdýrin og Tröllli)
Bryndísi Björgvinsdóttur (Flugan sem stöðvaði stríðið)
Kristínu Helgu Gunnarsdóttur (Ríólít reglan)
Jónínu Leósdóttir (Upp á líf og dauða)

Dularfull spennusaga eftir margverðlaunaðan metsöluhöfund
**Hvað býr í ríólítinu?**




RÍÓLÍT REGLAN
**2.793**

Spennandi unglingasaga í gamansömum tón um háalvarleg málefni
**Getur þú bjargað vini þínum?**




UPP Á LÍF OG DAUÐA
**2.713kr**

Suðandi skemmtileg saga um hugrakkar flugur
**Íslensku barnabókaverðlaunin**




FLUGAN SEM STÖÐVAÐI STRÍÐIÐ
**2.713kr**

Falleg saga um tröllastrák sem ratar ekki heim. Geta dýrin hjálpað honum?
**Fáðu flott plakat með dýrunum og Trölla**




ÍSLENSKU HÚSDÝRIN OG TRÖLLI
**2.583kr**




VÍTI Í VESTMANNAEYJUM
**2.753kr**




NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ
**2.653kr**




DAGBÓK ÓLAFÍU ARNDÍSAR
**2.753kr**




JÁTNINGAR MJÓLKURFERNUSKÁLDS
**2.793kr**




FORSETINN, PRINSESSAN OG HÖLLIN
**2.653kr**

**Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn
Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir




MEÐ SUMT Á HREINU

**3.953kr**




EINVÍGIÐ

**3.953kr**




FEIGÐ

**4.193kr**




VALEYRARVALSINN

**3.843kr**




HÁLENDIÐ

**4.193kr**




AF HEILUM HUG

**4.193kr**




JÓLAMATUR NÖNNU

**3.493kr**




KONAN VIÐ 1000°

**3.953kr**




MÁLVERKIÐ

**3.953kr**




TRÚIR ÞÚ Á TÖFRA

**4.193kr**

**Tilboðin gilda 10. - 11. desember**
eða meðan birgðir endast

# Ég drepst þar sem mér sýnist

*Bókin sem enginn hefur beðið eftir í mörg ár*

## Gísli Rúnar og Grínarar Hringsviðsins
## segja 2.000 drepfyndnar sögur úr sviðsljósinu (og skugga þess)

„Þessi bók gerir það sama fyrir leiklistarsöguna og Monica Lewinsky gerði fyrir Bill Clinton."
*LILJA AÐALSTEINSDÓTTIR - bókmenntagagnrýnandi Herðablaðsins*

**SHAKESPEARE**
*að skandalísera ölvaður á knæpu í Lundúnum*
**FLOSI ÓLAFSSON**
*að kæra sjálfan sig fyrir þjóðleikhússtjóra*
**LADDI**
*að handleggsbrjóta Halla*
**JOHN CLEESE**
*að leika á móti fimmtíu Íslendingum*
**BESSI BJARNA**
*að breyta harmleikjum í gleðileiki*
**HARALDUR BJÖRNSSON**
*að leika á sviði daginn eftir að hann dó*
**GUNNAR EYJÓLFS**
*að stela senunni frá hryðjuverkamönnum*
**MAGGI RAGNARS**
*að deita Juliu Roberts*
**BALTASAR**
*að skrópa í leikskólanum af trúarlegum ástæðum*
**BALDUR GEORGS**
*að láta úða dúkkuna Konna gegn trjámaur*
**BJÖRGVIN FRANZ**
*að klúðra bíómynd fyrir Clint Eastwood*
**STEFÁN KARL**
*að kála áhorfanda á tólfta bekk*




**GAMANLEIKARINN**
*sem stakk augað úr kollega sínum*
**ÁHORFANDINN**
*á 2. bekk sem ældi yfir alla á 1. bekk*
**HARMLEIKARINN**
*sem myrti forsetann í leikhúsinu*
**ÓPERUSÖNGKONAN**
*sem svaf hjá stöðumælaverðinum*
**HÁRKOLLUMEISTARINN**
*sem drakk skegglímið*
**LEIKSTJÓRINN**
*sem hellti vatni ofan í hálsmál gagnrýnandans*
**LEIKKONAN**
*sem leysti vind í eigin andlátsatriði*
**LEIKHÚSDRAUGURINN**
*sem tók lagið og hvarf inn í vegginn*
**HÚSVÖRÐURINN**
*sem tók rafmagnið af í miðri sýningu með þeim afleiðingum að Þjóðleikhúskórinn gekk rakleit ofan í hljómsveitargryfjuna ...*

*... og svo auðvitað allar hinar sögurnar nítján hundruð áttatíu og ein*

## ÚTGÁFU- & HRESSINGAR-SAMKUNDA
## *á Kaffitári í Bankastræti*
í dag - LAUGARDAG kl 15:00 - 17:00

**GÍSLI RÚNAR, EDDA BJÖRGVINS JÚLLI BRJÁNS, ÞRÖSTUR LEÓ, SIGGI SKÚLA**
*og fleiri segja parta úr nokkrum sögum*

**DAVÍÐ „strigabassi" og STEFÁN „Íslandi"**
*syngja eina, fyrir sína parta*

LOFSAMLEG UMMÆLI
### UM BÓKINA

„Maðurinn er klárlega á sýru. Set læk á bókina. Það er eitthvað asnalega krúttlegt við hana."
*BOBBA MARÍNRÓS*
*sviðsljósaráðgjafi & stefnumótalögga.*

„Þetta er fjórða bók höfundar. Sem er afrek út af fyrir sig, hjá manni sem hefur ekki lesið nema tvær."
*SÚSANNA SVANSDÓTTIR*
*forstöðumaður íslenskrar húmorgreiningar.*

„Það er víst voða mikið að koma aftur að drepast þar sem manni sýnist."
*SVALA SMART*
*innlitsgúrú.*

ENN LOFSAMLEGRI
### UMMÆLI

„Alveg vangefið steiktar sögur. Geeeððeik bók til að lesa á klósettinu."
*ÁSDÍS GNÁ*
*ljóskusíðan blautt.is*

„Gísli Rúnar og Shakespeare eiga eitt sameiginlegt: Hvorugur hefur skrifað neitt (af viti) árum saman."
*ILMUR SNÆR GUÐNASON*
*umsjón með Shakespeare-uppfærslum á tjaldstæðinu í Laugardal.*

„Haft er á orði um skáld að þau séu pennar - góðir eða slæmir eftir atvikum. Höfundur þessarar bókar er tússpenni."
*HNEFILL HELGASON*
*bókaþátturinn Kiljan Laxness.*









Þeir sem hlæja hæst og mest á Kaffitári í dag fá
**FRÍTT Í LEIKHÚSIÐ Í KVÖLD**
*svo þeir geti haldið áfram að hlæja að*
**NEI, RÁÐHERRA! & HJÓNABANDSSÆLU**

Borgarleikhúsið

Tindur
Bókaútgáfa

# sport

sport@frettabladid.is



**STELLA SIGURÐARDÓTTIR OG KAREN KNÚTSDÓTTIR** hafa báðar komist í hundrað marka klúbb A-landsliðsins á heimsmeistaramótinu í Brasilíu. Stella skoraði sitt hundraðasta mark í sínum 43. A-landsleik á móti Noregi en Karen braut hundrað marka múrinn í sigrinum glæsilega á Þýskalandi sem var hennar fertugasti landsleikur. Stelpurnar eru báðar fæddar 1990 og ættu því að hafa mörg ár til viðbótar til að bæta við mörgum mörkum með A-landsliðinu.



**HEIÐAR** Þarf að bíða eitthvað enn eftir nýjum samningi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Neil Warnock, stjóri QPR:

## Mátti berjast fyrir Heiðari

**FÓTBOLTI** Neil Warnock, stjóri QPR, segir að ekki sé rétt það sem fram kom í enska blaðinu Daily Mail á dögunum að félagið ætlaði að verðlauna Heiðar Helguson með nýjum tólf mánaða samningi fyrir góða frammistöðu að undanförnu. Warnock sagði að þeir væru ánægðir með Heiðar en að umræða um framhaldið væri ótímabær.

„Ég þurfti að berjast kröftuglega við Flavio [Briatore, þáverandi eiganda QPR] í sumar til þess að gefa honum nýjan samning. Mér fannst hann vera okkar Kevin Davies en fyrrum eigendur vildu láta hann fara aldursins vegna,“ sagði Warnock en Heiðar hefur farið á kostum að undanförnu og skorað sex mörk í síðustu sjö leikjum sínum.

„Hann er 34 ára gamall og nú þegar samningsbundinn. Ég sé því ekki fyrir mér að ég ætli að gera sex ára samning við hann!“

- esá

Róbert Gunnarsson:

## Sagður fara frá Löwen í sumar

**HANDBOLTI Þýskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að þrír leikmenn væru á leið frá úrvalsdeildarfélaginu Rhein-Neckar Löwen í sumar – þeir Róbert Gunnarsson, markvörðurinn Henning Fritz og skyttan Michael Müller.**

**Löwen hefur þegar tilkynnt að Müller fari til Wetzlar í sumar en þar hefur hann skrifað undir tveggja ára samning. Félagið hefur þó ekki staðfest brottför Róberts og Fritz en Guðmundur Guðmundsson er þjálfari liðsins.**

**Róbert kom til Löwen árið 2009 frá Gummersbach en hefur ekki náð að festa sig í sessi í byrjunarliðinu en norski línumaðurinn Bjarte Myrhol hefur staðið sig vel með Löwen.**

**Alexander Petersson mun ganga til liðs við Löwen nú í sumar frá Füchse Berlin.**

- esá

# Rýr uppskera Real í tíð Guardiola

**El Clasico-leikurinn fer fram á Santiago Bernabéu í kvöld. Barcelona hefur haft betur síðustu ár en mætir nú Real-hraðlestinni á fullri ferð. Það hefur varla kólnað í herbúðum liðanna eftir síðustu orustuna.**

**FÓTBOLTI** Já, það er komið að því. Leikur Real Madrid og Barcelona fer fram í kvöld og það er nokkuð ljóst að það eru ekki margir knattspyrnuáhugamenn sem geta staðist freistinguna að sjá tvö bestu lið heims mætast í leik þar sem koma saman fjölmargir frábærir fótboltaleikmenn, tveir stórbrotnir stjórar og einstakur rígur sem virðist bara magnast með hverri orustu.

Ekki dregur úr spennunni hvernig síðasti leikur liðanna endaði en honum lauk á hópslagsmálum í uppbótartíma í seinni leik þeirra í spænska súperbikarnum. Liðin buðu upp á fimm mörk og frábæran fótbolta í 90 mínútur og allt varð síðan vitlaust eftir ruddatæklingu Real-mannsins Marcelo á Cesc Fabregas hjá Barcelona. Enginn gekk þó lengra en José Mourinho, þjálfari Real Madrid, sem gekk rólega upp að aðstoðarmanni Pep Guardiola og potaði í auga hans. „El dedo de Mou“ eða „Fingurinn hans Mourinho“ á íslenskri tungu er orðinn hluti að sögu félaganna tveggja sem hafa barist um yfirráðin í spænska fótboltanum svo lengi sem menn muna eftir sér.



**TÁKNRÆN MYND** Lionel Messi sést hér skora á móti Real Madrid án þess að þeir Iker Casillas eða Cristiano Ronaldo geti nokkuð gert til að stoppa argentínska snillinginn. Leikurinn hefst klukkan 21.00 í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

### Þeir bestu mætast

Augu flestra verða örugglega á þeim Lionel Messi og Cristiano Ronaldo sem hafa skorað yfir hundrað mörk samanlagt á þessu ári sem er að líða og eru að flestra mati tveir bestu knattspyrnumenn heims. Það hefur þó ekki verið sami glans yfir leik þeirra í El Clasico. Lionel Messi hefur skorað 13 mörk í 15 leikjum á móti Real en Ronaldo hefur „aðeins“ skorað 3 mörk í 9 leikjum á móti Barcelona. Eitt þeirra var reyndar sigurmarkið í bikarúrslitaleiknum í apríl. Sá leikur er einstakur síðan Mourinho mætti á Bernabéu. Þetta er eini leikurinn sem Real hefur unnið undir hans stjórn á móti Barca og eini leikurinn sem liðið hefur náð að halda hreinu á móti Börsungum á sama tímabili.

Það er reyndar hægt að líta svo á að það hafi verið ein samfelld sigurganga hjá Barcelona síðan Guardiola tók við en meðal annars hefur Barca unnið 7 af 11 El Clasico leikjum frá því að Guardiola settist í bílstjórasætið.

Það sem gerir þennan leik í kvöld aftur á móti enn athyglisverðari er frábært gengi Real Madrid að undanförnu annars vegar og slakt gengi Barcelona á útivelli hins vegar. Real Madrid hefur unnið tíu deildarleiki í röð og alls fimmtán leiki í röð í öllum keppnum. Börsungar hafa að sama skapi aðeins unnið 2 af 6 útileikjum sínum í spænsku deildinni.

### Tölfræðin skiptir engu

„Það er rétt að Madridar-liðið er í góðum gír. Þeir eru betri en áður en það þýðir samt ekkert. Clasico-leikirnir hafa ekkert með tölfræði að gera og það getur allt gerst í þessum leikjum,“ sagði Xavi sem mun spila sinn 600. leik fyrir Börsunga í kvöld.

José Mourinho ætti samt að hafa allt til alls til að sýna að forskot Börsunga síðustu ár sé nú gufað upp. Real-liðið er með þriggja stiga forskot og hefur leikið sér að flestum mótherjum sínum í sigurgöngunni að undanförnu. Nú er tíminn til að hefna fyrir tapið í Meistaradeildinni í fyrra og það þarf jafnframt að eyða út minningunni um 5-0 marka skellinn fyrir ári.

### Erum betri en í fyrra

„Maður veit aldrei í fótboltanum því það kemur alltaf eitthvað á óvart. Við erum samt með meira sjálfstraust núna og við erum betra lið en við vorum í fyrra,“ sagði Jose Mourinho eftir sigurinn á Ajax í vikunni en hann skrópaði á blaðamannafund í gær.

Eitt er morgunljóst. Barcelona má helst ekki tapa í kvöld ætli þeir sér að vinna titilinn fjórða árið í röð. Real nær sex stiga forystu með sigri auk þess að eiga leik inni á Barcelona.

ooj@frettabladid.is

Sjö leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag en allir á sama tíma:

# Særðir United-menn vilja ná sér aftur á strik

**FÓTBOLTI** Alls fara sjö leikir fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og tveir á morgun. Umferðinni lýkur svo á mánudagskvöldið með stórleik Chelsea og Manchester City á mánudagskvöldið.

Það vekur reyndar athygli að allir leikir dagsins eru á sama tíma, klukkan 15.00, en þá mun Manchester United freista þess að koma sér aftur á strik eftir vonbrigðin í Meistaradeildinni í vikunni. Þá féll liðið úr leik í keppninni, rétt eins og grannarnir í City.

United mætir Wolves í dag en stuðningsmenn liðsins fengu þær slæmu fréttir í gær að Nemanja Vidic, lykilmaður í vörn og fyrirliði liðsins, verður ekki meira með á tímabilinu þar sem hann er með slitið krossband.

Arsenal heldur upp á 125 ára afmælið sitt um helgina og mætir Everton á heimavelli. Liðið hefur spilað átta leiki í röð án þess að tapa og Robin van Persie hefur verið sjóðheitur með þrettán mörk í síðustu tíu leikjum sínum.

Liverpool tekur á móti Heiðari Helgusyni og félögum í QPR á Anfield í dag en Heiðar hefur sömuleiðis verið öflugur að undanförnu. Hann hefur skorað sex mörk í síðustu sjö deildarleikjum sínum og munu því varnarmenn Liverpool sjálfsagt hafa góðar gætur á kappanum.

Á morgun mætir Tottenham liði Stoke á útivelli en fyrrnefnda liðið er í þriðja sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir frábært gengi að undanförnu.

- esá



**SVEKKTUR ROONEY** Wayne Rooney hefur ekki skorað í átta leikjum í röð.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Veiðileg Jól

HEAT factory
VARMAPÚÐAR, SOKKAR, HÚFUR OG FLEIRA Í ÚRVALI

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar!**

### CASCADE VEIÐITASKA
Frábær veiðitaska sem tekur stangirnar, hjólin, boxin, línurnar, taumana eða bara allt í veiðiferðina. Frábært verð.
Aðeins **29.900,-**

### SIMMS FREESTONE VÖÐLUPAKKI
Allir þekkja Simms gæðin. Öndunarvöðlur og skór.
Aðeins **49.900,-**

### REDINGTON FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta stöng með lífstíðarábyrgð. Okuma Airframe hjól ásamt þrem aukaspólum í tösku. Fullt verð 45.895,-
Jólatilboð aðeins **36.995,-**

### HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.
Verð aðeins **3.895,-**

### BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF
Ódýrt öryggishólf fyrir skotfæri eða verðmæti. Gott verð.
Aðeins **10.995,-**

### BERETTA BAKPOKI
Sérhannaður fyrir skotveiðimenn. Byssufesting á hlið pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Frábært verð.
Aðeins **18.995,-**

### NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Mælir allt að 800 metra. Frávik +/- 1m. Tilvalinn fyrir skotveiðimanninn eða kylfinginn. Hvergi betra verð. Fullt verð 26.980,-
Jólatilboð aðeins **22.980,-**

### SAMANBRJÓTANLEGUR ÍSBOR Í TÖSKU
Skiftiblöð fylgja. Frábært verð.
Aðeins **14.995,-**

### SCIERRA FLUGUVEIÐISETT
Fjögurra hluta stöng, hjól og góð flotlína með baklínu. Frábært verð.
Aðeins frá **19.995,-**

### DANVISE
Vinsælasta öngulklemman um langt árabil. Nauðsynleg fyrir fluguhnýtarann. Fullt verð 12.995,-
Jólatilboð aðeins **9.995,-**
Gerðu verðsamanburð

### DAM VÖÐLUTASKA
Vel hönnuð taska undir vöðlur og skó. Taskan er með öndun og hörðum, vatnsheldum botni.
Aðeins **5.995,-**

### ÍSLENSK FLUGUBOX ÚR ÍSLENSKU BIRKI
Hægt að fá boxin sérmerkt. Verð með 10 vönduðum laxaflugum aðeins 11.400. Merking innifalin í verði.
Aðeins **11.400,-**

### NIKKO STIRLING NÆTURSJÓNAUKI
Digital sjónauki sem gerir þér kleift að sjá í svarta myrkri. Frábært verð.
Aðeins **41.995,-**

### RJÚPNAVESTI
Þessi gömlu góðu. Yfir 20 ára gömul hönnun. Fullt verð 8.995,-
Jólatilboð aðeins **5.995,-**

### NRS FLOTVEIÐIVESTI
3 stærðir. Fullt verð 18.995,-
Jólatilboð aðeins **14.995,-**

### DAM HNÍFASETT
Ómissandi í veiðitúrinn. 3 hnífar, stál og bretti í tösku. Frábært verð.
Aðeins **5.995,-**

### GERVIGÆSIR
Vinsælu skeljarnar með lausum hausum. 12 í kassa og festijárnin fylgja með. Fullt verð 18.995,-
Jólatilboð aðeins **14.995,-**

### RON THOMPSON REYKSUÐUKASSAR
Töfraðu fram veislumáltíð á einfaldan hátt. Fullt verð 10.995,-
Jólatilboð aðeins **8.995,-**
Eigum einnig beykisag í kassana!

### OKUMA SLV FLUGUHJÓL
Líklega mest keyptu fluguhjólin á markaðnum. Large arbour hjól úr léttmálmi. Góð bremsa og frábært verð.
Aðeins frá **11.995,-**

### RON THOMPSON OG DAM KASTSTANGIR
- í miklu úrvali og ómótstæðilegu verði.
**20% jólaafsláttur**

### OKUMA OG DAM KASTHJÓL
Gott úrval og frábært verð.
**20% jólaafsláttur**

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIDIHORNID

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050


**FRÁBÆR ÁRANGUR** Stella og félagar eru komnar áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland í 16-liða úrslit:

## Mæta Rússum

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar náðu þeim frábæra árangri í gær að komast í sextán liða úrslit á HM í Brasilíu. Sigur Angóla á Þýskalandi gerði það að verkum að Ísland festist í fjórða sætinu. Leikurinn gegn Kína skipti því nákvæmlega engu máli.

Ísland mun mæta einu besta liði heims, Rússlandi, í sextán liða úrslitunum.

Þar sem leikur Íslands og Kína hófst mjög seint í gærkvöldi var leiknum ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Á fréttavefnum Vísi er aftur á móti yfirgripsmikil umfjöllun um leikinn og framhaldið hjá íslenska liðinu. - hbg


**STEMNING** Íslendingar fjölmenna kannski til Þýskalands á HM kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HM kvenna 2017:

## Fer fram í Þýskalandi

**HANDBOLTI** Dr. Hassan Moustafa, forseti Alþjóða handknattleikssambandsins, mun tilkynna á fimmtudaginn í næstu viku hvar heimsmeistaramótið árið 2017 í karlaflokki fer fram.

Það er ljóst að Þýskaland verður gestgjafi hjá A-landsliðum kvenna árið 2017 en Þjóðverjar voru þeir einu sem sóttust eftir mótinu. Næsta HM kvenna fer fram í Serbíu í desember árið 2013 og árið 2015 verður það í Danmörku.

HM hefur farið fram tvívegis áður í Þýskalandi, 1965 og 1997. Þrjár þjóðir hafa sótt um karlakeppnina árið 2017.

Frakkar og Danir sóttu um á réttum tíma en Norðmenn eru enn að vonast til þess að umsókn þeirra verði tekin gild en hún á að hafa borist of seint.

IHF mun úrskurða um það mál í næstu viku og tilkynna hvar keppnin fer fram árið 2017. - seth

# Hugsa allt of mikið á vítalínunni

Karen Knútsdóttir er með pókerandlit í vítaköstunum á HM. Ísköld á línunni en hjartað slær hratt og hún hugsar um það sem gæti farið úrskeiðis. Atvinnumaðurinn kann vel við sig í Þýskalandi.

**HM 2011** Karen Knútsdóttir er heilinn á bak við flestar sóknaraðgerðir íslenska kvennalandsliðsins í handbolta. Leikstjórnandinn hefur leikið vel á HM og hún fór á kostum í 26-20 sigri Íslands gegn Þýskalandi.

Sigurinn var sérstaklega sætur fyrir hana þar sem Karen leikur sem atvinnumaður með þýska 1. deildarliðinu HSG Blomberg-Lippe. Karen segir að það hafi verið erfið ákvörðun að fara til Þýskalands en hún sér ekki eftir því í dag.

„Ég flutti út í júlí og er að komast betur inn í hlutina. Þetta er ungt lið, ég fæ mikið að spila og þetta var rétt ákvörðun hjá mér að fara til Þýskalands. Bærinn er lítill, rétt um 15 þúsund íbúar, er stutt frá Lemgo og í klukkutíma fjarlægð frá Hannover. Þetta er lítill fjölskylduklúbbur og þeir buðu mér samning eftir að ég lék með Fram gegn þessu liði í Evrópukeppni.“

Karen hefur smátt og smátt náð að aðlagast aðstæðum en í liðinu er annar íslenskur leikmaður, Hildur Þorgeirsdóttir, sem var í æfingahóp landsliðsins fyrir HM.

„Þýskaland heillaði mig ekki, ég lærði frönsku í Verslunarskólanum, og ég ætlaði aldrei að fara til Þýskalands til þess að búa þar. Það breyttist hinsvegar og mér líður bara vel þarna. Ég veit samt ekki hvort ég myndi flytja þangað til þess eins að búa í Þýskalandi – held ekki.“

### Langar til að verða arkitekt

Karen er aðeins 21 árs gömul og það blundar í henni að afla sér frekari menntunar. „Ég fór í verkfræði eftir stúdentsprófið en Evrópumeistaramótið í Danmörku fór alveg með plönin mín í verkfræðinni. Ég hætti en það sem mig langar til að gera er að læra að verða arkitekt. Hvenær ég fer í það verður bara að koma í ljós. Ég ætla að einbeita mér aðeins lengur að handboltanum og sjá hvað gerist.“

Leikstjórnandinn segir að hún aki ekki um á BMW sportbílum eða lifi einhverju „glamúrlífi“ sem atvinnumaður í handbolta. „Ég er sátt við það sem ég samdi um. Félagið útvegar húsnæði, bíl og sér um margt annað sem tengist þessu daglega lífi. Ég borga símareikninginn og að sjálfsögðu fæ ég laun fyrir að spila. Launin eru góð og ég er ánægð með samninginn sem ég gerði. Það væri gaman að geta komist að hjá sterkara liði í framtíðinni, kannski verður þetta HM til þess að opna einhverja glugga,“ segir Karen.


**HEILINN Í LEIK ÍSLENSKA LIÐSINS** Leikstjórnandinn Karen Knútsdóttir er einstaklega útsjónarsamur leikmaður sem stýrir leik íslenska liðsins af festu og ákveðni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> „Ég er í alvörunni að hugsa um að ég megi ekki klúðra vítinu þegar ég stend á punktinum. Stelpurnar hafa gert grín af mér út af þessu.
>
> **KAREN KNÚTSDÓTTIR**
> LEIKSTJÓRNANDI ÍSLENSKA LIÐSINS

Karen hefur sýnt stáltaugar í vítaköstunum á heimsmeistaramótinu og hún skoraði alls 9 mörk gegn Þjóðverjum – og þar af fjögur á lokamínútum leiksins. Karen er ekki hávaxnasti leikmaðurinn í íslenska liðinu en það má ekki líta af henni í vörninni þá er hún búin að skjóta eða brjótast í gegn. Karen viðurkennir að hún hafi hugsað of mikið í Þjóðverjaleiknum þegar hún tók vítaköstin.

„Ég virðist kannski vera mjög róleg en ég hugsa um allt of mikið. Þegar ég tók víti í stöðunni 21-20 þá fór ég að hugsa um hvað myndi gerast ef ég klúðraði og þær kæmust í sókn og jöfnuðu. Ég fer yfir stöðuna þegar ég tek víti og liðsfélagarnir hafa gert grín að þessu hjá mér. Ég er í alvöru að hugsa um að ég megi ekki klúðra og það tókst sem betur fer. Ég er ekkert að fara taka eitthvað „Ólaf Stefáns“ víti í svona móti eða bara í leik. Ég er ekki með taugar í það ennþá,“ segir Karen og rifjar upp eftirminnileg vítaköst Ólafs Stefánssonar fyrirliða íslenska karlalandsliðsins.

Ágúst Jóhannsson þjálfari kvennalandsliðsins fær mikið hrós hjá Karen. „Gústi hefur lyft okkur á hærra plan og þetta er ótrúlega skemmtilegt. Hann tók okkur á fund strax eftir stórtapið gegn Noregi, og sagði í raun allt rétt. Við vorum þvílíkt tilbúnar í leikinn gegn Þýskalandi. Gústi og aðstoðarmenn hans eiga stóran hlut í því að liðið er í framför,“ sagði Karen Knútsdóttir.

**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson**


fjalla um HM í Brasilíu
seth@frettabladid.is – pjetur@365.is



## UTAN VALLAR

**Sigurður Elvar Þórólfsson**
segir sína skoðun

# Stelpurnar náðu markmiðinu í frumraun sinni á HM

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta hefur svo sannarlega komið á óvart á heimsmeistaramótinu sem fram fer í Brasilíu. Þetta er fyrsta heimsmeistaramótið hjá stelpunum okkar en til samanburðar komst karlalandsliðið í fyrsta sinn í lokakeppni HM árið 1958. Kvennalandsliðið hefur nú komist á tvö stórmót í röð, kjarni liðsins er ungur að árum og framtíðin er því björt hjá þessu liði.

Stelpurnar okkar náðu markmiðum sínum með því að komast í 16-liða úrslit og það er frábær árangur í frumraun liðsins á heimsmeistaramóti. Ágúst Jóhannsson, þjálfari liðsins, er með frábæran efnivið í höndunum og þetta lið á örugglega eftir að gleðja íslensku þjóðina oftar á stórmóti á meðan mesta skammdegið ríkir í desember.

Ég hef aðeins minnst á peninga og afreksmál í pistlum mínum héðan frá Santos. Fjárhagslegur stuðningur við afreksfólk er mikilvægur og það er verk að vinna í þeim málum á Íslandi.

Kröfurnar og væntingarnar eru miklar en það hefur verið lögð of lítil áhersla á að búa til vinnuumhverfi sem aðstoðar okkar frábæra íþróttafólk til þess að ná árangri.

Þeir sem ætla sér að komast í fremstu röð í heiminum í hvaða íþróttagrein sem er byrja ekki á því að óska eftir fjárhagslegum stuðningi. Fyrst þarf að sanna



sig, ná árangri, sýna vinnusemi, dugnað og æfa meira en allir aðrir. Íþróttafólkið gerir allt þetta nú þegar án þess að vera að væla mikið yfir því. Það vill ná árangri en það er erfitt að mæla sig við þá bestu þegar ekki er hægt að gera það sama og keppinautarnir.

Eins og staðan er í dag þarf sá íslenski íþróttamaður sem ætlar sér að komast í heimsklassa að fórna öllu til þess að ná markmiðinu. Það þýðir m.a. að búa á hótel mömmu langt fram yfir fertugsaldur.

Tvær æfingar á dag er regla en ekki undantekning, þetta er gert samhliða námi eða vinnu. Og þegar upp er staðið á hinn sami engar eignir, skuldir hafa hrannast upp og réttur þeirra í samtryggingarkerfinu er lítill sem enginn.

Þessu er hægt að breyta, og til þess þarf aðeins vilja og þor þeirra sem forgangsraða skatttekjum íslenska þjóðarbúsins.



Loksins snýr hann aftur!

# Íþrótta- og útivistar-markaðurinn

í Perlunni 1. - 11. desember

PUMA

asics

CINTAMANI

speedo

Teva

casall

## SÍÐASTA SÖLUHELGIN!

## 20% AUKA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Opið alla dagana kl. 12 - 18

## > Will Smith

„Ef ég myndi einskorða mig við það þá sé ég ekki að það sé neitt sem gæti hindrað mig í að verða næsti forseti Bandaríkjanna. “

***Leikarinn Will Smith þjáist augljóslega ekki af neinni minnimáttarkennd og spennandi að sjá hvað hann gerir nú þegar leikferillinn er farinn að dala. Það má sjá hann bjarga heiminum í léttgeggjuðu gamanmyndinni Men in Black á Stöð 2 bíó í dag klukkan 14.00.***



# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 20.35
### The Mentalist

Vinsælasti erlendi spennuþáttur Stöðvar 2 undanfarin ár snýr aftur. Þetta er fjórða þáttaröðin um hugsuðinn og morðgátusérfræðinginn Patrick Jane sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin mál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Síðasta þáttaröð endaði með mikilli dramatík þar sem Patrick skaut manninn sem hann er sannfærður um að sé fjöldamorðinginn „Red John“ sem myrti meðal annars fjölskyldu hans. Núna þarf hann að taka afleiðingum gjörða sinna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Bókaþing **11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Augu þín sáu mig **15.00** Könglar og kertaljós **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.30** Ég er ekki að grínast **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**09.48 Jóladagatalið**
**10.15 Dans dans dans (e)**
**11.45 Djöflaeyjan** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.55 Maður og jörð – Borgir - Þraukað í þéttbýlisfrumskógi** (8:8) (Human Planet) (e)
**14.45 Maður og jörð - Á tökustað** (8:8) (Human Planet: Behind the Lens) (e)
**15.00 Við styðjum Færeyjar!** Bein útsending frá styrktartónleikum í Norðurljósasal Hörpu þar sem safnað verður fyrir Hjálparsveitina í Færeyjum.
**16.00 Íslandsmótið í handbolta** (Valur - FH, karlar)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Hið ljúfa líf** (2:4) (Det söde liv: Jul)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Downton Abbey** (5:8) (Downton Abbey II)
**21.15 Súkkulaði** Þáttur um Ásgeir Sandholt sem tók þátt í heimsmeistaramóti í súkkulaðikúnst í París í haust.
**22.00 Sunnudagsbíó - Desember** Íslensk bíómynd frá 2009.
**23.30 Silfur Egils** (e)
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.40 Men in Black**
**10.15 Ghost Town**
**12.00 The Princess and the Frog**
**14.00 Men in Black**
**16.00 Ghost Town**
**18.00 The Princess and the Frog**
**20.00 Australia**
**22.40 Silverado**
**00.50 The Chumscrubber**
**02.35 Gettin' It**
**04.10 Silverado**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni Stöðvar 2**
**11.10 Histeria!**
**11.35 Tricky TV** (17:23)
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**14.20 Mike and Molly** (13:24)
**14.50 Modern Family** (1:24)
**15.15 Cougar Town** (20:22)
**15.40 Hawthorne** (5:10)
**16.25 The Middle** (8:24)
**16.50 Heimsendir** (9:9)
**17.35 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar**
**19.25 Frasier** (15:24)
**19.55 Sjálfstætt fólk** (12:38) Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
**20.35 The Mentalist** (1:24) Fjórða serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.
**21.25 The Killing** (12:13) Dularfullur sakamálaþáttur um rannsókn lögreglu á morði á ungri stúlku. Eftir því sem lögregla finnur fleiri vísbendingar sogast áhorfandinn inn í þrjár aðskildar harmsögur sem allar tengjast á voveiflegan og óvæntan hátt þannig að áhorfandinn situr límdur við skjáinn frá fyrsta þætti til hins síðasta. Þátturinn er bandarísk endurgerð á hinum dönsku Forbrydelsen.
**22.15 Mad Men** (7:13)
**23.05 60 mínútur**
**23.55 Covert Affairs** (9:11)
**00.40 Daily Show: Global Edition**
**01.10 Hudsucker Proxy**
**03.00 The Hard Way**
**04.50 The Mentalist** (1:24)
**05.35 Fréttir Stöðvar 2**

## SPORT besta sætið

**10.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Barcelona** Útsending frá þessum stórleik.
**11.45 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur vel valinn leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**13.30 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur vel valinn leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**15.15 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá síðustu leikjum í Meistaradeild Evrópu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin.
**15.55 Þorsteinn J. og gestir**
**16.25 16 liða úrslit / Forsetabikar** Bein útsending frá leik Íslands í 16 liða úrslitum eða Forsetabikar.
**18.05 Þorsteinn J. og gestir**
**18.35 Þýski handboltinn: Kiel - Hamburg** Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 16.25.
**20.05 Box: Amir Khan - Lamont Peterson**
**21.35 16 liða úrslit / Forsetabikar**
**23.00 Þorsteinn J. og gestir**
**23.30 Þýski handboltinn: Kiel - Hamburg**

## SPORT 2 enski boltinn

**09.40 Man. Utd. - Wolves** Útsending frá leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni.
**11.30 Liverpool - QPR** Útsending frá leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni.
**13.20 Sunderland - Blackburn** BEINT. Sýnt beint frá leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni.
**15.45 Stoke - Tottenham** BEINT. Sýnt beint frá leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**19.20 Arsenal - Everton** Útsending frá leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni.
**21.10 Sunnudagsmessan**
**22.30 Sunderland - Blackburn**
**00.20 Sunnudagsmessan**
**01.40 Stoke - Tottenham**
**03.30 Sunnudagsmessan**

## 2 EXTRA

**16.25 Bold and the Beautiful**
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Tricky TV** (17:23)
**18.30 ET Weekend**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 The X Factor** (21:26)
**21.10 The X Factor** (22:26)
**22.00 Entourage** (1:12)
**22.30 Entourage** (2:12)
**23.00 ET Weekend**
**23.45 Love Bites** (2:8)
**00.30 Tricky TV** (17:23)
**00.55 Sjáðu**
**01.20 Fréttir Stöðvar 2**
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu
**14.30** Golf fyrir alla 2
**15.00** Frumkvöðlar
**15.30** Eldhús meistarana
**16.00** Hrafnaþing
**17.00** Svartar tungur
**17.30** Svartar tungur
**18.00** Græðlingur
**18.30** Tölvur tækni og vísindi
**19.00** Fiskikóngurinn
**19.30** Bubbi og Lobbi
**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur
**21.30** Vínsmakkarinn
**22.00** Hrafnaþing
**23.00** Motoring
**23.30** Eldað með Holta
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## N4

**N4 - Sjónvarp Norðurlands endursýnir efni liðinnar viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.00 Rachael Ray** (e)
**12.30 Dr. Phil** (e)
**14.40 Kitchen Nightmares** (9:13) (e)
**15.30 Tobba** (12:12)
**16.00 HA?** (12:31) (e)
**16.50 Outsourced** (13:22) (e)
**17.15 According to Jim** (17:18) (e)
**17.40 The Office** (8:27) (e)
**18.05 30 Rock** (15:23) (e)
**18.30 Survivor** (3:16) (e)
**19.20 Survivor** (4:16) (e)
**20.10 Top Gear Best of** (3:4)
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (13:24) Bandarísk sakamálaþáttaröð um sérdeild lögreglunnar í New York borg sem rannsakar kynferðisglæpi. Lögreglan rannsakar nauðgun sem fór úr böndunum og hinum grunuðu fjölgar ört.
**21.50 Dexter** (7:12) Sjötta þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið.
**22.40 The Walking Dead** (1:6) (e) Við hitum nú upp fyrir nýja þáttaröð með því að endursýna fyrstu seríu af þessum hörkuspennandi hrollvekjuþáttum frá leikstjóra The Shawshank Redemption. Þættirnir sem hlutu einróma lof gagnrýnenda fjalla um lögreglumanninn Rick og baráttu hans við uppvakninga.
**23.30 House** (14:23) (e)
**00.20 Nurse Jackie** (10:12) (e)
**00.50 United States of Tara** (10:12) (e)
**01.20 Mad Dogs** (2:4) (e)
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Dubai World Championship (4:4) **13.00** Golfing World **13.50** The Franklin Shootout (2:4) **15.50** Dubai World Championship (4:4) **20.00** The Franklin Shootout (3:4) **23.00** Dubai World Championship (4:4) **01.00** ESPN America

## BBC entertainment

**06.40** The Weakest Link **07.25** EastEnders **09.25** The Vicar of Dibley **11.05** Live at the Apollo **11.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.35** Live at the Apollo **13.20** Top Gear **17.15** Dancing with the Stars **19.15** The Graham Norton Show **20.00** Derren Brown. Something Wicked This Way **21.20** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.05** Live at the Apollo **22.55** The Graham Norton Show **00.25** Dancing with the Stars **01.05** The Graham Norton Show **01.50** Live at the Apollo **03.20** Hustle **05.25** The Weakest Link

## DR 1

**10.25** Gepetto News **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** Jagten på det demokratiske klasseværelse **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sådan er kærlighed **14.15** Jamie Olivers eget julekøkken **15.05** Med mor som detektiv **16.30** Bag om Borgen **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** Det søde liv **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** De kongelige juveler **20.00** 21 Søndag **20.40** Sporten med VM håndbold **21.00** Clement Søndag **21.40** Red Riding. 1980 **23.15** Pakistans Taleban-generation

## NRK 1

**07.10** Schrödingers katt **07.40** QuizDan **08.45** V-cup alpint **09.25** V-cup skiskyting **11.00** V-cup alpint **11.55** V-cup alpint **12.45** V-cup hopp **13.30** V-cup langrenn **14.50** V-cup skiskyting **16.10** Sport i dag **16.30** Underveis **17.00** Jul i Blåfjell **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.00** Nobels fredspriskonsert 2011 **20.00** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **20.30** Nobels fredspriskonsert 2011 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Filmbonanza **22.50** Buzz Aldrin, hvor ble det av deg i alt mylderet?

## svt1

**11.30** Vinterstudion **12.00** Alpint. Världscupen Val d'Isère **12.45** Vinterstudion **13.30** Längdskidor. Världscupen Davos **15.10** Vinterstudion **16.00** Ridsport. Världscuphoppning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Allt för Sverige **20.00** Starke man **20.30** En idiot på resa 2 **21.15** Paradox **22.10** Damages **22.50** Mannen som visste för lite

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



# METSÖLUHÖFUNDUR ÍSLANDS

★★★★★

*„Glæpasögur gerast ekki betri.“*

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ



ARNALDUR INDRIÐASON

EINVÍGIÐ eftir Arnald Indriðason er snilldarlega samin saga um spennuþrungið andrúmsloft kalda stríðsins – en líka um átakanleg örlög, glataða bernsku og hjartasár

*„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Spennandi og heil-steypt saga ...“*

FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

*„Arnaldi tekst margt gríðarlega vel í þessari bók ... Endirinn er gríðarlega snjall.“*

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

*„... ber höfuð og herðar yfir aðra krimmahöfunda hér á landi.“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN




1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Heildarlisti: 30.11.–6.12.2011

1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Hljóðbókalisti: 30.11.–6.12.2011

1. sæti
HEILDARLISTI 27.11.–3.12.11
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

1 kr. sendingargjald til 15.12.11

> **Stöð 2 kl. 19:30**

**The X Factor**

***Það eru bara fimm söngvarar eftir í The X Factor og spennan magnast. Hver þeirra flytur tvö lög og það á ýmislegt eftir að koma á óvart. Í úrslitaþættinum, sem sýndur er strax í kjölfarið, koma Mary J. Blige og Lenny Kravitz fram og í lok kvöldsins verður einn söngvari sendur heim.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR KÓAR MEÐ GREY'S

# *Aðstandandi Grey's-fíkils*

Ég hef aldrei orðið svo fræg að sjá þátt af Grey's Anatomy, en veit þó flestum betur hversu hjartaskerandi upplifun það er að horfa á þessa vinsælu þætti. Eldri dóttir mín er nefnilega virkur Grey's-fíkill og eins og meðvirkum aðstandanda sæmir er það fullt starf hjá mér að hugga hana á miðvikudagskvöldum eftir hremmingar þær sem persónur Grey's hafa upplifað í þætti kvöldsins.



Sms-unum rignir inn eins og þriðja heimsstyrjöldin sé um það bil að skella á: „Ó nei! Meredith var rekin!", „Guð minn góður, Henry er að deyja!" „Ég get ekki hætt að gráta." og svo framvegis í það endalausa. Ég að sjálfsögðu sýni fulla samúð, hugga og hughreysti þótt ég hafi ekki hugmynd um hvaða fólk þau Henry og Meredith eru. „Hún hlýtur að verða ráðin aftur" og „En hræðilegt, elskan mín" eru dæmi um sms sem send eru til baka, jafnvel þó hver meðalkóari viti vel að ekkert fóðrar fíknina betur en meðaumkun. En er það ekki vont fólk sem kóar ekki með börnunum sínum?

Nú eru þættirnir víst í framleiðsluhléi og dóttirin harmi lostin, en ég þakka í hljóði sjónvarpsframleiðsluguðunum fyrir að gera mér kleift að sinna einhverju öðru á miðvikudagskvöldum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Börnin fara að hlakka til **15.25** Nóbelsverðlaunin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leikritakvöld Útvarpsins **19.00** Þau stóðu í sviðsljósinu **20.00** Skálholt **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (e)
**10.45 Íþróttaannáll 2011** (e)
**11.15 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.00 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.40 Kastljós** (e)
**13.10 Kiljan** (e)
**14.00 Land míns föður (e)**
**15.00 Allt upp á einn disk** (1:4) (e)
**15.30 Útsvar** (e)
**16.35 Ástin grípur unglinginn**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bombubyrgið** (11:26)(Blast Lab) (e)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.25 Úrval úr Kastljósi** Samantekt úr þáttum vikunnar.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Dans dans dans**
**21.20 Í Hvergilandi** (Finding Neverland) Mynd sem segir söguna af því þegar J.M Barrie, höfundur Péturs Pan, kynntist fjórum föðurlausum börnum og skrifaði í kjölfarið söguna frægu um börn sem neita að fullorðnast. Leikstjóri er Marc Forster og meðal leikenda eru Johnny Depp og Kate Winslet.
**23.05 Litli spörfuglinn** (La môme) Frönsk bíómynd frá 2007 um ævi söngkonunnar Édith Piaf. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Yes Man**
**10.00 Someone Like You**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Yes Man**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 The Express**
**22.05 Love Don't Cost a Thing**
**00.00 Loverboy**
**02.00 Edmond**
**04.00 Love Don't Cost a Thing**
**06.00 Australia**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni Stöðvar 2**
**11.15 Glee** (7/22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Two and a Half Men** (2/16)
**14.10 How I Met Your Mother** (11/24)
**14.35 Jamie Cooks Christmas**
**15.30 Bee Gees: In Our Own Time** Vönduð heimildarmynd um hina margfrægu hljómsveit Bee Gees.
**16.30 ET Weekend**
**17.20 Sjálfstætt fólk** (11/38)
**17.55 Sjáð**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.34 Veður**
**19.40 The X Factor** (21/26)
**20.50 The X Factor** (22/26)
**21.40 A Family Thanksgiving** Hugljúf og falleg mynd um Claudiu sem er ung, efnuð og metnaðarfull og lætur lögfræðistörfin ganga fyrir öllu sem heitir fjölskyldulíf. Það er ekki fyrr en Gina verður á vegi hennar að á dularfullan hátt fær hún tækifæri til þess að upplifa veruleika sinn ef hún hefði valið aðra leið í lífinu.
**23.15 Mystic River** Sannkölluð stórmynd sem hreppti tvenn Óskarsverðlaun. Jimmy, Sean og Dave voru vinir í verkamannahverfi í Boston en hræðilegur atburður setti mark sitt á æsku þeirra. Aldarfjórðungi síðar liggja leiðir þeirra saman á nýjan leik. Dóttir Jimmys er myrt, Sean rannsakar málið og Dave liggur undir grun. Samskiptin ýfa upp gömul sár og ljóst að þetta verða ekki gleðilegir endurfundir.
**01.30 Lethal Weapon** Sígild spennumynd með gamansömu ívafi. Myndin fjallar um tvo lögreglumenn í LA. Annar er leiður á lífinu og er alltaf á ystu nöf en hinn er heimakær fjölskyldufaðir og finnst stundum nóg um.
**03.20 Body of Lies** Þegar CIA-útsendarinn Roger Ferris finnur vísbendingar sem gætu leitt til klófestingar á leiðtoga hryðjuverkasamtaka, leitar hann hjálpar hjá öðrum útsendara, Ed Hoffman. Saman reyna þeir að brjóta sér leið í gegnum hryðjuverkasamtökin, en í miðri aðgerðinni fer Ferris að efast um traust samstarfsmanna sinna og allra í kringum sig.
**05.25 Fréttir Stöðvar 2**

## SPORT *besta sætið*

**10.00 HM í handbolta** (Ísland - Kína)
**11.25 Þorsteinn J. og gestir**
**12.00 Meistarad.** Endursýndur leikur.
**13.45 Meistarad.** Endursýndur leikur.
**15.30 Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.15 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**16.45 Nedbank Golf Challenge**
**20.15 La Liga Report**
**20.45 Spænski boltinn: Real Madrid - Barcelona** BEINT
**23.00 Box: Amir Khan - Zab Judah**
**00.15 Spánn: Real Madrid - Barcelona.**
**02.00 Box: Amir Khan - Lamont Peterson**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.05 Fulham - Liverpool**
**12.55 Premier League Review 2011/12**
**13.50 Premier League World**
**14.20 Premier League Preview**
**14.50 Liverpool - QPR** BEINT
**17.10 Man. Utd. - Wolves**
**19.00 Arsenal - Everton**
**20.50 Norwich - Newcastle**
**22.40 Bolton - Aston Villa**
**00.30 Liverpool - QPR**

## EXTRA

**11.00 Dagur rauða nefsins**
**16.45 Nágrannar**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Cold Case** (1:22)
**19.15 Spurningabomban** (2:11)
**20.00 Heimsendir** (9:9)
**20.40 Týnda kynslóðin** (1:40)
**21.10 Twin Peaks** (7:8)
**22.00 My Name Is Earl** (8,9,10,11:27)
**23.40 Glee** (10:22)
**00.25 Gilmore Girls** (19:22)
**01.10 Cold Case** (1:22)
**01.55 Týnda kynslóðin** (3:40)
**02.25 Sjáðu**
**02.50 Spurningabomban** (2:11)
**03.35 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.00 Rachael Ray** (e)
**13.05 Dr. Phil** (e)
**14.35 Being Erica** (4:13) (e)
**15.20 Charlie's Angels** (1:8) (e)
**16.10 Pan Am** (3:13) (e)
**17.00 Top Gear USA** (10:10) (e)
**17.50 Jonathan Ross** (4:19) (e)
**18.40 Game Tíví** (13:14) (e)
**19.10 Mad Love** (5:13) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos** (33:50) (e)
**20.00 Saturday Night Live** (2:22) Gamanleikkonan Melissa McCarthy úr Bridesmaids leikur við hvern sinn fingur í þætti kvöldsins. Lady Antebellum stígur á stokk.
**20.50 Who's Harry Crumb** Bandarísk gamanmynd frá árinu 1989 sem skartar gríngoðsögninni John Candy í aðalhlutverki. Myndin segir frá Harry Crumb sem kemur úr fjölskyldu frægra og hæfileikaríkra einkaspæjara. Því miður virðist vera sem Harry hafi ekki hlotið genin góðu.
**22.30 Silence of the Lambs** Spennumynd frá árinu 1991 með stórleikurunum Jodie Foster og Anthony Hopkins sem bæði hlutu hin eftirsóttu Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína í myndinni. FBI-fulltrúinn Clarice Sterling leitar raðmorðingjans Buffalo Bill sem hefur unun af því að húðfletta konur. Bönnuð börnum.
**00.30 HA?** (12:31) (e)
**01.20 Whose Line is it Anyway?** (e)
**02.05 Real Hustle** (4:8) (e)
**02.10 Smash Cuts** (4:52) (e)
**02.35 Jimmy Kimmel** (e)
**04.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Dubai World Championship (3:4) **13.00** Golfing World **13.50** The Franklin Shootout (1:4) **16.15** Dubai World Championship (3:4) **19.30** The Franklin Shootout (2:4) **21.30** Dubai World Championship (3:4) **01.30** ESPN America

## N4

**N4 - Sjónvarp Norðurlands endursýnir efni liðinnar viku.**

## BBC entertainment

**06.30** EastEnders **07.30** The Weakest Link **09.00** Jam and Jerusalem **10.30** Jam and Jerusalem **12.00** The Vicar of Dibley **13.35** Live at the Apollo **14.20** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **15.10** Live at the Apollo **15.55** Top Gear **16.50** Top Gear **17.40** Top Gear **19.00** Silent Witness **19.50** Silent Witness **20.45** New Tricks **21.35** New Tricks **22.25** Hustle **23.15** Hustle **00.05** Hustle **01.00** Hustle

## DR 1

**10.15** Batman - Den tapre og den modige **10.40** Troldspejlet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens tegn **11.55** Sign up **12.10** OBS **12.15** Jamies australske kokkeskole **13.05** Ved du hvem du er? **15.15** Giv kærligheden en chance **16.40** Før søndagen **16.55** Jamie Olivers familiejul **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** Sporten med VM håndbold **18.10** Cirkusliv i savsmuld **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Bussen **20.30** Kriminalkommissær Barnaby **22.00** Et mords analyse

## NRK 1

**08.45** V-cup alpint **10.00** V-cup skiskyting **10.55** Sport i dag **11.10** V-cup langrenn **11.50** Nobels fredsprisutdeling 2011 **14.15** V-cup skiskyting **15.00** V-cup hopp **16.45** Sport i dag **17.30** Jul i Blåfjell **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Hvilket liv! **19.25** QuizDan **20.30** Småbyliv **21.00** Sjukehuset i Aidensfield **21.45** Viggo på lørdag **22.10** Kveldsnytt **22.25** Antatt skyldig

## SVT 1

**09.45** Vinterstudion **10.30** Alpint. Världscupen Val d'Isère **11.15** Längdskidor. Världscupen Davos **12.35** Alpint. Världscupen Val d'Isère **13.00** Längdskidor. Världscupen Davos **14.50** Vinterstudion **15.55** Downton Abbey **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll lördag **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Nobel 2011 **22.30** Rapport **22.35** Längs radien **22.55** Kaka på kaka **23.15** Rapport **23.20** Bröderna Reyes

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Svartar tungur **22.00** Græðlingur **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |







Nikon

At the heart of the image




# I AM YOUR BEST WINTER DEAL

## S9100

12.1 megapixla CMOS myndflaga, NIKKOR gleiðhornslinsa, 18x aðdráttur og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar,stór 3" LCD skjár og háskerpu hreyfimyndataka. Fæst í 3 litum.

***Verð 54.995.-***

TILBOÐ Vönduð leðurtaska fylgir með (verðmæti 5.995.-)

## S3100

14 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsa, 5x aðdráttur og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar,stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Fæst í 7 líflegum litum.

***Verð 22.995.-***

TILBOÐ Taska og 2GB minniskort fylgir með (verðmæti 7.995.-)

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

## PERSÓNAN

*Viktoría Jóhannsdóttir Hjördísardóttir*



**Aldur:** 26 ára.
**Starf:** Nemi í listfræðum.
**Búseta:** Vesturbærinn
**Fjölskylda:** Í sambúð með Elíasi Björnssyni kerfisfræðingi og saman eigum við Örnu Dís, sex ára.
**Stjörnumerki:** Tvíburi.

Viktoría er einn af stofnendum hins glænýja Artíma gallerís.

# Regína Ósk með fjölskylduna í tónleikaferð

„Ég ætla að taka fjölskylduna með mér, setja alla upp í bílinn og keyra af stað,“ segir Regína Ósk sem er á leiðinni í tónleikaferðalag um landið.

Hún ætlar að syngja á sjö fjölskyldu- og jólatónleikum og verða þeir fyrstu í Dalvíkurkirkju á morgun en þeir síðustu í Lindakirkju í Kópavogi 21. desember. Maðurinn hennar, Svenni Þór, ætlar að spila með henni og syngja, auk þess sem níu ára dóttir hennar, Aníta, grípur í hljóðnemann. Hún söng einmitt með mömmu sinni lagið Bráðum koma jólin á jólaplötunni sem Regína Ósk gaf út í fyrra. „Hún er ekki bara þarna af því að hún er dóttir mín. Hún er rosalega góð og mjög efnileg. Hún verður örugglega betri en ég þegar hún verður stór.“ Söngkonan á aðra dóttur sem er álíka efnileg. „Litla stelpan kemur örugglega með eftir svona eitt til tvö ár.“

Einn barnakór verður á hverjum viðkomustað og hafa krakkarnir verið að æfa á fullu síðastliðinn mánuð. Þrír kóranna voru stofnaðir sérstaklega fyrir tónleikana. „Ég er ekkert smá ánægð með það,“ segir hún.

Regína Ósk hefur síðastliðin tvö ár sungið í Lindakirkju á afmælisdegi sínum, 21. desember en ákvað að prófa tónleikaferð um landið í þetta sinn. „Ég fór bara með Frostrósum í fyrra og hafði engan tíma til að fylgja plötunni eftir. Núna verð ég í þriðja skiptið í Lindakirkju. Í staðinn fyrir að halda afmæli held ég tónleika. Þetta er orðin smá hefð hjá fjölskyldunni.“

Nýverið lauk hún söng sínum með Frostrósum þetta árið með sjö tónleikum í Hörpunni. „Það var geðveikt og allt öðruvísi. Við vorum svo mikið nær fólkinu en áður. Maður finnur svo mikið fyrir fólkinu.“ **-fb**



**Á LEIÐ Í TÓNLEIKAFERÐ** Regína Ósk er á leiðinni í tónleikaferð um landið ásamt fjölskyldu sinni og tveimur hljóðfæraleikurum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrri sýning Jólauppistands Mið-Íslands og hins finnska André Wickström fór fram í Þjóðleikhúskjallaranum á fimmtudagskvöldið og var sýningin svo vel sótt að bæta þurfti við stólum fyrir gesti. Nokkur þekkt andlit voru á meðal áhorfenda og má þar nefna sjónvarpskonuna Margréti Erlu Maack, borgarfulltrúann **Diljá Ámundadóttur**, Steinþór Helga Arnsteinsson, umboðsmann Hjaltalín, Hugleik Dagsson listamann, Þórarin Eldjárn rithöfund og loks Nilla sem tók á móti gestum í miðasölunni. Þá voru fréttamennirnir Breki Logason, Andri Ólafsson og Höskuldur Kári Schram einnig í salnum.

Uppistandið þótti vel heppnað og var meðal annars mikið hlegið yfir leikþætti **Jóhanns Alfreðs** sem las upp samtöl af vefsíðunni Barnaland.is. Finninn André Wickström þótti einnig glimrandi góður en brandarar Dóra DNA fóru fyrir brjóstið á einum áhorfandanum sem lét grínistann heyra það meðan á atriði hans stóð. Dóri var þó fljótur að ná vopnum sínum á ný og kláraði sjóvið með stæl. **- sm**





## ENDURÚTGÁFA

Sonur og alnafni söngvarans sáluga, **Hauks Morthens**, sat fyrir á heimili sínu í Hjarðarhaganum vegna jólaplötunnar Hátíð í bæ sem kom út 1964. Hún hefur núna verið endurútgefin.



**HAUKUR MORTHENS:** FYRSTA OG EINA GIGGIÐ MITT SEM FYRIRSÆTA

# Fékk snjósleðann og alla pakkana fyrir að sitja fyrir

„Þessi plata er ófrávíkjanlegur þáttur í jólahaldi minnar fjölskyldu,“ segir Haukur Morthens, sonur og alnafni söngvarans góðkunna.

Ný, endurhljóðblönduð jólaplata með föður hans, Hátíð í bæ, hefur verið gefin út. Hún var tekin upp í Kaupmannahöfn 1964, sett á vínyl í Noregi og kom út sama ár hér á Íslandi við mjög góðar undirtektir.

Haukur yngri sat sjálfur fyrir á umslagi plötunnar, á snjósleða fyrir framan jólatré með pakka í kringum sig, eins og aðdáendur þessarar sígildu plötu ættu að kannast við. „Þetta umslag stendur mér mjög nálægt. Ég hef sagt meira í gamni en alvöru að þetta var fyrsta og eina giggið sem ég fékk sem fyrirsæta,“ segir Haukur og hlær en hann var tveggja ára þegar myndatakan fór fram á heimili hans á Hjarðarhaganum í Reykjavík. „Þessi ágæti ljósmyndari sem pabbi þekkti vel kom heim og tók þessa mynd heima í stofu og ég fékk sleðann og leikföngin að launum. Þetta var mjög góð borgun á þessum tíma.“

Haukur er núna 49 ára og starfar sem arkitekt í Ósló, en hann á rætur að rekja til Noregs því Haukur faðir hans var norskur í aðra ættina.

Haukur yngri hefur búið meira og minna í útlöndum síðastliðin 25 ár, í Berlín, Svíþjóð og Noregi. Hann og eldri bræður hans tveir, Heimir og Ómar sem búa í Reykjavík, starfrækja fyrirtækið Faxafón sem er með útgáfurétt á hluta af lagasafni föður þeirra, sem lést fyrir nítján árum. Þá fékk móðir þeirra útgáfuréttinn en eftir að hún féll frá tóku bræðurnir við og stofnuðu Faxafón til að halda utan um arfleifð föður síns. „Þessi jólaplata var orðin algjörlega ófáanleg og ákveðnir aðilar höfðu sýnt þessu áhuga,“ segir Haukur en á endanum var samið við fyrirtækið Frost Music.

Hann á sjálfur tvö börn, Evu Birnu sem er níu ára og Gústaf Hauk Morthens, sem er sex ára. Kona hans er norsk og heitir Hanne Torkildsen. Haukur segist sjálfur vera algjörlega laglaus en sömu sögu er ekki að segja um börnin. „Ég hef trú á því að hann geti sungið betur en ég og við höfum fengið það staðfest að hún heldur lagi. Skemmtanagenið hefur alla vega skilað sér áfram.“

**freyr@frettabladid.is**




# Kit Harington djammaði á Hressó

Leikarinn Kit Harington átti frí frá tökum á sjónvarpsþáttunum Game of Thrones síðastliðið fimmtudagskvöld og sótti tónleika með hljómsveitinni Mammút á Hressó. Harington þótti bæði kurteis og geðþekkur og lét lítið fyrir sér fara.

Fréttablaðið hafði eftir vaktstjóra á Hressó að Harington hefði verið afskaplega kurteis og að það hefði samstarfsfólk hans líka verið. Það hefði fljótt kvisast út að leikarinn væri staddur á staðnum og vildi fólk þá taka í höndina á honum, knúsa hann og hrósa honum fyrir góðan leik í skemmtilegum sjónvarpsþáttum. Að sögn vaktstjórans þótti Harington gaman hvað Íslendingar voru hlýir og gefnir fyrir faðmlög.

Harington og vinir hans yfirgáfu Hressó skömmu eftir að tónleikunum lauk en hann gaf sér þó tíma í spjall og myndatökur áður. Erna María Þrastardóttir var ein þeirra er hittu leikarann og ber hún honum vel söguna.

„Ég hef aldrei horft á Game of Thrones en vinkona mín er mikill aðdáandi og ég tók myndina fyrir hana. Hann var mjög almennilegur og fannst lítið mál að láta smella af sér mynd,“ segir Erna.

Harington leikur persónuna Jon Snow í Game of Thrones, en þættirnir hófu göngu sína á Stöð 2 í haust. Hann fer einnig með hlutverk í kvikmyndinni Silent Hill: Revelation 3D sem er væntanleg í kvikmyndahús á næsta ári. Þar leikur hann móti Sean Bean, en þeir leika einmitt feðga í Game of Thrones. **- sm**



**VINSÆLL** Leikarinn Kit Harington sótti tónleika á Hressó á fimmtudagskvöldið. Hann þótti kurteis og almennilegur og hrósuðu gestir staðarins honum fyrir góðan leik í Game of Thrones. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI




umbra | house doctor | Andersen & Lauth Reykjavik | Ethnicraft® emorational® wooden furniture | sia | Crabtree & Evelyn

TEKK-COMPANY 1998 2011 PRETTÁN ÁRA

TEKK COMPANY

Opið laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 13-17

Kauptúni og Kringlunni - Sími 564 4400 - www.tekk.is

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bent kominn á bíl

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum fékk rapparinn og grínarinn **Ágúst Bent** bílpróf á dögunum, eftir áratugs þrautagöngu. Bent hefur nú bætt um betur og keypti fyrsta bílinn sinn í gær. Bíllinn er af gerðinni Toyota Avensis og ku vera lítið keyrður og sjálfskiptur. Líklegt þykir að hann hafi lagt ríka áherslu á það síðarnefnda, þar sem sjálfskipting í bíl móður hans reyndist mikið þarfaþing þegar hann fékk bílprófið í september. Loks hljóta vinir Bents að samgleðjast þar sem þeir geta nú innheimt mörg ár af skutli hingað og þangað um borgina.



### Óvænt ferð til Köben

**Arnar Sveinn Geirsson**, fótboltamaður í Val, skrapp á rúntinn með kærustu sinni, Rósu Maríu Árnadóttur, í gær. Arnar keyrði sem leið lá út úr borginni, áleiðis til Keflavíkur, án þess að Rósa María hefði nokkurn grun um hvert ferðinni væri heitið. Kappinn hafði þá keypt tvo flugmiða til Kaupmannahafnar og pakkað í töskur fyrir sig og kærustuna, sem hann bauð í óvænta helgarferð til Danmerkur. Ekki fylgir sögunni hvernig Rósa María brást við gjöfinni en það má vissulega gefa sér að hún hafi ekki fúlsað við ferð til Köben fyrir jólin.

**- afb, sv**



## Mest lesið vísir

1. Tannhvíttunarfræðingur sýnir tannlæknum tennurnar
2. Engin smálúða
3. Ofsaveður skollið á í Danmörku, tré rifna upp...
4. 17 ára stúlka hannaði nanóeind sem drepur...
5. Héldu að ævintýraþáttur væri upphafið að Kötlugosi


## Jólaskeiðin 2011



Guðlaugur A. Magnússon
Skólavörðustíg 10
Sími 562 5222



**YRSNÖ** skrautlengjur L5m
Ýmsir litir **195,-/pk.**

**YRSNÖ** skrautsett
Ýmsir litir **795,-/20 í setti**

**SNÖVITA** skrautkúlur
Rautt **495,-/12 í pk.**

**495,-/stk.**
**YRSNÖ** stjörnur H25cm
Gyllt eða silfurlitað

# Hversu skrautleg verða jólin þín?

**YRSNÖ** skrautlengjur L2m. Gyllt eða silfurlitað **295,-/stk.**

**YRSNÖ** skrautkúlur. Ýmsir litir
**1.990,-/50 í setti**

**SNÖVITA** skrautjólasveinar
L5cm **295,-/10 í pk.**

**YRSNÖ** skrautkúlur
Ø2cm. Ýmsir litir
**195,-/12 í pk.**

LED
**STRÅLA** inniseria m/16 ljósum
Rafhlöðuknúið **1.190,-**

**195,-**
**SNÖVITA** skrautlengja L2,7m
Silfurlitað



**YRSNÖ** skrautkúlur Ø7cm
Ýmsir litir **395,-/6 í pk.**

**KOTTE** skrautsett. Silfurlitað
**995,-/60 í setti**

LED
**KALLT** útisería m/30 ljósum L5m
Hvítt eða svart **995,-/stk.**

**3.990,-**
**RISHULT** jólatré H150cm. Grænt
Fæst einnig í H180cm **5.990,-**
*Jólaskraut selt sér*

**3.990,-**
**RISHULT** jólatrésfótur f/tré að H250cm. Svart
Fæst einnig f/tré að H120cm **1.890,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

**Hátíðarkalkúnn**
Steiktur kalkúnn, sósa, fylling, maísbaunir, rauðkál og brúnaðar kartöflur
**995,-**

**Dagskrá helgarinnar**
laugardag og sunnudag kl. 13–17
- Ókeypis myndataka með jólasveininum
- Smákökubakstur
- Jólaglögg
- Tónlistaratriði kl. 15–16 og 17:30–18:30

IKEA®

Verslun opin **11-22** til 22.desember - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - Þorláksmessa: Verslun opin 11-20

**www.IKEA.is**